Árni Daníel Júlíusson

# Fræðimenn í flæðarmáli



## Saga Reykjavíkurakademíunnar

© Árni Daníel Júlíusson 2009

Öll réttindi áskilin

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti, hvorki með ljósmyndun, hljóðritun né á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

Alþingi styrkti útgáfu þessarar bókar.

Umbrot og hönnun: Ingólfur Júlíusson
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

ISBN 978-9979-9922-0-2

**Árni Daníel Júlíusson**

# Fræðimenn í flæðarmáli

**10 ára afmælisrit ReykjavíkurAkademíunnar**

Ritstjórn:
Clarence E. Glad
Sigurður Gylfi Magnússon
Viðar Hreinsson

Reykjavík 2009

REYKJAVÍKURAKADEMÍAN

# Efnisyfirlit

Formáli 4

**1. kafli – Hvað er RA? 7**
Nýtt fræðasamfélag verður til úr engu 7
Hvað hefur áunnist? 8
Fólkið í RA 8
Hvað hefur RA verið? 11

**2. kafli – Stofnun og starf 1997–1998 15**
Tíðarandi í aldarlok 15
Á vordögum 1997 16

**3. kafli – ReykjavíkurAkademían 1998–2001 23**
Draumar rætast 23
Rabygg 29
Námsbókagerð, endurmenntun, bóka- og blaðaútgáfa 32
Verkefni fyrstu árin 35
Stjórnarskipti 36
Viðfangsefni stjórnarinnar 37
Fyrsta úttektin á RA 41
Styrkur og veikleikar 43
Rannsóknarhópar, stofnanir og fyrirtæki 43
Skálholtsfundur 45

**4. kafli – RA 2001–2005 47**
Kreppir að 47
Öndvegissjóðirnir 49
Kennslumál 53
RA á Alþingi og víðar 55
Fundahöld og ráðstefnur 58
Bókasafn Dagsbrúnar 60
Stjórnin 2004 61
Fundir, ráðstefnur, bæði haldnar og ekki haldnar 61
Heiðursfélagar og nýr framkvæmdastjóri 63
Fjárhagurinn kemst í höfn 64

**5. kafli – Breyttir tímar – starfið 2005–2007 65**
Erkidemón tekur til hendinni 67
Sigurdagar 70
McCambly-sjóðurinn 71
Ólöf, Clarence, Sigurður Gylfi og Viðar tala við Morgunblaðið 72
Ný kynslóð í RA 73
Myndlist í RA 74
Framtíð RA 76

**6. kafli – Póstmódern akademía? 79**
Akademía og póstmódernismi 81
Póstmódernisminn í RA 83
Afbygging þjóðernisstefnunnar 84
Verkefni í akademíunni á afmælisárinu 86

**7. kafli – Bakgrunnur: Um háskólastigið 1960–2007 89**
Tilhneigingar í háskólanámi 1960–1997 89
Hug- og félagsvísindin ná sér á strik 90
Endalok þenslunnar í hug- og félagsvísindum 91
Sprenging í viðskipta- og laganámi 93
Stefnumörkun stjórnmálaflokkanna 94
Einhliða uppbygging 95

**8. kafli – Nokkrir þræðir teknir saman 97**

**Skrár**
Drög að ritskrá RA 102
Stjórnir RA og framkvæmdastjórar 104
Heimildaskrá 111
Heimildaskrá mynda 112
Nafnaskrá 113

## Formáli

Saga ReykjavíkurAkademíunnar fyrstu tíu árin liggur nú fyrir. Skráning hófst haustið 2006 og hefur staðið yfir síðan. Sumarfríið 2007 reyndist höfundi allra drýgst til verksins, sem var unnið í aukavinnu meðfram öðrum verkefnum. Sumarfríið 2008 var einnig drjúgt, en lokadrögin voru unnin í sumarbústað í Brekkuskógi fyrstu viku októbermánaðar 2008, á sama tíma og bankar landsins og efnahagskerfi voru að hrynja og fyrsti snjór haustsins huldi jörðina.

Saga RA fyrstu tíu árin er baráttusaga, afskaplega fjölbreytt og litrík. Fyrstu fjögur árin eða svo, 1997–2001, var bjartsýnin ríkjandi, krafturinn, eldmóðurinn og framkvæmdahugurinn. Næstu fjögur ár urðu erfið. Fjárhagurinn var slæmur og RA barðist í bökkum. Síðan 2005 hefur birt til og gengið betur á ný. RA vildi skrá þessa frumherjasögu á þessum tímamótum. Akademían er óvenjulegt fyrirbæri, stofnuð og rekin af grasrót menntamanna. Því finnst okkur full ástæða til að segja þessa sögu nú á tíu ára afmælinu þótt það teljist ekki langur tími til dæmis í ævi manns.

Margir hafa komið að vinnslu bókarinnar. Viðar Hreinsson erkidemón hefur verið vakinn og sofinn að styðja við verkið, lesa yfir og gefa góð ráð. Sigurður Gylfi Magnússon var ótæmandi fróðleiksnáma um allt sem lýtur að þessari sögu, las allt verkið yfir á mikilvægu stigi og gaf góð ráð. Clarence E. Glad formaður RA er þriðji maður í



ritnefnd og gaf mikilvægt aðhald. Steinunn Kristjánsdóttir fyrrverandi formaður las yfir allan textann þegar hann lá fyrir. Tinna Guðmundsdóttir og Ásthildur Valtýsdóttir á skrifstofu RA útveguðu höfundi gögn úr sögu RA. Mörður Árnason íslenskufræðingur hefur lesið textann yfir með tilliti til málfars og las einnig próförk. Ingólfur Júlíusson sá um umbrot og útlitshönnun og tók einnig mikinn hluta mynda í bókinni.

Bókin er tileinkuð öllum þeim fjölmörgu fræðimönnum, listamönnum og öðrum sem komið hafa að uppbyggingu ReykjavíkurAkademíunnar. Það hefur sannarlega verið gefandi starf, á stundum erfitt og krefjandi en alltaf spennandi. Ég vona að þessi bók endurspegli þetta starf að einhverju marki og er þá til nokkurs unnið.

**Árni Daníel Júlíusson**




JL-húsið, aðsetur Reykjavíkur-Akademíunnar frá 1998.

# 1. kafli. Hvað er RA?

## Nýtt fræðasamfélag verður til úr engu

ReykjavíkurAkademían er ekki gömul. Öllum á óvart, ekki síst stofnendunum, varð hún til úr engu á tveimur árum. Í fyrsta sinn varð til fræðasamfélag á Íslandi neðan frá. Það varð til án tilskipana stjórnvalda, á sama hátt og þegar fræðimenn í Evrópu tóku sig saman og mynduðu háskóla á miðöldum og snemma á nýöld. Í íslensku samfélagi snemma á 21. öld jaðraði þetta við uppreisn, það fór um ýmsa í þeim fræðastofnunum sem fyrir voru, nú var allt í einu komin samkeppni. Engu að síður var nýja samfélaginu afar vel tekið í upphafi, líka víðast hvar í háskólasamfélaginu, og á skömmum tíma óx það úr rúmum tug fræðimanna í nærri hundrað.

Erfiðasti farartálminn var að finna fé til starfseminnar til að hægt væri að leigja húsnæði og flytja inn. Þetta tókst eftir árs baráttu. Hinn 9. nóvember 1998 var flutt inn í húsnæði ReykjavíkurAkademíunnar í JL-húsinu, og þá tók við tímabil mikillar bjartsýni, hugarflugs og ánægju. Allt virtist vera hægt, engar hindranir nógu stórar til að koma í veg fyrir frekari sigra. Þannig var stemningin í ReykjavíkurAkademíunni, að minnsta kosti fram á árið 2000. Samt hafði komið babb í bátinn þegar haustið 1999. Áætlanir gengu ekki upp, verkefni urðu ekki að veruleika. Vorið 2001 urðu hörð átök í stjórninni. Formaðurinn sagði fyrirvaralaust af sér, og þegar ný stjórn tók við kom í ljós að í óefni stefndi. Fjárhagurinn var í voða og næstu árin reri Akademían lífróður. Smám saman rétti hún úr kútnum

og um 2005 hafði tekist að sigla upp úr öldudalnum. Við tóku bjartari tímar, ReykjavíkurAkademían var gerð að sjálfseignarstofnun og fastir samningar tókust við Alþingi um fjárveitingar. Á tíu ára afmælinu var mikil bjartsýni ríkjandi og ljóst var að ákveðin festa hafði náðst í starfsemina.

Á tíu árum hefur tekist að byggja upp fræðasamfélag sem afkastar álíka miklu og hugvísindadeild Háskóla Íslands, þrátt fyrir að fjárframlög til RA og þeirra sem þar starfa séu í heildina miklu lægri en til hugvísindadeildar. ReykjavíkurAkademían er ekki bara önnur hugvísindadeild en sú í Háskólanum, heldur er hún fyrst og fremst öðruvísi vinnustaður á þessu sviði. Hún er grasrótarsamtök sem sjálfstætt-starfandi fræðimenn mynda og sníða að þörfum sínum. Að sumu leyti er hún hagsmunasamtök þeirra, að öðru leyti er hún sannkölluð akademía, samfélag fræðimanna þar sem fram fer samræða um fræðileg málefni. Hún hefur verið vettvangur ferskra strauma í hug- og félagsvísindum og þar hafa fengið að njóta sín hugmyndir sem hafa ekki átt auðvelt uppdráttar annars staðar. ReykjavíkurAkademían er þverfagleg, þar er náin snerting á milli fræðigreina í hug- og félagsvísindum sem annars staðar eru hver í sinni deild, og þetta skapar henni líka sérstöðu.

Samstaðan hefur oftast verið mikil og starfsandinn frábær, og menn hafa verið stoltir af því að tilheyra ReykjavíkurAkademíunni. Um hana leikur rómantík utangarðsmannsins og uppreisnarmannsins, hér var hnefinn settur í borðið og slagur látinn standa. Saga hennar verður sögð í þessari bók. Kannski finnst mönnum snemmt að segja sögu stofnunar eftir aðeins tíu ár, enginn krakki skrifar ævisögu sína tíu ára gamall, en okkur finnst það ekki, þeim sem stöndum að ReykjavíkurAkademíunni. Okkur finnst við hafa margt að segja og að reynsla okkar sé nokkuð sem við viljum miðla öðrum, sem við trúum að aðrir hafi gagn og gaman af að kynnast. Gjörið svo vel, hér er tíu ára saga ReykjavíkurAkademíunnar!

## Hvað hefur áunnist?

Undanfarin tíu ár hafa um 250 fræðimenn, rithöfundar og listamenn haft aðstöðu í ReykjavíkurAkademíunni um lengri eða skemmri tíma. Skapast hefur samfélag fræðimanna, þar sem á milli 50 og 100 manns hafa unnið á hverjum tíma að rannsóknum, fræðiritum, skáldsögum, greinum, við undirbúning kennslu og fyrirlestra o.s.frv. Á vegum ReykjavíkurAkademíunnar hefur farið fram mikið fræðslustarf og umræður um þjóðmál, menntamál og önnur mál, á einstökum fundum, í fundaröðum og á ráðstefnum. Listamönnum hefur verið boðið að sýna verk sín í húsnæði akademíunnar og þar eru alltaf sýningar í gangi.

ReykjavíkurAkademían hefur skipulagt kennslu og námskeið í samvinnu við Endurmenntunarstofnun, Viðskiptaháskólann á Bifröst og fleiri menntastofnanir. Fjöldi fagfélaga hug- og félagsvísindamanna hefur aðstöðu sína í ReykjavíkurAkademíunni, svo sem félög sagnfræðinga, mannfræðinga, þjóðfræðinga, Hagþenkis, félags fræðiritahöfunda, og fleiri. Í þeim skilningi og á ýmsan annan hátt er ReykjavíkurAkademían önnur helsta miðstöð hug- og félagsvísinda í landinu, við hlið Háskóla Íslands. RA hefur tekið við starfsemi Bókasafns Dagsbrúnar, sem ætlað er að sinna sögu verkalýðshreyfingarinnar og baráttumála hennar en þjónar einnig sem fagbókasafn fyrir þá fræðimenn á sviði hug- og félagsvísinda sem starfa innan RA. Vefritið Kistan tengist henni, sem og mjög fjölbreytileg starfsemi félaga, menningarstofnana og samtaka.

## Fólkið í RA

Í fyrsta hópnum sem starfaði í RA voru fjórir félagsvísindamenn, sex bókmenntafræðingar, fjórir sagnfræðingar, heimspekingur og rithöfundur. Á vegum þeirra voru síðan fleiri að störfum. Fyrstur að flytja í JL-húsið stuttu eftir að félagið fékk húsnæði sitt afhent 9. nóvember 1998 var eldhuginn Jón Jónsson þjóðfræðingur með fyrirtæki sitt Sögusmiðjuna. Fjöldi fólks, aðallega þjóðfræðingar, starfaði brátt hjá fyrirtæki Jóns og setti það mikinn svip á starfsemi RA til að byrja með. Meðal þeirra má nefna Áka G. Karlsson, Sigurð Atlason og Rakel Pálsdóttur. Aðrir fræðimenn sem fluttu inn þegar í upphafi (í engri sérstakri röð) voru Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur, Ólína Þorvarðardóttir þjóðfræðingur, Irma Erlingsdóttir bókmenntafræðingur, Sigurður Gylfi Magnússon sagnfræðingur, Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur, Annadís Gréta Rúdólfsdóttir félagssálfræðingur, Árni Daníel Júlíusson sagnfræðingur, Axel Kristinsson sagnfræðingur, Gylfi Gunnlaugsson bókmenntafræðingur, Sveinn Yngvi Egilsson bókmenntafræðingur, Svavar Hrafn Svavarsson fornfræðingur, Þórunn Sigurðardóttir bókmenntafræðingur, Davíð Ólafsson sagnfræðingur og Salvör Nordal heimspekingur. Allt þetta fólk flutti inn í nóvember eða desember 1998 og myndaði fyrsta hópinn í RA. Auk þess var framkvæmdastjórinn, Jón Karl Helgason, með skrifstofu í húsinu.[1] Í febrúar 1999 voru alls 25 fræðimenn

1 Sigurður Gylfi Magnússon: Sögustríð. Greinar og frásagnir um hugmyndafræði. Rv. 2007, bls. 70.



Fræðimenn Reykjavíkur-Akademíunnar á Gullströndinni beint framan við JL-húsið sumarið 1999. Útsýnið úr JL-húsinu er frábært!

að störfum í RA. Þar af voru „sex doktorar, rúmur tugur doktorsefna, og einnig reynslumiklir fræðimenn og ungliðar".[1] Alls voru þá um 100 fræðimenn félagar í ReykjavíkurAkademíunni. Margt af þessu fólki tengdist undirbúningshópnum með einum eða öðrum hætti, en athyglisvert er að fáir eða engir lögfræðingar leigðu sér skrifstofur á fyrsta árinu þótt lögfræðingar hefðu verið áberandi í undirbúningshópnum. Þörfin fyrir slíka aðstöðu virtist vera meiri hjá þjóðfræðingum, sagnfræðingum, heimspekingum og bókmenntafræðingum.

Eftir áramótin 1998–99 bættust meðal annars í hópinn þau Sumarliði R. Ísleifsson sagnfræðingur, Steinunn Jóhannesdóttir rithöfundur, Úlfhildur Dagsdóttir bókmenntafræðingur og Steinunn Hrafnsdóttir félagsfræðingur. Þau hafa öll verið mikið akademíufólk, haft skrifstofu í JL-húsinu lengst af og sett mark á starfsemina. Steinunn var fyrsti rithöfundurinn sem fékk aðstöðu í RA en síðan hafa ýmsir rithöfundar haft þar aðstöðu, bæði höfundar fagurbókmennta og fræðirita eða hvort tveggja í senn, þeirra á meðal Þórarinn Eldjárn, Stefán Máni, Auður Jónsdóttir, Þórunn Valdimarsdóttir og Guðrún Eva Mínervudóttir.

Í febrúar 1999 eru 20 fræðimenn taldir upp í bréfi til atvinnu- og ferðamálanefndar Reykjavíkurborgar. Meðal þeirra voru flestir framangreindir fræðimenn en einnig Þorgerður Einarsdóttir doktor í félagsfræði, Svavar Hávarðsson sagnfræðingur, Sigrún Sigurðardóttir sagnfræðingur og Lilja Ósk Úlfarsdóttir sálfræðingur og músíkþerapisti, sem þá var að leggja lokahönd á doktorsritgerð.[2]

Lengst af hafa hlutföllin verið svipuð. Bókmenntafræðingar og sagnfræðingar hafa verið stærsti hópurinn innan RA, svipaður fjöldi úr hvorum hópi, en félagsvísindafólk hefur verið álíka margt í heild og bókmenntafræðingarnir einir. Þannig gaf samsetning fyrsta hópsins tóninn um framtíðina.

Í árslok 1999 voru 28 skráðir með skrifstofu í RA, en eins og um vorið verður að hafa þann fyrirvara að það er lágmarkstala. Ýmsir af þessum 28 höfðu aðra í vinnu

1 Dagur 11. febrúar 1999.

2 Bréf frá RA til Péturs Jónssonar, dags. 24. febrúar 1999. Skjalasafn Sigurðar Gylfa Magnússonar.










Rannsóknarskýrslur Reykjavíkur-Akademíunnar.

í húsnæði RA, og alls störfuðu þar um 40 manns. Nú höfðu bæst við nokkrir fræðimenn sem margir hafa verið með lengst af síðan, Guðmundur S. Brynjólfsson, Ingunn Ásdísardóttir, Lilja Hjartardóttir, Steinunn Kristjánsdóttir, Sverrir Jakobsson, Ólafur Rastrick, Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, Þorleifur Hauksson og Kári Bjarnason. Þá var þýðingarfyrirtækið Verba farið af stað innan vébanda RA.

RA hefur aðsetur í stóru húsi við sjávarkambinn í Ananausti, vestast við Hringbraut, JL-húsinu. Upphaflega leigðu samtökin tvær hæðir í húsinu, þá fjórðu og fimmtu. Í árslok árið 2000 hafði þriðja hæðin í JL-húsinu bæst við þær tvær sem fyrir voru, en raunar var aðeins fjórða hæðin nýtt að marki þegar hér var komið sögu og sú fimmta lá ónýtt. Þá voru 43 fræðimenn, félög og fyrirtæki á sviði hug- og félagsvísinda í húsnæðinu og auk þess 14 aðilar sem stunduðu óskylda starfsemi á þriðju hæðinni, þar á meðal Litboltafélag Reykjavíkur og Stjörnuspekimiðstöðin. Enn hafði bæst við fólk sem margt er enn í hópnum og hefur sett svip á starfið, Clarence Glad, Eva Heisler, Guðmundur Eiríksson, Haraldur Ólafsson, Hildigunnur Ólafsdóttir, Jón Yngvi Jóhannsson, Kolbeinn Proppé, Margrét H. Auðardóttir, Oddný Mjöll Arnardóttir, Tómas Atli Ponzi og Valdimar Hafstein. Enn verður að hafa þann fyrirvara að talan 43 er lágmarkstala. Stundum störfuðu allt að 13 manns fyrir Sögusmiðjuna svo dæmi sé tekið.

Í árslok 2001 voru 59 fræðimenn, félög og fyrirtæki í RA, svo enn hélt vöxturinn áfram. Um þetta leyti var unnið að því að innrétta fimmtu hæðina, og lauk því ekki fyrr en árið eftir, þannig að hér er aðeins um að ræða þá sem höfðu aðstöðu á þriðju og fjórðu hæð. Bára Baldursdóttir, Ásdís Thoroddsen, Guðjón Friðriksson, Guðmundur Eiríksson, Halldóra Kristín Thoroddsen, Ian Watson, Kristinn Schram, Sólveig Anna Bóasdóttir, Vigfús Geirdal og Þórunn Valdimarsdóttir voru meðal þeirra sem bæst höfðu í hópinn. Einnig hafði Hagþenkir, félag fræðiritahöfunda, komið sér fyrir í RA, og var Hörður Bergmann starfsmaður félagsins framan af.

Næst fást upplýsingar um stöðu mála í ársbyrjun 2004. Þá höfðu skrifstofurnar á fimmtu hæðinni verið teknar í notkun, en það gerðist raunar þegar 2002.[1] Nú voru hvorki fleiri né færri en 93 aðilar í RA. Meðal þeirra sem bæst höfðu við voru Auður Ingvarsdóttir, Birgir Hermannsson, Björn S. Stefánsson, Bára Magnúsdóttir, Einar Jónsson, Gunnar Hersveinn, Gunnar Schram, Guðný Hallgrímsdóttir, Hilma Gunnarsdóttir, Inga Huld Hákonardóttir, Ingólfur Júlíusson, Ingólfur Gíslason í Jafnréttisstofu, Jón Ólafsson, Jónína Einarsdóttir, Árni Finnsson hjá Náttúruverndarsamtökum Íslands, Páll Björnsson, Rannveig G. Lund, Skafti Guðmundsson, Stefán Máni Sigþórsson, Unnur Guðrún Óttarsdóttir, Þorgerður E. Sigurðardóttir, Þórarinn Eldjárn og Þröstur Haraldsson.[2]

Nú var búið að taka í notkun allt það húsnæði í JL-húsinu sem hægt var en þess var ekki langt að bíða að RA missti aftur þriðju hæðina. Því fækkaði nokkuð skráðum aðilum til næstu talningar, í lok árs 2004 voru 83 með aðstöðu í RA og það hefur nokkurn veginn verið fjöldinn síðan. Enn hafði margt ágætt fólk bæst við og einhverjir horfið á braut, eins og gengur. Eins og sjá má fjölgaði stöðugt frá upphafi og fram til ársloka 2003, en þá var hámarki náð og störfuðu þá um 100 manns í RA.

1 Fréttabréf ReykjavíkurAkademíunnar mars 2002.
2 Skýrslur ReykjavíkurAkademíunnar.

Húsnæðið var fullnýtt en þegar þriðja hæðin hvarf á braut hlaut fólki að fækka og hefur fjöldinn síðan verið um það bil 80.

Þegar fjöldi þeirra sem sótt hefur um aðstöðu er greindur eftir árum sést að fjöldi umsókna var á bilinu 20–50 flest árin. Fæstar voru þær 2003 eða 19 talsins, en 52 árið áður og 41 árið 2000. Árin 2004–2006 hafa umsóknir verið á bilinu 25–35.[1]

Af þeim sem sækja um hafa 30 haft doktorspróf, 89 hafa haft MA-próf eða hliðstæðu þess og 74 BA-, BS- eða BEd-próf. Af fólki með MA-próf fékk upp undir tugur doktorstitil á meðan á verunni í RA stóð, þannig að alls hafa um 40 doktorar starfað í RA. Tólf stúdentar hafa sótt um, ellefu með próf í listgreinum og átta með framhaldspróf af ýmsu tagi.

Í heild hafa 107 af hugvísindasviði sótt um (44% af heildarfjölda). Það er fólk í málum, sagnfræði, bókmenntafræði, heimspeki, bókasafnsfræði, menningarfræði, fagurfræði og fornleifafræði. Sagnfræðingar eru stærsti hópurinn, þeir teljast hafa verið 40 í RA. Bókmenntafræðingar koma næstir, eru 27, en auk þess hafa fimm íslenskufræðingar og tíu fræðimenn á sviði mála og málvísinda ýmiss konar starfað í RA. Fjórtán heimspekingar hafa starfað í RA.

Fjöldi félagsvísindamanna er einnig mikill. Alls höfðu 67 einstaklingar af því sviði starfað í RA um lengri eða skemmri tíma í ársbyrjun 2007 (27%). Það er fólk úr mannfræði, félagsfræði, stjórnmálafræði, sálfræði, hagfræði, viðskiptafræði, uppeldisfræði, lögfræði, kynjafræði og þjóðfræði. Fjölmennustu hóparnir í þessum flokki eru 13 félagsfræðingar, 12 stjórnmálafræðingar, 10 mannfræðingar og 8 sálfræðingar. Fimm þjóðfræðingar hafa starfað innan vébanda RA samkvæmt þessum skýrslum en þeir eru sennilega vantaldir eða hafa verið afar virkir miðað við fjöldann. Þrír kynjafræðingar hafa starfað í RA, og jafnmargir menningarfræðingar.

Listamenn, listfræðingar og rithöfundar skipa þriðja flokkinn, og eru þar alls 44. Hér eru taldir með rithöfundar, blaðamenn, grafískir hönnuðir, kvikmyndagerðarmenn, arkitektar og myndlistarmenn. Meðal þeirra er hlutur rithöfunda mestur og hafa alls 16 rithöfundar starfað í RA. Listamenn teljast níu, leikhúsfræðingar sjö og kvikmyndagerðarmenn sex. Einn dansfræðingur hefur starfað í RA og einn arkitekt.

Loks er flokkur sem ekki verður skipað í framantalda hópa, og er í honum fólk úr guðfræði, talmeinafræði, matvælafræði, erfðafræði, verkfræði, tölvunarfræði og fleiri greinum. Þessi flokkur er fámennur en góðmennur, 24 alls. Hér er fólk sem hefur verið eða er í forystu RA, svo sem guðfræðingar sem teljast hafa verið fjórir, og lögfræðingar, fimm að tölu. Hvorir tveggju, guðfræðingar og lögfræðingar, gætu alveg eins talist með hug- eða félagsvísindamönnum því rannsóknir þeirra eru mjög tengdar þeim sviðum.

Til samanburðar má nefna að á haustmisseri 2007 var alls 91 kennari við störf í Hugvísindadeild Háskóla Íslands. Þar af voru 31 prófessor, 22 dósentar, 20 lektorar og 18 aðjúnktar. Á sama tíma störfuðu að jafnaði um 40 hugvísindamenn í RA, og að auki fjöldi félagsvísindamanna og annarra fræðimanna og höfunda.

## Hvað hefur RA verið?

Eðli málsins samkvæmt eru tekjur og starfsemi allra þeirra sem vinna í RA utan við fjárhagsáætlun RA. Fjármagn til þeirra fræðistarfa sem þar eru stunduð renna ekki í gegnum skrifstofu RA nema í undantekningartilvikum. Þetta takmarkar allt skýrsluhald og heldur skrifræði niðri.

RA hefur tekið upp þann góða sið að afla upplýsinga um störf félaga og birta þær í árlegum skýrslum. Fyrsta skýrslan af þessu tagi birtist árið 2005 og náði yfir árin 2003–2004. Þannig er hægt að gera sér hugmynd um það hvernig fræðastarfsemin í RA er fjármögnuð og hvað fræðimenn innan RA fást við.[2] Slíkar upplýsingar má einnig nálgast eftir ýmsum öðrum leiðum.

Ríkisvaldið heldur úti stofnun sem nefnist Rannís í daglegu tali og úthlutar hún styrkjum til vísindarannsókna á hverju ári. Undanfarin tíu-fimmtán ár hefur framlag til vísindarannsókna úr þessum sjóði hækkað talsvert, en gallinn er sá að framlagið til rannsókna var mjög lágt í upphafi. Aðeins um 18 milljónir króna runnu því til rannsókna í hugvísindum árið 1996, og fengu tilvonandi félagar RA þar af 2,7 milljónir.[3] Framlagið til hugvísinda var hækkað á næsta ári og var þá nærri 32 milljónir. Þar af fengu þáverandi RA-félagar 5,5 milljónir eða um sjöttung. Árið eftir, 1998, var framlagið til hugvísinda ekkert hækkað, en RA-félagar fengu nú um 8 milljónir, eða um fjórðung heildarfjárhæðarinnar sem það ár var veitt til rannsókna í hugvísindum.

Árið 1999 stefndi allt í að með sama áframhaldi yfirtækju RA-félagar fjárveitingar til hugvísinda úr Rannís, þá fengu þeir 10 milljónir af 29,5 milljóna króna framlagi úr sjóðnum eða þriðjung. Hlutfall fjár sem rann til RA-

1 Skýrslur á skjalasafni RA.

2 Rannsóknarskýrslur ReykjavíkurAkademíunnar 2003–2004, 2005 og 2006.

3 Upplýsingar frá skrifstofu og af heimasíðu Rannís.

félaga úr sjóðnum hafði hækkað úr sjöttungi í þriðjung á þremur árum.

Árið 2000 héldu RA-félagar sínum hlut hvað fjárframlag varðar, fengu um tíu milljónir, en heildarframlagið hækkaði í 34 milljónir og lækkaði hlutfallið sem féll í hlut RA því nokkuð. Þetta var forboði þess sem koma skyldi. Á árunum 2001–2003 hækkaði framlag til hugvísinda úr 34 milljónum í 40 milljónir en hlutur RA-félaga lækkaði úr 10,8 milljónum árið 2001 í 7,4 milljónir 2003. Meðal þeirra nýjunga sem sjóðurinn stóð fyrir var að stofna svokallaða öndvegisstyrki, sem námu miklum hluta af heildarframlaginu án þess að það hækkaði að ráði. Öndvegisstyrkirnir og rannsóknarstöðustyrkirnir voru ekki sniðnir að starfsemi RA heldur miðaðir við starfsemi háskólastofnana, og var það aðalorsök þess að heildarframlag til RA lækkaði svo mikið hlutfallslega. Hlutur RA í heildarframlögum til hugvísinda frá Rannís lækkaði úr þriðjungi árið 2000 í tæpan fimmtung árið 2003.

Á tímabilinu 2001–2005 starfaði svokallaður Kristnihátíðarsjóður. Úr honum komu til úthlutunar árlega 100 milljónir, þar af helmingur til fornleifarannsókna og helmingur til rannsókna í hug- og félagsvísindum. Starfsemi og tilvist þessa sjóðs var nokkuð gagnrýnd og er það eðlilegt þegar að því er hugað að framlög hans til rannsóknastarfs voru meira en tvöfalt það framlag sem þá var veitt árlega til rannsókna á hugvísindasviði í gegnum Rannís. RA-félagar nutu góðs af sjóðnum. Þeir fengu 8,2 milljónir króna af rannsóknarfé í svokölluðum menningarhluta Kristnihátíðarsjóðs árið 2003, þ.e. þeim hluta sem ekki rann til fornleifarannsókna, og var þetta einn sjötti af heildarupphæð menningarhlutans (nánar tiltekið 16,4%). Þeir fengu hins vegar 7 af 24 hæstu styrkjunum, og þar af tvo þá hæstu. Þá fékk þáverandi formaður RA, fornleifafræðingurinn Steinunn Kristjánsdóttir, fé úr fornleifahlutanum til rannsókna á Skriðuklaustri.

Fyrir árin 2005–2006 eru til tölur um heildarframlög til hug- og félagsvísinda. RA-félagar fengu 11,8 milljónir árið 2005 af 105 milljónum alls sem það ár voru veittar til rannsókna í hug- og félagsvísindum. Árið eftir fengu RA-félagar 18 milljónir en heildarframlagið var 88 milljónir. Tölur fyrir 2007 eru ekki tiltækar en öndvegisstyrkur var þá veittur Ímyndahópnum í RA, 10 milljónir á ári í þrjú ár. Aðrir nýir styrkir til félaga RA munu hafa verið fáir.

Samtals höfðu félagar RA því líklega úr um 15–20 milljónum krónum að spila til rannsókna á tímabilinu 2001–2006 úr þessum tveimur sjóðum, Vísindasjóði Rannís og Kristnihátíðarsjóði. Einhver framlög komu einnig úr Launasjóði fræðiritahöfunda og starfsstyrkir Hagþenkis komu mörgum vel. Veruleg önnur framlög til rannsókna hafa varla komið til af hálfu innlendra aðila, nema í formi námslána, en einhverjir félagar RA nutu styrkja erlendis frá eða af öðru tagi.



Sigurður Atlason að sjálfboðaliðastörfum 1999.

Hvað var svo gert fyrir þessa peninga? Og hvernig framfleyttu menn sér að öðru leyti?

Lítum í skýrslu ReykjavíkurAkademíunnar fyrir árin 2003–2004. Í hana skiluðu 35 fræðimenn greinargerð um störf sín þessi ár. Það var aðeins hluti þeirra sem störfuðu í húsnæði RA, en þeir töldust 93 í upphafi árs 2004. Margir þeirra sem ekki skiluðu skýrslu voru enn í námi, störfuðu við listir eða sem rithöfundar, voru í ýmsum verkefnum á vegum fyrirtækja eða á annan hátt ekki að fullu virkir sem

fræðimenn. Af þeim 35 sem skiluðu inn skýrslu voru 16 doktorar, 16 með MA-próf eða hliðstæðu þess og 3 með BA-próf.

Greining á skýrslum þessara 35 fræðimanna er af ýmsum ástæðum afar athyglisverð. Ekki verður betur séð en að í RA hafi starfað ígildi mjög virkrar háskóladeildar í hug- og félagsvísindum. Þessi háskóladeild naut lágmarksstyrkja og lágmarksstuðnings en skilaði miklum afköstum. Nefna má að hver einasti hinna 35 fræðimanna sem skilaði inn skýrslu var virkur í einu eða fleiri rannsóknarverkefnum, oft viðamiklum og í víðtækri samvinnu við marga fræðimenn á sama sviði. Alls sendu fimmtán þessara fræðimanna frá sér bækur á árunum 2003–2004, 22 talsins, þannig að sumir sendu frá sér fleiri en eina bók á tímabilinu. Þessir 35 fræðimenn skrifuðu samtals 115 ritrýndar fræðigreinar, auk annars eins fjölda af greinum í rit á borð við *Lesbók Morgunblaðsins* eða á hliðstæð vefsetur. Ritrýndar greinar þessara 35 fræðimanna voru að meðaltali 3,3 á hvern fræðimann eða 1,7 á ári. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um háskólakennslu í viðskipta-, tölvu- og lögfræði í íslenskum og erlendum háskólum frá 2007 kemur fram að „birt greinarígildi“ á hvert stöðugildi í átta háskólum, Umeå-háskóla, viðskiptaháskóla í Rotterdam, Háskólanum á Akureyri, Viðskiptaháskólanum á Bifröst, Háskóla Íslands, Whittemore-háskóla í New Hampshire, Þrándheimsháskóla og Háskólanum í Reykjavík, voru frá 0,7 og upp í 2,7 þar sem þau voru hæst. Ekki kemur fram hvað bók var metin mörg „birt greinarígildi“ en „birt bókarígildi“ í RA á áðurnefnda 35 fræðimenn á hvert ár voru 0,3 og hlýtur það að teljast eitt „birt greinarígildi“ hið minnsta. Afköstin í RA voru því jafnmikil og í þeim háskóla sem afkastamestur var í samanburði Ríkisendurskoðunar, 2,7 greinarígildi á ári.

Frekari greining sýnir að margir áttu þátt í að leggja fram fé til bókaskrifanna. Kaupendur fræðirita áttu nokkurn hlut, sem kom að einhverju leyti til fræðimanna með ritlaunum frá bókaforlögum. Launasjóður rithöfunda styrkti ritun síðara bindis Guðjóns Friðrikssonar um Jón Sigurðsson og ef til vill fleiri bækur. Viðar Hreinsson ritaði ævisögu Stephans G. Stephanssonar með stuðningi Eimskipafélagsins og styrkjum úr fleiri áttum, og margir fleiri fræðimenn nutu styrkja til ritunar bóka sinna, ýmist frá Rannís eða öðrum opinberum aðilum, svo sem sveitarfélögum eða ráðuneytum. Stórt söguritunarverkefni var í gangi á þessum tíma með aðstöðu í RA, Saga stjórnarráðsins, sem Sumarliði R. Ísleifsson stýrði og var það fjármagnað úr ríkissjóði. Þrjár doktorsritgerðir eru í hópi þessara 22 rita, og birtust þar niðurstöður viðamikilla og langvarandi rannsókna sem höfðu notið fjár úr LÍN og ýmissa styrkja, bæði innlendra og erlendra.

Ritun fræðirita og fræðigreina var þó aðeins hluti þess sem fræðimennirnir í RA unnu að. Sex bækur töldust í vinnslu en voru líklega talsvert fleiri. Allir fræðimennirnir 35 höfðu haldið fyrirlestra, sumir fjöldann allan. Sautján höfðu kennt í háskóla, ýmist sem stundakennarar á vegum HÍ, HR, HA eða Bifrastarskóla, og í raun munu flestir hinna 35 fræðimanna hafa starfað öðru hvoru við stundakennslu eða aðra kennslu. Tveir fræðimenn höfðu stundað víðtækt námskeiðshald og einn sérhæfði sig í sýningarhaldi og hafði útbúið fjöldann allan af sýningum af ýmsu tagi. Loks má geta þess að Guðjón Friðriksson fékk Íslensku bókmenntaverðlaunin 2003 fyrir síðara bindi ævisögu Jóns Sigurðssonar og Viðar Hreinsson Viðurkenningu Hagþenkis 2003 fyrir ævisögu Stephans G. Stephanssonar. Þetta eru síður en svo einu viðurkenningarnar sem RA-félagar hafa aflað.

Starfsemi þessara 35 fræðimanna og annarra RA-félaga byggðist því á samsettri fjármögnun, menn drógu að verkefni og fé úr ýmsum áttum og oft á tíðum var mikið haft fyrir aflanum. Árangurinn var þó ótrúlega góður miðað við þær aðstæður og það afar takmarkaða fjármagn sem í boði var.

Sé í grófum dráttum gert ráð fyrir því að veltan í kringum hvern fræðimann hafi verið um fjórar milljónir króna var heildarveltan hjá þessum 35 fræðimönnum um 140 milljónir. Af þeirri upphæð voru aðeins 15–20 milljónir styrkir úr Vísindasjóði og frá Rannís, en líklega komu einnig til aðrir styrkir og má lauslega gera ráð fyrir því að í heild hafi fjórðungur til þriðjungur veltunnar verið styrkir eða önnur framlög til rannsókna, þar á meðal námslán og styrkir til doktorsnáms. Afgangurinn, eða tveir þriðju að minnsta kosti, er því verkefnabundnar greiðslur sem yfirleitt nýtast ekki beint í rannsóknir. Óhætt virðist að mæla með því að framlag ríkisins og annarra til rannsókna og annarrar starfsemi RA verði stóraukið, því í RA starfar afkastamikið og frjótt fólk. Sú fjárfesting mundi fljótt skila sér.




Fyrir utan Kornhlöðuloftið þar sem Reykjavíkur-Akademían var stofnuð 7. maí árið 1997.

# 2. kafli. Stofnun og starf 1997–1998

## Tíðarandi í aldarlok

Ennþá liggja ekki fyrir mörg sagnfræðirit sem túlka tíðarandann fyrir áratug eða svo en óhætt er að segja að margt hafi breyst síðan. Veturinn 1996–97 voru aðeins fáein ár síðan Sovétríkin hrundu og kommúnisminn var lýstur gjaldþrota. Bill Clinton var við völd í Bandaríkjunum og þess var skammt að bíða að Tony Blair og New Labour næði völdum í Bretlandi. Einkavæðing og óheft flæði fjármagns var á dagskrá, hér á landi undir stjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Póstmódernismi var efst á baugi í menntaheiminum, sérstaklega í Bandaríkjunum, og gengi hinna frönsku heimspekinga Foucault, Derrida, Baudrillard, Bourdieu og Lyotard var mikið.

Íslenskir námsmenn fylgdust vel með hræringum í menntaheiminum. Allt frá því á sjöunda áratugnum hafði fjöldi Íslendinga farið til náms erlendis, fram til 1990 aðallega til Bandaríkjanna, að minnsta kosti í doktorsnám, en einnig til Norðurlanda og ýmissa annarra landa. Raunar munu mjög margir hafa farið til Norðurlanda í grunnháskólanám. Eftir 1970 fjölgaði skólum sem útskrifuðu stúdenta, bæði menntaskólum og fjölbrautaskólum. Lánasjóður íslenskra námsmanna var stofnaður 1952, en ekki efldur verulega fyrr en rétt fyrir 1970. Á áttunda áratugnum varð efling hans til að auðvelda almenningi allan aðgang að háskólanámi, og námsmönnum fjölgaði við Háskóla Íslands og í háskólum erlendis. Háskólum fjölgaði hins vegar ekki hér á landi ef frá er talið að Kennaraskólinn var gerður að Kennaraháskóla 1971.

Eftir 1970 varð sannkölluð stökkbreyting í fjölda langskólagengins fólks, þeirra sem tekið höfðu meistara- eða doktorspróf. Allt fram til 1965 var hópur langskólagenginna afar fámennur og aðeins 2–4 doktorar útskrifuðust úr námi árlega. Þeir voru langflestir karlar sem öfluðu sér menntunar í raunvísindum eða læknisfræði



Ágúst Þór Árnason réttarheimspekingur, stofnandi og fyrsti formaður Reykjavíkur-Akademíunnar.

á Norðurlöndum eða í Bandaríkjunum. Örfáir vörðu doktorsritgerðir við Háskóla Íslands, en raunverulegt framhaldsnám, meistara- og doktorsnám, var ekki til við háskóla hér á landi lengi vel, nema í íslenskum fræðum. Eftir 1965 fór doktorsmenntuðu fólki smám saman að fjölga. Útskrifaðist þá um tugur doktora árlega og lögðu flestir stund á slíkt nám í Bandaríkjunum. Eftir 1980 fjölgaði árlegum doktorum enn, í um 25 á ári, og um 1990 var fjöldinn kominn í um 60 á ári. Þá virtist jafnvægi náð og hélst fjöldinn í 50 60 allan tíunda áratuginn. Þar af var um þriðjungur menntaður í hug- og félagsvísindum.

Framhaldsstig háskóla var ekki til hér á landi allan þennan tíma, hér var hvorki hægt að taka meistara- né doktorspróf í skipulegu námi undir stjórn leiðbeinanda. Þetta olli því að Háskóli Íslands var ekki raunverulegur rannsóknaháskóli. Framhaldsstig háskóla er mjög mikilvægt í háskólasamfélaginu, það er eins konar brú milli grunnstigsins og kennaranna, og hjá meistara- og doktorsnemum fer fram mikið af frjóustu og athyglisverðustu rannsóknum í hverju samfélagi. Þessi vinna fór nær öll fram erlendis hvað varðaði Ísland, íslenska vísindamenn og fræðasamfélag.

Á tímabilinu fram að 1990 fengu flestir doktorar í hug- og félagsvísindum fastar stöður við háskóla, annaðhvort hér á landi eða erlendis, en um og upp úr 1990 varð ljóst að möguleikar á því sviði fóru minnkandi. Sérstaklega varð þetta áberandi í hugvísindum. Um 1997 hafði Háskóli Íslands enn ekki hafið uppbyggingu meistara- og doktorsnáms að ráði, og var enn grunnstigs-háskóli (e. undergraduate). Munurinn á Háskóla Islands og þeim háskólum sem íslenskir námsmenn í í framhaldsstigsnámi (e. post-graduate) erlendis sóttu var oftast gríðarlegur. Fjöldi háskólakennara við erlendu háskóladeildirnar var margfaldur á við sambærilegar deildir á Íslandi og hefð fyrir meistara- og doktorsnámi að sjálfsögðu sterk. Fræðalíf í stórborgum Vesturlanda, svo sem London, New York, Berlín og Kaupmannahöfn, var á allt öðru stigi en í smáborginni Reykjavík, þar sem ekki var einu sinni í boði meistara- eða doktorsnám nema í örfáum greinum.[1]

Þeir sem komu heim úr námi um miðjan tíunda áratuginn og höfðu aflað sér doktorsprófs í hugvísindum sáu nú fram á erfiðleika við að framfleyta sér og fjölskyldu sinni, og þó sérstaklega að finna sér verkefni við hæfi. Háskóli Islands var að lokast, þar var ekki lengur að fá fastar stöður á þessu sviði og sjóðir sem ætlað var að styrkja rannsóknir voru ekki öflugir.

## Á vordögum 1997

Á vordögum 1997 var farið að ræða um að efna til samtaka sjálfstætt-starfandi fræðimanna. Skyndilega varð til hópur ungra fræðimanna sem þekktist lítið innbyrðis en hafði sameiginlega reynslu og fann sér sameiginlegt markmið. Þetta átti sér að sjálfsögðu talsverðan aðdraganda. Þeir Ágúst Þór Árnason og Vilhjálmur Árnason hittust 10. mars 1993 á kaffihúsi í Berlín og ræddu þar hugmynd sem síðar þróaðist út í ReykjavíkurAkademíuna. Þeir töldu þörf á að búa til einhvers konar skipulag og félagsskap í tengslum við heimsóknir erlendra fræðimanna til Íslands, félagsskap íslenskra fræðimanna sem gætu tekið á móti slíku fólki og haldið uppi samræðum. Koma mætti á fót erindaflokki, nokkur erindi haldin á hverju ári. Síðar tengdust þessar pælingar ýmsum fyrirætlunum um tíu ára afmæli fundar Reagans og Gorbatsjovs, en ekkert varð úr þeirri tengingu þegar til kom.

Áætlunin komst að nokkru leyti í framkvæmd í tengslum við Norræna sumarháskólann sem var haldinn á Nesjavöllum verslunarmannahelgina 1995. Þar komu fræðimennirnir Jóhann Páll Árnason, Slavoj Žižek og fleiri og héldu málþing fyrir 120 manns. Ágúst Þór Árnason var

1 Nánar má lesa um þessa þróun í síðasta kafla bókarinnar. Þar er einnig að finna heimildatilvísanir um þetta efni.



Þjóðarbókhlaðan. Þar var miðstöð margra þeirra sem komu að stofnun RA.

einn þeirra sem að þessum fundi stóðu. Hann vann þá meðal annars á Ríkisútvarpinu og kynntist þar ýmsum íslenskum menntamönnum, til dæmis Jóni Karli Helgasyni. Ágúst Þór hitti Jón Karl á Kastrupvelli 8. mars 1997 og sátu þeir saman í flugvélinni á leiðinni heim. Ágúst Þór skýrði út hugmyndir sínar um ReykjavíkurAkademíuna, sem hann var þá farinn að kalla svo, að það yrði hópur fræðimanna sem stæði utan við Háskóla Islands og mundi skipuleggja starf slíkra fræðimanna. Ágúst Þór þekkti ýmis dæmi um fræðimenn sem höfðu fengið styrki til starfa, oft erlendis frá, en höfðu enga aðstöðu og var ekki hleypt inn í Háskólann.

Um 1990 var orðinn til talsverður hópur yngri sagnfræðinga sem ekki virtust mundu allir eiga greiða leið í stöður við Háskóla Íslands. Í honum voru meðal annars Jón Ólafur Ísberg, Sigurður Gylfi Magnússon, Eggert Þór Bernharðsson, Lára Magnúsardóttir, Agnes Arnórsdóttir, Axel Kristinsson og Orri Vésteinsson. Einn af þeim var höfundur þessarar bókar, sem hafði einmitt fengið rannsóknarstöðustyrk frá Danska vísindasjóðnum til þriggja ára, en fékk enga aðstöðu í Háskóla Íslands. Margir úr þessum hópi, sjálfsagt allir þeir sem voru hér á landi á annað borð, stunduðu nýju Þjóðarbókhlöðuna eftir að hún var opnuð um miðjan tíunda áratuginn og eðlilega fóru menn að ræða stöðu fræðanna. Orri Vésteinsson hafði farið af stað með Fornleifastofnun Íslands ásamt Adolf Friðrikssyni, en Orri var menntaður í fornleifafræði auk sagnfræðinnar. Fornleifastofnun gekk vel og var verulegur innblástur fyrir yngri fræðimenn – menn sáu möguleika á að koma sér fyrir með nýjum hætti og skapa sér verkefni.

Jón Karl Helgason hafði verið í sambandi við Sigurð Gylfa sem ritstjóri Skírnis og var kunnugt um áhuga hans á að búa í haginn fyrir fræðimenn á sviði hug- og félagsvísinda með nýjum hætti. Jón Karl vill túlka sinn hlut í atburðarásinni þannig að hann hafi leitt saman þá Ágúst Þór og Sigurð Gylfa, sem báðir hafi haft svipaðar hugmyndir og eru báðir mjög framtakssamir, og síðan lítið þurft að gera meira.

Jón Karl og Ágúst Þór boðuðu nokkurn hóp ungra fræðimanna á fund í Litla ljóta andarunganum við Lækjargötu til skrafs og ráðagerða. Á þeim fundi var ákveðið að boða til stofnfundar ReykjavíkurAkademíunnar

og var hann haldinn í Kornhlöðuloftinu hinn 7. maí 1997. Þar var ReykjavíkurAkademían stofnuð og stjórn valin. Í hana voru kosnir þeir sem mætt höfðu á undirbúningsfundinn, allir nema Jón Karl. Það voru Annadís Gréta Rúdólfsdóttir félagssálfræðingur, Ágúst Þór Árnason réttarheimspekingur, Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir lögfræðingur í umhverfisráðuneytinu, Ragnar Garðarsson stjórnmálafræðingur, Sigurður Gylfi Magnússon, Sigríður Matthíasdóttir doktorsnemi og Árni Daníel Júlíusson, allt sagnfræðingar. Gantast var með það að ReykjavíkurAkademíunni yrði fyrst um sinn stýrt að hætti menntaðs einveldis: Undirbúningshópurinn og þeir sem forgöngu höfðu buðu ekki upp á að neinir „utan úr bæ" yrðu með í stjórn til að byrja með. Hugmyndin um nafnið kom strax fram frá Jóni Karli og var samþykkt í undirbúningshópnum. Nafninu var ætlað að vera ögrandi og lýsa þeim hug sem að baki verkefninu lá.

Á fundinn komu um 50 manns. Aðalræðumaður var Ágúst Þór Árnason. Hann lýsti stöðnuðu fagumhverfi í sínu fagi, lögfræðinni, og taldi að Háskóli Íslands þyrfti á samkeppni að halda. Fræðimenn í hug- og félagsvísindum ættu að skipuleggja sig og vinna að því að skapa sér sameiginlegan, framsækinn starfsvettvang. Árni Daníel Júlíusson hélt einnig ræðu. Hann tók undir mat Ágústs Þórs á íslenska fræðaumhverfinu út frá sjónarhóli sagnfræði og talaði líka um nauðsyn þess að sjálfstætt-starfandi fræðimenn hefðu viðunandi starfsaðstöðu. Hann hafði, eins og fleiri á fundinum, unnið meira og minna heima hjá sér að verkefnum sínum, því hvergi var til nein aðstaða fyrir slíka fræðimenn. Fleiri héldu ræður, meðal annars Viðar Hreinsson, núverandi framkvæmdastjóri Akademíunnar, sem einnig taldi nauðsynlegt að skapa framsækinn vettvang hug- og félagsvísindamanna.

Stjórnin sem valin var á Kornhlöðuloftinu skipti ekki með sér verkum að öðru leyti en því að Ágúst Þór tók að sér forystuna.

Eftir að Ágúst Þór fór til útlanda haustið 1997 kom það í hlut Sigurðar Gylfa og Árna Daníels að hafa forystu í stjórninni, en þeir voru um þær mundir þeir einu sem enn bjuggu á Íslandi. Starf undirbúningsstjórnarinnar miðaðist við að finna húsnæði til að hýsa einhvern hóp fræðimanna sem hefði áhuga á því að vinna undir sama þaki. Ekki var ljóst hversu stór hópur það var. Miklar umræður fóru fram í stjórninni um hvert hlutverk ReykjavíkurAkademíunnar ætti að vera. Átti hún að vera fyrirtæki, sjálfseignarstofnun eða félag? Átti hún að standa fyrir útgáfu, námskeiðshaldi, sameiginlegum rannsóknarverkefnum, ráðstefnum, flytja inn erlenda fræðimenn og laða til landsins fræðafólk sem búsett var erlendis og stuðla að því að það kæmist heim til að stunda hér fræði sín?[1]

Í einu af vinnuskjölum undirbúningshópsins, sem birt er í viðbæti í heild sinni, koma fram hugmyndir um að starfsemi RA skiptist upp í tvö meginsvið. Annars vegar ætti félagið að reka húsnæði fyrir sjálfstætt-starfandi fræðimenn þar sem hverjum og einum gæfist færi á að leigja sér skrifstofu fyrir hæfilegt verð. Þetta væri ætlað einstökum fræðimönnum en eins gætu stofnanir og fyrirtæki nýtt sér slíka aðstöðu. Kanna þyrfti möguleika á að byggja upp gott bókasafn fyrir slíka stofnun. Hins vegar tæki starfsemin mið af því að RA væri samfélag fræðimanna, akademía í þess orðs fyllstu merkingu. RA stæði fyrir ráðstefnum, málstofum (málþingum), seminörum og námskeiðum. RA léti til sína taka í útgáfu af ýmsu tagi, hefðbundinni fræðiritaútgáfu, netútgáfu, samningu og útgáfu kennsluefnis o.s.frv. Þá ynni RA skipulega að því að afla styrkja fyrir félagana til hvers konar fræðistarfa og rannsókna.

Vinna undirbúningsstjórnarinnar var mjög á þessum nótum, mikið hugmyndaflug, bjartsýni og kraftur einkenndu starfið. Oft var setið lengi við og spjallað, oftast á Litla ljóta andarunganum í Lækjargötu. Raunar hefur flest af því sem talað var um í þessu starfi orðið að veruleika. RA rekur húsnæði, öflug málstofu- og ráðstefnustarfsemi er í gangi, útgáfustarf er öflugt og starf að styrkjaöflun er mikið og vel skipulagt. Margir hinna upphaflegu drauma hafa ræst.

Meginaherslan var eins og áður segir lögð á að útvega húsnæði. Lengi stóð til að fá húsnæði á Laugavegi 7, sem Landsbankinn hugðist selja. Sigurður Gylfi, Ágúst Þór og Ragnheiður Elfa gengu á fund Sverris Hermannssonar þáverandi bankastjóra Landsbankans snemmsumars 1997 og fóru fram á það að bankinn seldi RA húsnæðið á Laugavegi 7. Sverrir tók vel í málið, og fól Jakobi Bjarnasyni að vinna að því fyrir hönd bankans. Sigurður Gylfi var síðan í sambandi við Jakob í hálft ár en á þeim tíma gerðist ekkert sem hönd á festi. Þegar Sverrir Hermannsson sagði síðan af sér bankastjórastörfum höfðu nýir menn engan áhuga á að selja RA húsnæði.

Á þessum tíma var RA-hópurinn beðinn um að koma með hugmyndir um aðkomu fræðasamfélagsins að starfi Reykjavíkur sem einnar af menningarborgum Evrópu árið 2000. Tengiliður borgarinnar í því máli var Eggert

1 Sigurður Gylfi Magnússon: „ReykjavíkurAkademían frá sjónarhóli Sigurðar Gylfa. [www.akademia.is/sigm/sigm-ra1.html#for]

Þór Bernharðsson og hafði hann frumkvæði að því að hafa samband við RA. RA-hópurinn setti fram hugmyndir að samvinnu fræðimanna um ákveðið þema, „borgina", og skyldi unnið í fjórum til fimm hópum. Einn hópurinn skyldi ræða upplýsinguna sem afurð borgarmenningar og hlut fræði- og menntamanna í þróun borgarinnar, annar um borgarlýðræðið og þjóðríkið, borgina sem félagslega tilraun, borgina sem hugsmíð eða sýndarveruleika og Ísland sem menningarlegan þjóðgarð – meðal annars út frá kynjasjónarmiði. RA var ekki beðið um frekari ráðgjöf og hugmyndirnar urðu ekki að veruleika þótt þær muni hafa verið nýttar við frekari vinnu hjá borginni á þessu sviði. Þær sýna hins vegar fræðilega tóninn í hópnum, meðal annars þá áherslu á hið huglæga og á umræðuna um stöðu kynjanna sem þá var ofarlega á baugi meðal yngri fræðimanna á Vesturlöndum.

Næst ákvað undirbúningshópurinn að reyna að fá styrk hjá Reykjavíkurborg til að ráða framkvæmdastjóra. Hlutverk hans skyldi vera að finna húsnæði. Sótt var um peninga til atvinnu- og ferðamálanefndar, en niðurstaðan var neikvæð. Þau Sigurður Gylfi, Ágúst Þór og Ragnheiður Elfa gengu þá á fund Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur borgarstjóra til að reyna að þoka málinu áfram, og tók hún þeim afar vel. Annadís vann á sama tíma í því að kynna málið fyrir fólki í borgarkerfinu. Þetta bar þann árangur að þegar þeir Sigurður Gylfi og Árni Daníel gengu á fund atvinnu- og ferðamálanefndar vorið 1998 samþykkti nefndin að veita eina milljón króna í styrk til RA-hópsins. Þá hafði undirbúningsstjórnin starfað í nærri því ár án þess að áþreifanlegur árangur hefði orðið af starfinu, og var að niðurlotum komin. Þessi fjárveiting var því afar kærkomin og hleypti nýju lífi í starfið.

Stjórnin hittist þegar í stað á Þjóðarbókhlöðunni og ræddi hvern skyldi ráða sem framkvæmdastjóra fyrir peningana frá borginni. Nafn Jóns Karls Helgasonar kom fljótlega upp – bók hans, *Hetjan og höfundurinn,* var nýkomin út og lá á borðinu og öllum við borðið datt það sama í hug: Hann væri tilvalinn framkvæmdastjóri. Jón Karl hafði þá lítið komið að starfi RA-hópsins í nærri ár, eða eftir að hann leiddi hópinn saman á Litla ljóta andarunganum og í Kornhlöðunni. Jón Karl samþykkti þegar í stað að taka að sér starf framkvæmdastjóra og var hann ráðinn í hálft starf.[1]

Verkefni framkvæmdastjóra voru talin upp í skjali sem Sigurður Gylfi tók saman fyrir Jón Karl, og var nokkurs konar starfslýsing eða hugmyndir að verksviði. Þar kemur fram að framkvæmdastjórinn þyrfti að koma húsnæðismálum í höfn, hefja netvæðingu RA, huga að innra skipulagi RA, fjármögnun starfseminnar, standa að kynningu á samtökunum, leita eftir samningum við opinberar stofnanir um samstarf, koma á fót póstlista fyrir félaga RA, stækka framkvæmdanefndina, standa fyrir bókafundum og ræða við fagfélög hug- og félagsvísindamanna um samstarf. Ekki var þetta neitt smáræði sem framkvæmdastjóranum var ætlað að gera.[2]

Hluti upphaflega hópsins var orðinn óvirkur af ýmsum orsökum. Nýir félagar voru nú komnir til starfa í staðinn, þau Hansína B. Einarsdóttir, afbrotafræðingur og framkvæmdastjóri fyrirtækisins Skref fyrir skref, og Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur sem varð strax mjög virkur. Ágúst Þór var í útlöndum en var í reglulegu símasambandi við Sigurð Gylfa og gaf góð ráð. Öll stjórnin lagði fram mikla sjálfboðavinnu, en ljóst var að án framkvæmdastjóra á launum hefði orðið lítill árangur af starfinu.

Meginverkefni framkvæmdastjórans var að útvega húsnæði. Eins og áður sagði hafði fyrsta húsnæðið sem stjórnin fékk augastað á gengið henni úr greipum, en brátt kom í ljós að völ var á ýmsu öðru húsnæði. Í JL-húsinu hafði ríkið á leigu tvær hæðir, en þær höfðu staðið auðar í tvö og hálft ár og ríkið var bundið af leigusamningi í þrjú ár í viðbót. Í Bárugötu var Vísindasjóður með hús á sinni könnu sem það hafði ekki not fyrir, og bauðst RA að fá það.

Á þessum tíma var Fornleifastofnun Íslands með þá Orra Vésteinsson og Adolf Friðriksson við stjórnvölinn að leita að framtíðarhúsnæði. Um skeið stóð til að Fornleifastofnun kæmi inn í það húsnæði sem RA fengi, en niðurstaðan varð sú að Fornleifastofnun fékk allt húsið í Bárugötu og ReykjavíkurAkademían allt húsnæðið í JL-húsinu. Ekki varð af frekari formlegri samvinnu Fornleifastofnunar og RA, þótt einstakir fræðimenn beggja stofnana hafi alltaf verið í sambandi og unnið saman, til dæmis í ritstjórn ritraðarinnar Íslensk menning sem Jón Karl og Adolf Friðriksson ritstýrðu.

Talsverðan tíma tók fyrir RA að ná endanlega tangarhaldi á JL-húsinu, en Þórhallur Arason skrifstofustjóri í fjármálaráðuneytinu var félaginu velviljaður. Háskóli Íslands hafði um skeið sumarið 1998 áhuga á að koma hluta af starfsemi sinni fyrir í JL-húsinu, en eftir að hann hætti við var ekkert því til fyrirstöðu að RA tæki við húsinu. Þegar hér var komið sögu hvíldi starfið

1 Sigurður Gylfi Magnússon: Sögustríð. bls. 67–68.

2 Skjalasafn RA.

aðallega á þeim Jóni Karli og Sigurði Gylfa, og voru þeir orðnir svartsýnir um framtíð RA haustið 1998. En brátt birti til, Sigurður Gylfi fór með Gústaf Níelssyni á fund Geirs Haarde sem þá var fjármálaráðherra og reyndist hann ReykjavíkurAkademíunni afar velviljaður. Hann samþykkti að leigja RA húsnæðið á hagstæðu verði, en í staðinn mundi RA reyna að yfirtaka leigusamning ríkisins eða kaupa húsnæðið. Í byrjun nóvembermánaðar var gengið frá samningum og ekkert var því til fyrirstöðu að sjálfstætt-starfandi fræðimenn flyttu inn í JL-húsið.

Raunar segir Sigurður Gylfi Magnússon svo frá um upphaf RA að hann hafi verið svartsýnn um möguleikana á því að fylla JL-húsið af sjálfstætt-starfandi fræðimönnum.[1] Hann sagði í ræðu á aðalfundi RA árið 2000, þegar hann lét af formennsku:

> Við höfðum þá um nokkra vikna skeið staðið í samningaviðræðum við fjármálaráðuneytið um leigu á JL-húsinu og þegar fundurinn var haldinn vorum við á báðum áttum um hvort RA mundi fá húsnæðið á leigu. Þá var einnig óvíst hvort við næðum 10 fræðimönnum í JL-húsið, ef við þá fengjum það leigt. Við höfðum verið í sambandi við drjúgan hóp fólks sem hafði fylgst með þreifingum okkar af áhuga en fáir höfðu skuldbundið sig til að vera með, af eðlilegum ástæðum, þar sem við höfðum ekkert húsnæði í höndunum. Þegar að aðalfundinum kom fengum við leyfi til að sýna JL-húsið og nokkrum dögum síðar hitti ég fjármálaráðherra sem tók ákvörðun um að við fengjum húsnæði á leigu á mjög sanngjörnu verði.[2]

Sigurður Gylfi hafði séð fyrir sér að Fornleifastofnun yrði burðarásinn í þeim hópi fræðimanna sem kæmi þarna inn, en nú var hún kominn með húsnæði á Bárugötu. Stjórn ReykjavíkurAkademíunnar renndi í rauninni blint í sjóinn um það hver væri þörf fyrir slíka starfsemi. Álagið á stjórnina á undirbúningstímanum var talsvert vegna þess hversu óvíst var um viljann til að nýta aðstöðuna sem nú var loks fengin. Stjórnin vann mikið starf, en í verulegri óvissu. Sigurður Gylfi segir um undirbúningshóp RA:

> Þrátt fyrir að undirbúningstímabilið hafi tekið mjög á okkur sem stóðum í forsvari fyrir RA þá held ég að öll þessi vinna hafi veitt okkur ómælda ánægju. Við þinguðum á tímabili mjög stíft eins og áður hefur komið fram, en þeir fundir voru tilhlökkunarefni þrátt fyrir að hver einasti maður í stjórninni hafi verið hlaðinn störfum ... Fundirnir voru nær alltaf mjög langir og fundarmenn komust nær alltaf á mikið flug. Skýjaborgir risu og hnigu og framtíðardraumarnir voru svo margbrotnir og snjallir, í okkar huga, að nánast útilokað var að þeir myndu ekki rætast. Þannig var andinn; við gátum allt og okkur var ekkert óviðkomandi.
>
> Samsetning þessarar stjórnar var ... afar heppileg. Þarna var hugmyndasmiðurinn sjálfur, Ágúst Þór, sem stjórnaði hugmyndaflæðinu eins og hershöfðingi. Fjarvera hans setti okkur út af laginu um tíma en hann kom heim á milli og hleypti þá nýju blóði í örþreyttar sálir og líkama okkar sem eftir vorum á landinu kalda. Við Árni Daníel, Annadís og Sigríður Matthíasdóttir höfðum öll verið í útlöndum um langt skeið og vorum beinlínis uppfull af hugmyndum um framtíðina og akademíuna. Við Árni Daníel höfðum orðið fyrir miklum vonbrigðum eftir heimkomuna og vorum farnir að ræða saman um róttækar aðgerðir til að fá tækifæri til að koma af stað almennri umræðu um sagnfræðina. Okkur fannst við vera afar einangraðir og það var ekki fyrr en RA reis út við sjóndeildarhringinn að við eygðum von um bjartari framtíð. Annadís hafði nákvæmlega sömu sögu að segja, fræðilega einangruð og vondauf um að nokkuð mundi gerast í hennar fræðilega lífi. En þegar við komum saman gerðist undrið. Við fundum út að það voru margir eins og við, fólk sem hafði stóra drauma og þrár um að takast á við framtíðina af heilindum og alúð, fólk sem vildi leggja allt í sölurnar til þess að fá tækifæri til þess að vinna að vísindastörfum og stuðla í leiðinni að uppbyggingu þverfaglegs fræðasamfélags sem hefði það eitt að markmiði að vinna að framgangi fræðanna. Þetta fólk fundum við í undirbúningsstjórn RA og þessi aðstaða okkar allra var galdurinn við stjórnarfundi RA; það var okkur beinlínis lífsnauðsyn að sækja þá! Öll höfðum við einnig ákveðna tengingu inn í fræðasamfélagið sem var mikilvægt þegar unnið var að hugmyndavinnunni. Ragnar Garðarsson og Annadís voru félagsvísindafólk sem hafði mjög þroskaðar skoðanir á hvernig standa skyldi að stofnunum eins og þessum. Sömu sögu var að segja um Ragnheiði Elfu, en menntun hennar sem lögfræðingur og störf

1 [www.akademia.is/sigm]

2 Skýrsla formanns stjórnar ReykjavíkurAkademíunnar fimmtudaginn 27. janúar 2000.



Myndin er tekin á 10 ára afmæli Reykjavíkur-Akademíunnar. Þetta fólk sat í tveimur fyrstu stjórnum Reykjavíkur-Akademíunnar 1997–2000. Efri röð: Viðar Hreinsson, Jón Karl Helgason, Árni Daníel Júlíusson. Neðri röð: Annadís Gréta Rúdólfsdóttir, Sigurður Gylfi Magnússon, Sigríður Matthíasdóttir.

hjá hinu opinbera (ráðuneytum), gaf henni ákveðið forskot á hugmyndafræði stjórnsýslunnar og virkni. Sigríður Matthíasdóttir sagnfræðingur var á fullu í sinni doktorsritgerð, sem hún er að skrifa í Háskóla Íslands, og hennar sjónarhorn var mikilvægt þar sem við vorum strax staðráðin í að gera tilraun til að laða til okkur snjallasta fólkið úr röðum ungra háskólamanna, sérstaklega fólk sem var að vinna að doktorsritgerðum og var mjög einangrað við sín fræðistörf. Þá nýttum við okkur mikið reynslu Ágústar Þórs af uppbyggingu Mannréttindaskrifstofunnar sem hann veitti forstöðu í nokkur ár. En í raun vissum við alls ekki hvert skyldi stefna, hvers konar fyrirbæri við værum að setja á stofn.

Engan gat grunað að húsnæðið ætti eftir að fyllast ótrúlega fljótt. Hin rúma umgjörð Reykjavíkur-Akademíunnnar í JL-húsinu átti mikinn þátt í því að hún hlaut strax þá orku, slagkraft og stærð sem til þurfti. Að því leyti var valið á húsnæðinu vel heppnað.

Eftir á að hyggja má þó segja að ákveðið reynsluleysi hafi lýst sér í áætlunum og hugmyndum frumherjanna. Sennilega hefði verið rétt að huga betur að tvennu á þessu stigi málsins: Hver áttu að vera markmiðin eftir að komið var húsnæði? og hver var staða hug- og félagsvísinda almennt? Gallinn var sá að þann hóp sem stofnaði RA greindi líklega miklu meira á um þessi atriði en svo að auðvelt væri að ná samstöðu.

Um hið fyrrnefnda má segja að Reykjavíkur-Akademían hafi verið sniðin að þörfum ákveðins hóps fræðimanna sem óskuðu eftir aðstöðu sem sjálfstætt-starfandi fræðimenn. Markmið um húsnæði og starfsemi miðuðust við það. Sú markmiðssetning virtist djörf og áræðin og var það sannarlega. Engan grunaði hvað í vændum var, en það var rætt um að nauðsynlegt væri að koma upp valkosti við Háskóla Íslands. Ef markmiðið um húsnæði og skipulega starfsemi næðist, hvert átti þá að vera næsta markmið? Átti að láta þar við sitja og marka ReykjavíkurAkademíunni bás sem eins konar biðstöð hug- og félagsvísindamanna á leið í fastar stöður í alvöruháskólum? Það var raunar orðað við höfund þessarar bókar oftar en einu sinni að þetta ætti að vera hlutverk RA. Með því hefði RA orðið það framhaldsstig Háskóla Íslands sem þar vantaði. Aðrir, þar á meðal Ágúst

Þór Árnason, höfðu opinskátt á orði að RA skyldi verða valkostur við Háskóla Íslands.

Um almenna stöðu greinanna er rétt að hafa í huga að í stofnun ReykjavíkurAkademíunnar fólust viðbrögð við kreppu í hug- og félagsvísindum sem fór vaxandi upp úr 1990. Sú kreppa óx og óx og vex enn. Póstmódernisminn virtist um skeið eiga svar við þeirra kreppu, og ReykjavíkurAkademían veifaði þeim fána óspart og gerir jafnvel enn. Fljótlega hefði þó þurft að koma til sjálfstæð greining á stöðu hug- og félagsvísinda í samtímanum. Hverju breytti til dæmis sókn nýfrjálshyggjunnar og fall Sovétríkjanna fyrir hug- og félagsvísindi? Enginn var hæfari til að svara þessum spurningum en fræðimennirnir sjálfir, en það var ekki mikið hugað að þessu í upphafi. Það hefði þurft að huga að því hvert RA ætlaði að stefna, en til þess reyndist ekki svigrúm í þeirri rússíbanareið sem framundan var.

Aðalatriðið var þó að skyndilega var orðið til nýtt fræðasamfélag á sviði hug- og félagsvísinda. Forsendur þess tengdust hinni öru fjölgun íslenskra menntamanna áratugina á undan. Ákveðinn sprengikraftur var í þeirri þróun, sem tengdist meðal annars andstæðum milli fremur íhaldssams fræðasamfélags við Háskóla Íslands og róttækari viðhorfa sem menntafólk menntað erlendis hafði tileinkað sér. Þegar ekki var lengur greiður aðgangur að stöðum í Háskólanum eða annars staðar varð úr þessu sprenging.



Ólafur Stephensen, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Annadís Gréta Rúdólfsdóttir og Anthony Giddens á fundi í Reykjavíkur-Akademíunni vorið 1999.

# 3. kafli. ReykjavíkurAkademían 1998–2001

## Draumar rætast

Í októbermánuði 1998 hélt ReykjavíkurAkademían fyrsta aðalfund sinn. Miklum áfanga var lokið, samtökin höfðu fengið húsnæði og nú var kosin fyrsta stjórn félagsins. Fundurinn var haldinn á Bárugötu 3 og fluttist síðan yfir í JL-húsið á miðju kvöldi. Hansína Einarsdóttir var fundarstjóri og Jón Karl Helgason framkvæmdastjóri RA fundarritari. Sigurður Gylfi Magnússon var kosinn formaður stjórnar en aðrir í henni voru Annadís Gréta Rúdólfsdóttir, Ágúst Þór Árnason, Árni Daníel Júlíusson, Dögg Pálsdóttir lögfræðingur, Sigríður Matthíasdóttir og Viðar Hreinsson. Á fundinum flutti Ágúst Þór skýrslu um starf undirbúningsstjórnarinnar og Sigurður Gylfi skýrslu um húsnæðismálið. Á næstu mánuðum fór starfsemin af stað með gríðarlegum krafti.

Flestir ef ekki allir þessir fræðimenn voru með einhverjum hætti á skjön við ráðandi strauma í Háskóla Íslands. Sumir þeirra höfðu kynnst póststrúktúralískum eða póstmódernískum straumum í félagsvísindum, bókmenntafræði og sagnfræði, þar á meðal þriðju kynslóðar-femínisma, en aðrir voru í andstöðu við þann pósitífisma sem var svo áberandi við Háskólann, til dæmis í sagnfræði og lögfræði, og vildu auknar kenningarlegar og félagsvísindalegar áherslur í þessum greinum. Allir höfðu þessir fræðimenn náð sér verulega á strik við þær erlendu háskólastofnanir sem þeir höfðu kynnst og fundið sig, eins og sagt er, í áherslum sem oft brutu harkalega í bága við ráðandi áherslur við æðstu menntastofnun Íslands.

Í fyrsta kafla var sagt frá þeim hópi sem fyrstur flutti inn. Eins og áður segir voru flestir í hópnum sagnfræðingar, bókmenntafræðingar og félagsvísindamenn. Allt var gert til að halda kostnaði í lágmarki. Stjórnin tók sjálf að sér að bóna gólfin. Einni skrifstofu var skipt í tvennt með millivegg, og önnuðust það þeir Sumarliði R. Ísleifsson og Jón Karl, en að öðru leyti tók hópurinn við húsnæðinu eins og það kom fyrir án nokkurra endurbóta. Allar skrifstofurnar voru í fyrstu á fjórðu hæðinni. Alls var aðstaða fyrir um 20 manns til að byrja með og var enginn skortur á lysthöfum. Stólar og skrifborð fengust gefins frá Landsbankanum, og einn fræðimannanna tók að sér að þrífa húsnæðið í aukavinnu. Risastórt fundarborð kom frá Útvegsbankanum, og er það enn á miðsvæði fjórðu hæðar og hefur alla tíð verið notað sem kaffi-, matar- og fundarborð. Skrifstofurnar kostuðu 8 til 20 þúsund krónur á mánuði eftir stærð. Kaffiaðstöðu var komið á fót og fljótlega urðu kaffi- og matartímar að líflegum vettvangi skoðanaskipta og umræðna um hvaðeina. Hluti

af húsnæðinu var tekinn undir fundaraðstöðu, og var hún fljótlega mikið nýtt. Einar Garibaldi listmálari gaf málverk í fundarsalinn fyrir milligöngu Jóns Karls. Þessi gjöf gaf tóninn fyrir samvinnu listamanna og fræðimanna sem alla tíð hefur einkennt RA. Nágrenni við Myndlistaskólann í Reykjavík á annarri hæð JL-hússins hefur líka átt talsverðan þátt í því.

Áhyggjur stjórnarmanna af því hvort hægt yrði að fylla húsnæðið í JL-húsinu reyndust ástæðulausar. Allt húsnæði sem til ráðstöfunar var fylltist fljótt og það endurtók sig í hvert skipti sem skrifstofum var fjölgað. Greinilegt var að þörfin fyrir slíka aðstöðu hafði verið mikil, og einnig spurðist Akademían vel út. Fólki fannst vera góður starfsandi og góður andi almennt í fræðasamfélaginu þar. Hópurinn sem stóð að RA var að sjálfsögðu í skýjunum fyrst eftir stofnunina, og hlaut það að hafa ákveðin áhrif. Einnig veittu fjölmiðlar þessari nýjung í fræðaheiminum mikla athygli. Í *Morgunblaðinu* var þessi frétt fimmtudaginn 19. nóvember 1998:

> REYKJAVÍKURAKADEMÍAN, sem stofnuð var í maí 1997 og er félagsskapur sjálfstætt starfandi fræðimanna, hefur fundið sér þak yfir höfuðið. Samtökin leigja skrifstofuhúsnæði í JL-húsinu við Hringbraut af fjármálaráðuneytinu en þar eiga allt að 25 manns að geta haft aðstöðu til fræðistarfa. Jón Karl Helgason, framkvæmdastjóri samtakanna, segir í samtali við Morgunblaðið að gerður hafi verið leigusamningur til eins árs en samtökin hafa notið velvildar hjá fjármálaráðuneytinu og styrkja frá Reykjavíkurborg. „Þetta ár verður eins konar tilraunatímabil til að sjá hvaða grundvöllur er undir starfsemi af þessu tagi.“
>
> Jón Karl segir að hugmyndin á bak við opnun þessa húsnæðis sé svipuð og á bak við Tæknigarð á lóð Háskóla Íslands. „Stefnt er að því að þetta verði fræðimannagarður þar sem sjálfstætt starfandi fræðimenn geta leigt sér vinnuaðstöðu og verið í samfélagi við aðra fræðimenn. Þegar er kominn nokkur hópur fólks sem er að flytja inn í húsnæðið. Þetta eru einkum fræðimenn í félags- og hugvísindum, bókmenntafræðingar, sagnfræðingar, heimspekingar, félagssálfræðingar og fleiri. Með sameiningu fræðimanna af þessum sviðum undir einu þaki verður vonandi til þverfagleg sýn sem veitir okkur færi á að takast á við fjölbreytt og jafnvel nýstárleg fræðileg verkefni.“
>
> Jón Karl sagði aðspurður að akademían ætti ekki að vera mótvægi við íslenskar háskólastofnanir heldur viðbót. „Það eru alltaf fleiri og fleiri hæfir fræðimenn sem ljúka langskólanámi, mun fleiri en komast að við kennslu og fræðistörf við hefðbundnar háskólastofnanir. Sumir þeirra sem ekki hafa fengið fasta kennara- eða rannsóknarstöðu hafa tekið þann kostinn að leggja fræðin á hilluna en við vonum að akademían verði vettvangur og hvati fyrir þetta fólk til þess að stunda sín fræði áfram og skapa sér sín eigin tækifæri.“

Jón Karl Helgason hvarf til starfa á öðrum vettvangi í febrúar 1999. Styrkurinn góði frá Reykjavíkurborg var uppurinn. Sigurður Gylfi tók í rauninni við starfi framkvæmdastjóra, launalaust. Þannig var ástandið nær allt fyrsta heila starfsár RA. Kristrún Heimisdóttir var ráðin í hálft starf sem framkvæmdastjóri um haustið en tók ekki við starfinu fyrr en um áramótin vegna annarra starfa.[1]

Til að byrja með var aðstaða í JL-húsinu fyrir 20–25 fræðimenn, en fljótlega var bætt við skrifstofum. Akademíufólk tók sig til og innréttaði skrifstofur í austurálmu fjórðu hæðarinnar á árinu 1999. Sigurður Atlason, starfsmaður Sögusmiðjunnar og síðar framkvæmdastjóri Strandagaldurs, var yfirsmiður, og menntaðir iðnaðarmenn í hópi fræðimanna, svo sem Áki G. Karlsson og Sumarliði R. Ísleifsson, stýrðu verki þegar þessar skrifstofur voru innréttaðar í sjálfboðavinnu allra félaga RA. Þá bættust við sex skrifstofur með aðstöðu fyrir yfir tug fræðimanna. Meginmarkmið undirbúningshópsins hafði alltaf verið að fá húsnæði fyrir sjálfstætt-starfandi fræðimenn, og það hafði tekist. Einnig hafði tekist að fá verulegan hóp fræðimanna til að flytja í húsið. Þeir sem stóðu að stofnuninni litu þó ekki svo á að starfi RA væri lokið með því að mynda húsfélag sjálfstætt-starfandi fræðimanna. Nú tók við næsta stig. Strax við undirbúninginn var farið að ræða ýmis verkefni sem samtök sjálfstætt-starfandi fræðimanna gætu komið að, eins og þegar hefur verið nefnt. Jón Karl Helgason lagði í janúar 1999 fram skýrslu um framtíðarverkefni RA. Þar kom fram ýmislegt um áframhaldandi starf samtakanna.

Stórfundir fyrsta föstudag hvers mánaðar hafa verið fastur liður í starfinu síðan í janúar 1999. Á dagskrá fyrsta stórfundarins, 9. janúar 1999, var gerð tillaga að skipan starfshópa. Kynningarnefnd átti að koma upp heimasíðu

1 Sigurður Gylfi Magnússon: Sögustríð, bls. 73.

ReykjavíkurAkademíunnar, og einnig var leitað til félaga um að færa netföng sín til Landsímans til að mynda sameiginlegt vefsvæði. Annar hópur skyldi skipaður til að sjá um almenna starfsemi í húsinu, málstofur, leshópa, listsýningar og annað í þeim dúr. Húsnefnd skyldi huga að innra starfi meðal fræðimannanna tuttugu sem þá voru komnir í húsið og kanna hvort grundvöllur væri fyrir því að koma á fót sameiginlegu bókasafni. Námskeiðshópur skyldi kanna möguleika á námskeiðshaldi á vegum RA og annarri starfsemi sem gæti veitt félögunum atvinnu og stofnuninni tekjur. Rannsóknastyrkjahópur skyldi safna upplýsingum um styrkjamöguleika sem félagar RA hefðu og hrinda af stað rannsóknarverkefnum í tengslum við slíka möguleika. Rekstrarhópur skyldi leita leiða til að afla fjár til starfseminnar, og átti meðal annars að leita til Reykjavíkurborgar og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins um styrki. Einnig skyldi skipa hóp um erlend samskipti og um útgáfumál.

Hér koma fram flest þau þemu sem síðan hafa verið burðarásinn í starfi RA. Á stórfundum hafa málefni akademíunnar verið rædd vítt og breitt eftir því sem þörf hefur verið á. Flestir þeir sem komu inn í akademíuna fengu á árinu 1999 netföng sem enda á „*akademia.is*“ og síðan hafa slík netföng staðið þeim til boða sem koma inn í RA. ReykjavíkurAkademían fékk heimasíðu og póstlista sem nefnist „forum“ og hefur reynst prýðileg tilkynningatafla. Málstofur, ráðstefnur og listsýningar hafa einnig verið fastur liður í starfinu síðan í janúar 1999, en síðar verður greint frá bókasafnsmálinu (bls. 41). Allt þetta hefur reynst starfseminni afar mikilvægt og hafa málstofurnar og listsýningarnar verið lífið og sálin í innra starfi RA.

Fljótlega fóru fjölmiðlar að veita RA athygli. Föstudaginn 29. janúar 1999 fjallaði blaðamaður Morgunblaðsins, Anna Gunnhildur Olafsdóttir, um RA í kálfi sem nefndist *Daglegt líf*. Rætt var við Jón Karl Helgason framkvæmdastjóra og ýmsa fræðimenn. Viðtalið við Jón Karl hafði fyrirsögnina „Skýjaborgir skjóta rótum“.

„Jón Karl segir að fræðimennirnir innan Reykjavíkur-akademíunnar vinni sjálfstætt eða í hópum að sjálfstæðum rannsóknarverkefnum. I framtíðinni megi svo búast við að samfélagið eigi í auknum mæli eftir að móta sín eigin verkefni.“ Verkefni í bígerð séu málþing um menningartengda ferðaþjónustu og útgáfa á ritröð helgaðri íslenskri menningarsögu. „Jón Karl segir Ágúst Þór Árnason heimspeking vera helsta hvatamanninn að stofnun Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna. ... Fyrsta



Framkvæmdastjórinn, Jón Karl Helgason, önnum kafinn við að smíða Akademíuna.

skrefið í áttina að því að skapa þennan nýja vettvang stigu um 40 fræðimenn með formlegri stofnun Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna í maí árið 1997.“ Jón segir að gott sé fyrir sjálfstætt starfandi fræðimenn að hafa fast aðsetur, vinnustað, utan heimilis. Ef fólk vinni heima séu skil milli heimilis og vinnustaðar óljós. Tengsl við erlendar stofnanir og fræðimenn verði líka auðveldari með þessum hætti. Félagsskapurinn sé mikilvægur. „Að starfrækja fræðimannasamfélag er í eðli sínu ólíkt því að reka bakarí. Fólk stendur ekki beint í röðum hér við dyrnar á morgnana til að kaupa nýbakaðar ritgerðir um réttlætið eða Stephan G.“

Einnig var rætt við Onnudísi, við sex félaga í Rabygg, og loks við Sumarliða R. Isleifsson og Þórunni Sigurðardóttur. Öll fjölluðu þau um verkefni sín, það sem þau voru að gera þá stundina eða ætluðu sér að gera.

Nokkru síðar birtist viðtal við þá Sigurð Gylfa og Árna Daníel í *Degi*. Sigurgleði þeirra leynir sér ekki. I greininni segja þeir meðal annars: „„,Reykjavíkurakademían er að

komast á koppinn og það er út af fyrir sig merkilegt því þetta eru í einhverjum skilningi 25 prímadonnur. Menn læra að bíta frá sér í harkinu til að lifa. Menn eru mjög þyrstir, hungraðir í að taka þátt, fá að láta ljós sitt skína,“ segir Sigurður Gylfi. „Við fórum af stað með mikla drauma á sínum tíma,“ segir Árni Daníel, „og þeir hafa allir ræst. Þá getum við sett okkur ný markmið. Við látum okkur dreyma um að RA verði stofnun sem sameinar stabílítet akademíunnar og lífið í grasrótinni. Þetta er náttúrlega rosalega háleitt markmið...“““[1] Hér var einnig minnst á Rabygg, og ýmis verkefni sem menn sáu fyrir sér að hún mundi sinna, en einnig var rætt um aðra hópa, svo sem Þjóðernishópinn, Sögusmiðjuna og Heimildastofnun, sem dæmi um samvinnu fræðimanna innan Akademíunnar.

Út á við einkenndu þrír atburðir ReykjavíkurAkademíuna vorið 1999.

Sá fyrsti var kynntur í *Morgunblaðinu* 7. febrúar 1999: „Íslenskur menningararfur – auðlind í ferðaþjónustu. Félag háskólamenntaðra ferðamálafræðinga (FHF) og Reykjavíkur-Akademían efna ásamt menntamálaráðuneytinu til málþings undir yfirskriftinni „Íslenskur


Dagur FIMMTUDAGUR 11. FEBRÚAR 1999 - 19

LÍFIÐ Í LANDINU

*Það er sögulegur viðburður að sjálfstætt starfandi fræðimenn á Íslandi taki sig saman og setji upp þverfaglega stofnun...*

Reykjavíkur akademían er að komast á koppinn „og það er út af fyrir sig merkilegt því þetta er í einhverjum skilningi 25 prímadonnur. Menn læra að bíta frá sér í harkinu til að lifa. Menn eru mjög þyrstir, hungraðir í að taka þátt, fá að láta ljós sitt skína," segir Sigurður Gylfi. „Við fórum af stað með mikla drauma á sínum tíma," segir Árni Daníel, „og þeir hafa allir ræst. Þá getum við sett okkur ný markmið. Við látum okkur dreyma um að RA verði stofnun sem sameinar stabílítet akademíunnar og lífið í grasrótinni. Þetta er náttúrlega rosalega háleitt markmið..."

# 25 prímadonnur í JL-húsinu

Íslendingum sem fara í langskólanám hefur fjölgað mjög á síðustu 2-3 áratugum. Háskólinn er löngu hættur að hafa undan við að taka á móti þeim fjölda sem áhuga hefur á að leggja fyrir sig fræðimennsku. Reykjavíkur akademían varð til upp úr þessu tómarúmi, segir Sigurður Gylfi Magnússon, sagnfræðingur og formaður stjórnar Reykjavíkur akademíunnar (RA). Félagið var við það að gefa upp öndina, áður en það komst á koppinn, því illa gekk að finna hentugt húsnæði. Hjólin tóku að snúast þegar atvinnu- og ferðamálanefnd borgarinnar veitti RA eina milljón í styrk til að ráða sér starfsmann og nokkrum mánuðum síðar hafði Geir H. Haarde, fjármálaráðherra, fallist á að leigja félaginu skrifstofuhúsnæði við Hringbraut en hann sá í RA mikla möguleika til að nýta hugvit fræðimanna í hug- og félagsvísindum á mun skilvirkari hátt. Nú hafa 25 fræðimenn komið sér fyrir á 4. hæð hússins, (sex doktorar, rúmur tugur doktorsefna, reynslumiklir fræðimenn og ungliðar) en alls eru um 100 fræðimenn félagar að Reykjavíkur akademíunni.

Verkefni eru farin að hlaðast upp, m.a. ýmis stjórnunarverkefni í menningarmálum en þar sem flest eru enn á umræðustigi vilja þeir ekki fjölyrða um þau. Árni Daníel segir að helsta vandamál RA sé í raun ótrúleg velgengni því akademían sé orðin ígildi opinberrar stofnunar í hugum fólks - en Sigurður Gylfi vildi nú ekki taka undir það að verkefnabunkinn væri orðinn til vandræða.

**Rekstur óháðrar fræðistofnunar**

En hvernig í ósköpunum ætla menn að halda svona stofnun gangandi með enga fjármuni á bak við sig? Í fyrsta lagi ber að geta þess að leigan er hagstæð en þetta 1100 fermetra skrifstofuhúsnæði hafði staðið autt um tíma eftir að Siglingamálastofnun flutti út. Hver og einn fræðimaður greiðir sína leigu og þegar ljóst var hve leigan yrði hófleg voru menn fljótir að skipta út skrifstofunni heima á rúmstokknum fyrir einstaklingsskrifstofur á 10.000 kr. á mánuði. „Þetta fór á einu kvöldi," segir Sigurður Gylfi.

Ef hins vegar starfsemin breiðir úr sér eins og vonir manna standa til, þarf frekara peningaflæði til rekstrarins. Menn hafa m.a. verið að velta fyrir sér möguleikanum á námskeiðahaldi fyrir aðra fræðimenn og almenning og útgáfustarfsemi en RA er þegar komin í samvinnu við Hið íslenska bókmenntafélag um að gefa út ritröð af bókum fyrir almenning. Þessi fyrirhugaða ritröð geymir í raun í hnotskurn þá hugsjón sem liggur að baki Reykjavíkur akademíunnar, þ.e. að hagnýta þekkingu fræðimanna og koma henni á framfæri til almennings. „Hugmyndin er að gefa út litlar, svona 200 síðna bækur, sem eru sérstaklega skrifaðar þannig að fólk geti lesið þær," segir Sigurður Gylfi. Ekki sé þó ætlunin að draga úr kröfum um vísindaleg vinnubrögð, þarna verði „bullandi fræðimennska" á ferð en hins vegar eigi bækurnar að vera skrifaðar á læsilegum fræðitexta, lausan við 15 sentímetra neðanmálsgreinar. Enda benda þeir á að á Íslandi sé mikið gefið út af góðum fræðiritum sem aldrei komist í tæri við almenning enda ekki auglýst eins og aðrar bókmenntir. Finna þurfi söluvænlegt efni og matreiða það á réttan hátt til að vekja áhuga fólks. „Byggðasagan hefur t.d. verið hundleiðinleg og handónýt, við eigum að nýta hana til að byggja upp. Það er það sem sagnfræðin snýst um," segir Sigurður. Ein bók kemur út á þessu ári en svo er stefnan að gefa út 2-3 bækur á ári frá og með aldamótum. Ótal fleiri hugmyndir eru á lofti en ekkert er borðleggjandi enn sem komið er. „Í stað þess að sitja heima og bíða eftir því að einhver hringi og fari fram á að verkefni séu unnin þá fáum við hér í RA tækifæri til að móta okkar eigin verkefni sem munu sameina framsækna fræðimennsku og tilraun til að beita henni við raunverulegar aðstæður."

Því er ljóst að ef velgengninni fer fram sem horfir þá verði fjármögnunin að einhverju leyti sameiginleg. Þangað til verður hver og einn að sjá um að framfleyta sér, rétt eins og þeir hafa gert hingað til með styrkjum frá ýmiss konar vísindasjóðum og kennslu. Hins vegar gera Árni og Sigurður ráð fyrir að auðveldara verði fyrir fræðimenn að afla styrkja þegar þeir hafa stofnun eins og Reykjavíkur akademíuna á bak við sig - fyrir utan þá andlegu næringu og hagræði sem felst í því að starfa saman á einum stað.

Árni Daníel og Sigurður Gylfi standa báðir að Stofnun um byggðamenningu og telja þeir brýnasta verkefni hennar að varpa jákvæðari sýn á fortíðina og sveitir landsins. Hröð nútímavæðing hafi valdið því að sveitin hafi nánast horfið sem menningarleg heild. „Gamla fólkið sem býr í sveitunum núna er síðasta fólkið sem hefur lifað sveitina sem lifandi félagslega heild, en ekki sem anga af borginni," segir Árni Daníel.

„Tilgangurinn er að leita svara við vanda sveitarinnar á öðrum vettvangi en hjá Hagfræðistofnun Háskólans," segir Sigurður Gylfi. „Þar sem vinna strákar eins og ég, aldir upp í Vesturbænum. Svaranna er að leita í sveitunum sjálfum." Til þess þurfi frumrannsóknir sem fólk á landsbyggðinni geti nýtt sér til að leita lausna í héraði.

„Við sjáum að þróunin stefnir í tvær áttir, annars vegar í verksmiðjulandbúnað og hins vegar í safnalandbúnað. Við vitum að þessi þróun er í gangi erlendis og hún er mjög hröð t.d. í Finnlandi og ekki hefur hún hægst eftir inngönguna í Evrópubandalagið." Þeirra markmið er að kanna hvort heildin eða samtíminn feli í sér lausnir á vanda sveitanna.

**Menningin selur**

„Það er ótrúlegur samhugur, menn gera allt frá því að bóna gólf til þess að tala við ráðherra," segir Árni. En til að nýta krafta og þekkingu félaga RA með skipulögðum hætti er þegar búið að setja á fót ýmsa vinnuhópa og stofnanir á staðnum. Stofnun um byggðamenningu, sem bæði Árni og Sigurður eiga aðild að, hyggst rannsaka sögu og menningu íslenskra byggða. **Þjóðernishópur** einbeitir sér að þróun íslensks þjóðernis, **Sögusmiðjan** hyggst miðla sögu og þjóðfræðum. **Heimildastofnun** ætlar að ná saman þeim gríðarlega fjölda heimilda á Netið sem sjálfstæðir fræðimenn hafa komið á tölvutækt form og situr nú á disklingum úti um allan bæ.

Sigurður Gylfi segir ósennilegt að menn hefðu farið út í þessa samvinnu ef ekki væru þeir staddir á sama gólffleti þótt ekki hafi menn enn áttað sig á hvað samvinnan geti leitt af sér. „Ég held að þetta samfélag komi til með að reyna að selja þekkingu sína á markaðnum," segir Sigurður Gylfi. „Saga, heimspeki, bókmenntir, félagsfræði, fornfræði og mannfræði eru greinar sem styrkja innviði samfélagsins. Menn eru farnir að átta sig á því að sagan er einhvers virði í t.d. ferðaþjónustu. Sem dæmi þá hringdi í mig sveitarstjórnarmaður á Vestfjörðum og spurði: Hvað á ég að gera? Ég er hérna í litlu þorpi, fólkið allt í kring er að deyja með alla söguna á bakinu. Ég stend hérna á hlaðinu og túrhestarnir fara svo hratt í gegn að ég er eins og þeytispjald. Ég verð að stoppa þetta fólk." Eina leiðin, segir Sigurður, er að tengja sögu og menningu við staðinn, búa til eitthvað sem fær fólk til að stoppa. „Það eru mjög margir að kveikja á þessu - að menningin hún selur." -LÓA

Árni Daníel og Sigurður Gylfi í viðtali við Dag.

menningararfur – auðlind í ferðaþjónustu“ í Strandbergi, safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju.“ Í þessu málþingi tóku meðal annars þátt þau Sumarliði R. Ísleifsson, Jón Jónsson og Ólína Þorvarðardóttir. Nýting menningararfsins í ferðaþjónustu var þá tiltölulega ný hugmynd, en hún hefur verið stöðugt á dagskrá síðan og ferðaþjónusta verið eitt af því sem hvað best hefur nýst hinum dreifðu byggðum landsins til bjargar í þeim fólksflótta sem einkennt hefur landsbyggðina. RA hefur síðan tengst umræðum um stöðu landsbyggðarinnar með ýmsum hætti.

Annar atburðurinn var heimsókn Anthonys Giddens, hins heimsfræga félagsfræðings og rektors í London School of Economics. Annadís Gréta Rúdólfsdóttir hafði milligöngu um komu hans til Íslands og fékk hann til að halda fyrirlestur í ReykjavíkurAkademíunni. Anthony Giddens var þekktur fyrir að vera einn helsti hugmyndafræðingur Tonys Blairs, sem þá var búinn að vera forsætisráðherra í Bretlandi í tvö ár eða svo, og nefndist hugmyndafræðin sem Giddens hafði mótað og Blair tileinkað sér „þriðja leiðin“. Fyrirlesturinn var

1 Dagur 11. febrúar 1999.




Akademían rís: Sumarliði R. Ísleifsson, Sigurður Gylfi Magnússon, Sigurður Atlason, Kári Bjarnason, Þórunn Sigurðardóttir, Steinunn Hrafnsdóttir og Annadís Gréta Rúdólfsdóttir.

haldinn 21. maí, og á eftir töluðu þau Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagnfræðingur og borgarstjóri og Ólafur Stephensen stjórnmálafræðingur um hugmyndir Giddens undir fundarstjórn Önnudísar.[1] Þessi fyrirlestur vakti að vonum mikla athygli menntamanna, fjölmiðla og annarra og var fjölsóttur.[2] Fyrir ungt fræðasamfélag var ómetanlegt að fá fræðimann af slíkum kalíber til að halda fyrirlestur, það styrkti ímynd Akademíunnar mjög og gaf RA-mönnum sjálfstraust.

Þriðji atburðurinn var þó ef til vill enn dæmigerðari fyrir þá stefnu sem ReykjavíkurAkademían var að taka. Um var að ræða samvinnu myndlistarmanna og fræðimanna í póstmódernískum anda, og um efni sem var miðlægt í þeim nýju straumum sem bárust til landsins með póstmódernismanum. Þetta var málþing og myndlistarsýning um kynjafræði, sem bar nafnin „Kynstrin öll". Gunnar Hersveinn (sem síðar kom sjálfur til liðs við ReykjavíkurAkademíuna) skrifaði um atburðinn í *Morgunblaðið* og spurði hvort kynin væru örugglega tvö. Hann taldi að þessi myndlistarsýning um kyngervisusla ætti sér ekki hliðstæðu í sögu íslenskrar myndlistar og ræddi við Katrínu Sigurðardóttur, sem valdi verkin, en þau áttu Vilhjálmur Vilhjálmsson, Hildur Bjarnadóttir, Sólrún Jónsdóttir, Helga Þórsdóttir, Eirún Sigurðardóttir og Jón Sæmundur Auðarson.[3]

Viðtal sem birtist af þessu tilefni í *Fókus* um fræðihlið atburðarins er mjög athyglisvert.[4] Fyrirsögnin var: „Nágrannar Herbalife ræða Kynstrin öll." Síðan sagði:

> Á morgun kl. sex um kvöldið heldur Reykjavíkurakademían málþing í JL-húsinu við Hringbraut. Erindi flytja þau Irma Erlingsdóttir, Geir Svansson, Katrín Sigurðardóttir og Annadís Rúdólfsdóttir. Þetta er allt hámenntað fólk en býr í nútíma sem veitir þeim ekki stöðu þrátt fyrir að þau komi með diplómur frá útlöndum. Þess vegna eru þau í Reykjavíkurakademíunni sem er einmitt fyrir sjálfstætt starfandi fræðimenn. Eftir að þessi erindi hafa verið flutt hefst málþing og þar verða, auk fyrrnefndra, Úlfhildur Dagsdóttir, Þröstur Helgason, Sigríður Þorgeirsdóttir og Soffía Auður

1 Morgunblaðið 20. maí 1999.
2 Stefán Jón Hafstein og Lóa Aldísardóttir skrifuðu bæði um fundinn í Dag 26. maí 1999.
3 Morgunblaðið 16. apríl 1999.
4 Fókus 16. apríl 1999.




Birgisdóttir. Og ekki nóg með það heldur verður merkileg myndlistarsýning opnuð á þessu þingi og þar verða sýndir alls konar skúlptúrar, ljósmyndir og Jón Sæmundur Auðarson sýnir heimildamynd frá keppninni Dragdrottning Islands 1999.

En hvað verður rætt á þessu málþingi sem heitir Kynstrin öll?

– Við ætlum að taka fyrir þessi hugtök, kyngervi og kynjamunur, og hvernig þau birtast í dægurmenningu, listum og fræðilegri umfjöllun, segir Annadís en hún er einmitt ein af þeim sem flytja erindi á málþinginu.

Nú má fullyrða að Reykjavíkurakademían sé að einhverju leyti höfuðvígi póstmódernismans á Islandi en er Herbalife ekki líka póstmódernískt fyrirbæri?

– Jú. Þetta er einmitt eitt af því sem sprettur upp í neyslusamfélagi eins og okkar og kemur fram með töfralausnir, segir Annadís og hlær að líkingunni. ... I JL-húsinu er Herbalife á þriðju hæð og Reykjavíkurakademían á þeirri fjórðu ...

Hér kom kannski í fyrsta sinn fram sú skoðun í fjölmiðlum að ReykjavíkurAkademían væri höfuðvígi póstmódernismans á Íslandi. Þessi hugmynd hefur verið lífseig og ef til vill hefur ReykjavíkurAkademían á stundum fremur reynt að lyfta undir hana en hitt. Samvinna listamanna og fræðimanna var líka mjög í anda ReykjavíkurAkademíunnar og þeirra þverfaglegu áherslna sem alltaf hafa verið áberandi í RA.

Með þessu sló ReykjavíkurAkademían ferskan tón og lauk eftirminnilegum vetri með verulega eftirminnilegum hætti.

Þegar hér var komið sögu var að sögn farið að fara um menn í hefðbundnari háskólastofnunum. Svo virtist sem ReykjavíkurAkademían mundi algerlega leggja undir sig forystuhlutverk í félags- og hugvísindum, svo kröftug var innkoma félagsskaparins inn á þetta svið. Ut á við virkaði RA afar sterkt. Inni í JL-húsinu voru ekki síður læti og fjör, og þeir sem þar voru á þessum tímum minnast þeirra sem afar athyglisverðra. Umræður við kaffiborðið gátu snúist upp í meiriháttar fræðilega umræðu, og stundum stóð tíu-kaffið fram undir hádegi (og getur raunar gert enn). Sumir fræðimannanna sem þarna voru hafa lýst því síðar að ReykjavíkurAkademían hafi verið þannig að þeir hlökkuðu til að vakna á morgnana og fara í vinnuna. Það hefðu þeir aldrei gert áður. Aðrir upplifðu ReykjavíkurAkademíuna þannig að hún væri eini vinnustaðurinn sem þeir hefðu nokkurn tímann getað hugsað sér að mæta á til langframa. Þetta stafaði af því að það var eins konar byltingarástand í ReykjavíkurAkademíunni, þar hafði vaknað upp andi sem enginn hafði búist við, skapandi kraftur og orka. Þannig var upphaf ReykjavíkurAkademíunnar, og ... „í draumi sérhvers manns er fall hans falið,“ sérstaklega ef hann rætist, mætti bæta við


Sumarliði R. Ísleifsson yfirsmiður.



Rabygg-fólk í Finnlandi. Sigurður Gylfi Magnússon, Viðar Hreinsson, Ólína Þorvarðardóttir, Axel Kristinsson, Anna Guðrún Júlíusdóttir og Árni Daníel Júlíusson.

orð skáldsins. Það mætti halda að menn hafi á vissan hátt misst fótanna, að minnsta kosti var alveg tilefni til þess. Viðbrögðin frá umhverfinu veittu svo sterkan meðbyr og upplifunin af því að stofna nýtt samfélag fræðimanna var svo eindregið jákvæð að sjálfsgagnrýni hefði varla átt að komast að, heldur ekki sú hugsun að ef til vill þyrfti nú að hafa jarðsamband og hyggja að því að styrkja stoðir samfélagsins.

Í raun var þó ýmislegt unnið á því sviði og hugað að jarðsambandinu. Verulegar hindranir voru hins vegar í vegi þeirra áætlana sem gerðar voru. Jarðsambandið var eiginlega alveg nóg.

Eitt mikilvægasta málið sem ReykjavíkurAkademían fékkst við varðaði afkomu félaganna. Eitt meginmarkmið RA varð nú að styðja við bakið á sjálfstætt-starfandi fræðimönnum, þeim fræðimönnum sem ekki höfðu fastar stöður af einhverjum ástæðum, höfðu annaðhvort ekki fengið þær stöður sem þeir sóttust eftir eða völdu sér það hlutverk að vera sjálfstætt-starfandi. Tveir hópar voru skipaðir í þessu sambandi og skyldi annar sjá um námskeiðshald „til að veita meðlimum atvinnu og stofnuninni tekjur“ og hinn um rannsóknarstyrki. Þetta hefur líka verið meginþáttur í starfi RA, en á þessu sviði hefur árangur verið hverfull. Fyrir því eru ýmsar ástæður sem nánar verða raktar í framhaldinu.

Betur hefur gengið að afla fjár til rekstrar RA. Mikilvægur áfangi á því sviði náðist þegar árið 1999, en þá veitti fjárlaganefnd Alþingis fimm milljónir króna til rekstrar ReykjavíkurAkademíunnar. Einar Oddur Kristjánsson heitinn átti mikinn þátt í að af þessari fjárveitingu varð, en meðal annarra sem komu að því máli voru þeir Jón Kristjánsson, og Össur Skarphéðinsson.[1] Æ síðan hefur ReykjavíkurAkademían notið rekstrarstuðnings ríkisins.

## Rabygg

Ein alvarlegasta tilraunin í upphafi til að tryggja afkomugrundvöll sjálfstætt-starfandi fræðimanna í RA var Rannsóknarstofnun um byggðamenningu, á ensku „Icelandic Institute for Rural and Medieval Studies“. Hugmyndin var rædd í hópi nokkurra fræðimanna haustið 1998, áður en ReykjavíkurAkademían fluttist inn í JL-húsið, og var haldinn undirbúningsfundur á kaffistofu Þjóðarbókhlöðunnar. Um Rabygg má segja það sama og um RA, hugmyndin náði miklu lengra og

1 Sigurður Gylfi Magnússon: Sögustríð, 79.



Akademían á góðum degi vorið 1999, líklega á Sælustund. Sú hefð skapaðist snemma að Akademónar koma saman um fjögurleytið á föstudegi, fá sér eitt eða tvö glös af rauðvíni eða bjór og ræða landsins gagn og nauðsynjar. Á myndinni eru Sumarliði Ísleifsson, Steinþór Hreiðarsson, Heiða Kolbrún Leifsdóttir, Þórunn Sigurðardóttir, Steinunn Hrafnsdóttir, Eggert Pálsson, Annadís Gréta Rúdólfsdóttir, Gylfi Gunnlaugsson, Emil Sumarliðason og Áki G. Karlsson

fékk miklu meiri stuðning en frumkvöðullinn, Árni Daníel Júlíusson sagnfræðingur, ímyndaði sér nokkurn tíma. Meðal þeirra sem komu að undirbúningnum auk Arna Daníels voru Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur, Jón Jónsson þjóðfræðingur, Davíð Olafsson sagnfræðingur og Unnur Dís Skaftadóttir mannfræðingur skamma hríð. Hugmyndin var að mynda fræðasamfélag sem mundi með rannsóknum sínum ryðja nýjum viðhorfum braut og styðja við menningu landsbyggðarinnar, eins konar hugvísindalega byggðastofnun. Þörfin var augljós þar sem flóttinn af landsbyggðinni var mikill og hraður og menning sveita og sjávarþorpa átti undir högg að sækja. Menn sáu einnig sóknarfæri á sviði menningartengdrar ferðaþjónustu sem óx mjög á þessum tíma.

Rabygg var þegar veturinn 1999 orðinn mjög virkur hópur. I formannsskýrslu sinni sagði Sigurður Gylfi árið 2000 um starf Rabyggs:

> RABYGG hefur verið nokkurskonar tilraunaverkefni innan RA og hefur verið látið á það reyna hvort hægt sé að byggja upp samfélag innan RA sem einskorðar sig við tiltekið svið fræðanna með það í huga að efla stöðu fræðimanna og skapa þeim tækifæri til vísindarannsókna. Enn er ekki fullreynt hvernig að stofnuninni verður staðið og hvort RABYGG takist að koma undir sig fótunum.[1]

I viðtali í *Degi* í febrúar 1999 töluðu þeir Árni Daníel og Sigurður Gylfi um Rabygg, sem þá var ennþá kölluð Stofnun um byggðamenningu.[2] Þeir töldu brýnasta verkefni hennar að varpa jákvæðari sýn á fortíðina og sveitir landsins. Hröð nútímavæðing hefði valdið því að sveitin hefði nánast horfið sem menningarleg heild. „Gamla fólkið sem býr í sveitunum núna er síðasta fólkið sem hefur lifað sveitina sem lifandi félagslega heild, en ekki sem anga af borginni," sagði Árni Daníel.

„Tilgangurinn er að leita svara við vanda sveitarinnar á öðrum vettvangi en hjá Hagfræðistofnun Háskólans," sagði Sigurður Gylfi, „þar sem vinna strákar eins og ég, aldir upp í Vesturbænum. Svaranna er að leita í sveitunum sjálfum." Til þess þyrfti frumrannsóknir sem fólk á landsbyggðinni gæti nýtt sér til lausna í héraði.

„Við sjáum að þróunin stefnir í tvær áttir, annars vegar í verksmiðjulandbúnað og hins vegar í safnalandbúnað.

1 Skýrsla formanns stjórnar ReykjavíkurAkademíunnar fimmtudaginn 27. janúar 2000.
2 Dagur 11. febrúar 1999.

Við vitum að þessi þróun er í gangi erlendis og hún er mjög hröð t.d. í Finnlandi, og ekki hefur hún hægst eftir inngönguna í Evrópubandalagið."

Nokkru áður birtist viðtal í *Morgunblaðinu* við sex félaga RA, eins og áður segir, Ólínu Þorvarðardóttur, Axel Kristinsson, Sigurð Gylfa Magnússon, Viðar Hreinsson, Davíð Ólafsson og Jón Jónsson. Axel talaði um að áætlanir um landbúnaðarsögu hefðu verið kveikjan að Rabygg. „Hugmyndum var kastað upp í loftið og uppúr því varð til óljós framtíðarsýn um þverfaglega samvinnu við rannsóknir á sögu og menningu íslenskra byggða."

Viðar sagði að Íslendingar væru ríkir af heimildum um menningarsögu sína. Í sveitum Íslands hefðu á öldum áður þróast einkenni sem menn tengdu oftast borgarmenningu. Þessar heimildir væru vanræktar og ekki metnar sem skyldi, og væri brýnt að ráða á því bót. Axel og Árni Daníel undirbjuggu að sögn Axels ritun landbúnaðarsögu í öðrum anda en fyrri samantektir um íslenskan landbúnað. „Markmiðið verður að hrekja hvers konar ranghugmyndir um eymd, volæði og aumingjaskap. Sjónum verður beint að hreyfanleika og sköpunarmætti frekar en stöðnun í samfélagi og menningu."

Davíð og Sigurður Gylfi voru að skoða dagbókarskrif frá fyrri öldum. Þeirra markmið var að varpa einsögulegu ljósi á íslenska byggðamenningu með aðstoð Jóns Jónssonar þjóðfræðings. Ólína Þorvarðardóttir þjóðfræðingur var að fjalla um sögur og þjóðtrú í sínum fræðum.

Vorið 1999 var starfsemin komin í nokkuð fastar skorður, og gerð var viðskiptaáætlun. Hana samdi Bryndís Íris Stefánsdóttir viðskiptafræðingur. Finnur Ingólfsson, sem þá var viðskipta- og iðnaðarráðherra, veitti Rabygg eina milljón króna út á viðskiptaáætlunina, en sú milljón gekk til að fjármagna RA en ekki Rabygg (enda hafði það verið ætlunin, því RA sárvantaði fé til starfsemi sinnar). Kári Bjarnason átti stóran þátt í að þessi fjárveiting fékkst í gegn. Þátttakendur í Rabygg voru Árni Daníel, Viðar, Jón, Davíð, Sigurður Gylfi, Soffía Auður Birgisdóttir, Ólína og Axel. Allir félagar Rabyggs voru þá í JL-húsinu, og í Rabygg voru 7 af þeim 25 sem þá voru í húsnæði RA, þannig að starfsemi Rabyggs var áberandi hluti af starfi RA. Markmið Rabyggs voru eftirtalin:[1]

> Að endurmeta sveita- og byggðamenningu á forsendum nýrrar og frjórrar fræðaumræðu síðustu ára.
>
> Að tengja umhverfisverndarumræðu samtímans við gildi bændasamfélagsins. Slík tenging gæti brugðið óvæntu ljósi á fortíð og nútíð og ekki síst komið að notum þegar hugað er að framtíðinni.
>
> Að draga fram í dagsljósið ríka menningarsögu bændafólks, sem hefur legið að miklu leyti órannsökuð fram til þessa dags.
>
> Að stunda þverfaglegar rannsóknir sem geta orðið að mikilvægum bakhjarli fyrir menningartengda ferðaþjónustu á landsbyggðinni.
>
> Að stuðla að fræðilegum og menningarlegum samskiptum landsbyggðar og höfuðborgar og vekja athygli borgarbúa á menningarverðmætum landsbyggðarinnar.
>
> Að mynda tengsl við og koma á samstarfi við erlenda fræðimenn á sama sviði.



Úlfhildur Dagsdóttir bókmenntafræðingur mundar pensilinn.

1 [www.akademia.is/rabygg/]

Þessum markmiðum sínum hugðist Rabygg ná eftir þremur leiðum, með því að stunda rannsóknir á þessu sviði, með því að stunda kennslu, námskeiðshald og ráðstefnuhald og með því að taka að sér þjónustuverkefni á sviðinu.

Viðar tók fljótlega forystuna í Rabygg og reyndist ótrúlega duglegur og útsjónarsamur við að koma auga á tækifæri og finna möguleika. Félagar Rabyggs héldu meðal annars til Finnlands á ráðstefnu sem þar var haldin og nefndist Rustica Nova. Á þeirri ráðstefnu var fjallað um vanda landsbyggðar Evrópu á tímum hnattvæðingar og hraðfara borgarvæðingar. Hún var haldin um mánaðamótin júlí-ágúst 1999 í sveitabyggð í Finnlandi, Somerniemi, og reyndist öllum Rabygg-félögum ógleymanleg. Síðasta kvöldið var til dæmis haldinn tangódansleikur í sveitinni og komu þar fimm þúsund finnskir bændur og bændakonur og dönsuðu við undirleik finnskra tónlistarmanna. Annað meginverkefni Rabyggs var námskeið fyrir meistaraprófsnema sem haldið var í hugvísindadeild Háskóla Íslands með styrk frá viðskipta- og iðnaðarráðherra, Valgerði Sverrisdóttur, sem þá hafði tekið við af Finni Ingólfssyni. Námskeiðið lenti í skriffinnskuvanda og datt botninn í rauninni úr því af þeim sökum, sem að sjálfsögðu dró nokkuð kjark úr mönnum. Þriðja verkefnið var uppsetning sýningar í Reykholti um Snorra Sturluson og samtíð hans, en Bergur Þorgeirsson forstöðumaður Snorrastofu var mjög velviljaður ReykjavíkurAkademíunni og Rabygg. Árni Daníel, Viðar og Axel unnu það verkefni fyrir Rabygg.

Rabygg varð að hluta til fórnarlamb hugsjóna sinna því starfsemin var í rauninni ótrúlega árangursrík: Félagarnir voru margir ráðnir til starfa við uppbyggingu menningartengdrar ferðaþjónustu á landsbyggðinni eða völdu sér þar stað sem sem sjálfstætt-starfandi fræðimenn. Upphaflega var ætlunin að Rabygg yrði miðstöð fyrir þessa fræðimenn, en það tókst ekki. Ástæðan var sú að ekki fengust neinar varanlegar eða fastar fjárveitingar til að samhæfa og halda uppi starfseminni. Þetta var aðalorsök þess að Rabygg lagðist í dvala og hefur starfsemin legið niðri eftir 2001. Hins vegar hefur fræðastarf allra þeirra sem í þessu starfi tóku þátt verið að stórum hluta í þeim anda sem lá yfir Rabygg. Mörg verkefni sem nú eru í gangi á vegum fyrrverandi félaga lúta að svipuðum hlutum, svo sem og Svartárkotsverkefnið svokallaða, sumarskóli erlendra háskólamanna í Bárðardal (Viðar), ritun landbúnaðarsögu Íslands (Árni Daníel), alþjóðlegt samstarf á sviði handritamenningar (Viðar og Davíð) og starfsemi CAHD (Árni Daníel og Axel).[1] Starfsemi Galdrasetursins á Ströndum er einnig mjög í anda Rabyggs, en Jón Jónsson þjóðfræðingur býr núna í heimabyggð sinni á Ströndum, rekur ferðaþjónustu og hefur haft forystu um uppbyggingu Galdraseturs og Sauðfjárseturs á Ströndum. Soffía Auður býr nú á Hornafirði og vinnur þar meðal annars að uppbyggingu Þórbergssetursins í Suðursveit. Í Borgarnesi var haldin vel heppnuð ráðstefna 5.–9. september árið 2002, Sagas and Societies, sem þau Ólína Þorvarðardóttir og Axel Kristinsson gengust fyrir, en Axel var þá forstöðumaður Byggðasafnsins í Borgarnesi.[2] Kári Bjarnason var aldrei formlega félagi í Rabygg en fylgdist með starfsemi stofnunarinnar sem RA-félagi. Hann starfar nú að verkefni í þessum anda í Vestmannaeyjum, sem nefnist Handritin heim.

Um skeið stóð til að halda framhaldsráðstefnu Rustica Nova á Íslandi, en af því hefur enn ekki orðið.

## Námsbókagerð, endurmenntun, bóka- og blaðaútgáfa

Á árinu 1999 var ýmislegt reynt til að skapa sjálfstætt-starfandi fræðimönnum í RA starfsvettvang. RA leitaði leiða til að finna kröftum sínum nýtilegan farveg í þjóðfélaginu. Hvaða gagn gátu 25 fræðimenn í einu húsi gert sem hópur?

Í mars 1999 tók Sigurður Gylfi saman lista yfir þau verkefni sem þá voru á döfinni hjá RA. Alls voru 17 verkefni á listanum.[3] Meðal þeirra voru samstarf við Landvernd um rannsóknir á strandbyggð á Íslandi, og átti Rabygg að sjá um þetta samstarf, en lítið varð úr verkum. Annað verkefni var rannsóknarverkefni í sambandi við ár aldraðra, og var hugmyndin að ráða 15–20 stúdenta til að skrá ævisögur þeirra sem komnir væru yfir sjötugt. Ætlunin var að Sögusmiðja Jóns Jónssonar tæki verkefnið að sér en ekki varð heldur neitt úr þessu. Þriðja verkefnið fólst í mótun hugmynda um aukna þátttöku fræðimanna í þróun menningarferðaþjónustu, og hafði Ferðamálaráð frumkvæði að því. Lítið varð úr verkefninu í það sinn en síðar lifnaði yfir því og er nú verið að vinna að þessu í samvinnu við ýmsa aðila. Það fjórða var námskeiðshald á vegum RA á sjö sviðum, meðal annars námskeið fyrir grunnskólakennara, framhaldsskólakennara, sérfræðinga og almenning, seminör fyrir fagfólk á ýmsum sviðum, námskeið fyrir nýstúdenta sem væru að hefja háskólanám og sumarskóli fyrir útlendinga.

1 [www.akademia.is/cahd/]
2 Vefsetur ráðstefnunnar: [www.tobias-lib.ub.uni-tuebingen.de/portal/sagas/]
3 Sigurður Gylfi Magnússon: „ReykjavíkurAkademían frá sjónarhóli Sigurðar Gylfa.“[www.akademia.is/sigm/sigm-ra1.html#for]

Nokkuð rættist úr þessum hugmyndum, og var meðal annars stofnað til námskeiðs í akademískum vinnubrögðum fyrir nýstúdenta og haldið reglulega á vegum RA í nokkur ár í samvinnu við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands. Hefur námskeiðið verið þar áfram á dagskrá eftir að RA lauk í því þátttöku.


Hér sjást m.a. Geir Svansson, Davíð Ólafsson, Þórunn Sigurðardóttir, Áki G. Karlsson, Salvör Nordal, Gylfi Gunnlaugsson, Jón Jónsson, Annadís Gréta Rúdólfsdóttir og Sumarliði R. Ísleifsson.

Fimmta hugmyndin var að styrkja samfélag fræðimanna sem áttu aðild að RA en störfuðu utan hússins. Póstlistinn „forum" var og er lykilinn að því að ná til þessara félaga með tilkynningar um margvíslega fundi og atburði á vegum RA og almennt í fræðasamfélaginu. Ýmsar ritraðir, svo sem Íslensk menningarsaga, voru á dagskrá og komst sú ritröð í framkvæmd, og einnig Atviks-ritröðin. Nánar verður vikið að þessum ritröðum síðar (bls. 83).

Ný námskrá var gefin út fyrir framhaldsskóla árið 1999 og varð þá ljóst að það þurfti að skrifa nýjar námsbækur fyrir framhaldsskólana. Menntamálaráðuneytið ákvað undir stjórn Björns Bjarnasonar að veita fé til að rita slíkar bækur. Þetta virtist vera tilvalið verkefni fyrir ReykjavíkurAkademíuna og var verkefnið undirbúið á vegum hennar. Til er á skjalasafni RA listi yfir þær bækur sem rita átti og hverjir koma áttu að hverri bók, og sést þar vel að þar var um að ræða afar viðamikið, flókið og fjölþætt verkefni.

Ætlunin var að öll útgáfan hefði sameiginlega yfirstjórn og var Soffía Auður Birgisdóttir skipuð verkefnisstjóri. Útgáfunni skyldi fylgt eftir með námskeiðshaldi fyrir framhaldsskólakennara og ýmsu öðru starfi. Þetta verkefni hefði efalaust styrkt RA og hrist saman allan hinn stóra hóp fræðimanna sem þar var að finna. Hins vegar hafði ráðuneytið pólitísk sjónarmið að leiðarljósi við fjárveitinguna og ákvað í ársbyrjun 2000 að láta nýstofnað bókaforlag, Nýja forlagið, fá peningana. Það voru akademónum mikil vonbrigði, en tvær bækur komu þó út úr þessu starfi, kennslubók um lífsleikni og kennslubók í íslensku: *Kýrhausinn*. Sigurður Gylfi telur að niðurstöður þessa máls hafi haft mikil áhrif á RA. Menn höfðu lagt fram mikla ólaunaða vinnu mánuðum saman en að lokum reyndist ráðuneytið hafa dregið þá á asnaeyrunum, og fátt eitt kom út úr ráðagerðum og vinnuframlagi RA-félaga. Þetta var móraldrepandi.

> Þarna stóðum við með tvær hendur tómar eftir miklar hugmyndapælingar og ómælda ólaunaða vinnu sem staðið hafði yfir mánuðum saman. Eftir á að hyggja held ég að þetta hafi haft mun meiri áhrif á okkur í RA en ég ætlaði í fyrstu vegna þess að fólk hafði einfaldlega ekki meira úthald að sinni í hugmyndavinnu upp á von og óvon. Sjálfboðaliðastörf geta verið gefandi en það eru takmörk fyrir öllu og fyrir þeim mörkum fundum við í RA á miðju ári nítján hundruð níutíu og níu.[1]

Þess verður þó að geta að Björn Bjarnason reyndist ReykjavíkurAkademíunni vel í flestum öðrum málum en þessu, og var hann útnefndur heiðursfélagi Akademíunnar árið 2004 ásamt Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

Annað verkefni var á döfinni um þetta leyti: Námskeið hjá Endurmenntunarstofnun. Vorið 1999 hófust viðræður á milli Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands og ReykjavíkurAkademíunnar um samvinnu. Sent var út skeyti innan RA og fólk hvatt til að koma með hugmyndir um námskeið sem væru hentug á þessum vettvangi. Viðbrögð voru ekki mikil, en úr málinu rættist þegar Soffía Auður Birgisdóttir var ráðin til að sinna verkefninu frá 1.

1 Sigurður Gylfi Magnússon: Sögustríð, 86.

maí 1999. Í framhaldinu héldu RA-félagar ýmis námskeið hjá Endurmenntunarstofnun, sem hafði fram að því sinnt hug- og félagsvísindum slælega. Þetta verkefni varð þó ekki sú lyftistöng fyrir sjálfstætt-starfandi fræðimenn sem menn höfðu vonast eftir, ekki fremur en námsbókagerðin.

Betur gekk með ritraðir sem RA stóð að. Jón Karl Helgason og Adolf Friðriksson eru ritstjórar ritraðar á vegum ReykjavíkurAkademíunnar og Hins íslenska bókmenntafélags sem nefnist Íslensk menning. Fyrsta bókin í þeim flokki kom út árið 1999 og var doktorsritgerð Sveins Yngva Egilssonar bókmenntafræðings. Þar er fjallað um íslenska rómantík 19. aldar og nefnist bókin *Arfur og umbylting.* Síðan hafa komið út þrjár bækur í þessum flokki, eftir Guðmund Hálfdanarson sagnfræðing, Torfa Túliníus bókmenntafræðing og Ingunni Ásdísardóttur þjóðfræðing.

Önnur ritröð fór af stað með gríðarlegum krafti á árinu 2000. Það var hin svokallaða Atviksritröð, röð smárita sem fyrst og fremst beindist að því að kynna verk fræðimanna sem sett höfðu svip á póstmódernískar og póststrúktúralískar kenningar undanfarna áratugi. Þessi ritröð var í samstarfi við bókaforlagið Bjart og fleiri aðila utanhúss. Hvorki fleiri né færri en fimm bækur komu út í ritröðinni árið 2000. Sú fyrsta var í ritstjórn Kristjáns B. Jónassonar og kallaðist *Tengt við tíðarandann. Tíu sneiðmyndir í aldarlok.* Annarri bókinni ritstýrði Hjálmar B. Sveinsson og var hún safn greina eftir þýska menningarfræðinginn Walter Benjamin. Sú þriðja var í ritstjórn Geirs Svanssonar og innihélt ritgerðir eftir franska heimspekinginn Jean Baudrillard. Hjálmar B. Sveinsson og Irma Erlingsdóttir ritstýrðu bók um lýðræði á tíma hnattvæðingar og loks kom út ritið *Molar og mygla,* sem fjallaði um einsögu og birti verk eftir þá Carlo Ginzburg, Davíð Ólafsson og Sigurð Gylfa Magnússon. Því ritstýrðu Ólafur Rastrick og Valdimar Hafstein. Hér var með kröftugum hætti komið á framfæri hugmyndum og fræðimönnum sem lítil skil höfðu verið gerð á opinberum vettvangi hér á landi fram að því. Í síðari bókum ritraðarinnar hefur meðal annars birst efni eftir Pierre Bourdieu og þá Deleuze og Guattari. Líklega hefur fátt eflt betur ímynd RA sem vígis póstmódernískra fræða en þessi ritröð.

Miklar umræður fóru fram um það á árinu 1999 hvernig sjálfstætt-starfandi fræðimenn gætu látið að sér kveða á opinberum vettvangi, og varð niðurstaðan sú að gengið var til samstarfs við *Lesbók Morgunblaðsins.* Fræðimenn RA rituðu greinar í kálf sem fylgdi Lesbókinni og kom út seint á árinu 1999. Því miður varð ekki framhald á þessu starfi.

Þannig hafði ýmislegt gengið á þegar fyrsta heila starfsári ReykjavíkurAkademíunnar lauk, og um leið starfi fyrstu stjórnarinnar. Sigurður Gylfi, sem langmest hafði mætt á, lét af störfum sem formaður RA á aðalfundi félagsins 27. janúar árið 2000, og um leið sagði öll gamla stjórnin af sér nema Viðar Hreinsson.

Fyrsta árið í RA var eins og ferð í rússíbana. Möguleikarnir virtust óendanlegir, hugmyndirnar hrönnuðust upp, sköpunarkrafturinn var sprengikenndur. Spennan var mikil og sú staðreynd að tekist hafði að skapa nýtt fræðasamfélag úr engu varð til þess að fólk fylltist einhverjum höfugum fítonsanda, stolti og gleði. RA var byltingarkennd tilraun í fræðaheiminum, vonarneisti í lífi margra. Mörgum fannst ReykjavíkurAkademían vera spennandi miðstöð nýsköpunar í menningarlífinu og fræðunum. Það var vel fylgst með henni, til dæmis útvarpaði Ævar Kjartansson, einn af betri vinum ReykjavíkurAkademíunnar, lengi vel frá vikulegum fyrirlestrum sem haldnir voru á miðvikudögum við stóra borðið á fjórðu hæð. ReykjavíkurAkademían varð miðpunktur og táknmynd póststrúktúralismans, kynjafræðinnar, nýfemínismans og póstmódernismans á Íslandi.

Eftir á vekur athygli að í þennan suðupott menningarlegrar róttækni vantaði ákveðna þætti sem þar hefði ef til vill mátt búast við: Á árunum 1999–2000 blómstraði hreyfing andkapítalista um allan heim. Æska hins vestræna heims snerist gegn æ ágengari nýkapítalisma, nýfrjálshyggju og skefjalausri hnattvæðingu á forsendum auðfélaga. Harðar orustur voru háðar við lögreglu í Seattle, Genúa, Gautaborg og víðar, þar sem fundum Alþjóða-gjaldeyrissjóðsins og annarra rekstrarstofnana heimskapítalismans var mótmælt. Í ljósi þess hvernig ReykjavíkurAkademían varð til hefði ekki komið á óvart að einhver endurómur þessa bærist hingað til lands í tengslum við hana. Það varð ekki á þessum tíma, nema þá afar veikur. Hins vegar varð RA eftir 2001 vígi grasrótarhreyfinga, sérstaklega á sviði umhverfismála, og er enn. Einnig fólst í sjálfri uppbyggingu ReykjavíkurAkademíunnar ákveðið andóf gegn ríkjandi valdakerfi, en það andóf var ekki undir merkjum andkapítalískrar hugmyndafræði. Þetta verður nánar rætt í sjötta kafla.

## Verkefni fyrstu árin

Hverjir voru í ReykjavíkurAkademíunni á þessum tíma? Í fyrsta lagi var um að ræða fræðimenn á ýmsum aldri sem lokið höfðu námi, annaðhvort meistara-, lísensíats-,

kandidats- eða doktorsprófi, menn sem starfað höfðu um lengri eða skemmri tíma við fræðigrein sína og ákváðu að nýta sér þá aðstöðu sem í boði var hjá RA. Í öðru lagi koma fræðimenn sem voru í námi, meistaraprófs- eða doktorsnámi, við Háskóla Íslands eða erlenda háskóla. Fyrir þessa fræðimenn bauð ReykjavíkurAkademían fram þægilega aðstöðu til rannsóknarstarfa og ritunar lokaritgerða, þverfaglegt fræðasamfélag sem þeir höfðu hvergi annars staðar aðgang að.

Margir þeirra fræðimanna sem stofnuðu RA höfðu sent frá sér rit af ýmsu tagi, samið fræðirit, skrifað kennslubækur eða annast ýmsa ritstjórn og má þar nefna til dæmis útgáfu Íslendingasagna á ensku. Margir þeirra nutu eða höfðu notið styrkja úr Vísindasjóði eða erlendum sjóðum til ýmiss konar rannsókna. Sumir doktorarnir og doktorsnemarnir höfðu verið stundakennarar við Háskóla Íslands.


■ BÖRN OG LEIKFÖNG Í ÁRBÆJARSAFNI/2 ■ SKÝJABORGIR FRÆÐIMANNA SKJÓTA RÓTUM/4 ■ STÖÐNUN ER ANDSTÆÐA TÍSKUNNAR /6 ■ TE OG KAFFI Á PERSÓNULEGUM NÓTUM/8

Í þverfaglegum umræðum yfir kaffibolla verða gjarnan til góðar hugmyndir, (f.v.)Sumarliði Ragnar Ísleifsson, sagnfræðingur, Sigurður Gylfi Magnússon, sagnfræðingur, Salvör Nordal, heimspekingur, Ólína Þorvarðardóttir, þjóðfræðingur, og Þórunn Sigurðardóttir, íslenskufræðingur.

REYKJAVÍKUR akademía í JL-húsinu

REYKJAVÍKURAKADEMÍUNNI, samfélagi sjálfstætt starfandi fræðimanna í hug- og félagsvísindum, hefur verið komið á fót á 4. hæð JL-hússins við Hringbraut í Reykjavík. Markmiðið með stofnun samfélagsins er að virkja fræðimennina til samstarfs, skapa þeim starfsaðstöðu og ný tækifæri til rannsókna - og efla tengsl þeirra við erlenda fræðimenn og stofnanir. Skráðir félagar í Reykjavíkurakademíunni eru hátt í 100 talsins.

Jón Karl Helgason, framkvæmdastjóri Reykjavíkurakademíunnar, segir að fyrirkomulagið felist í því að hver fræðimaður leigi sér vinnuaðstöðu. „En húsnæðið sjálft er þannig úr garði gert að við getum, í bili að minnsta kosti, aðeins nýtt hluta þess undir slíka aðstöðu. Hér eru alls 18 skrifstofur sem rúma 20 til 25 fræðimenn. Upphaflega höfðum við nokkrar áhyggjur af því hvernig gengi að útbúa bása í opna rýminu hér norðanmegin en við sjáum þar einnig vissa möguleika í sambandi við fyrirlestrahald."

Jón Karl segir að fræðimennirnir innan Reykjavíkurakademíunnar vinni sjálfstætt eða í hópum að sjálfstæðum rannsóknarverkefnum. Í framtíðinni megi svo búast við að samfélagið eigi í auknum mæli eftir að móta sín eigin verkefni.

„Nú þegar er ýmislegt í deiglunni," segir hann. „Fyrsti stóri atburðurinn er ráðstefna sem við stöndum að ásamt Félagi háskólamenntaðra ferðamálafræðinga hinn 12. febrúar nk. undir yfirskriftinni „Íslenskur menningararfur - auðlind í ferðaþjónustu". Markmið ráðstefnunnar er að skapa umræður og efla tengslin á milli aðila í ferðaþjónustu og fræðimanna á sviði þjóðfræði, sagnfræði, íslenskra bókmennta og fleiri greina.

Annað verkefni sem unnið er að í samvinnu við Hið íslenska bókmenntafélag er útgáfa á ritröð sem helguð verður íslenskri menningarsögu. Þá hefur Reykjavíkurakademían verið í góðu sambandi við Fornleifastofnun Íslands en sá hópur sjálfstæðra fræðimanna sem þar starfar hefur verið okkur jákvæð fyrirmynd á fleiri en einu sviði."

Umfjöllun í Morgunblaðinu vorið 1999

Flestir þeir sem komu til starfa í ReykjavíkurAkademíunni skilgreindu sig sem sjálfstætt-starfandi fræðimenn. Sem slíkir sinntu þeir í meginatriðum verkefnum af þrennum toga. Í fyrsta lagi hafði talsverður hópur fræðimanna í RA 1998–2001 styrki af einhverju tagi til rannsóknarstarfa. Sumir stunduðu þó rannsóknir án þess að hafa til þess fé, nýttu sér eigin frítíma til að ýta verkefnum sínum áfram. Annar hópurinn sinnti pöntunum, tók að sér verkefni fyrir bókaforlög, stofnanir, fyrirtæki eða einstaklinga og skrifaði bækur eða greinar, þýddi margvísleg rit og vann við ýmis önnur launuð verkefni. Í þriðja lagi skrifuðu rithöfundar fyrir markað, ákváðu sjálfir hvað þeir fengust við og höfðu gert samninga við forlög. Allt blandaðist þetta saman á ýmsan hátt. Flestir sinntu einhverri kennslu meðfram, annaðhvort í menntaskóla eða háskóla.

Viðfangsefnin voru jafnmörg og fræðimennirnir sem í hlut áttu. Þórunn Sigurðardóttir bókmenntafræðingur rannsakaði erfiljóð frá 17. öld. Þorleifur Hauksson íslenskufræðingur vann til dæmis að bókinni *Sagnalist. Íslensk stílfræði II. Skáldsögur 1850–1970,* sem kom út haustið 2003. Sverrir Jakobsson sagnfræðingur vann meðal margra annarra verkefna að doktorsritgerð sinni *Við og veröldin,* um heimsmynd Íslendinga 1100–1400, sem hann varði síðan árið 2005. Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur vann að uppgreftri á ýmsum stöðum á landinu, fyrst og fremst á Austfjörðum, þar sem hún hafði stýrt Minjasafni Austurlands, og átti sú stjórnunarreynsla heldur betur eftir að nýtast ReykjavíkurAkademíunni. Steinunn vann í Akademíunni að doktorsverkefni sínu um kristni og heiðni. Steinunn Jóhannesdóttir rithöfundur vann að ritun sögulegrar heimildaskáldsögu, *Reisubókar Guðríðar Símonardóttur,* og kom hún út 2001.

Lilja Hjartardóttir stjórnmálafræðingur vann að rannsóknarverkefni um konur í Nígeríu og Afganistan, og rannsakaði einnig ýmsa þætti í deilum Ísraelsmanna og Araba. Ólína Þorvarðardóttir þjóðfræðingur vann að doktorsverkefni sínu um galdramál 17. aldar, sem kom út 2001 undir nafninu *Brennuöldin.* Kári Bjarnason vann að verkefni um tónlist í handritum fyrri alda og réð ýmsa til starfa í því verkefni. Þannig mætti lengi telja og æra óstöðugan.

Ekki fór hjá því að hausaveiðarar færu af stað. Jón Karl Helgason hvarf til starfa hjá útgáfufyrirtækinu Bjarti. Árni Daníel Júlíusson var ráðinn til starfa sem fræðimaður á Hólum í mars 2000. Axel Kristinsson varð safnstjóri Byggðasafnsins í Borgarnesi sama ár en hélt þó áfram störfum í stjórn Akademíunnar. Annadís Gréta Rúdólfsdóttir fluttist til Englands og fékk stöðu



Þorgerður Þorvaldsdóttir sagn- og kynjafræðingur. Í RA frá 1999.

við háskólann í Bristol. Irma Erlingsdóttir fékk árið 2000 stöðu á Rannsóknarstofu í kynjafræðum, RIKK, við Háskóla Íslands. Jón Jónsson ákvað að flytja starfsemi Sögusmiðjunnar norður á Strandir, með frábærum árangri. Margir voru því horfnir úr hópnum þegar um 2001, en maður kemur í manns stað.

Ýmsar ástæður voru fyrir því að fólk yfirgaf JL-húsið. Ekkert er eðlilegra en að fólk hverfi til annarra starfa af vettvangi sem slíkum, þar sem tekjur sjálfstætt-starfandi fræðimanna eru engan veginn tryggar. Margir fengu einfaldlega stöður annars staðar og tryggingu fyrir fjárhagslegu öryggi við fræðastörf. Í annan stað var álagið á þá sem stofnuðu ReykjavíkurAkademíuna umtalsvert. Bæði mæddi uppbyggingarstarfið mjög á öllum hópnum og mikið sjálfboðastarf var unnið. Eins var spennustigið hátt og það getur verið erfitt að þola slíkt lengi. Þetta lenti ekki hvað síst á framkvæmdastjórunum og formönnunum, sem urðu að vera margra manna makar.

## Stjórnarskipti

Annar aðalfundur ReykjavíkurAkademíunnar var haldinn í húsnæði félagsins 27. janúar árið 2000. Fundurinn hófst með skýrslu Sigurðar Gylfa formanns um starfið síðan á síðasta aðalfundi í október 1998, ráðningu framkvæmdastjóra, útvegun húsnæðis, leigusamning við fjármálaráðherra og um innflutninginn, herbergin voru mönnuð um leið og þau urðu til.

Sigurður Gylfi ræddi framtíðarverkefni sem þá voru í bígerð og vonast var til að kæmust í höfn, svo sem kennslubókagerð, samstarf við Endurmenntunarstofnun, útgáfusamning við tvö bókaútgáfufyrirtæki og gerð heimasíðu. Tekist hafði að afla tæpra 9 milljóna króna rekstrarfjár á tímabilinu, og er þá ekki meðtalinn hinn hagstæði leigusamningur, sem nú hafði verið endurnýjaður til þriggja ára. Sigurður Gylfi sagði að „fráfarandi stjórn hefði að ásettu ráði lítið látið bera á sér út á við, en kannski væri kominn tími til að breyta því og taka sér ótvírætt forystuhlutverk í málum sjálfstætt starfandi fræðimanna“.[1]

Sigurður greindi í skýrslunni styrkleika og veikleika Akademíunnar. Hópurinn í JL-húsinu væri orðinn stór og fjölbreyttur með víðtæka reynslu, húsnæðið væri tryggt til þriggja ára, raunverulegur fræðavettvangur hefði skapast og myndast mannvænlegt og uppbyggjandi andrúmsloft. Orðspor Akademíunnar væri jákvætt og hún nyti óskiptrar athygli fjölmiðla. Veikleikarnir væru hins vegar miklir: RA væri enn ekki búin að skilgreina sig, hún væri fjárvana og ekki hefði tekist að skapa nægilega sterkan vettvang til að geta séð „þeim sem eru í fjárhagsörðugleikum fyrir styrkjum og verkefnum“. Sigurður Gylfi lagði fram ýtarlegar tillögur um framtíðarsýn, og var kjarninn í þeim að ná samningum við ríkið um að það sinnti sístækkandi hópi landlausra eða stofnanalausra fræðimanna sem skipað hefðu sér undir merki RA. Sigurður sagði að stjórn Akademíunnar hefði að vissu leyti misst tökin vegna þess hve ört samfélagið stækkaði, vinnuálag á stjórn og raunar allt samfélagið hefði verið mikið og RA hefði lengi verið án starfsmanns. Sigurður hefði bundið vonir við vinnufund RA í Skálholti í byrjun septembermánaðar, en vandinn leystist ekki í framhaldi af því.

Sigurður Gylfi lauk skýrslu sinni á tilfinningalegum nótum. Hann sagði að honum hefði fundist eins og hann hefði verið þátttakandi í einhverju óvenjulegu og stóru, draumi sem rættist. Andvökunætur vegna RA tækju á sig ævintýrablæ í minningunni. RA hefði á skömmum tíma orðið annað heimili þeirra sem þar störfuðu, vinnustaður þar sem gaman var að koma og taka þátt í lífi félaganna. Framtíðin væri björt. Þannig lauk Sigurður Gylfi formannstíð sinni, og menn voru sammála um að launa Sigurð Gylfa með fjárframlagi þar sem hann hefði unnið mikið ólaunað og óeigingjarnt starf sem formaður.

Síðan var tekið til við að ræða lög félagsins. Tillögur að endurskoðuðum lögum RA voru í vinnslu en ekki lokið. Viðar Hreinsson lagði fram tvær tillögur. Í annarri var gert ráð fyrir að gildistöku nýrra laga yrði frestað til

1 Sigurður Gylfi Magnússon: Skýrsla formanns stjórnar Reykjavíkur-Akademíunnar fimmtudaginn 27. janúar 2000.

framhaldsaðalfundar, og að skipuð skyldi laganefnd. Í hinni var kveðið á um að stjórnin skyldi skipuð sex mönnum og tveimur varamönnum. Þetta var samþykkt.

Axel Kristinsson mælti fyrir tillögu um að „fela stjórn félagsins að kanna hvort ekki sé rétt að fá sérstakan starfsmann til að vinna að fjármögnun og fjármálastjórn verkefna þeirra félagsmanna sem það kjósa, gegn því að visst hlutfall af fé verkefnisins renni til ReykjavíkurAkademíunnar. Miðað er við að slíkur starfsmaður sinni einnig almennri fjáröflun og fésýslu félagsins." Tillagan var samþykkt með þorra atkvæða gegn tveimur.

Þá var gengið til stjórnarkjörs. Salvör Nordal var kjörin formaður í stað Sigurðar Gylfa. Aðrir í stjórn voru kosnir Axel Kristinsson, Soffía Auður Birgisdóttir, Steinunn Hrafnsdóttir, Sumarliði R. Ísleifsson, Viðar Hreinsson og Þórunn Sigurðardóttir, og varamenn Ágúst Þór Árnason og Irma Erlingsdóttir.

Jón Karl Helgason lagði fram reikninga félagsins. Tekjur samkvæmt þeim voru kr. 5.328.555, þar af leigutekjur rúm tvær og hálf milljón. Rekstrargjöld námu 4.811.964 kr. Að reikningum samþykktum voru Jón Jónsson og Jón Karl kosnir endurskoðendur.

Sigurði Gylfa og Jóni Karli voru þökkuð störf sem formanni og framkvæmdastjóra, og aðalfundinum síðan frestað fram að framhaldsaðalfundi eftir tvo mánuði.[1] Nýr framkvæmdastjóri var ráðinn í stað Jóns Karls, Kristrún Heimisdóttir lögfræðingur.

## Viðfangsefni stjórnarinnar

Áður hefur verið fjallað um það sem Jón Karl Helgason, fyrsti framkvæmdastjóri RA, sá fyrir sér sem helstu verkefni RA. Meðal þess sem lá fyrir var netvæðing RA-samfélagsins með beinlínutengingu, uppsetning heimasíðu ReykjavíkurAkademíunnar og póstlista, framtíðarúrlausn í húsnæðismálum, vinna í kennslu- og námskeiðsmálum og í styrkjamálum sjálfstætt-starfandi fræðimanna. Erlend samskipti voru einnig nefnd. Öll þessi mál komu til kasta nýju stjórnarinnar, en einnig mörg önnur.

1 Fundargerðabók ReykjavíkurAkademíunnar.



Sigurður Gylfi Magnússon formaður RA 1998–2000 á skrifstofu sinni.

Þegar þessi stjórn tók við var hveitibrauðsdögum ReykjavíkurAkademíunnar í raun lokið, án þess að menn áttuðu sig almennilega á því. Hún stóð frammi fyrir mörgum og erfiðum ákvörðunum, og að lokum sauð upp úr. Deilur mögnuðust og skotin flugu á víxl. Lengst af árinu 2000 var þó allt í friði og spekt.

Á fyrsta fundi stjórnarinnar skipti hún með sér verkum. Viðar var kosinn varaformaður, Axel gjaldkeri og Þórunn ritari. Einnig var kosin laganefnd, og sátu í henni Sumarliði, Steinunn Hrafnsdóttir og Sigurður Gylfi. Lögin voru borin undir atkvæði og samþykkt á framhaldsaðalfundi 28. mars 2000. Ákveðið var að stjórnin héldi fundi vikulega, og að mánaðarlega yrðu svokallaðir stórfundir, almennir fundir allra félaga í RA. Í fundargerð fyrsta fundar þessarar stjórnar greinir frá netsambandsmálum: „Kristrún kynnti tölvu- og símamál. 1) Komið hefur til tals að tilraunaverkefni í símamálum verði rekið í RA. Verður athugað betur. 2) Samþykkt að taka inn sítengingu við internetið og innri tengingu í húsnæði RA. RA greiðir stofnkostnað en hver félagi greiðir netkort í sína tölvu. ... Samþykkt að stefna að því að setja tölvu á almenninginn með tengingu fyrir þá sem koma í stuttan tíma." Á fundinum var einnig rætt að setja upp póstlista fyrir RA-félaga, og komst það í framkvæmd skömmu síðar.[2]

Á öðrum fundi stjórnarinnar kom fram að RA hafði

2 Fundargerðabók RA. Fundargerð fyrsta fundar annarrar stjórnar ReykjavíkurAkademíunnar 31. janúar 2000.

Ævisaga Klettafjallaskáldsins, **Stephans G. Stephanssonar**

# Fjármagn frá fyrirtækjum

Í GÆR var undirritaður samningur sem sætir tíðindum á vettvangi menningar og fræða hér á landi. Samningurinn er um kostun atvinnufyrirtækja, í samvinnu við fræðistofnanir, á ritun og útgáfu á ævisögu Klettafjallaskáldsins, Stephans G. Stephanssonar. Kostunaraðilar eru Eimskipafélag Íslands, Búnaðarbanki Íslands hf. og Urður, Verðandi, Skuld hf., í samvinnu við Hugvísindastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknastofnun um byggðamenningu (RABYGG) í ReykjavíkurAkademíunni. Viðar Hreinsson, bókmenntafræðingur, er höfundur ævisögunnar og er stefnt að því að hún komi út á 150 ára afmæli skáldsins, 3. október árið 2003.

Í tilkynningu frá aðilum samningsins segir að ekki hafi áður verið gert sambærilegt samkomulag hér á landi, þar sem atvinnufyrirtæki kosti verkefni með þessum hætti allt til loka í samvinnu við fræðastofnanir. Með samningnum sé fjárhagsleg kjölfesta bundin svo og eftirlit með framvindu verksins og gæðum.

[illegible]

Viðar Hreinsson greindi frá því við það tækifæri að samningurinn var undirritaður, að hann hafi hafið vinnu við ævisögu Stephans G. Stephanssonar síðla árs 1997 og víða leitað fanga um styrki til verksins. Fyrsta styrkinn hafi hann fengið frá Kaupfélagi Skagfirðinga. Ný kostnaðaráætlun hafi svo verið gerð þegar viðræður við Hf. Eimskipafélag Íslands hófust um mitt ár 1999 og að eftir henni hafi verið farið síðan. Nú hafi tveir aðrir styrktaraðilar fengist til viðbótar sem geri kleift að loka dæminu. Viðar sagðist vona að samningurinn yrði upphafið að fleiri slíkum, sem aðrir fræðimenn myndu njóta.

Samningurinn hljóðar upp á 7 milljónir króna, sem greiðist á 4 ára tímabili, en auk þess hefur verkefnið verið styrkt af Landafundanefnd, Launasjóði fræðirithöfunda og fleiri aðilum.

[illegible]

Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, sagði við undirritun samningsins í gær að hann fagnaði því nýmæli sem í honum fælist. Það væri ánægjulegt að atvinnufyrirtæki væru reiðubúin að styðja með jafnafgerandi hætti og samningurinn sýndi við bakið á fræðimönnum. Framlag úr nýstofnuðum Launasjóði fræðiritahöfunda væri ekki nema dropi í hafið þegar um jafnviðamikið verk og ritun og útgáfu á ævisögu Stephans G. Stephanssonar væri að ræða.

Hörður Sigurgestsson, forstjóri Eimskipafélagsins, sagði að mikill stuðningur hafi komið frá Vestur-Íslendingum þegar Eimskipafélagið hafi verið stofnað. Það hafi haft mikil áhrif á afstöðu til félagsins til óska Viðars um styrk þess. Þá hafi haft úrslitaáhrif að þetta áhugaverða verkefni hafi verið vel skilgreint af hans hálfu.

**Einstæður skáldskapur og meitluð lífssýn**

Í tilkynningu aðila samningsins segir að Klettafjallaskáldið, Stephan G. Stephansson (1853–1927), væri eitt af undrum íslenskrar bókmenntasögu. Hann hafi mótast af aldagömlum íslenskum bókmenntahefðum og flutt vestur um haf um tvítugt. Þrisvar hafi hann numið land og verið bóndi og erfiðismaður alla sína ævi. Samt hafi honum auðnast að tileinka sér hið markverðasta úr hugmyndum og bókmenntum heimsins auk afar frjórra umbrota í skáldskap og heimspeki vestanhafs og flétta það saman við sinn eigin reynsluheim í einstæðum skáldskap og meitlaðri lífssýn, sem ef til vill eigi sér engan sinn líka.



**Viðar Hreinsson vonar að samningur atvinnufyrirtækjanna um kostun ævisögu Stephans G. Stephanssonar verði upphafið að fleiri slíkum samingum við fyrirtæki.**

Af forsíðu Viðskiptablaðs Morgunblaðsins. Viðar Hreinsson fjármagnar ævisögu Stephans G.

borist sölutilboð í fjórðu hæð JL-hússins upp á 72 milljónir. Stjórnin ræddi um að tala við borgarstjóra um styrk til húsakaupa. Á 8. fundi stjórnarinnar var skipuð hússtjórn, og sátu í henni þau Sumarliði, Jón Jónsson og Björg Birgisdóttir. Ritari skráir eftirfarandi um húsnæðismál á 11. stjórnarfundi 8. maí 2000: „Húsakaup. Fram kom að von væri á ráðgjöfum um fasteignaviðskipti síðar um daginn til að ræða hugsanleg kaup akademíunnar á fjórðu hæð JL-hússins. ... Stöðumat í húsnæðismálum rætt. ... Kostir við þetta húsnæði: 1. Við erum búin að koma okkur þokkalega fyrir. 2. Útsýnið er frábært. 3. Staðsetningin góð. 4. Miklir möguleikar á því að stækka við okkur. 5. Hér í nágrenninu verður mikil uppbygging í framtíðinni."

Á 14. fundi stjórnarinnar, 15. maí, var samþykkt að kaupa húsnæði, og var Salvöru formanni gefið umboð til að vinna í húsakaupamálum. Hægt gekk í þessu máli og í febrúar árið 2001 var næst rætt um húsakaup. Þá var talað um að athuga annað húsnæði en JL-húsið, til dæmis hús Hraðfrystistöðvarinnar, Sláturfélagshúsið og Landsímahúsið við Austurvöll. Reykjavíkurborg stóð að boði um að koma Akademíunni fyrir í Morgunblaðshúsinu, og þótti ýmsum miður að því tilboði var ekki tekið. Ekkert varð af húsakaupum. Nýr leigusamningur var síðan lagður fram fyrir JL-húsið og undirritaður 3. apríl 2001. Samningurinn var um fjórðu og fimmtu hæð hússins en þáverandi eigandi var Norðurstál ehf. Skyldu útbúnar skrifstofur á fimmtu hæðinni í júní og júlí 2001. Þriðja hæðin var einnig tekin á leigu. Þetta gerði kleift að fjölga mjög í húsnæði RA – sem kannski má líka orða þannig að samningurinn knúði á um að fjölgað væri í húsnæðinu.

Leigusamningurinn frá 2001 var nefnilega umdeildur – og er enn. Ekki virðist hafa verið hægt, reynt markvisst eða sett á oddinn að fá ríki eða borg til að greiða niður húsnæðið, eins og verið hafði fram að því og getur talist eðlilegt um húsnæði fyrir starfsemi af þessu tagi. Eignarhald á JL-húsinu var um þessar mundir í uppnámi. Ýmsir eignuðust húsið og höfðu alls konar hugmyndir um nýtingu þess. Lengi vel leit helst út fyrir að RA yrði rekið út og byggðar smáíbúðir í JL-húsinu. Stjórn RA leist ekkert á þetta og þótti mikið til vinnandi að halda húsnæðinu. Þessi óvissa stuðlaði mjög að þeirri ákvörðun að leigja húsnæðið með föstum samningi til langs tíma.

Ímynd Akademíunnar var að ýmsu leyti tengd JL-húsinu. Menn munu hafa óttast að auka enn á óstöðugleikann í Akademíunni, sem alltaf var undirliggjandi: Tilraunin hékk enn á bláþræði. Það hlaut að vera viðkvæmt á þessum upphafsárum að kippa undan samfélaginu helstu stoðum þess, stóru og rúmgóðu húsnæði þar sem menn voru búnir að koma sér vel fyrir, húsnæði sem hafði öðlast ákveðinn sess í vitund RA-félaga og samfélagsins umhverfis. Bjartsýni virðist enn hafa ríkt um að hægt væri að fá inn í Akademíuna stofnanir sem gætu greitt niður húsnæðið með einhverjum hætti. Það skýrir ef til vill af hverju ekki var sett á oddinn að fá ríki eða borg til að greiða niður húsnæðið.

Annað mál sem mjög brann á RA var sá skortur sem var og er á fé til rannsókna á sviði hug- og félagsvísinda. Í febrúar árið 2000 gerði stjórnin eftirfarandi bókun á þriðja fundi sínum vegna skrifa frá úthlutunarnefnd Rannís í *Morgunblaðinu*: „Vandi vísindanna. Skrifum úthlutunarnefndar Rannís í Mbl. um bága stöðu sjóðsins og vanda vísindanna fagnað. Samþykkt að gera eitthvað í málunum: 1) Formaður og varaformaður RA leggi saman krafta sína og skrifi eins konar framhaldsgrein í Mbl. 2) Gerð verði rannsókn á stöðu ungra fræðimanna nú á tímum – leita m.a. til Rannís, LÍN og SÍNE. 3) Fá formann Rannís á fund í RA. 4) Halda ráðstefnu með stjórnmálamönnum og fræðimönnum í vor um stöðu fræðimanna í grunnrannsóknum."

Í grein sem úthlutunarnefndin ritaði í *Morgunblaðið* kvartaði hún undan því að hafa allsendis ónógt fjármagn til ráðstöfunar. Hún hefði einungis getað styrkt 162 verkefni af 300 hæfum, og í flestum tilfellum væri um að ræða nokkur hundruð þúsund króna styrki til hvers verkefnis. Styrkirnir dygðu því alls ekki til að vísindamennirnir sinntu rannsóknum eingöngu. Heildarupphæðin væri á við kostnaðinn af meðaldýrri íslenskri kvikmynd, og úthlutunarféð dygði alls ekki til að ná því markmiði að byggja hér upp öflugt vísinda- og fræðasamfélag með nútímalegu sniði.



Tómas Ponzi og Kristinn Schram munda veiðistöngina í veiðiferð RA 17. ágúst 2006.

Grein Salvarar Nordal og Viðars Hreinssonar birtist í *Morgunblaðinu* 23. febrúar. Þar telja þau að styrkir Vísindasjóðs til ungra fræðimanna séu fjárfesting og ekki ölmusustyrkir. Salvör og Viðar bentu á að Vísindasjóður hefði aðeins 150 milljónir króna til ráðstöfunar til allra rannsókna á sviði hugvísinda, félagsvísinda og raunvísinda. Grunnrannsóknir væru kjölfesta annarra rannsókna og brýnt sé að hlúa að þeim hópi vísindamanna sem þjóðin hafi eignast, annars sé líklegt að meirihluti þeirra setjist að erlendis að námi loknu. ReykjavíkurAkademían sé tilvalinn vettvangur fyrir slíkar rannsóknir. Hún sé opin og þverfagleg, þar komi saman fræðafólk úr ólíkum greinum og verkefnin blasi við hvert sem litið sé, í sögu, menningu og samfélagi. Fjöldi vel menntaðra fræðimanna hafi metnað til að takast á við íslenskan veruleika og hafi það frumkvæði sem þurfi til að skilgreina rannsóknarverkefni og hrinda þeim af stað. Slík verkefni eigi þó á hættu að kafna í fæðingu eða hjaðna smátt og smátt við þær bágbornu aðstæður sem grunnrannsóknum séu búnar. Salvör og Viðar spyrja hvort rétt sé að hvetja námsmenn til að koma heim að námi loknu við þær aðstæður að hér skorti aðstöðu og vettvang. „Er það í raun skynsamlegt að afla sér dýrrar sérfræðimenntunar erlendis – og snúa heim?" spyrja þau.

Ósk um aukin framlög til grunnrannsókna sé því ekki heimtufrek krafa um ríkisútgjöld til handa sérvitringum heldur eðlilegt framhald af þeirri fjárfestingu sem lögð hafi verið í háskóla og námslánakerfi. Hærri framlög til vísindamanna geri þeim kleift að einbeita sér að störfum sínum og það tryggi betri nýtingu fjármuna.[1]

Framkvæmdastjóri RA, Kristrún Heimisdóttir, lagði síðan á næsta fundi stjórnarinnar fram aðgerðaáætlun á þessu sviði. Áætlunin gerði ráð fyrir umfangsmiklu átaki við upplýsingasöfnun, áróður, lobbíisma og fleira með þríþættu markmiði. Í fyrsta lagi skyldi tryggja framtíð ReykjavíkurAkademíunnar, í öðru lagi stofna rannsóknasjóð sem atvinnulífið fjármagnaði, og í þriðja lagi skyldi tryggt aukið framlag til Vísindasjóðs. Samþykkt var á fimmta fundi stjórnarinnar að gera skrá yfir stofnanir sem veita upplýsingar um möguleika á styrkjum og sjóði sem veittu rannsóknarstyrki. Þessi markmið eru að sjálfsögðu svo viðamikil að ljóst var að vinna þurfti bæði vel og lengi til að þau yrðu að veruleika, og er saga RA eftir þetta að miklu leyti sagan um hvernig gekk að vinna að þessum markmiðum og ná þeim fram.

Ýmis smærri skref voru stigin. Fundur var haldinn með Rannsókna-þjónustu HÍ 22. febrúar, og 10. mars kom Vilhjálmur Lúðvíksson forstjóri Rannís í heimsókn

1 Salvör Nordal og Viðar Hreinsson: „Fjárfest í fræðimönnum." Morgunblaðið 23. febrúar 2000, 36.



Hilma Gunnarsdóttir, einn núverandi ritstjóra Kistunnar.

í RA. Fram kom á 10. stjórnarfundi að fundurinn með Rannsóknaþjónustunni hefði tekist vel. Forsvarsmenn þjónustunnar lýstu því yfir að þeir litu á RA sem hluta af háskólasamfélaginu og þar af leiðandi væri þjónustan fyrir RA rétt eins og Háskólann. Í reynd urðu samskipti RA við Rannsóknarþjónustuna þó takmörkuð og notin af henni ekki mikil.

Í tengslum við samþykkt nýrra laga RA í mars var samþykkt að skipa starfshóp til að skilgreina hlutverk RA í íslensku samfélagi, hugtakið þverfaglegar rannsóknir og gerð grein fyrir því hvað séu fagleg vinnubrögð á sviði hug- og félagsvísinda. Um haustið átti Kristrún fund með menntamálaráðherra um hugsanlegan þjónustusamning RA og menntamálaráðuneytisins, og var þar rætt um skilgreiningar á þeim hópum sem Akademían beindi þjónustu sinni að, svo sem sjálfstætt-starfandi fræðimönnum, stúdentum erlendis, útlendingum sem tala íslensku og fræðimönnum sem „eru að rannsaka eitthvað viðvíkjandi Íslandi erlendis". Ekki varð af gerð þjónustusamnings í það skiptið, en hér var stigið ákveðið skref í átt að því að skilgreina RA gagnvart stjórnvöldum.

Erlend samskipti voru talsverð á starfstíma stjórnarinnar. Í febrúar var haldinn fundur með stjórnendum Norræna sumarháskólans. Til stóð að RA tæki við hluta af skrifstofurekstri sumarháskólans, en ekki varð af því þegar til kom. Í júní 2000 kom franska fræðikonan Hélène Cixous og talaði um reynslu sína af því að stofna akademíu í París. Cixous er einn af helstu postulum póststrúktúralismans í Frakklandi. Þá kom Øyvind Kvalnes heimspekingur, annar af tveimur stofnendum Oslóarakademíunnar, Humanistisk Akademi, til skrafs og ráðagerða um svipað leyti.

Um haustið kom upp sú hugmynd að halda fund með erlendum námsmönnum sem kæmu heim í jólafrí. „Ákveðið að halda menntamessu í jólafríi 2000. Fá fólk sem kemur heim um jólin – stúdenta og annað vísindafólk, hingað í akademíuna og kynna því starfsemina hér og þá möguleika sem fræðimenn er starfa erlendis hafa til þess að tengjast akademíunni og fá hér aðstöðu þegar svo ber undir."

Ýmsar tilraunir voru gerðar til að fá fjársterka aðila til samstarfs og inn í JL-húsið, og voru menn lengi bjartsýnir um að það tækist, eins og áður segir. Í maí árið 2000 hófust tilraunir til samstarfs við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, en í ágúst kom fram að stjórn og starfsmenn Nýsköpunarsjóðs hefðu sýnt RA áhuga „en hafa ekki enn fundið flöt á því að hlaupa undir bagga með henni með fjárframlagi". Síðar styrkti sjóðurinn Atviksritröðina með nokkru fjárframlagi. Í mars 2000 kom upp sá möguleiki að Borgarfræðisetur Háskólans og Reykjavíkurborgar fengi húsnæði í RA. Fulltrúar þeirra skoðuðu húsnæði RA en ekki varð af þessu og fékk setrið húsnæði annars staðar. Þannig gekk fátt upp af því sem reynt var.

Á því voru þó undantekningar.

Um skeið virtist sem viðskiptalífið ætlaði að taka við sér og koma að eflingu ReykjavíkurAkademíunnar. Annar liðurinn í áætlun Kristrúnar virtist vera raunhæfur. Hinn 5. október árið 2000 gerðist það í fyrsta sinn að fræðimaður úr hugvísindageiranum var í forsíðufrétt í *Viðskiptablaði Morgunblaðsins*. Þar birtist frétt um að fyrirtæki ætluðu í samvinnu við fræðastofnanir að kosta ritun ævisögu Stephans G. Stephanssonar. Kostendurnir voru Eimskipafélag Íslands, Búnaðarbankinn og líftæknifyrirtækið Urður, Verðandi, Skuld. Fræðastofnanirnar voru Hugvísindastofnun HÍ og Rannsóknarstofnun um byggða-menningu í Reykjavíkur-Akademíunni. Höfundurinn var Viðar Hreinsson sem hafði byrjað að undirbúa bókina árið 1997. Hann hafði fengið fyrsta styrkinn hjá Kaupfélagi Skagfirðinga en unnið síðan að fjármögnun verksins í samvinnu við útgáfufyrirtækið Bjart. Samningsupphæðin var 7 milljónir og átti að greiðast á fjórum árum.[1]

Þetta hlýtur að hafa vakið mönnum bjartsýni á að einkageirinn, sem á þessum árum var í gríðarlegum uppgangi, mundi taka virkan þátt í að byggja upp ReykjavíkurAkademíuna. Það gekk þó ekki eftir nema að mjög takmörkuðu leyti.

Í maí árið 2000 var í fyrsta sinn minnst á bókasafn Dagsbrúnar á stjórnarfundi RA, en bókasafnið átti eftir að styrkja Akademíuna mjög. Í september voru komnar af stað viðræður við Olís um kostun á húsnæði fyrir

1 Viðskiptablað Morgunblaðsins 5. október 2000.

bókasafn. Bókasafnsnefnd hafði þá verið sett á laggirnar, og var Þórunn Sigurðardóttir formaður hennar en aðrir nefndarmenn þau Steinunn Jóhannesdóttir, Kári Bjarnason, Guðjón Friðriksson og Sverrir Jakobsson. Í janúar árið 2001 var samþykkt að RA gerðist aðili að vefritinu Kistunni og útvegaði því aðstöðu. Geir Svansson stóð að þessu með stuðningi stjórnarinnar, og varð Kistan í framhaldi af því virkur og öflugur vefmiðill sem alla tíð hefur verið nátengdur RA. Sagan af Kistunni er löng. Hún var upphaflega netsíða Matthíasar Viðars Sæmundssonar bókmenntafræðings. Matthías var róttækur og framsækinn fræðimaður, andlega skyldur þeirri viðleitni sem fram fór í ReykjavíkurAkademíunni. Margar greinar félaga í ReykjavíkurAkademíunni birtust á síðunni löngu áður en RA gerðist aðili að henni, og Matthías sóttist eftir því að fá greinar frá félögum RA. Matthías Viðar féll frá árið 2004, langt um aldur fram. Morgunblaðið sagði svo frá í maí 2001:

> Nýja Kistan var opnuð með pompi og pragt með hátíð í Listasafni Reykjavíkur. Það gerðist undir stjórn Geirs Svanssonar bókmenntafræðings og var ætlunin að stoppa upp í göt sem sumum þykir hafa myndast í fræðilegri menningarumræðu hér á landi á allra seinustu árum. Kistunni er ætlað að spegla vítt svið og menningarviðburði af öllu tagi. Meðal annars verður sú nýbreytni tekin upp að sjónvarpa beint frá viðburðum. Þá mun Kistan einbeita sér að gagnrýni og fréttum úr menningarlífinu. Það sem vekur athygli er að Kistan er öllum opin til tjá- og skoðanaskipta og ætti það að auka mjög á hróður ritsins meðal almennings.[1]

Bókasafn Dagsbrúnar og Kistan hafa æ síðan verið meðal styrkustu stoða í starfsemi Akademíunnar. Í Bókasafni Dagsbrúnar hefur starfað Hallsteinn Friðþjófsson. Einna mest frumkvæði í starfi Bókasafnsins hafa haft þau Sumarliði R. Ísleifsson og Þórunn Sigurðardóttir. Þau hafa setið í stjórn safnsins og ritstýrðu greinasafni sem kom út á vegum þess árið 2007, Samfélagsleg áhrif verkalýðshreyfingarinnar á 20. öld. Framtíðarsýn á 21. öldinni. Í það rituðu sex fræðimenn greinar, byggðar á erindum sem flutt voru í tilefni af 100 ára afmæli Dagsbrúnar. Ásdís Thoroddsen veitti safninu forstöðu á árunum 2006–2007 af miklum myndarskap og krafti.

1 Morgunblaðið 12. maí 2001.



Geir Svansson, einn ritstjóra Kistunnar.

Eyjólfur Kristjánsson tók við ritstjórn Kistunnar af Geir Svanssyni 2002 og sinnti henni um nokkurt skeið. Jón Þór Pétursson kom þá að ritstjórninni og stýrði Kistunni frá janúar 2005, og að undanförnu hafa Hilma Gunnarsdóttir og Viðar Þorsteinsson ritstýrt Kistunni. ReykjavíkurAkademían hefur átt fulltrúa í stjórn Kistunnar, og var Viðar Hreinsson fulltrúi hennar framan af.

## Fyrsta úttektin á RA

„Hver er RA? Hver vill hún vera? Hugleiðingar og spurningar til innanhússfélagsmanna með kveðju frá Guðfríði Lilju. 28. mars 2001.“ Þetta var heiti skýrslu sem stjórn ReykjavíkurAkademíunnar fékk Guðfríði Lilju Grétarsdóttur til að semja um starfið í RA. Guðfríður Lilja hafði komið á ráðstefnu um menntastefnu sem haldin var á milli jóla og nýárs árið 2000 og hafði þegar í stað fengið áhuga á starfsemi RA. Á fundi 12. janúar 2001 samþykkti stjórnin síðan að ráða hana til starfa við verkefni á vegum RA. Guðfríður Lilja skilaði skýrslu um verkefni sitt, eins konar úttekt á RA, í mars. Skýrslan er afar athyglisverð og sýnir vel stöðu RA um þessar mundir. Í hönd fóru erfiðleikatímar, og skýrslan endurspeglar að hluta þá óvissu og þreytu sem var komin í starfið í RA eftir fjögurra ára þolraun.

Skýrslan hefst á þeirri spurningu hvað mundi verða um RA ef öllum þar inni yrði boðin staða við HÍ. Draumsýn RA sé að hún sé eftirsóknarverður vinnustaður og samfélag fræðimanna „sem öðru fremur styrkir þá við að vinna að þeirra eigin hugðarefnum og þeim verkefnum sem kveikja í ástríðum þeirra og áhuga … Að efnileg fræðikona sem er t.d. að velja á milli þess að vera við HÍ eða RA, velji RA.“

Guðfríður Lilja spyr síðan hvort RA vilji vera lauslеg leigusamtök, kaótískt fræðasamfélag, þekkingarhús, vettvangur gagnrýninnar umræðu, rannsóknarstofnun, endurmenntunarmiðstöð eða háskóli, og ræðir nokkuð hvern þessara valkosta.

Hún segir tiltölulega auðvelt fyrir fólk að líta á



Salvör Nordal, formaður RA 2000–2001.

RA sem lausleg leigusamtök fræðimanna sem bjóða upp á skemmtilegar hádegis- og kaffiumræður og jákvætt andrúmsloft. Sérstaklega eigi þetta við um þá sem ekki séu nátengdir hinum upphaflega hugsjónakrafti RA. Akademían vilji hins vegar vera meira en þetta, og flestir RA-félagar séu á því að það sé hún. RA sé kaótískt fræðasamfélag, sjálfstæðir fræðimenn, rannsóknarhópar og lítil fyrirtæki séu í tiltölulega óskilgreindu sambýli, og þannig geti skapast frjótt afl fræða og menningar. Guðfríður Lilja segir svo: „Hvað sem öllu líður þá verður RA að mínu mati markvisst að færa sig nær stofnanabrag á ákveðnum sviðum og skerpa hlutverk sitt." Hún telur að RA eigi að halda í ákveðna þætti úr núverandi ástandi, svo sem lítið skrifræði, sjálfstæðar einingar og ákveðna grasrótartilfinningu innan samfélagsins og gagnvart því, en eigi um leið að líkjast stofnun með því að verða skilvirkari í innra starfi, bjóða fram meiri þjónustu á ákveðnum sviðum, hafa skýrara hlutverk og sjálfsmynd, og varanlegan starfs- og rekstrargrundvöll.

Síðan ræðir Guðfríður Lilja ýmsa möguleika á framþróun, svo sem RA sem þekkingarhús, „regnhlífar-samtök sem séu þverfaglegur múrbrjótur," RA sem vettvang gagnrýninnar umræðu, RA sem rannsóknarstofnun, sem endurmenntunarmiðstöð eða háskóla. RA sé nú þegar vettvangur gagnrýninnar umræðu, hún sé að ýmsu leyti betur í stakk búin en HÍ við að gera fræðimenn sýnilegri í samfélaginu, sé sveigjanlegri og fljótari að bregðast við. Dæmi um svið þar sem slíkir möguleikar eru miklir sé umræðan um nýbúa og þjóðerni. Guðfríður Lilja telur að RA geti að „öllu leyti styrkt hugsjónir sínar og gert þær raunverulegri ef hún ‚stofnanavæðist' og finnur sér ákveðið hlutverk í samfélaginu". Hún eigi að stefna markvisst að því að verða viðurkennd sem einhvers konar rannsóknarstofnun. Rannsóknarstarfið eigi að fara fram í sjálfstæðum einingum sem þiggi ýmiss konar skrifstofuþjónustu hjá RA. Ýmsar hugmyndir í þessa veru eru lagðar fram, svo sem RA sem þjónustumiðstöð fyrir sjálfstætt-starfandi fræðimenn, RA sem þverfagleg rannsóknarmiðstöð, RA sem miðstöð alþýðufræðslu og RA sem miðstöð menningarfræða með þverfaglega nálgun.

> Ef RA vill halda í þá hugsjón að vera skjól fyrir þá sem eru að byrja í fræðimennsku – nokkuð sem mér virðist vera ein af grundvallarhugsjónum hennar ... þá gæti hún hugsanlega líka verið tiltölulega ‚opin' stofnun, þ.e. hún hefði það meðal annars að höfuðmarkmiði að styrkja þá sem eru að byrja í starfi, vera eins konar æfingastöð sem gefur þeim tækifæri til að koma sér á framfæri. Þar sem háskólastofnanir hérlendis virðast ekki geta tekið við upprennandi fræðifólki nema að takmörkuðu leyti myndi RA sérstaklega gegna slíku hlutverki.

Í skýrslunni spyr Guðfríður Lilja hvort RA hafi burði til að vera með endurmenntun, en það hljóti að vera á dagskrá í framtíðinni. Einnig er spurt hvort RA verði háskóli eftir nokkur ár, en það telur skýrsluhöfundur draumkennda og óljósa hugmynd. Við það mundi RA breytast í grundvallaratriðum, og spyr Guðfríður Lilja hvort RA vilji vera háskóli stofnun sem leggur á alla kennsluskyldu og skrifræðis-/stjórnunarskyldu. Hér á landi hafi háskólar raunar ekki verið þær rannsóknarstofnanir sem þeir eigi að vera. RA sé ekki tilbúin að takast á við slíkt, fyrst eigi hún að tryggja tilveru sína og grundvöll sem fræðasamfélag og rannsóknarmiðstöð.

ReykjavíkurAkademían eigi fyrst og fremst að vera miðstöð sjálfstætt-starfandi fræðimanna. Það hafi hún verið hingað til, og miklu fremur verið litið á hana sem heitan pott þjóðfélagsmála eða múrbrjót fræða og lista en sem háskólastofnun. Sé vilji til þess að RA verði annað og meira en samfélag fræðafólks í félags- og hugvísindum þurfi forsendurnar að vera skýrar og almenn sátt verði að ríkja um slíka stefnumótum.

Sjálfstætt-starfandi fræðimenn séu hugsjónafólk og vilji vera laust við þröng mörk og skrifræði sem hefðbundnar stofnanir setji starfsmönnum. Slík tilvera sé hins vegar „rosalegt ‚hark'". Vinna geti verið stopul og ef til vill lítill áhugi fyrir því sem verið er að gera og oft erfitt að afla til þess fjár. Sjálfstætt-starfandi fræðimenn þurfi því einmitt mikla hvatningu og stuðning, og slíkt sé best að fá á stað eins og RA.

RA þurfi að sýna fram á að hún standi undir nafni á öðrum sviðum en í húsnæðismálum. Það hafi hún gert, í RA sé starfsvettvangur og sameiginleg vinnuaðstaða sem hafi skipt sköpum fyrir fræðistarf margra. Félagsskapurinn sé góður, jákvæður andi á vinnustað, samræður við aðra gefandi, skapandi og fræðandi, bæði hinar formlegu samræður og þær óformlegu.

Hins vegar hafi RA ekki náð að vera fjárhagslegur aflvaki, ekki getað séð til þess að verkefni félaga fengju fjárstuðning, ekki séð um aðstoð við fjármögnun og ekki boðið faglega aðstoð. Að þessu þurfi mjög að huga því sjálfstæð fræðimennska geti verið erfið, framtíðarhorfur óljósar og fjárveitingar ótryggar til þeirra hugðarefna sem fólk vilji helst vinna að.

Miðlunarhlutverk RA hafi tekist að ýmsu leyti mjög vel, útgáfustarfsemi sé hafin og fyrirlestrar, erindi, málstofur hafi tekist vel. RA sé einnig vettvangur samræðu sem hafi gengið óvenjulega vel, hún sé vettvangur þar sem „fólk getur farið úr þeim hlutverkum sem það hefur á öðrum stöðum og skapað hreinskilnari og frjórri samræðu en jafnvel tíðkast annars staðar (eða svo er sagt – er það rétt?! Hver er þá galdurinn við það?)," spyr Guðfríður Lilja. RA breyti andrúmslofti fræðasamfélagsins á Íslandi, bjóði upp á opnari umræðu og annars konar vettvang en til sé annars staðar.

## Styrkur og veikleikar

Guðfríður Lilja tekur síðan saman styrk RA og veikleika. Styrkurinn felist í því að Akademían sé starfsvettvangur, jákvætt samfélag, vettvangur gagnrýninnar umræðu og standi að útgáfustarfsemi. Auk þess hafi RA mjög jákvæða ímynd og njóti víða velvilja, ekki síst hjá stjórnvöldum. Ímyndin sé þó fremur óljós, og það sé ekki jákvætt. RA sé mótvægi við HÍ, en hvernig mótvægi vill RA vera? Í RA sé til dæmis lítið skrifræði og Akademían hafi fáar íþyngjandi skyldur miðað við HÍ. Því hljóti RA að vilja halda. En hvernig eigi samstarfið við HÍ að vera? Mikill mannauður búi í RA, þar sé fólk sem hafi lært í öllum heimshornum, tali fjölda tungumála, hafi öðruvísi sýn og sé hörkuduglegt. Þá sé það kostur að margir þeir sem fyrstir komu að uppbyggingu RA séu þar enn innanborðs. Fólki finnist vænt um RA og það sé gagnlegur félagsskapur.

Veikleikar RA séu meðal annars ótrygg staða hvað varðar fjárhagsgrundvöll, húsnæði, sjálfsmynd og skipulag. Sjálfboðavinna hafi verið mikilvæg en ekki sé hægt að byggja á henni í framtíðinni, RA verði að stofnanavæðast. Staða RA sem bakhjarl félagsmanna sé óljós.

Markmiðið hljóti að vera að gera þjónustusamning við ríkisvaldið. Ekki sé raunhæft að vonast eftir stuðningi frá einkaaðilum eða einkafyrirtækjum. Í lokaorðum sínum hvetur Guðfríður Lilja alla til að senda inn einhvers konar CV og nýjustu „afreka-, áhuga- og athafnaskrá" sína og segir „RA lengi lifi!"

## Rannsóknarhópar, stofnanir og fyrirtæki

Í skýrslu Guðfríðar Lilju frá 2001 er fjallað um hópa sem þá störfuðu innan RA og verkefni sem voru í gangi.

Collegium Musicum vann að því að leiða í ljós áður ókunnan tónlistararf í íslenskum handritum. Í fimm ára rannsóknarsögu hópsins hafði komið í ljós að sönghefð þjóðarinnar var mun meiri að vöxtum og fjölbreyttari en áður hafði verið talið. Elstu varðveittu menjar um tónlist hér á landi eru skinnblöð frá því um 1100, og jafnvel eldri – sem sé frá svipuðum tíma og fyrstu þekktu ritverkin. Um þrjátíu manns höfðu komið að rannsókninni, ýmist starfsmenn til lengri eða skemmri tíma eða fræðimenn sem kannað höfðu ákveðinn hluta þess tónlistararfs sem komið hafði í ljós, og var Kári Bjarnason helsti forvígismaður rannsóknarinnar. Umfang verksins hafði orðið miklu meira en gert var ráð fyrir í upphafi, því ekki hvarflaði að neinum að svo mikið leyndist af nótum og öðru tónlistartengdu efni í handritum sem raun bar vitni.

Árið 2001 var að mestu lokið að fara í gegnum þau handrit sem varðveitt eru hér á landi auk þeirra sem enn eru í Kaupmannahöfn, eða um 15 þúsund handrit. Í gagnagrunni samtakanna eru á þriðja þúsund færslur. Jafnframt hafði komið í ljós að þeir textar, einkum kristilegs eðlis, sem unnt er að syngja undir lögunum voru að mestu óþekktir eða lítt þekktir. Hér hafði komið í ljós áður ókunnur menningarlegur fjársjóður.

Framandleikahópurinn fjallaði um sjálfsmynd einstaklinga og hópa. Sú sjálfsmynd er nátengd hugmynd einstaklinga eða hópa um hvað sé framandlegt og öðruvísi, hvað sé í miðju og hvað sé í jaðri. Hópurinn spurði hvort sjálfsmynd gæti yfirleitt orðið til án sífellds samanburðar við aðra og aðgreiningar á milli þess sem er kunnuglegt

og þess sem er framandi. Hugmyndir sem grundvallast á aðgreiningu jaðarsvæða og minnihlutahópa gagnvart tiltekinni miðju eða samfélagslegu normi eru oftar en ekki í brennidepli þjóðfélagsumræðunnar. Slík umræða tengist í alþjóðlegu samhengi oft eftirköstum nýlendustefnunnar, samskiptum norðurs og suðurs, hinu austræna og vestræna, kynþáttahyggju og sjálfsmyndarpólitík. Hlutverk og mótun ímynda um framandleika eru rannsökuð í þverfaglegu ljósi.

Framandleikahópurinn lýsti sjálfum sér sem vettvangi lifandi samræðna um skilning á framandleika út frá rannsóknum fjölbreytilegra greina hug- og félagsvísinda. Fræðimenn af ólíkum sviðum hug- og félagsvísinda og listamenn áttu aðild að hópnum. Hann stóð á þessum tíma fyrir erindum og umræðufundum aðra hverja viku og stefndi að þátttöku á ráðstefnum ýmissa háskólastofnana. Að auki var stefnt að því að tengjast erlendum fræðimönnum og félögum sem fengust við svipuð viðfangsefni. Smám saman breyttist hópurinn í þann hóp sem nú stendur að verkefninu Ímyndir norðursins og fengið hefur öndvegisstyrk frá Rannís.

Hagþenkir, félag höfunda fræðirita og kennslugagna, var þegar hér var komið sögu með skrifstofu í RA og hefur haft síðan. Markmið félagsins er að gæta hagsmuna og réttar höfunda fræðirita og kennslugagna og bæta skilyrði til samningar og útgáfu rita sem þeir vinna að. Að þessu er meðal annars unnið með því að afla upplýsinga og veita leiðbeiningar sem koma félagsmönnum að gagni, annast samninga sem félagsfundir ákveða að gerðir skuli fyrir hönd félagsins, vinna að því að lög, reglur og reglugerðir þjóni sem best markmiðum félagsins, vinna að sem víðtækastri viðurkenningu á gildi þess að starfsskilyrði höfunda fræðirita og kennslugagna séu sem best.

Hagþenkir hefur gengist fyrir námskeiðum og ráðstefnum um hagsmuna- og áhugamál höfunda fræðirita og kennslugagna. Félagið hafði þá unnið að stofnun launasjóðs fræðiritahöfunda og að því að fræðiritahöfundar fengju sanngjarnar greiðslur fyrir afnot bóka á bókasöfnum.

Hagþenkir úthlutar árlega styrkjum til félagsmanna af því fé sem kemur í hlut þess vegna greiðslna fyrir ljósritun íslenskra verka í skólum og víðar. Starfsstyrkir og menntunar- og ferðastyrkir eru veittir höfundum fræðirita sem og sérstakar viðurkenningar fyrir framúrskarandi rit- og fræðistörf.

Heimildastofnun vann að því að gefa út og skrásetja íslenska frumtexta frá upphafi vega fram að 20. öld. Meginverkefni stofnunarinnar var að koma frumtextum frá fyrri tíð á netið. Ætlunin var að gera menningararfinn þannig aðgengilegan fræðimönnum um allan heim. Einnig skyldu gagnagrunnar stofnana og einstaklinga samhæfðir og tengdir. Stofnunin hafði heimasíðu, *www.heimildir.is*, og mun hún enn vera við lýði, en starfsemin hefur að því er virðist legið niðri undanfarið.

LögfræðiAkademían var stofnuð innan Reykjavíkur-Akademíunnar í þeim tilgagni að nýta krafta sérmenntaðs fólks á sviði lögfræði. Nýtt líf hafði færst í lögfræði á alþjóðlegum vettvangi með tengslum við stjórnmálafræði, félagsfræði og heimspeki, og ætlaði LA sér að starfa á slíkum grundvelli. Markmið hennar var að vinna að rannsóknarverkefnum og kennslu á sviði stjórnskipunar- og stjórnsýsluréttar örríkja og jaðarsvæða. LA stefndi að uppbyggingu BA-náms í lögfræði og stjórnmálafræði í tengslum við Háskólann á Akureyri og ýmsar aðrar stofnanir bæði innanlands og utan. Helsti forvígismaður LA var Ágúst Þór Árnason, formaður undirbúningsstjórnar RA, og leiddi þetta til þess að hann fékk fast starf við Háskólann á Akureyri og hefur unnið þar við verkefni sem byggjast á þessum hugmyndagrunni.

Sögusmiðjan var lengi vel eitt öflugasta fyrirtækið innan RA. Framkvæmdastjóri hennar var Jón Jónsson þjóðfræðingur, en hann var fyrsti fræðimaðurinn sem flutti inn í húsakynni RA í JL-húsinu. Jón hefur víðtæka reynslu af verkefnum sem tengjast ferðaþjónustu, sýningarhaldi, söfnum, vefvinnu, ritstörfum og útgáfumálum. Meðal fræðimanna sem unnu hjá Sögusmiðjunni voru Áki G. Karlsson, Rakel Pálsdóttir og Sigurður Atlason.

Sögusmiðjan er ráðgjafarfyrirtæki sem hefur miðlun sögu og þjóðfræða að meginmarkmiði. Fyrirtækið tók að sér stór og smá verkefni á sviði söguritunar og sýningarhalds, útgáfu og kynningar, ferðaþjónustu og menningarmála. Verkefni Sögusmiðjunnar voru meðal annars Vestfjarðavefurinn, viðamikill vestfirskur upplýsingavefur um menningu og mannlíf, ferðaþjónustu og sögu, og fræðileg handbók um menningartengda ferðaþjónustu. Einnig sinnti fyrirtækið rannsókn á þjóðtrú og barnamenningu og kom loks á fót Galdrasýningunni á Ströndum, sem er að líkindum þekktasta verkefni fyrirtækisins. Einnig kom Sögusmiðjan á fót Sauðfjársetri á Ströndum, stríðsminjasafni á Reyðarfirði o.fl. Jón Jónsson þjóðfræðingur fluttist í heimabyggð sína árið 2000 og hefur haldið þar áfram starfsemi Sögusmiðjunnar.

Verba ehf. var alþjóðlegt þýðingafyrirtæki með



Skálholt. Þar hefur RA tvisvar haldið merka fundi.

aðsetur í RA. Það tók að sér þýðingu á margs konar efni fyrir fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga. Eitt af markmiðum fyrirtækisins var að vinna að gerð sértækra orðalista til að viðhalda þeirri reynslu sem varð til við hvert verkefni. Fyrirtækið starfaði með neti þýðenda um allan heim. Þannig var hægt að bjóða þýðingar á flestum tungumálum, og móðurmálsþýðendur önnuðust allar þýðingarnar. Enn starfar fyrirtæki á þessu sviði í RA.

## Skálholtsfundur

Hinn 5. maí 2001 var haldinn annar Skálholtsfundurinn í sögu RA.[1] Ástandið var alvarlegt og við hæfi þótti að taka á vandanum á slíkum fundi allra þeirra félaga RA sem sáu sér fært að koma í Skálholt. Á fundinum kynnti Guðfríður Lilja skýrsluna sem hún hafði skrifað um ReykjavíkurAkademíuna og eftir það stýrði Ólína Þorvarðardóttir umræðum um skýrsluna. Eftir matarhlé stýrði Soffía Auður Birgisdóttir kynningu hópa á niðurstöðum sínum, en átta hópar höfðu verið myndaðir fyrir fundinn til að ræða margvísleg mál. Hóparnir voru þessir (hópstjórar í svigum): 1. Hvernig getur RA bætt starfsskilyrði og kjör fræðimanna? (Ólína), 2. Símenntun og námskeiðshald (Steinunn Hrafnsdóttir), 3. Rannsóknir (Viðar Hreinsson), 4. Útgáfumál (Irma Erlingsdóttir), 5. Samstarf heima og erlendis (Hildigunnur Ólafsdóttir), 6. Innra skipulag RA (Axel Kristinsson), 7. Bókasafn (Þórunn Sigurðardóttir) 8. Stofnun ráðgjafaráðs RA (Soffía Auður).

Varðveist hafa nokkrar niðurstöður hópa, þar á meðal útgáfuhóps og rannsóknahóps. Útgáfuhópurinn ræddi þá útgáfu á vegum RA, sem þá var raunar umtalsverð, tvær ritraðir, Atvik og Íslensk menning, og nokkrum dögum síðar hóf vefritið Kistan göngu sína á vegum RA. Útgáfuhópurinn lagði til að ný ritröð yrði sett á laggirnar, Tiltök, þar sem gefin yrðu út svokölluð „working papers/sérprent“ í svo sem eins og 100 eintökum. Þessi rit yrðu prentuð annaðhvort í ljósritunarvélum eða með hinni nýju stafrænu tækni sem gerði kleift að prenta með gæðum í fáum eintökum. Einnig var rætt um möguleika á kennslubókaútgáfu tíu bóka, sem þá var enn á dagskrá, og hafði fengist fé til útgáfu tveggja þeirra. Hugmyndin um Tiltök var góð, en aldrei varð af henni.

Einnig er til skjal með niðurstöðum spurningakönnunar hópsins sem sinnti kjörum fræðimanna. Einir 27 fræðimenn svöruðu spurningum um fræðasvið sitt, hvað þeir væru að gera, hvaðan þeir fengju fé til starfa sinna o.fl. Af þeim voru sjö bókmenntafræðingar, níu sagnfræðingar, tveir fornleifafræðingar, jafnmargir guðfræðingar og þjóðfræðingar, þrír félagsvísindamenn og einn lögfræðingur. Af þessum 27 fengust 20 við rannsóknir af einhverju tagi og 20 við verktöku, og fengust margir því við hvort tveggja. Af rannsakendunum 20 höfðu 14 fengið styrki úr Rannís en nokkrir stunduðu rannsóknir án

1 Skálholtsfundur 5. maí 2001. Skjöl. Skjalasafn RA.

Soffía Auður Birgisdóttir bókmenntafræðingur.



þess að fá til þess nokkurt fé. Spurt var þeirrar spurningar hvað menn vildu helst gera. „Þegar við könnunina bætist vitneskja hópstjóra um marga félaga blasir við sú kunnuglega mynd að hér er fjöldi hæfra fræðimanna að reyna að halda uppi metnaðarfullum rannsóknum við bágborin kjör." Hópurinn ræddi hvort ekki væri rétt að reyna að stofna rannsóknasjóð sem atvinnulífið kostaði, og þrýsta einnig á ríkisvaldið um framlög til rannsókna. Reyna yrði að nálgast sjóði á borð við Nýsköpunarsjóð.

Kjarahópurinn tók til umræðu hugmyndir frá Sigurði Gylfa um rannsóknarháskóla. Í þessum hugmyndum var gert ráð fyrir að RA hefði fimmfalt hlutverk og væri í senn vettvangur fyrir sjálfstætt-starfandi fræðimennsku, skjól fyrir ungt menntafólk, vettvangur fyrir fræðafélög, stuðningsháskóli (farandháskóli) fyrir aðrar háskólastofnanir og „skjól fyrir viðkvæm verkefni unnin af einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum". Lagt var til að menntamálaráðuneytið gerði samning við RA um fjóra síðustu liðina og greiddi fyrir þá. Ráðuneytið kæmi einnig á fót rannsóknarhvetjandi kerfi í RA, svipað og í HÍ, til að efla grunnrannsóknir sjálfstætt-starfandi fræðimanna. Ráðuneytið ætti í þriðja lagi að greiða ákveðið gjald fyrir þverfagleg verkefni sem stjórn RA mundi hrinda í framkvæmd á hverju ári, og að síðustu skyldi ráðuneytið taka þátt í rekstrarkostnaði sem til þyrfti til að RA gæti sinnt fyrsta verkefninu, að vera vettvangur fyrir sjálfstætt-starfandi fræðimenn.

Hópurinn lagði einnig fram hugmynd um „borgaralaun," þ.e. lágmarksframlög eða laun til framfærslu. Hið opinbera sæi um að greiða sjálfstætt-starfandi fræðimönnum slík laun að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. „Slíkt myndi létta lífsbaráttuna og um leið stuðla að betri nýtingu á mannauði og um leið aukinni framleiðni."

Meðal þess sem hópur um innra skipulag ræddi var hvernig samskiptum RA ætti að vera háttað við þá sem höfðu verið í Akademíunni en væru það ekki lengur. Einnig var rætt um akademískt starf RA, meðal annars um að halda faglega ráðstefnu einu sinni á ári, og þá var rætt um upplýsingaflæði frá stjórn til almennra félagsmanna, þar á meðal um það hverskonar trúnaður væri nauðsynlegur innan stjórnarinnar.

Í umræðum um skýrslu Guðfríðar Lilju velti einn ræðumaður því fyrir sér hvort frumkvöðlar RA væru „útbrunnar eldsálir" og nýjabrumið farið af RA. Sú skoðun var þó víðtækari að RA væri að breytast úr fámennu, fremur stjórnlausu samfélagi í alvarlegt, varanlegt fræðasamfélag og þyrfti að taka breytingum í samræmi við það. Rætt var um þörfina á atvinnusköpun fyrir sjálfstætt-starfandi fræðimenn, sem alls staðar í þessum umræðum var eins og leiðarstef. Kjarahópurinn taldi brýnt að koma RA á föst fjárlög, og brýnt væri að efla rannsóknarsjóði og launasjóði fræðimanna þannig að raunverulegur grundvöllur skapaðist fyrir þá sem ekki nytu fastra launa eða gegndu opinberum stöðum til fræðaiðkana. Áhersla var lögð á að menn gætu leitt verk sín til lykta en þyrftu ekki að hætta í miðju kafi vegna fjárskorts. Ýmsar aðrar hugmyndir og kröfur voru settar fram í kjarahópnum.

Um kvöldið var haldið á Eyrarbakka og farið á veitingahús þar sem glaumur og gleði ríktu fram eftir kvöldi. Þannig lauk þessu fyrsta tímabili í sögu RA.


MENNTUN

**Vísindi og vinna**/Á sama tíma og Rannsóknamiðstöð Íslands úthlutar 12,5 milljónum í ný verkefni á sviði hugvísinda leggja yfirvöld drög að framkvæmdum og fjárfestingum sem nema rúmum 315 milljörðum króna. **Gunnar Hersveinn** sat fund í ReykjavíkurAkademíunni með fulltrúum stjórnmálaflokkanna – um vísindi og vinnu.

Alltof fáir styrkir til fræðimanna

- Atvinnuleysi hefur aukist hvað mest hjá háskólagengnu fólki.
- Stjórnmálamenn hafa rétt til að forgangsraða í vísindum.

Vegir og rannsóknir

„Hvaða hlutverk ætla stjórnmálamenn framtíðarinnar ungu vísindafólki á sviði hug- og félagsvísinda?" spurði Steinunn Kristjánsdóttir sem greinir skilningsleysi stjórnvalda á mikilvægi vísindastarfs.

Gestir á morgunfundinum

Skilningsleysi stjórnvalda

# 4. kafli. RA 2001–2005

## Kreppir að

Hveitibrauðsdögum ReykjavíkurAkademíunnar lauk á árinu 2001, nánar tiltekið með afsögn Salvarar Nordal formanns á aðalfundi í mars. Sú afsögn var óvænt, en þegar betur er að gáð og horft á málið úr fjarlægð sést að afsögn Salvarar átti sér aðdraganda. Hún afhjúpaði með ótvíræðum hætti að goðsögnin um ReykjavíkurAkademíuna sem uppreisnarsamfélag hugrakkra sjálfstæðra fræðimanna dugði ekki lengur til að halda fólki við efnið, það var orðið brýnt að hafa eitthvað handfastara. Sjálfboðastarf frumherjaáranna var ekki nóg. Fólk var orðið þreytt á því að vinna fulla vinnu fyrir lítið sem ekkert, og formaðurinn vann allra mest.

Við tók barátta við að halda fleyinu á floti. Hafi upphafið verið dramatískt var þessi þáttur ekki síður hetjulegur, þegar RA vó salt á brún tortímingar, gjaldþrots og upplausnar.

Jón Karl Helgason talaði í upphafi um að RA yrði tilraun til eins árs, en kannski er réttara að tala um að

tilraunin hafi verið gerð til þriggja ára, á meðan hinn hagstæði húsaleigusamningur ríkisins um JL-húsið gilti. Niðurstaða þeirrar tilraunar var afar skýr. RA átti sér framtíðarvon ef rétt væri á málum haldið. Nýr og öflugur póll hafði bæst við í fræða- og menningarlíf landsmanna. Kraftar sem annars hefðu kannski farið til spillis voru nýttir, orðið hafði til nýr vinnustaður fyrir fræðimenn með jákvæðu og upplífgandi andrúmslofti, og sögur gengu um hversu sérstakt samfélag þrifist innan þessara veggja – þarna upplifði fólk sig á alveg nýjan hátt, hrifið úr hefðbundnum hlutverkum. Eitt af því allra besta og gagnlegasta við ReykjavíkurAkademíuna var að hún myndaði brú milli útlanda og íslenska fræðasamfélagsins, sem hingað til hafði sárlega skort. Fólk sem var í doktorsnámi í útlöndum gat haldið tengslum við íslenskt samfélag og unnið að verkefnum sínum hér en samt haldið í þann hugsunarhátt og hefðir sem tíðkuðust í fræðasamfélaginu erlendis. RA var eitt af því jákvæðasta sem lengi hafði gerst í íslenska fræðasamfélaginu og því var þeim mun undarlegra að ríkið skyldi ekki sjá sér hag í að tryggja þessa starfsemi í sessi. Í fjögur ár barðist Akademían við alltof háa leigu, hafði stundum ekki efni á að hafa framkvæmdastjóra og litlu munaði að hún yrði að leggja upp laupana. Formenn hennar gengu þrautagöngu milli ráðamanna en fengu oftast bara klapp á bakið og lítinn raunverulegan stuðning. Sú staðreynd að RA skyldi lifa þetta af er að þakka ótrúlegri þrautseigju og dugnaði þessara forvígismanna. Um síðir áttuðu ráðamenn sig á því að betra væri að hlú að þessari starfsemi og upp úr 2004 fór að rofa til.

Raunar tvöfaldaðist framlag alþingis til Akademíunnar árið 2001, úr fimm milljónum í tíu, en það dugði bara ekki til. Frá árinu 2000 var stefnt að því að fá Akademíuna inn á föst fjárlög, en forsenda þess var að hún yrði gerð að sjálfseignarstofnun. Þetta kom fram á aðalfundi RA í apríl 2001. Salvör Nordal gerði þar grein fyrir húsnæðismálunum og sagði að vildarkjörum hjá ríkinu væri að ljúka en gerður hefði verið húsnæðissamningur við eigendur JL-hússins til tíu ára og ákveðið að RA yrði þar áfram þann tíma. Salvör hætti formennsku á þessum aðalfundi og tók við starfi í Háskóla Íslands. Enginn gaf hins vegar kost á sér sem formaður í staðinn, enda hætti Salvör skyndilega vegna alvarlegra deilna sem komu upp í stjórninni rétt fyrir aðalfundinn. Menn gripu til þess ráðs í fátinu að kjósa kjörnefnd til að finna formann og leysa ágreining sem komið hafði upp í stjórninni, og sátu í henni þeir Axel Kristinsson, Sigurður Gylfi Magnússon og Viðar Hreinsson. Aðalfundi var frestað og skyldi halda framhaldsaðalfund. Raunar sagði Sigurður Gylfi sig úr kjörnefndinni áður en yfir lauk. ReykjavíkurAkademían lék á reiðiskjálfi þessar vikurnar.

Framkvæmdastjórinn, Kristrún Heimisdóttir, hafði horfið á braut til náms í Dublin eftir áramótin 2001.

Ágreiningurinn sem varð til þess að Salvör sagði af sér snerist á yfirborðinu um tillögu um að maður sem ekki hafði aðstöðu í JL-húsinu tæki sæti í stjórninni. Tillagan mun hafa verið komin frá Ágústi Þór Árnasyni, sem var þá varamaður í stjórn. Hún tengdist hugmyndum hans, sem hann hafði kynnt í ráðuneytunum, um að RA yrði ekki aðeins hús fullt af sjálfstætt-starfandi fræðimönnum heldur ennfremur net íslensks menntafólks um allan heim. Allir íslenskir menntamenn erlendis, þeir sem fjölluðu um íslensk fræði og þeir sem væru í doktorsnámi og öðru framhaldsnámi erlendis, mundu tengjast RA. Að sjálfsögðu byggðist þessi hugmynd á þeim miklu möguleikum sem menn sáu fyrir sér að fælust í internetinu.

Ekki tókst samstaða um tillöguna. Að líkindum stafaði það af ákveðinni þreytu sem komin var í starfið. Margir virtust telja að frekari útþensla væri óráðleg í bili. Nú þyrfti að staldra við, treysta það sem áunnist hefði og huga vel að næstu skrefum.

Hinn 25. apríl var framhaldsaðalfundurinn haldinn. Kjörnefndin, eða það sem eftir var af henni, skilaði af sér tillögu um stjórn, og voru eftirfarandi í kjöri: Axel Kristinsson, Ágúst Þór Árnason, Hildigunnur Ólafsdóttir, Irma Erlingsdóttir, Sumarliði R. Ísleifsson og Þórunn Sigurðardóttir. Til vara Ólafur Rastrick og Steinunn Hrafnsdóttir. Steinunn Kristjánsdóttir hafði fallist á að bjóða sig fram til formanns. Auk hennar voru þau Hildigunnur og Ólafur ný í stjórn.

Þessi stjórn fékk nú það verkefni að halda skútunni á floti við nýjar aðstæður. Steinunn sat í formannsstóli til ársins 2004, en í febrúar það ár lýsti hún ástandinu eins og það hafði þá verið frá 2002. Í fundargerð aðalfundar RA í febrúar 2004 segir:

> Þá vék Steinunn að rekstri RA sem hefur orðið mjög erfiður, ekki síst eftir að samningar um leigu á húsnæðinu tóku fullt gildi í apríl 2002. Endar ná ekki saman enda þótt leigutekjur séu stöðugar og húsnæðið fullnýtt. Framlag á fjárlögum 2003 hélst óbreytt, eða 10 milljónir króna. En framlag Reykjavíkurborgar lækkaði um rúman helming. Milli leigugjalda og tekna er 5 milljón króna gat. Stjórnin hefur því róið lífróður allan þennan tíma.

Vonir um bata til frambúðar hafa brugðist við skipti á menntamálaráðherra og borgarstjóra, en stjórnin hefur átt viðræður við ráðherra, borgarstjórn og fyrirtæki sem ekki hafa enn borið árangur. Því hefur verið frestað enn um sinn að breyta RA í sjálfseignarstofnun. Brugðið var á það ráð að hækka húsaleigu um 10% í sept. sl. Rekstrargjöld urðu samt 3 milljónir umfram tekjur og brýnt er að snúa þessari þróun við ef RA á að geta lifað af.

Þessi barátta og vonbrigði hafa sett mark sitt á stjórnarmenn og aðeins 3 gefa kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Steinunn taldi þörf á nýjum kröftum til að róa málum endanlega í höfn.

Spurt var hver hefði tekið ákvörðun um að lækka framlag borgarinnar til RA. Svarið var að það hefðu borgarráð og borgarstjóri gert í sameiningu. Framlag borgarinnar átti að vera endurgreiðsla fasteignagjalda og þegar þau voru reiknuð nákvæmlega út var framlagið lækkað úr 5 í 2,3 milljónir.

Eitt alvarlegasta vandamál ReykjavíkurAkademíunnar og myllusteinn um hálsinn á henni var fjárhagslegur baggi vegna leigu á þriðju hæð JL-hússins. Nauðsynlegt reyndist að fjölga í húsnæðinu og leigja alla þriðju hæðina út, sem jók mjög álagið á alla sameiginlega aðstöðu. Um leið varð að skera niður ýmsa þjónustu og gera ákveðnar breytingar á nýtingu húsnæðisins vegna hins mikla fjölda. Til dæmis var kaffiaðstaðan færð af háborðinu á fjórðu hæð niður á þriðju hæð, þar sem var raunverulegt eldhús. Kaffitímarnir á fjórðu hæðinni höfðu verið eins konar lífæð samfélagsins og söknuðu margir þeirra, enda voru þeir endurvaktir síðar.

Viðskilnaður framkvæmdastjórans, Kristrúnar Heimisdóttur, var umdeildur. Margir litu svo á að veturinn 2000 – 2001 hefði skipulagsleysi og óreiða í skrifstofuhaldi keyrt úr hófi og sökuðu framkvæmdastjórann um það hvernig komið var fyrir Akademíunni á vordögum 2001. Aðrir töldu að framkvæmdastjórinn hefði verið gerður að blóraböggli fyrir almenn vandamál Akademíunnar. Víst er að það var enginn leikur að eiga að stýra samfélagi sem samanstóð af 90 prímadonnum, eins og það var orðað í blaðagrein um Akademíuna snemma árs 1999, þar sem prímadonnurnar voru að vísu ekki orðnar nema 25. Eins og áður segir var raunveruleikinn að renna upp fyrir RA-félögum, það hafði ekki tekist að renna nægilega styrkum stoðum undir starfið. Menn höfðu farið offari, bjartsýnin hafði verið of mikil, menn ekki áttað sig á að það var ekki nóg að stofna samfélag og fá húsnæði. Þetta kom smám saman í ljós veturinn 1999–2000 og enn frekar veturinn 2000–2001.

## Öndvegissjóðirnir

ReykjavíkurAkademían kom eins og bomba inn í fræðasamfélag landsins árið 1998 og fyrstu árin rann verulegur hluti af framlagi Vísindasjóðs til rannsókna í hug- og félagsvísindum til félaga í RA. Á árinu 2001 urðu hins vegar breytingar á skipulagi Vísindasjóðs sem af sjónarhóli RA litu út eins og verið væri að vega að henni. Þessar breytingar urðu til að minnka möguleika félaga í RA á að fá styrki og runnu þeir í staðinn til Háskóla Íslands og annarra háskólastofnana í opinberri eigu án þess að fjármagn í sjóðnum væri aukið.

Ekki er víst að eldhugarnir í Akademíunni hafi alltaf áttað sig á því hvernig eldri fræðimönnum leið undir þeim stormi sem Akademían vakti í fræðasamfélaginu. Þeim þótti stundum að litlu haft áralangt starf við að efla fræðigrein sína, við þær aðstæður sem fyrir hendi voru í Háskóla Íslands, án raunverulegs framhaldsnáms og með miklum skrifræðiskvöðum og kennsluskyldu. Svo virtist sem RA ætlaði að taka yfir vaxtarsprotana í hug- og félagsvísindum, að allir doktorsnemar og ferskustu fræðimennirnir ætluðu að hasla sér þar völl. Í RA var nefnilega stór hluti þeirra sem í öðrum löndum mynduðu kjarnann í rannsóknarstarfi hug- og félagsvísindadeilda: Ungir fræðimenn í doktorsnámi eða nýorðnir doktorar. Flestir fræðimenn í doktorsnámi í ReykjavíkurAkademíunni voru raunar í erlendum háskólum.

Fljótlega var komið á fót húsnæði fyrir framhaldsnema af þessu tagi í Nýja garði, en þegar RA fór af stað var hvergi að finna neina aðstöðu fyrir þá á háskólasvæðinu. Háskólinn hafði enn ekki komist úr þeim sporum að vera grunnstigsháskóli, en RA hlýtur að hafa vakið menn af þeim dásvefni: Var kannski hættan sú að HÍ yrði aldrei framhaldsstigsháskóli? Rannsóknir höfðu alltaf verið takmarkaðar við HÍ, og nú virtist hætta á að RA yfirtæki allar rannsóknir í hug- og félagsvísindum. Sá ótti hefur ekki verið raunhæfur en það var eðlilegt að tilurð RA vekti slíkar hugmyndir. Hvað sem því líður virtust þær skipulagsbreytingar sem urðu á Vísindasjóði 2001 vera liður í því að efla framhaldsnám við Háskóla Íslands, bæði í hug- og félagsvísindum og raunvísindum, og var ekki vanþörf á, en þessar ráðstafanir komu hins vegar niður á RA.

Á fundi stjórnar ReykjavíkurAkademíunnar í sept-

ember 2001 var samþykkt að gera athugasemdir við breytta styrkjastefnu vísindasjóðs Rannís þar sem hún takmarkaði mjög möguleika sjálfstætt-starfandi fræðimanna á að sækja um verkefnisstyrki og hina nýju öndvegisstyrki. Í framhaldi af því skrifaði Steinunn Kristjánsdóttir grein í *Morgunblaðið*.[1] Breytingar voru fyrirhugaðar á Vísindasjóði Rannís. Nýr flokkur styrkja hafði verið tekin upp, flokkur stærri styrkja sem veita átti til grunnrannsókna, og auk þess voru hefðbundnir verkefnastyrkir nú bundnir við tilteknar upphæð. Nýi flokkurinn nefndist öndvegisstyrkir, og átti upphæð þeirra að vera fimm til tíu milljónir króna á ári til allt að þriggja ára. Alls voru 25 milljónir til ráðstöfunar í öndvegisstyrki, og því gátu í mesta lagi fimm verkefni fengið styrk. Skilyrði þess að verkefni fengi öndvegisstyrk var að stofnun eða fyrirtæki sem um sækti gæti lagt fram umtalsvert mótframlag með launagreiðslum, rannsóknaraðstöðu og þess háttar. Ljóst var því að einungis háskólastofnanir og stöndugustu fyrirtæki gátu sótt um öndvegisstyrkina.

Í grein sinni benti Steinunn á að sjálfstætt-starfandi fræðimenn væru nánast útilokaðir frá stóru öndvegisstyrkjunum, vegna þess að þeir gætu sjaldnast lagt fram fjármagn, aðstöðu eða annað á móti styrknum. Upphæð annarra verkefnastyrkja voru ákveðnar það lágar, frá einni til hálfrar annarrar milljónar, að rannsóknir voru nánast útilokaðar á þeim grundvelli nema til kæmu önnur framlög.

Steinunn benti á að þessi nýja stefna Rannís væri í andstöðu við yfirlýsta stefnu stjórnvalda. Björn Bjarnason þáverandi mentamálaráðherra hefði á fundi Rannsóknaráðs Íslands mælt gegn því að opinberar rannsóknarstofnanir fjármögnuðu starfsemi sína með styrkjum frá ráðinu. Hann hvatti til þess að styrkjum yrði úthlutað til einkaaðila en ekki ríkisstofnana. Steinunn segir síðan að innan RA séu um 60 sjálfstætt-starfandi fræðimenn, aðallega á sviði hug- og félagsvísinda. Þarna hafi aðstöðu stór hluti þeirra fræðimanna sem fjármagna rannsóknarverkefni sín með styrkjum úr Vísindasjóði Rannsóknaráðs Íslands. ReykjavíkurAkademían sé samfélag fræðimanna sem lokið hafi háskólamenntun og stundi sjálfstæðar rannsóknir á sviði fræða og vísinda. Markmiðið með stofnun ReykjavíkurAkademíunnar hafi verið að skapa fræðimönnum þverfaglegan starfsvettvang og hvetja þá með þeim hætti til samstarfs og nýsköpunar. Búast hefði mátt við að þetta gæti eflt grunnrannsóknir innan hug- og félagsvísinda og haft jákvæð áhrif á þróun þeirra. Síðan segir Steinunn:

> Vissulega er það fagnaðarefni að einstakir styrkir Vísindasjóðs hafi hækkað umtalsvert með breytingum á styrkjaforminu en þau skilyrði sem sett eru með breytingunum útiloka sjálfstætt starfandi fræðimenn ... frá því að eiga möguleika á að sækja um slíka styrki til rannsóknarverkefna sinna. Afkoma og tilvist einkum og sér í lagi þessara aðila eru háðar styrkveitingum úr innlendum rannsóknarsjóðum og þar gegnir Vísindasjóður stærsta hlutverkinu.
>
> Vísindasjóður Rannsóknarráðs Íslands á fyrst og fremst að styrkja grunnrannsóknir á sviði hug- og félagsvísinda en ekki að vera sá aðili sem veitir fjárframlög til hefðbundinna verkefna opinberra stofnana eða til stöndugustu fyrirtækja landsins. Fyrir þeim eru 5 milljóna króna fjárframlög til rannsóknarverkefna eins og dropi í hafið. Íslenskir mennta- og vísindamenn verða að fá tækifæri til að sinna rannsóknarstörfum sínum án bundinna ramma stofnana eða fyrirtækja. Nær væri því að beina úthlutunum úr sjóðnum að mestu til sjálfstætt starfandi fræðimanna og þar með væri ráðinu kleift að úthluta hærri styrkjum til færri aðila.

Viku síðar birtist í *Morgunblaðinu* grein eftir Oddnýju Mjöll Arnardóttur lögfræðing sem þá hafði tekið við starfi framkvæmdastjóra RA af Kristrúnu Heimisdóttur.[2] Grein Oddnýjar fjallaði um sama efni og grein Steinunnar, rannsóknarstefnu stjórnvalda. Í nýfluttri stefnuræðu forsætisráðherra hafði komið fram að aðgreina ætti styrki til vísindarannsókna annars vegar og til vöruþróunar og nýsköpunar hins vegar. Til stæði að sjóður sem hefði það hlutverk að styrkja vísindarannsóknir úthlutaði eingöngu styrkjum til einstaklinga og fyrirtækja þeirra en opinberar rannsóknar- og háskólastofnanir skyldu fjármagna sínar rannsóknir með öðrum hætti.

Oddný segir að fjárframlög til vöruþróunar og nýsköpunar hafi stöðugt hækkað en framlög til grunnrannsókna staðið í stað. Hún nefnir sprotafjármögnun Rannís og Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, og hina nýju öndvegisstyrki Vísindasjóðs. Nálægðin við markaðinn eða tengsl við opinberar rannsóknarstofnanir séu nú forsenda þess að geta sótt um rannsóknarstyrki sem einhverju máli skipti. Oddný bendir á að milli 1100 og 1200 Íslendingar stundi framhaldsnám á háskólastigi. Hluti slíkra nemenda muni alltaf kjósa að helga sig fræðistörfum og rannsóknum. Háskólar og opinberar rannsóknarstofnanir geti á hinn

1 Steinunn Kristjánsdóttir: „Öndvegisstyrkir Vísindasjóðs." Morgunblaðið 23. október 2001.

2 Oddný Mjöll Arnardóttir: „Rannsóknastefna ríkisstjórnarinnar." Morgunblaðið 30. október 2001.



Fjórða stjórn RA kjörin í apríl 2001: Steinunn Hrafnsdóttir, Hildigunnur Ólafsdóttir, Steinunn Kristjánsdóttir, Axel Kristinsson, Þórunn Sigurðardóttir, Sumarliði R. Ísleifsson, Irma Erlingsdóttir og Jónas Guðmundsson framkvæmdastjóri. Á myndina vantar Ólaf Rastrick.

bóginn aldrei veitt þeim öllum aðstöðu eða vettvang. Þá kjósi margir fræðimenn að starfa sjálfstætt.

Oddný telur að hjá sjálfstæðum og óháðum fræðimönnum fái frumkvæði og nýsköpunarkraftur að dafna óháð mörkum hefðbundinna stofnana. Óháðir fræðimenn geti veitt opinberum stofnunum það aðhald og samkeppni sem svo nauðsynlegt er í virku vísindasamfélagi. ReykjavíkurAkademían hafi orðið til vegna þarfar fyrir vettvang sjálfstætt-starfandi fræðimanna og meðal annars hindrað atgervisflótta hámenntaðra Íslendinga. Ýmis samstarfsverkefni og rannsóknarhópar hafi myndast í RA, og þar sé einnig samnýtt aðstaða og búnaður, sem ómögulegt væri ella. „Tilvist ReykjavíkurAkademíunnar styður þannig við bætta nýtingu þeirra fjármuna sem ríkið leggur til rannsókna og fræðistarfs. ReykjavíkurAkademían er í raun eina rannsóknasetrið sem hlúir að og virkjar kraft og framtak sjálfstætt starfandi fræðimanna á sviðum hug- og félagsvísinda," segir Oddný. Tilvist RA sé mikilvægur bakhjarl einkaframtaks í rannsóknum, og slík stofnun sé að vissu leyti forsenda þess að boðuð stefna í rannsóknum verði farsæl til framtíðar.

Hinar nýju áherslur Rannís stönguðust í raun á við boðaða stefnu stjórnvalda. Greinar þeirra Steinunnar og Oddnýjar sýndu að RA var nú farin að sinna því hlutverki að gæta hagsmuna sjálfstætt-starfandi fræðimanna, að móta stefnu í málefnum þeirra gagnvart fjárveitingarvaldinu og benda á möguleikana sem fólust í hinum nýja vettvangi fræðanna í RA.

Steinunn hafði skömmu áður skrifað grein í *Morgunblaðið* þar sem hún benti á hina miklu fjölgun fólks með framhaldsmenntun á sviði hugvísinda, og sagði meðal annars frá því að á næstu árum væri von á 12–13 konum úr doktorsnámi í sagnfræði.[1] Kvendoktorar í sagnfræði væru fimm fyrir. Með þessum skrifum bentu Steinunn og Oddný á brotalöm í stefnu stjórnvalda. Lág framlög til grunnrannsókna og rannsókna í hug- og félagsvísindum þrengdu þau tækifæri sem fólust í fjölgun fólks með framhaldsnám á þessu sviði, tækifæri sem hefði verið kjörið að nýta í samvinnu við ReykjavíkurAkademíuna með því að setja á fót ýmis rannsóknarverkefni.

Hafliði Pétur Gíslason hjá Rannís svaraði gagnrýni Steinunnar og Oddnýjar Mjallar í grein um Vísindasjóð

1 Steinunn Kristjánsdóttir: „Mikil og ör fjölgun fræðimanna." Morgunblaðið 29. september 2001.



Jón Viðar Jónsson leikhúsfræðingur að ganga frá í eldhúsinu.

rannsóknar- og kennslusvið og upplýsingasvið. Hlutverk rekstrarsviðsins yrði svipað og skrifstofurekstur RA hafði haft fram að því. Innan rannsóknar- og kennslusviðs skyldu fara fram rannsóknir, kennsla og símenntun, og upplýsingasviðið skyldi ná yfir rekstur bókasafns og útgáfu á vegum RA. Hvert svið átti að reka sem sjálfstæða einingu.

Í febrúar 2003 komu loks niðurstöður úr viðræðum við menntamálaráðuneytið: Ráðuneytið ákvað að ekki skyldi gerður samningur við RA að svo stöddu. Ráðuneytið hugðist þó leggja til að RA yrði áfram á fjárlögum ársins 2004.

Það gerðist einnig í febrúar að Steinunn formaður og Jón Olafsson áttu viðræður við rektor Háskólans í Reykjavík, og Jón við rektora Háskólans á Akureyri og Viðskiptaháskólans á Bifröst um námskeið RA fyrir háskólana um menningarsæi og menningarlæsi. Sigurður Gylfi Magnússon tók þátt í undirbúningi þessara funda. Viðræðurnar gengu vel og var ákveðið að halda þeim áfram. Í mars var samþykkt að ráða starfsmann til að sinna þessu verkefni. Hann átti einnig að undirbúa áðurnefnda rannsóknarstefnu, H-21, og að vinna að undirbúningi Stefánsstefnu, ráðstefnu um Stephan G. Stephansson.

Mikill bjartsýnistónn er í fundargerð stjórnarfundar frá 4. apríl 2003. Rætt er um kennslu á vegum RA í Háskólanum í Reykjavík. Jón Ólafsson skýrði frá vinnu sem hann hafði haft umsjón með vegna undirbúnings kennslu á vegum ReykjavíkurAkademíunnar í ýmsum háskólum. Markmiðið var að RA gæti starfað sem ígildi háskólastofnunar. Viðræður höfðu haldið áfram við HR og Bifröst og lofuðu þær góðu. Afráðið hafði verið að Akademían sinnti kennslu í einu námskeiði við HR, og í framhaldi af því var ákveðið að kanna grundvöll fyrir því að sækja um í markáætlun Rannís. Einnig var ákveðið að skipta rannsóknar- og kennslusviði RA í tvennt, og skyldi kennslusviðið verða sjálfstætt vegna aukinna verkefna undir stjórn Jóns Olafssonar. Olafur Rastrick var áfram yfir rannsóknasviði, en Sigurður Gylfi Magnússon kom einnig mjög að því starfi. Einnig varð til nýtt svið, fundasvið, og var Hildigunnur þar í forystu. Gunnar Hersveinn stýrði útgáfu- og kynningarsviði.

Bjartsýnistónninn var enn í mönnum á stjórnarfundi 20. júní 2003. Háskólinn í Reykjavík hafði boðið Akademíunni að endurtaka námskeið sem haldið hafði verið um vorið. Háskólinn á Bifröst óskaði eftir að RA stæði að aðferðanámskeiði og fleiri námskeiðum sem Jón Olafsson hefði umsjón með. Vakti Jón athygli á því á fundinum að með þessu væri Akademían orðin

vinnuveitandi háskólakennara. Steinunn, Jón og Sigurður Gylfi áttu fund með aðstoðarrektor Háskólans á Bifröst og forstöðumanni Snorrastofu í Reykholti um námskeið sem Akademían hannaði en yrðu kennt í Reykholti og með fjarkennslu. Stóðu vonir til að með þessu gæti tekist samstarf RA, Bifrastar og Snorrastofu um 45 eininga MA-nám í menningar- og safnafræðum. Jón taldi að verulegir möguleikar væru á að þróa verkefni á þessu sviði, ekki síst í ljósi mikillar fjölgunar nemenda í háskólanámi. Ákveðið var að þróunarhópur, skipaður Sigurði Gylfa, Steinunni, Páli Björnssyni og Jóni, skyldi leggja drög að kennslu á háskólastigi á vegum Akademíunnar. Stjórnin lýsti óblandinni ánægju með þróun mála. Hópurinn hittist þennan vetur á hverjum laugardegi til að undirbúa háskólakennsluna á hálfgerðum leynifundum. Menn vildu ekki að það fréttist að RA væri að undirbúa háskólakennslu, sérstaklega ekki til Háskóla Íslands.

Í apríl 2004 var svo undirritaður samningur við Bifröst um að RA sæi um fimm námskeið í MA-námi í menningar- og menntastjórnun. Stjórn RA skyldi skipa fjögurra manna fagráð til að framfylgja samningnum við Bifröst. Tillaga Jóns Ólafssonar um skipan þess var samþykkt og voru í ráðinu hann sjálfur, Páll Björnsson, Steinunn Kristjánsdóttir og Sigrún Sigurðardóttir. Um haustið var gengið enn lengra og lagðar fyrir stjórnina hugmyndir um hugvísindanám, sem verða skyldi þriðja deildin á Bifröst. Stjórnarmenn urðu þá sammála um að skoða hvaða árangur hefði orðið af samstarfinu áður en lengra yrði haldið.[1]

Í marslok birtist frétt í *Morgunblaðinu* um samstarf ReykjavíkurAkademíunnar og Bifrastarháskóla.[2] Fram kemur að þessir aðilar hafa undirritað samning um samstarf um kennslu og umsjón með nýju námi á meistarastigi á sviði menningar- og menntastjórnunar. Námið sé blanda viðskiptafræði og menningarfræði. „Hugmyndin þar að baki er sú að fólk sem er að starfa á sviði menningar, hvort sem það er að stjórna menningar- eða skólastofnun, kenna, stunda blaðamennsku eða starfa á sviði auglýsinga eða ferðaþjónustu, finni þarna nám sem getur hentað því mjög vel," sagði Jón Ólafsson.

Tíu til tuttugu manna hópur skyldi sinna verkefninu af hálfu RA. Námið er 45–60 einingar og ljúka nemendur sjö og hálfri einingu á misseri, þrjátíu í allt, og síðan bætist við 15–30 eininga lokaverkefni.

Samvinna þessi hefur haldið áfram, þannig að enn



Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur, formaður RA 2001–2004.

er í gildi samningur um að félagar í RA eigi möguleika á að koma að kennslu á Bifröst. Hins vegar stjórnar RA ekki þriðju brautinni, hugvísindabraut á Bifröst, eins og stefnt var að. Jón Ólafsson var ráðinn prófessor á Bifröst og stýrir nú þessu námi.

Sú stefna að byggja upp háskólakennslu á vegum Akademíunnar er ef til vill nokkuð á skjön við þá stefnu sem mótuð hafði verið í skýrslu Guðfríðar Lilju eins og áður segir (bls. 43), og hefur í raun verið ríkjandi síðan hún var sett fram. Þá var ákveðið að mynda hópa eða samtök fræðimanna innan RA, sem sæktu um fé til einstakra stórverkefna á sviði rannsókna. Vonir um háskólakennslu urðu að engu, en það varð síðar til að menn sóttu af meiri ákveðni eftir fé til að styrkja rannsóknir í RA.

## RA á Alþingi og víðar

Víða er að finna ýmiss konar umfjöllun um RA, sem sýnir álit manna á henni. Í maí 2003 ritaði Kristján Möller, þingmaður Samfylkingarinnar í Norðurlandskjördæmum og núverandi samgönguráðherra, grein í *Morgunblaðið* með fyrirsögninni „Norðlensku skólarnir og hátæknin". Kristján segir að efla verði skóla í höfuðstað Norðurlands. Hann segir meðal annars:

1 Fundargerðir stjórnarfunda RA 2001–2004.
2 Morgunblaðið 31. mars 2004.



Didda sér um kaffið og eldhúsið á morgnana.

Ein leið til að ýta undir að ungir fræði- og vísindamenn staðfestist á Akureyri eftir nám þar, eða beinlínis komi þangað að loknu námi annars staðar, er að skapa umhverfi sem laðar þá til búsetu á staðnum. Í því sambandi horfi ég til rannsóknarseturs líkt og Reykjavíkurakademíunnar fyrir sunnan. Hún var sett á laggir af nokkrum einstaklingum. Í dag er hún athvarf hátt í hundrað sjálfstæðra fræðimanna. Flestir eru ungir, ýmist að ljúka námi eða koma heim frá námi. Akademían veitir þeim tiltölulega ódýrt skjól, vísindalegt samfélag sem er þeim nauðsyn til að þróa hugmyndir í samræðu og sameiginlegum pælingum, og þar með mikilvæga staðfestu.

Reykjavíkurakademían er í jafn góðu formi og raun ber vitni í dag, meðal annars af því Alþingi ákvað að veita henni fjárstuðning, sem hjálpaði henni yfir erfiða hjalla. Ég mun beita mér fyrir því að hið opinbera, í samstarfi við Akureyrarbæ, stuðli að því að svipuð Akureyrarakademía verði til í höfuðstað Norðurlands. Hún gæti orðið ákaflega mikilvæg stoð þess mennta- og rannsóknarumhverfis sem er að þróast á Akureyri. Slíkt umhverfi er nauðsynlegt til að skapa jarðveg fyrir hátæknifyrirtæki í ýmsum greinum þekkingar- og hefðbundinna iðngreina, sem um síðir gætu orðið mikilvægur hluti af burðargrind atvinnulífsins í höfuðstað Norðurlands.[1]

Árið 2006 varð þessi hugmynd svo að veruleika með stofnun AkureyrarAkademíunnar. Hún er yfirlýst systurstofnun RA og er til húsa í fyrrverandi húsnæði Húsmæðraskólans á Akureyri.

Vorið 2004 komu málefni RA til umræðu í fyrirspurnartíma á Alþingi. Mörður Árnason hóf þá umræðu með eftirfarandi orðum:

> Upphaf Reykjavíkurakademíunnar árin 1997–1998 minnir nokkuð á söguna um egg Kólumbusar. Eitthvað svona hafði lengi vantað en enginn hafði almennilega vitað hvað átti að gera í því fyrr en – „Auðvitað! Svona á að gera þetta.“ Tíu ungir fræðimenn leigja saman skrifstofuhúsnæði og um leið er orðið til allt annað og meira en tíu sinnum ungur fræðimaður, nefnilega sjálfstætt fræðasamfélag með þekkingu og hæfni, spennandi samræður og samstarf, og svo skapast vettvangur fyrir fræðafundi og ráðstefnur, gróandi og verðandi í þessum hugvísindum og félagsvísindum, fyrir höfundskap og ýmsar tengdar listir, sérstaklega nýjabrum. Að lokum vaxa úr þessum jarðvegi sameiginleg þjónustuverkefni við rannsóknir og kennslu, jafnvel sprotafyrirtæki sem geta fært menntun og atvinnulífi ýmsan hagnað sem ólíklegt er að fáist annars staðar. Fyrir hug- og félagsvísindi er Reykjavíkurakademían orðin ómissandi. Í stað hinna tíu fyrstu sem fluttu inn á efstu hæð JL-hússins er nú komið 80 manna iðandi samfélag fræðimanna, rithöfunda, blaðamanna og fleiri á þremur hæðum með ráðstefnuhaldi, málstofum, samvinnu um kennslu við Viðskiptaháskólann á Bifröst og Háskólann í Reykjavík. Hugmyndir eru þar um rannsóknarmiðstöðvar á ýmsum sviðum og góð tengsl með ýmiss konar samvinnu við stóru frænku í Háskóla Íslands.

Mörður segir að RA standi á tímamótum, húsnæðismálin kreppi að en um leið sé metnaður mikill. RA hafi í þrjú eða fjögur ár reynt að fá þjónustusamning við mennta-

1 Morgunblaðið 5. maí 2003, miðopnu.

málaráðuneytið en ekki tekist. Mikilvægt sé að slíkur samningur sé gerður og með því geti almannavaldið tryggt mikilvæga tilvist þessa fræðasamfélags á sviði sem „til dæmis nýju háskólarnir hafa ekki sinnt". Mörður spurði síðan menntamálaráðherra hvað liði gerð þjónustusamnings við RA.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra svaraði því til að menntamálaráðuneytið hafi ekki treyst sér til „að skuldbinda ríkissjóð til lengri tíma á þeim nótum sem væntingar Reykjavíkurakademíunnar standa til". Ráðuneytið hafi ekki haft svigrúm til að gera þjónustusamning um önnur verkefni en þau sem ráðuneytinu bæri að fjármagna lögum samkvæmt. Ekki sé þó deilt um það ágæta starf sem fari fram innan ReykjavíkurAkademíunnar. Fram kemur að ríkið hafi styrkt RA með 10 milljónum króna árlega frá árinu 2000. Menntamálaráðuneytið hafi hins vegar ekki lögformlega skyldu gagnvart þeim hópi fólks sem að RA stendur, þetta fólk hafi róið á mið samkeppnissjóða og mörgum gengið ágætlega í þeirri glímu. Menntamálaráðherra minnir síðan á að ætlunin sé að auka framlög til Vísinda- og tækniráðs og tæknisjóða um einn milljarð króna, sem muni meðal annars nýtast þeim vísindamönnum sem starfi hjá RA.

Menntamálaráðhera sagðist ekki geta lofað að gerður yrði þjónustusamningur við RA, en sagðist mundu reyna að tryggja rekstrarumhverfi og almennt starfsumhverfi. Stuðningur við starf RA sé þó mjög í samræmi við þá þróun sem „við höfum verið að beita okkur fyrir í háskólasamfélaginu, einmitt að tryggja sem mest frelsi innan háskólasamfélagsins og hafa sem fjölbreyttasta flóru af meðal annars sjálfstætt starfandi fræðimönnum".

Asgeir Friðgeirsson svaraði menntamálaráðherra og tók undir hlý orð ráðherra í garð RA. Hann sagði að á fjórða tug rannsóknarstofnana heyrðu undir menntamálaráðuneytið og rétt væri að ráðherra endurskoðaði hvernig stjórnvöld styddu við rannsóknarstarf á þessum sviðum.

Þá tók Mörður aftur til máls og tók undir með Asgeiri: „Eg get ekki annað en tekið eftir því að við virðumst vera öll þrjú nokkuð sammála um gagnsemi Reykjavíkurakademíunnar." Hann taldi hins vegar eðlilegra að stofnun eins og RA gerði þjónustusamning við opinbera aðila en að hún fengi beint rekstrarframlag.

Þorgerður menntamálaráðherra svaraði þeim Asgeiri og Merði og nefndi að menntamálaráðuneytinu væri skorinn þröngur stakkur um fjárframlög til frjálsra félagasamtaka og sjálfseignarstofnana. Tækniháskólinn




Auglýsing fyrir málþing RA um menningarfræði í janúar 2004.



Hópmynd þar sem fimmta stjórn RA er samankomin ásamt Hildigunni Ólafsdóttur, sem var í fjórðu stjórninni. Efri röð: Hildigunnur Ólafsdóttir, Steinunn Kristjánsdóttir formaður, Sólveig Anna Bóasdóttir, Irma Erlingsdóttir og Ásdís Thoroddsen. Neðri röð: Sumarliði R. Ísleifsson, Haraldur Ólafsson, Gunnar Hersveinn og Ólafur Rastrick. Myndin er tekin í kennslustofu RA.

hefði til dæmis fengið grunnframlag til rannsókna upp á 25 milljónir í fyrsta sinn árið 2003. Það sé rúmlega helmingi meira en það sem RA fái. Þorgerður tók einnig undir að „þegar um svona umfangsmikið starf á fræðasviðinu er að ræða eins og gerist og gengur innan Reykjavíkurakademíunnar" þá væri heppilegra að stuðningurinn yrði í formi þjónustusamnings, en ríkisstjórnin hafi ekki burði til að gera nægilega stöndugan samning eins og á stæði. „En ég mun eftir sem áður beita mér fyrir því að rekstrarframlagið verði nægilegt til að þeir geti haldið starfsemi sinni úti."[1]

## Fundahöld og ráðstefnur

ReykjavíkurAkademían hélt áfram þeim hluta starfs síns sem sneri út á við af miklum krafti þótt vandkvæði steðjuðu að í fjármálum: Málþingum, sýningum og ráðstefnum. I maí 2001 var haldið málþing um tíðaranda í aldarbyrjun í samvinnu *Lesbókar Morgunblaðsins* og RA. Tuttugu greinar með þessari yfirskrift höfðu þá birst í Lesbókinni, ein í hverri viku. A málþinginu, sem var haldið í húsakynnum RA miðvikudaginn 23. maí, töluðu fjórir fræðimenn, þau Anne Brydon mannfræðingur og prófessor frá Kanada, einn helsti erlendi hollvinur ReykjavíkurAkademíunnar á upphafsárunum, Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur, Matthías Viðar Sæmundsson bókmenntafræðingur og Jón Karl Helgason bókmenntafræðingur.[2] Pallborðsumræður voru eftir erindin og stýrði þeim Ástráður Eysteinsson. Fundarstjóri var Þröstur Helgason, umsjónarmaður Lesbókar Morgunblaðsins. Að málþinginu loknu var opnuð ljósmyndasýning Kristins Ingvarssonar í húsnæði RA, en þær myndir höfðu fylgt greinaflokknum í Lesbókinni.

Kristján G. Arngrímsson skrifaði um málþingið í viðhorfsgrein í *Morgunblaðinu* sunnudaginn 27. maí. Kristján taldi að Anne Brydon hefði skorið sig úr hópi

1 Umræður á alþingi, 130. löggjafarþing (2003–2004), 85. fundur. Vefútgáfa Alþingistíðinda: [http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=130&mnr=681]

2 „Málþing um tíðaranda í aldarbyrjun." Morgunblaðið 23. maí 2001.

fyrirlesaranna með því að mótmæla ríkjandi ástandi, fremur en bara lýsa því eða efast um að það hefði nokkra merkingu. Titillinn á fyrirlestri hennar var „Lýðræðið lyktar af táragasi þessa dagana," en með því vísaði Brydon í átök sem urðu milli yfirvalda og andstæðinga markaðsvæðingar í Québec mánuðinn áður. Þar mótmæltu 20 þúsund manns viðræðum um samning um frjáls viðskipti í Ameríku, sem öll Ameríkuríki nema Kúba tóku þátt í. Ekkert varð raunar af samningnum í það sinn vegna andstöðu fátækari ríkja álfunnar.

Kristján taldi að ekki hefði orðið nein sérstök niðurstaða af fundinum, enda hafi sumir fyrirlesarar fyrst og fremst verið að velta því fyrir sér hvað hugtakið tíðarandi merkti, ef eitthvað, og reynt þannig að skilgreina byrjunarreitinn fremur en að komast af honum. Munur hafi þó verið á því hvernig fyrirlesararnir tókust á við tíðarandann. Bókmenntafræðingarnir hafi einkum verið í því að skilgreina byrjunarreitinn en fornleifafræðingurinn og mannfræðingurinn hafi tekið öllu áþreifanlegar á tíðinni. Brydon hafi svo skorið sig enn frekar úr með því að gagnrýna tíðarandann. Steinunn og Brydon hafi verið öllu jarðbundnari en strákarnir, leitað skilnings á tíðarandanum í áþreifanlegum fyrirbærum, í hörðum lögregluhöndum eða á kafi í jörðinni. Jón og Matthías hafi fyrst og fremst leitað skilnings á tíðarandanum í eigin huga og persónulegri upplifun sinni á tíðinni. Brydon hafi hins vegar gagnrýnt yfirvöld fyrir að nota lögregluna, gráa fyrir járnum og vopnaða táragasi, plastkúlum og kylfum, til að níðast á saklausu fólki. Hún gagnrýndi einnig fjölmiðla fyrir að gefa einfaldaða og í vissum skilningi ranga mynd af atburðunum.

Kristján lýkur viðhorfsgreininni með því að segja að tíðarandinn í aldarbyrjun sé alls ekki merkingarlaus. Hann hafi merkingu, hægt sé að festa hendur á honum og hann sé svo raunverulegur að finna megi af honum lyktina, bara ef maður hafi skilningarvitin opin.

Næsta málþing snerist um sjálfsmynd Íslendinga og þjóðernishugtakið. Það var þjóðhátíðarmálþing, haldið daginn fyrir 17. júní 2001. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir sagnfræðingur skipulagði málþingið og markmið hennar var að skoða í tilefni af fyrsta þjóðhátíðardeginum á nýrri öld hvernig „Íslendingar" litu út í spegli fjölmenningarsamfélags.[1] „Gleymast einhverjir hópar á þessum degi? Eru einhverjir útilokaðir frá fögnuðinum og þjóðlífinu yfirleitt?" spurði Guðfríður Lilja. Fram kom að markmiðið væri að vekja spurningar um hvaða



Ólafur Rastrick sagnfræðingur. Í stjórn RA 2001–2004.

leið Íslendingar vilji fara í málefnum fólks af erlendum uppruna, hvort ætlunin sé að fara í fótspor rasista eða læra af öðrum þjóðum til að fara heillavænlegri leiðir. Fram kom að málþingið var haldið í samvinnu við nýbúadeild Breiðholtsskóla, þar sem Anna Guðrún Júlíusdóttir var í forsvari, og að í ReykjavíkurAkademíunni hafi verið myndaður vinnuhópur um málefni innflytjenda. Meðal þeirra sem ætluðu að tala var Viðar Hreinsson, sem þá vann að ævisögu Stephans G. Stephanssonar. Stephan hefði séð Kanada fyrir sér sem fjölmenningarland 60–70 árum áður en það varð opinber stefna.

Málþinginu stýrði Melkorka Óskarsdóttir, formaður Heimsþorps, samtaka gegn kynþáttafordómum. Á þinginu töluðu Guðfríður Lilja, Ana Isorena Atlason stjórnmálafræðingur frá Filippseyjum, Unnur Birna Karlsdóttir sagnfræðingur, Toshiki Toma prestur innflytjenda á Íslandi, Þorgerður Þorvaldsdóttir sagn- og kynjafræðingur, Godson U.A. Anufuro viðskiptafræðingur frá Nígeríu, Anna Guðrún, sem hafði í fylgd með sér tvær stúlkur frá fyrrverandi Júgóslavíu, Natalíu og Natösju Stankovic sem fluttu ljóð á serbókróatísku og skýrðu áheyrendum frá efni þeirra á íslensku, Antoinetta Naysaa Gyedu-Adomako félagsfræðingur

1 „Hverjir fagna á þjóðhátíð?" Morgunblaðið 15. júní 2001.



Í baráttunni. Fjölmiðlar ræða við Viðar Hreinsson, sem skipulagði fundarhöld um umhverfismál á árunum 2004 og 2005.

og Viðar Hreinsson. Pallborðsumræður, sem Lára Magnúsardóttir sagnfræðingur stýrði, voru í kjölfar erindanna. Niðurstaða málþingsins var því sú, að sögn *Morgunblaðsins*,[1] að „17. júní yrði að vera hátíð fyrir alla Íslendinga hvort sem þeir væru afkomendur víkinga eða væringja. Til þess yrði að víkka þjóðernisvitund Íslendinga.“ Toshiki Toma hafi bent á að íslensk þjóðernissjálfsmynd og til dæmis bandarísk væru ólíkar, hin íslenska væri byggð á tungumálinu og hugmyndinni um sameiginlega sögu, en sú bandaríska á hugmyndinni um land hinna frjálsu. Afleiðingin væri sú að mun auðveldara væri fyrir innflytjanda að öðlast viðurkenningu sem Bandaríkjamaður en Íslendingur.

Um haustið var boðuð fyrirlestraröð í Iðnó á vegum Akademíunnar og Leikfélags Íslands á svokölluðum löngum laugardegi. Þessir fundir voru kallaðir „brönsfundir“. Meðal þeirra sem þar fluttu fyrirlestra var Erna Indriðadóttir, sem talaði 5. október um einkarekna menningu, möguleika eða draumóra. Erna spurði hvort sægreifar væru gersneyddir menningaráhuga eða hvort atvinnulífið gæti komið að því að reka menningarstofnanir. Síðar um veturinn fluttu fyrirlestra meðal annars þeir Stefán Snævarr heimspekingur, sem talaði um gagnrýna þjóðernisstefnu, og Vigfús Geirdal sagnfræðingur, sem lýsti því hvernig íslenskir nýbúar urðu að fullgildum Kanadamönnum á 19. og 20. öld.

Meðal annarra umræðufunda veturinn 2001–2002 voru málþing um bók Guðmundar Hálfdanarsonar, *Íslenska þjóðríkið, uppruni og endimörk,* sem haldið var 31. janúar 2002 og málþing um þarfir vímuefnaneytenda sem RA hélt ásamt Sakfræðifélagi Íslands og Lögfræðingafélagi Íslands. RA stóð einnig fyrir maraþonupplestri úr verkum Halldórs Laxness 17. apríl 2002, þegar 100 voru liðin frá fæðingu skáldsins.

## Bókasafn Dagsbrúnar

Árið 2002 urðu allmikil umskipti í stjórn ReykjavíkurAkademíunnar. Þrír af elstu félögum RA hættu þá í stjórninni, þau Axel Kristinsson, Ágúst Þór Árnason, Þórunn Sigurðardóttir og Steinunn Hrafnsdóttir. Í stað þeirra komu Sólveig Anna Bóasdóttir og Haraldur Ólafsson. Í varastjórn komu inn Gunnar Hersveinn og Ásdís Thoroddsen, en úr gömlu stjórninni sátu áfram Sumarliði R. Ísleifsson, Steinunn Kristjánsdóttir og Ólafur Rastrick.[2] Þeir sem upphaflega fluttust í húsnæðið haustið 1998 höfðu fram að þessu haft forystuna með hendi að verulegu leyti, en nú urðu kynslóðaskipti.

Laugardaginn 29. nóvember 2003 urðu ákveðin þáttaskil í starfsemi ReykjavíkurAkademíunnar. Þá tók RA við rekstri og umsjón Bókasafns Dagsbrúnar.[3] Samningur var undirritaður um það milli Eflingar – stéttarfélags og RA og haldin var opnunarathöfn. Safnið var nú flutt í húsnæði Akademíunnar í JL-húsinu og skyldi það verða sérsafn á sviði verkalýðsmála og atvinnulífsrannsókna. Bókasafn Dagsbrúnar var stofnað árið 1956 þegar Guðrún Pálsdóttir, ekkja Héðins Valdimarssonar, gaf Verkalýðsfélaginu Dagsbrún bókasafn hans, alls 2400 titla. Safn Héðins var að grunni til komið frá foreldrum hans, Bríeti Bjarnhéðinsdóttur og Valdimar Ásmundssyni. Margir hafa gefið bækur til þess og nú eru um 17 þúsund titlar í safninu. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, kom og hélt ræðu við þetta tækifæri og sagði meðal annars:

> ReykjavíkurAkademían hefur reynst brýn viðbót við mennta- og rannsóknarstofnanir okkar Íslend-

1 „Þjóðernisvitund í fjölmenningarsamfélagi.“ Morgunblaðið 20. júní 2001.

2 Ákveðið ósamræmi er í því hverjir voru taldir hafa hætt í stjórninni. Ágúst Þór telur sjálfur að hann hafi hætt í stjórninni 2002 en í skjölum RA segir að hann hafi áfram verið í stjórn. Einnig er óljóst hvort Irma Erlingsdóttir hætti á aðalfundinum 2002.

3 „Akademían ættleiðir bækur.“ Morgunblaðið 29. nóvember 2003.

> inga, frjór og vakandi vettvangur fræða og menningarstarfs, samfélag sem rúmar allar kynslóðir og öll sjónarmið eins og sannri akademíu sæmir. Hér starfa í bróðerni reynsluríkir fræðimenn við hlið ungra vísindamanna, hér vinna sagnfræðingar, félagsvísindamenn og bókmenntafræðingar við hlið rithöfunda og ljóðskálda; flestar hliðar mannvísinda eiga fulltrúa í vaskri sveit um 80 einstaklinga sem hér gengur til verka. ReykjavíkurAkademían hefur einnig sýnt frumkvæði að forvitnilegum málstofum og ráðstefnum á ýmsum sviðum sem vakið hafa athygli, og oft verið þörf áminning um nýja hugsun, ögrun við vanaviðhorf og hagsmunaítök. Það er lítilli þjóð lífsnauðsyn að eiga þróttmikinn fræðavettvang, metnaðarfulla og sjálfstæða fræðimenn sem leita markvisst eftir samstarfi við menntastofnanir um veröld víða, njóta lifandi samskipta við erlenda háskóla, vísindamenn og rannsóknarsetur. A nýliðnum árum hef ég heimsótt allmarga háskóla og rannsóknarstofnanir beggja vegna Atlantshafsins, allt frá háskólanum í Roveniemi norður í Lapplandi og háskólunum í Pétursborg og Hólmgarði til virtra menntastofnana vestur í Bandaríkjunum, Columbia, Harvard, Brown, Dartmouth, nú síðast Emory í Atlanta svo að nokkrir séu nefndir. Hvarvetna hef ég skynjað mikinn velvilja í garð okkar Islendinga, virðingu fyrir íslenskum vísindamönnum og áhuga á því að treysta samskipti við íslenskan fræðavöll. Hér getur ReykjavíkurAkademían komið að góðu liði og orðið öflugur þátttakandi af Islands hálfu í alþjóðlegri samræðu fræðimanna, samstarfi sem skilað getur okkur traustri þekkingu og nýrri sýn.[1]

Mikil ánægja var með þennan áfanga meðal demóna. Draumur var orðinn að veruleika, og þetta var eitt stærsta skrefið sem hafði verið stigið í þróun Akademíunnar frá stofnun hennar. I tengslum við flutning bókasafnsins til RA var efnt til fyrirlestraraðar, árlegra „Dagsbrúnarfyrirlestra", og hélt Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, til dæmis fyrirlestur með nafninu „Islenskt launafólk á tímum alþjóðavæðingar" 19. nóvember 2005.[2]

Þrátt fyrir slíka ljósa punkta var starfið erfitt á þessu tímabili, við mikla fjárhagserfiðleika að etja og vandræði í uppbyggingunni. Fjárhagserfiðleikarnir gerðu að verkum að ekki var unnt að gera RA að sjálfseignarstofnun og það hindraði að hægt væri að komast inn á fastan lið á fjárlögum.



Jón Ólafsson heimspekingur, formaður RA 2004–2006.

## Stjórnin 2004

Á aðalfundi vorið 2004 gáfu aðeins þrír stjórnarmenn kost á sér til áframhaldandi starfa. Steinunn Kristjánsdóttir hætti þá sem formaður RA eftir að hafa gegnt starfinu í þrjú ár. Nýr formaður var kosinn Jón Olafsson, en aðrir í stjórn voru Auður H. Ingólfsdóttir umhverfisfræðingur, Erna Indriðadóttir fréttamaður, Kári Bjarnason íslenskufræðingur og Páll Björnsson sagnfræðingur. Varamenn voru Birgir Hermannsson stjórnmálafræðingur og Sigrún Sigurðardóttir menningarfræðingur.

## Fundir og ráðstefnur, bæði haldnar og ekki haldnar

Hinn 3. október 2003 var haldin Stefánsstefna í tilefni af því að 150 ár voru frá fæðingu Stephans G. Stephanssonar skálds, og í tilefni af því að síðara bindi ævisögu Stephans eftir Viðar Hreinsson var komið út. Viðar skipulagði ráðstefnuna í samvinnu við Ulfar Bragason og Guðrúnu Guðsteinsdóttur. RA stóð að ráðstefnunni í samvinnu við Háskóla Islands, Stofnun Sigurðar Nordals og The Nordic Association for Canadian Studies, og var ráðstefnan haldin í Háskóla Islands. Hvorki fleiri né færri en sautján fræðimenn héldu þar fyrirlestra.

I janúar 2004 var haldin rannsóknarstefna um menningararf og menningarstefnu, en það verkefni hafði vinnuheitið H-21 og hefur það áður borið á góma. Ráðstefnan fjallaði um það hvernig stjórnvöld héldu við menningarlegum auðlindum, hagnýttu þær og stjórnuðu. Tveir erlendir fræðimenn, Tony Bennett frá Bretlandi og Barbro Klein frá Svíþjóð, fluttu fyrirlestra á ensku og síðan fluttu sjö íslenskir fyrirlesarar erindi. Þessi ráðstefna var haldin í Norræna húsinu og var fjölsótt.

I janúar 2004 hélt RA einnig blaðamanna-

1 Olafur Ragnar Grimsson: Ræða við opnun Bókasafns Dagsbrúnar í RA. Skjalasafn RA, mappa merkt Minningabók.
2 „Ingibjörg Sólrún með Dagsbrúnarfyrirlestur." Morgunblaðið 19. nóvember 2005.



Ásdís Thoroddsen kvikmyndagerðarmaður. Í stjórn RA 2002–2004.

fund í tilefni af deilum um bók Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar um Halldór Laxness. Á blaðamannafundinum sátu fyrir svörum þrír höfundar fræðirita, þau Guðjón Friðriksson, Þórunn Valdimarsdóttir og Viðar Hreinsson. Hannes Hólmsteinn var á fundinum og taldi sig fórnarlamb fjölmiðlafárs.

Hinn 1. apríl var svo haldið málþing undir yfirskriftinni „Eru fréttir skemmtiefni?" Aðalfyrirlesari á þessu málþingi var Guðmundur Andri Thorsson, sem fjallaði um það sem hann kallaði skemmtivæðingu þjóðmálaumræðunnar í íslenskum fjölmiðlum.

Um haustið var fjallað í *Morgunblaðinu* um ráðstefnu sem RA hélt ekki.[1] Þá skrifaði Jón Ólafsson, sem orðinn var formaður Reykjavíkur-Akademíunnar, um að Hannes Hómsteinn Gissurarson hefði oft kvartað yfir því að ReykjavíkurAkademían sýndi tillögum hans og óskum um ráðstefnu um aðferðir í ævisagnaritun engan áhuga. Jón Ólafsson sagði að það væri honum hulin ráðgáta hvers vegna stofnanir á borð við ReykjavíkurAkademíuna eða heimspekideild Háskóla Íslands ættu að halda slíka ráðstefnu í tilefni af bók hans. „Það er raunar stórmerkilegt að hann skuli hvað eftir annað krefjast þess að fólk sýni bók hans áhuga og því sem hann nefnir aðferð sína við ritun hennar," segir Jón. Gagnrýnendurnir Helga Kress, Páll Björnsson, Gauti Kristmannsson og nú síðast sænski sagnfræðingurinn Harald Gustafsson, sem allir njóti virðingar og trausts á sínum fræðasviðum, hafi bent á alvarlega hnökra í vinnubrögðum Hannesar við ritun bókarinnar. Jón telur réttarsalinn eðlilegri vettvang til að útkljá deilur sem af bókinni hafi sprottið en fyrirlestrasalinn.

Veturinn 2004–2005 hélt RA fundaröð sem vakti mikla athygli. Hún hét „Virkjun lands og þjóðar" og stýrði henni Viðar Hreinsson. Á fyrsta fundinum, 9. október 2004, kynnti Ómar Ragnarsson bók sína um Kárahnjúkavirkjun, og þeir Þorsteinn Siglaugsson og Smári Geirsson héldu framsöguerindi um það hvort það gæti borgað sig að hætta við virkjunina. Húsfyllir var á fundinum, og voru umræður fjörugar.[2] Fundurinn gaf tóninn fyrir fundaröðina, sem var bæði fjölsótt og mjög til umfjöllunar í fjölmiðlum. Meðal annarra frummælenda voru Einar Þorleifsson fuglafræðingur og Sigurður Arnalds verkfræðingur frá Landsvirkjun, Ragnhildur Sigurðardóttir umhverfisfræðingur, Styrmir Gunnarsson ritstjóri Morgunblaðsins, Þorvarður Árnason náttúrufræðingur, Jón Ágúst Þorsteinsson, formaður nýstofnaðra samtaka sprotafyrirtækja, og Ásgeir Jónsson, hagfræðingur og lektor við Háskóla Íslands.[3] Með fundaröðinni sýndi RA að hún gat tekið forystu í umfjöllun um hitamál samfélagsins og sýndi fundaröðin vel hina djúpstæðu óánægju sem ríkti meðal fjölmargra Íslendinga vegna Kárahnjúkavirkjunar.

Í apríl 2005 hélt RA opinn fund um hjálparstarf á hamfarasvæðum í samvinnu við Rauða krossinn. Sigríður Björk Þormar sem unnið hafði á flóða- og jarðskjálftasvæðum við Indlandshaf lýsti þar áfallahjálp á vettvangi.

Um haustið hélt Hugvísindastofnun Íslands ráðstefnu um framúrstefnu í íslenskum og evrópskum bókmenntum á 20. öld í samvinnu við ReykjavíkurAkademíuna. Síðan var haldinn umræðufundur á vegum RA um málefni innflytjenda á Íslandi undir yfirskriftinni „Varavinnuafl eða vannýtt auðlind?". Meðal þeirra sem þar tóku til máls var Hallfríður Þórarinsdóttir mannfræðingur, sem starfar í RA og hefur unnið mjög að málum innflytjenda. Innflytjendamálin hafa orðið einn gildasti þráðurinn í starfi RA. Þessi fundur var raunar aðeins fyrsti fundur í heilli fundaröð um málið veturinn 2005–2006. Þar voru haldnir níu fundir, hver með sínum fyrirlesara og umræðum á eftir. Nöfn fyrirlestranna voru meðal annars „Skurðlæknir í skúringum," en þann fyrirlestur hélt Grazyna Okuniewska hjúkrunarfræðingur og fjallaði um þá staðreynd að hámenntað fólk væri að vinna á elliheimilum, í frystihúsum og við heimilishjálp, „Taílendingar í Taflfélagi Reykjavíkur," sem Andrea Sompit Siengboon uppeldis- og menntunarfræðingur hélt og fjallaði um þátttöku innflytjenda í félagslífi og stjórnmálum hérlendis, og „Menntunarmöguleikar í nýju landi," en þar fjallaði Anh-Dao Tran menntunarráðgjafi um hvað valdi því að nemendur af erlendum

1 „Áhugaleysi um Halldór." Morgunblaðið 13. nóvember 2004.

2 [www.natturuverndarsamtok.is/news.asp?ID=200]

3 „Framkvæmdaaðilinn hefur of mikið vald." Morgunblaðið 22. nóvember 2004; [www.herdis2002.blogspot.com/2004/11/virkjun-lands-og-jar.html]; [www.visir.is/apps/pbcs.dll/article?AID=/20050322/SKODANIR04/503220338&SearchID=73246286307871]



Við langborðið á fjórðu hæð. Fundur með Stefáni Jóni Hafstein borgarfulltrúa.

uppruna hætta unnvörpum í framhaldsskóla. Auk þess fjölluðu sex Íslendingar, Gissur Pétursson forstjóri Vinnumálastofnunar, Elsa Arnarsdóttir forstöðumaður Fjölmenningarseturs á Ísafirði, Anna G. Ólafsdóttir blaðamaður, Hallfríður Þórarinsdóttir mannfræðingur, Eiríkur Bergmann Eiríksson stjórnmálafræðingur og Unnur Dís Skaptadóttir mannfræðingur hver um sitt svið.

Í janúar árið 2006 hélt RA fund með Mannfræðifélagi Íslands um Miðausturlönd. Þar hélt Magnús Þorkell Bernharðsson, þekktur sérfræðingur í málum Miðausturlanda, erindi um pólitísk átök á svæðinu og velti fyrir sér afskiptum eða afskiptaleysi fræðimanna af þeim átökum. Erindi hans byggðist á grein sem nýlega hafði birst í Skírni.

Í febrúar 2006 efndi nýr hópur innan RA til kvikmyndasýningar. Myndin sem sýnd var hét Tishe! eftir rússneska kvikmyndagerðarmanninn Viktor Kosakovskij. Myndin sýndi vegaframkvæmdir fyrir utan glugga höfundarins og spannar allt árið fyrir 300 ára afmælishátíð Pétursborgar. Hér var á ferðinni Kviksaga, sem hefur að markmiði að efna til sýninga og framleiðslu á heimildarmyndum, halda kvikmyndagerðarnámskeið fyrir fræðimenn og vera vettvangur fyrir áhugafólk á þessu sviði.

## Heiðursfélagar og nýr framkvæmdastjóri

Björn Bjarnason og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir voru útnefnd heiðursfélagar ReykjavíkurAkademíunnar í nóvember árið 2004. Í frétt *Morgunblaðsins* um þetta er meðal annars vitnað í Jón Ólafsson: „Björn Bjarnason var menntamálaráðherra fyrstu árin eftir að Akademían var stofnuð. Hann sýndi málum hennar mikinn skilning og studdi vel við bakið á því sem Akademían gerði. Ingibjörg Sólrún var borgarstjóri á þeim tíma og fyrstu styrkirnir sem Akademían fékk, og skiptu gríðarlega miklu máli, voru frá borginni.“[1]

Einnig kom fram í fréttinni að Þórólfur Árnason borgarstjóri heimsótti ReykjavíkurAkademíuna í tilefni af þjónustusamningi borgarinnar við Akademíuna. „„Samningurinn er til þriggja ára og felur í sér 4,5 milljón króna fjárframlag til Akademíunnar á hverju ári sem er nýtt til þess að greiða hluta af launum starfsmanna og til að greiða fyrir verkefni sem er á okkar snærum og svo hins vegar fyrir verkefni sem borgin og Akademían koma sér saman um,“ segir Jón.“

Í byrjun árs 2005 var Erna Indriðadóttir fréttamaður ráðin framkvæmdastjóri RA. Þá hafði RA ekki getað ráðið

1 Morgunblaðið 28. október 2004.

framkvæmdastjóra um skeið vegna fjárskorts. Erna réð sig annað í sumarbyrjun en í stað hennar var Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur, sem verið hafði einn af forystumönnum RA allt frá stofnun, ráðinn framkvæmdastjóri um haustið. Hann gegndi starfinu á 10 ára afmæli Akademíunnar og gerir enn.

## Fjárhagurinn kemst í höfn

Á árinu 2005 tókst loks að leysa ReykjavíkurAkademíuna undan skuldunum. Í fundargerð aðalfundar árið 2006 segir:

> Skýrsla stjórnar var flutt af formanni, Jóni Ólafssyni. Hann hóf mál sitt á því að segja að árið 2005 hefði tvímælalaust verið besta starfsár Reykjavíkur-Akademíunnar um nokkra hríð. Eftir margra ára fjárhagserfiðleika tókst stjórninni að semja um niðurfellingu leiguskulda sem ógnað höfðu tilvist RA. Við héldum framlögum Reykjavíkurborgar og menntamálaráðuneytis sem eru nauðsynlegar forsendur starfs RA og gerðum ýmsar nauðsynlegar lagfæringar á rekstrinum í þá átt að draga úr útgjöldum. Rekstur RA er í nokkuð góðu lagi og útgjöld innan þeirra marka sem leigutekjur og aðrar tekjur og framlög til RA leyfa. Starfsemi innan RA er í miklum uppgangi, ímynd RA er að styrkjast. Í byrjun árs 2005 var ljóst að RA myndi geta ráðið framkvæmdastjóra og var Erna Indriðadóttir ráðin frá 1. febrúar. Í júní var hún losuð undan skuldbindingum samkomulagsins vegna annars starfs sem henni bauðst, hjá Alcoa, og var Viðar Hreinsson ráðinn í starfið frá 1. september. Ýmsir hafa gegnt störfum á skrifstofu í hálfu eða hlutastarfi, en stefnt er að því að skrifstofustarfið verði fullt starf þegar fjárhagur leyfir.

Sjálfseignarstofnunin ReykjavíkurAkademían varð loks að veruleika árið 2006, og þar með var reksturinn tryggður.



Ólöf Gerður Sigfúsdóttir mannfræðingur ræðir við gest á ráðstefnunni um ímyndir norðursins í febrúar 2006. Ólöf Gerður hafði veg og vanda af framkvæmd þeirrar ráðstefnu, sem er eitt stærsta verkefni sem Reykjavíkur-Akademían hefur ráðist í.




Hinn nýi framkvæmdastjóri, Viðar Hreinsson, í ræðustól á ímyndaráðstefnunni.

# 5. kafli. Breyttir tímar – starfið 2005–2007

Haustið 2005 var Viðar Hreinsson ráðinn til starfa sem framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar. Viðar hafði allt frá upphafi verið einn af virkustu félögum Akademíunnar. Hann hafði stýrt starfsemi Rabygg á meðan sú tilraun stóð, hafði síðan gert einn af fáum stórum samningum sem nokkrum fræðimanni við ReykjavíkurAkademíuna hefur tekist að gera við einkafyrirtæki til rannsóknar- og ritstarfa, og stóð fyrir mikilli fundaröð um stóriðju-, virkjana- og náttúruverndarmál. Ráðning Viðars reyndist heillaspor, hann þekkti vel alla innviði RA og þurfti ekki að eyða dýrmætum tíma í að setja sig inn í hugsanagang og strauma í Akademíunni. Viðar er enn framkvæmdastjóri og gegnir starfinu til ársloka 2009 að minnsta kosti.

Eitt af fyrstu verkum Viðars var að ganga endanlega frá samningum þeim sem stjórn ReykjavíkurAkademíunnar hafði gert við KB banka um niðurfellingu húsnæðisskulda. Þetta kemur fram í fréttabréfi RA frá 20. desember 2005. Í fréttabréfinu er ýmislegt fleira um stöðu Akademíunnar um þetta leyti. Fram kemur að slagur hefur verið tekinn við fjárlaganefnd, og að ekki hafi í þetta sinn tekist að fá hækkun á ríkisframlagi til rekstrar RA. Menn hyggja þó á frekari sókn og rætt er um að helstu sóknarfæri liggi í því að byggja upp fræðilega þjónustu við fræða- og menningarsetur á landsbyggðinni. Sótt hafi verið um fjármuni í Impru, nýsköpunarmiðstöð Iðntæknistofnunar, og þaðan fengist ein milljón króna til verkefnisins Handritin heim. Verkefnið felist í því að bjóða upprunaskráningu allra handrita, með það fyrir augum að þjónusta einstök byggðarlög með því að vinna úr staðbundnum menningararfi. Hálf milljón fékkst til að byggja upp fræðslu- og rannsóknarmiðstöð um

staðið allan veturinn undir stjórn Hallfríðar Þórarinsdóttur, og var sú fundaröð upphafið að starfi MIRRU (sjá um hana bls. 71).

Rannsóknarstefnur höfðu verið árlegur liður í starfi RA á fyrstu árum hennar, og árið 2006 var hefðin endurvakin. Í febrúar 2006 var efnt til rannsóknarstefnu með yfirskriftinni: „Er sálin til sölu? Getum við selt skrattanum ömmu okkar?" Umræðuefnið var stefna stjórnvalda í hug- og félagsvísindum, hvort markaðsvæðing hug- og félagsvísinda væri skynsamleg eða gerleg. Á stefnunni töluðu margir öflugir fræðimenn frá Háskóla Íslands, ReykjavíkurAkademíunni, Kennaraháskólanum og Bifröst.

Ólöf Gerður Sigfúsdóttir flutti erindi sem vakti mikla athygli. Hún sagði að gaman væri að vera ungur fræðimaður á Íslandi nú, en engu að síður gerði hún kröfu um að geta verið í stöðugri samræðu við alþjóðafræðasamfélagið. Hún sagði að þröngt væri um sköpun og fantasíu í íslensku fræðaumhverfi, og nauðsynlegt væri að vinna saman yfir landamæri einstakra fræðigreina. Á Íslandi sé sérstök ofuráhersla á allt sem íslenskt er í hug- og félagsvísindum, og þar fer menningararfurinn háreistur fremstur í flokki, sagði hún. Fortíðardýrkun sé einkennandi og djúpstæð lotning fyrir fornmenningunni. Hún tengdi þetta við stöðuga umfjöllun um sigra samtímavíkinga á erlendri grundu, sem væru mærðir gagnrýnislaust í ljósi fortíðar. Útrásarástandið einkenndist af stórmennskubrjálæði



Hallfríður Þórarinsdóttir, Guðrún Hallgrímsdóttir og maður hennar Björn Kristinsson í veiðitúr með góðum félögum úr RA.

á öllum sviðum, hvort sem væri í fjárfestingum, listum eða hvers kyns séríslenskum menningarútflutningi. Allur okkar kraftur færi í að sinna menningararfinum, en Ólöf lagði til að hann yrði einfaldlega sendur í útlegð, eða að minnsta kosti í sóttkví. Við ættum að hætta að einblína á menningararfinn en skoða þess í stað hið svokallaða „þriðja rými" sem myndaðist þegar ólíkir menningarhópar hittast fyrir tilstilli hnattvæðingarinnar.

Þessar skoðanir Ólafar voru á sínum tíma mjög ögrandi, og eru að sumu leyti enn í dag. Sú gagnrýni á útrásina sem kemur þarna fram hefur hins vegar skyndilega fengið mikinn og góðan hljómgrunn.

Viðar Hreinsson lagði í erindi sínu áherslu á að samræður við alþjóðafræðasamfélagið yrðu að hafa rótfestu í því sem séríslenskt væri. Við þyrftum að bjóða okkar lúðalegu bókmenningu fram í alþjóðlegri umræðu í allri hógværð. Við þyrftum að fá hingað háskólakennara og stúdenta erlendis frá, halda námskeið og stofna alþjóðleg fræða- og kennslusetur. Auka þyrfi fjárframlög til hug- og félagsvísinda. Samfélagið, sagan og menningin væri ekki skraut eins og fyrirmönnum væri svo gjarnt á að tala um, heldur þekking. Sú þekking gæti ekki blómstrað án samræðu við sköpunarkraft aldanna.

Grétar L. Marinósson taldi að hlutverk hug- og félagsvísinda væri að skilja félagslegan veruleika betur og miðla þeirri þekkingu til annarra í samfélaginu. Því betri sem heildarskilningurinn væri, þeim mun meiri líkur væru á að ákvarðanir um samfélagsleg mál væru teknar með eins góðum skilningi og hægt væri. Félagsvísindi ættu að stuðla að fjölbreytni í menningu. Félagsvísindi hefðu sótt á í umræðu á löngum tíma, svo sem þrjátíu árum, en tilhneigingin væri enn að hið samfélagslega, mjúku gildin, yrði að víkja þegar kæmi að ákvörðunum sem skiptu máli um valdahlutföll í viðskiptum eða stjórnmálum. Hann nefndi sem dæmi að hegðunarvandi nemenda og vinnuálag á vistheimilum aldraðra væru í æ ríkara mæli leyst á tæknilegan hátt með lyfjagjöf. Grétar taldi að rannsóknir skorti í félagsvísindum á margvíslegum félagstengslum og -ferlum. Í hug- og félagsvísindum væru einyrkjarannsóknir of algengar miðað við raunvísindi, og það háði þessum greinum. Atvinnulífið mundi smám saman leita meira í hug- og félagsvísindi, því þaðan væri sköpunar að vænta, og þau gætu orðið brúarsmiðir milli raunvísinda, lista og atvinnulífs.

Í febrúar var einnig haldin ráðstefnan Ímyndir norðursins og heppnaðist afar vel undir stjórn Ólafar Gerðar Sigfúsdóttur. Þetta var líklega stærsta einstaka verkefni sem ReykjavíkurAkademían hafði nokkurn tíma tekið að sér. Hana sóttu tugir erlendra fræðimanna auk innlendra fyrirlesara. ReykjavíkurAkademían bauð til ráðstefnunnar í tengslum við Vetrarhátíð Reykjavíkurborgar.



Unnur María Bergsveinsdóttir sagnfræðingur. Í stjórn RA 2006–2008.

Ólöf Gerður sagði í viðtali við *Morgunblaðið*:[1] „Á ráðstefnunni verður fjallað um ímyndasköpun landa á norðlægum slóðum, þ.e. hjá þeim löndum sem liggja að norðurskautinu. Ímyndasköpun þessara þjóða er um leið sjálfsmyndarsköpun, og er fjallað um hvaða mynd fólk á þessum svæðum dregur upp af sjálfu sér fyrir aðrar þjóðir, og líka hvaða væntingar önnur lönd, utan norðursins, gera til þessara landa. Sem dæmi má nefna Ísland sem kynnir sig sem listaþjóð, náttúruþjóð og álfaþjóð. Þetta eru staðalmyndir en um leið finnum við að löndin sunnan og vestan við okkur sækjast eftir slíkri ímynd af okkur. Úr verður gagnvirkt samspil ímyndar, sjálfsmyndar og væntinga."

Á ráðstefnunni voru tvö lykilerindi og tólf málstofur með þátttöku alls nærri 75 fræðimanna.[2] Forseti Íslands og utanríkisráðherra settu ráðstefnuna, og síðan hélt Waldemar Zacharasiewicz bókmenntafræðiprófessor við Vínarháskóla fyrra lykilerindi ráðstefnunnar, „The theory of climate and the north in anglophone literatures". Sherrill Grace við Háskóla Bresku Kólumbíu í Vancouver hélt síðara lykilerindið daginn eftir, „Canada and its images of the north". Af málstofum má nefna málstofu um náttúru og umhverfismál, um ferðamál, um bókmenntir, um listir og um kynjafræði. „Fjórtán listamenn gerðu stutt myndbönd sem fjalla um norðrið á einhvern hátt. Sýning á verkum þeirra verður utandyra – varpað á vegg á horni Pósthússtrætis og Austurstrætis frá kl. 18 alla ráðstefnudagana. Einnig verður í Iðnó sýning á verkum 3–16 ára nemenda Myndlistaskólans í Reykjavík tengdum þema ráðstefnunnar," sagði Ólöf. Á síðasta degi ráðstefnunnar var svo sett kvikmyndahátíð í samstarfi við Háskólann í Québec og nefndist hún „Norðrið í kanadískri kvikmyndagerð". Hátíðin var haldin í Norræna húsinu.

Með ráðstefnunni kom í ljós afar öflugt starf Ímyndahópsins, sem Sumarliði R. Ísleifsson veitti forstöðu. Verkefnisstjóri var Ólöf Gerður Sigfúsdóttir. Ímyndahópurinn átti enn eftir að sækja í sig veðrið.

Erkidemón sótti ýmsa fundi og hélt tölur, í Rúmeníu um spillingu í stjórnsýslu, á Hólum á ráðstefnu um menntamál, á málþingi um Jónas Jónasson frá Hrafnagili og málþingi um kanadíska frumbyggja- og landnemamenningu, og alls staðar var RA getið sem samstarfsaðila. RA tók þátt í Vísindavöku Rannís 22. september 2006 og mæltist það vel fyrir. Unnur María

1 Morgunblaðið 21. febrúar 2006.
2 Iceland, Images of the North. Bæklingur um ráðstefnuna frá ráðstefnuhöldurum.

Bergsveinsdóttir og Tinna Guðmundsdóttir unnu með erkidemón að undirbúningi. Erkidemón segir: „Augljóst var að básar raunvísindanna höfðu mest aðdráttarafl því þar fékk fólk að þreifa og fikta í einhverju dóti. Fyrir næstu Vísindavöku þarf að hugsa upp eitthvað á þeim nótum og er guðfræðingum RA hér með falið að finna aðferð til að leyfa gestum að snerta Guð, komast í snertingu við guðdóminn.“ Fram kemur að 23. september var haldin í Iðnó vel heppnuð ráðstefna um sögu verkalýðshreyfingarinnar í samstarfi Bókasafns Dagsbrúnar og Eflingar. Sá Þórunn Sigurðardóttir stjórnarformaður bókasafnsins um skipulagninguna.

Erkidemón var boðið á tveggja daga hugarflugsfund á vegum menntamálaráðuneytisins og Rannís vegna stefnumótunar fyrir Vísinda- og tækniráð næsta kjörtímabil. „Reyndi erkidemón að belgja sig sem mest út í nafni RA.“ Í febrúar komu Hans Kristján Guðmundsson forstöðumaður Rannís og Eiríkur Smári Sigurðarson deildarstjóri rannsókna- og nýsköpunarsviðs í heimsókn í RA. Rætt var um matsferli öndvegisrannsókna „í vinsamlegri hreinskilni,“ en ímyndahópurinn hafði þá sótt tvisvar sinnum um öndvegisstyrk. Erkidemón tók síðan þátt í fleiri fundum um stefnumótun Rannís, og varð árangurinn sá að betur var hugað að hug- og félagsvísindum í stefnumótuninni en verið hafði. Í framhaldinu fór Viðar að kynna RA sem nýsköpunarmiðstöð hug- og félagsvísinda, og í samningi við ríkisvaldið sem gerður var 2007 fékkst þetta viðurkennt sem opinber titill eða yfirskrift ReykjavíkurAkademíunnar, sem auðvitað er afar kærkominn árangur.

Síðast í fréttabréfinu ræðir erkidemón þau tvö verkefni sem Impra hafði styrkt. Það voru gagnagrunnurinn Handritin heim og Svartárkotsverkefnið. Niðurstaðan af undirbúningsvinnu Kára Bjarnasonar og Viðars um það verkefni var að verkefnið yrði unnið í Vestmannaeyjum og nyti stuðnings bæjaryfirvalda og iðnaðarráðuneytis, sem og framlaga frá Vaxtarsamningi Suðurlands. Vestmannaeyjar yrðu eins konar sýningargluggi verkefnisins, en RA væri fræðilegur bakhjarl þess. Kári Bjarnason, sem þá hafði flust til Vestmannaeyja, yrði verkefnisstjóri.

Svartárkot var hugsað sem rannsóknarmiðstöð á mörkum mannabyggðar og óbyggða. Niðurstaðan hafði orðið sú að heimamenn í Svartárkoti ætluðu að standa að byggingu setursins en RA héldi utan um krefjandi akademísk námskeið sem gilda ættu til eininga við erlenda háskóla. Námskeiðin áttu að fjalla um íslenska menningarsögu, náttúru og sambúð manns og náttúru. Ef þetta heppnaðist vel mætti hugsa sér að halda áfram með annarri námskeiðaröð tengdri sjávarbyggðum. „Hins vegar þarf að leggjast fast á árar við að afla rannsóknarstyrkja til að mynda fræðilegan grundvöll fyrir bæði þessi verkefni.“

Fram kemur að menn hafa haldið að sér höndum við að ákveða samstarf við háskóla. Í gildi sé samningur um kennslu á Bifröst, og margir úr RA hafi verið að kenna þar.

Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg hafði nú skilað umtalsverðum árangri. Í maí 2006 birtist úttekt á samstarfi menningarstofnana á höfuðborgarsvæðinu og hafði Ólafur Rastrick sagnfræðingur stjórnað vinnslu hennar. Önnur verkefni sem styrkt voru með samningnum 2005–2006 voru heimildamyndamiðstöðin Kviksaga, ráðstefnan um Ímyndir norðursins, Heimspekivefur, fundaröð og störf að innflytjendamálum, málþing um kennslu innflytjendabarna og verkefnið Loftbrú til landsbyggðar, sem var átak til að tengja nýjar menningarsögulegar áherslur við landsbyggðina.

## Sigurdagar

Tíu ára afmælishátíð ReykjavíkurAkademíunnar 2007 var afar ánægjuleg. Vikurnar áður náðist meiri árangur við að tryggja fjárhagsgrundvöll RA en nokkru sinni fyrr. Grunnurinn að þessum árangri var lagður á árinu 2006. Í ársskýrslu formanns ReykjavíkurAkademíunnar ses. á aðalfundi 4. maí 2007 fyrir árið 2006 kom fram að allmörg bréf hefðu borist fjárlaganefnd frá RA í október 2006 og hefði þeim verið fylgt eftir með fundum hjá nefndinni. Niðurstaðan hefði orðið sú að fjárlaganefnd samþykkti að auka grunnframlagið til RA á fjárlögum ársins 2007 úr 11,8 milljónum í 18 milljónir. Að auki veitti fjárlaganefnd 4 milljónir til MIRRU, stofnunar innflytjendarannsókna í ReykjavíkurAkademíunni, 5 milljónir til verkefnisins Handritin heim og 5 milljónir í Svartárkotsverkefnið. Þessi þrjú verkefni höfðu smám saman verið að mótast innanhúss í Akademíunni.

Árangurinn af starfi framkvæmdastjóra og stjórnarformanns kom í ljós vorið 2007. Samningar höfðu tekist við ríkisvaldið um verulega hækkun á framlagi til ReykjavíkurAkademíunnar, og að auki var framlagið ákveðið fast til næstu þriggja ára. Þetta léttir mikilli árlegri vinnu af forystu RA við að fara fyrir forráðamenn í ríkisstjórn og á Alþingi og fara fram á fjárframlög. Á afmælishátíð RA mættu Jón Sigurðsson iðnaðar- og viðskiptaráðherra og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og undirrituðu styrktarsamning við RA. Jón gerði grein fyrir samningnum og óskaði ReykjavíkurAkademíunni




Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra, Clarence E. Glad formaður RA ses. og Jón Sigurðsson viðskiptaráðherra undirrita styrktarsamning ríkisins við RA 7. maí 2007 við háborðið í salnum í húsnæði RA.

til hamingju. Nú skyldu 20 milljónir króna renna til starfsemi RA úr ríkissjóði árlega næstu þrjú ár, og kveðið var á um að hún yrði nýsköpunarmiðstöð í hug- og félagsvísindum.

Ekki var nóg með að Akademían sjálf og verkefnin Svartárkot, Handritin heim og MIRRA hefðu fengið fjárframlög heldur tókst Ímyndahópnum loks að fá úthlutað öndvegisstyrk úr sjóðum Rannís veturinn 2006–2007, eftir þriðju umsókn sína. Styrkurinn nam 10 milljónum á ári til þriggja ára. Tuttugu vísindamenn víða um heim eiga aðild að verkefninu, sem eins og fram kom að ofan fjallar um ímyndasköpun þjóða sem liggja að norðurheimskautinu. Sjö þessara vísindamanna hafa aðsetur í Akademíunni.

Þegar hefur komið fram um hvað verkefnin Svartárkot og Handritin heim snúast, en MIRRA kynnir sig á eftirfarandi hátt á heimasíðu sinni:[1]

> Líkt og nafnið gefur til kynna er MIRRA rannsóknarmiðstöð þar sem málefni innflytjenda og alþjóðlegir búferlaflutningar eru í brennidepli. Auk beinna rannsókna, upplýsinga- og gagnasöfnunar er MIRRA tengiliður á milli stofnana á Íslandi sem þjóna innflytjendum á einn eða annan hátt og fræðasamfélagsins. Þessi tenging er afar mikilvæg og skapar samstarfsvettvang bæði milli þjónustustofnana innbyrðis og svo milli þeirra og rannsóknarsamfélagsins. Samvinna af þessu tagi er til hagsbóta fyrir alla þá sem að málaflokknum vinna. MIRRA vinnur ennfremur í samvinnu við samhliða stofnanir og háskóla erlendis.

Forstöðumaður MIRRU er Hallfríður Þórarinsdóttir mannfræðingur.

## McCambly-sjóðurinn

Á 10 ára afmæli ReykjavíkurAkademíunnar var tilkynnt um stofnun styrktarsjóðs fyrir sjálfstætt-starfandi fræðimenn. Fyrr á árinu hafði Richard P. McCambly leitað til eins stjórnarmanna ReykjavíkurAkademíunnar ses. og óskað eftir því að ánafna RA eigum sínum til stofnunar styrktarsjóðs þar sem hann hafði ákveðið að snúa aftur í klaustrið St. Joseph's Abbey í Spencer í Massachusetts-fylki í Bandaríkjunum. Richard er munkur af þeirri reglu benediktína sem kallast Sistersíanar af hinni algerri hlýðni eða Ordo Cisterciensins Strictioris Observantiæ, skammstafað OCSO, og eru reglubræður oft kallaðir trappistar.

Eftir samráð við ábóta klaustursins samþykkti stjórn RA ses. að þiggja þetta boð og réð Dögg Pálsdóttur héraðsdómslögmann til að leggja drög að skipulagsskrá

1 [www.mirra.is]




Atviksbókaröðin, meðal þess sem RA er stolt af.

sjóðsins í samvinnu við stofnanda hans og tvo fulltrúa úr stjórn RA. Skipulagsskráin var samþykkt 28. desember 2007 en sjóðurinn starfar á grundvelli laga um sjóði og stofnanir nr. 19/1988. Óskerðanlegt stofnfé sjóðsins er u.þ.b. 10 miljónir króna.[1]

Hlutverk sjóðsins er (2. gr.):

1. Að styrkja sjálfstætt starfandi fræðimenn á sviði hug- og félagsvísinda. Fræðimenn á sviði trúarbragðafræða og menningartengdra fræða skulu njóta forgangs um styrki úr sjóðnum.

2. Að styrkja fræðimenn eða rannsóknarstofnanir á sviði rannsókna á frumkristni.

Gert er ráð fyrir því að styrkjum úr sjóðnum verði úthlutað hinn 10. janúar ár hvert, á degi heilags Gregóríusar frá Nyssa, í fyrsta sinn árið 2009. Styrkþegar skulu hafa lokið meistaraprófi hið minnsta í fræðigrein sinni. Stjórn sjóðsins hefur rétt til að hafna öllum umsóknum, sem og að eiga frumkvæði að styrkveitingum (6. gr.).

Að ósk stofnenda sjóðsins voru Kári Bjarnason og Clarence E. Glad skipaðir í stjórn sjóðsins. Gangi annarhvor þeirra eða báðir úr stjórninni skal stjórn RA ses. tilnefna stjórnarmann í staðinn (3. gr.). Stjórn sjóðsins skal, í samvinnu við stjórn RA ses., afla sjóðnum frekari fjárframlaga frá öllum þeim sem vilja styrkja sjóðinn (5. gr.). Einnig ber stjórn sjóðsins að upplýsa stjórn RA ses. um stöðu sjóðsins eigi sjaldnar en einu sinni á ári (7. gr.). Stjórn sjóðsins er heimilt að breyta skipulagsskrá hans en ber að tilkynna klaustri stofnandans um allar breytingar (8. gr.).

Mikil ánægja ríkir með stofnun þessa sjóðs í RA og vænta menn sér góðs af stuðningi hans við rannsóknir innanhús.

## Ólöf, Clarence, Sigurður Gylfi og Viðar tala við Morgunblaðið

*Morgunblaðið* hefur löngum reynst ReykjavíkurAkademíunni vel, flutt fréttir af starfsemi hennar og stutt hana með ráðum og dáð. Blaðið tók viðtal við nokkra forystumenn RA í tilefni af 10 ára afmælinu, og skulum við grípa niður í þau.[2]

Viðar Hreinsson hafði verið í RA frá upphafi. Hann sagði að lykillinn að velgengni stofnunarinnar væri hinn þverfaglegi grunnur sem hún byggðist á. Þarna væri fólk úr öllum greinum félags- og hugvísinda, og jafnframt hefðu þýðendur, grafískir hönnuðir, blaðamenn og fleiri fundið sér þar starfsvettvang. Fræðimennirnir væru af öllum stigum og á öllum aldri, jafnt doktorar sem fólk í BA-námi. Sumir félagarnir væru kennarar sem kynntu Akademíuna fyrir nemendum sínum og byðu þeim að koma þangað á meðan þeir væru að vinna að ritgerðum eða að loknu námi.

1 Óljóst er við ritun hvaða áhrif fjármálakreppan í október 2008 hafði á sjóðinn.

2 Morgunblaðið 13. maí 2007.

Þó væri engin krafa gerð um háskólamenntun, aðeins að fólk væri að fást við rannsóknir eða verktöku á fræðasviði.

Sigurður Gylfi Magnússon sagði að módel Akademíunnar væri einfalt, menn leigðu sér skrifstofu, stunduðu rannsóknir sínar í friði og tækju eins mikinn eða lítinn þátt í sameiginlegri starfsemi og menn vildu. Sigurður taldi að samfélagið hefði víkkað mjög fræðilegan sjóndeildarhring sinn og ómetanlegt væri að vera í samskiptum við fólk úr svo mismunandi greinum. Hann væri einmitt að senda frá sér bók sem lýsti því hvernig hann breyttist sem fræðimaður við samræðurnar yfir kaffiborðinu í Akademíunni við félagssálfræðinga, heimspekinga, fornleifafræðinga, bókmenntafræðinga og fólk úr öllum mögulegum félags- og hugvísindum. Þessi bók er einmitt bókin *Sögustríð*, sem kom út á 10 ára afmæli ReykjavíkurAkademíunnar. Hún var gjöf höfundar til Akademíunnar og óður hans til RA. Þar má finna lýsingar á persónulegri upplifun Sigurðar Gylfa af RA og fjölmörgum öðrum málum sem hann kom nærri í fræðasamfélaginu á þessum árum.

Clarence Glad, formaður ReykjavíkurAkademíunnar, sagðist hafa upplifað þá einangrun sem fylgdi því að vera sjálfstætt-starfandi fræðimaður. Hann hafi því fagnað tilurð RA. Akademían ætti sér engar erlendar fyrirmyndir en erlendir fræðimenn væru hrifnir af framtakinu, og hefðu spurt sjálfa sig af hverju ekki væri búið að setja svona stofnun á fót í heimalöndum sínum. Offramboð væri á fræðimönnum um allan heim og hvergi í heiminum hefði fjölgað stöðum í samræmi við það. Því væri stofnun sem RA góð leið til að nýta það hugvit sem felst í fræðimönnum sem standa utan við háskóla. Clarence sagði einnig að þverfagleg vinnubrögð innan Akademíunnar hefðu hjálpað sér og öðrum til að tjá hugsanir sínar án óþarfa fræðimáls. Hver fræðigrein myndi hugtök, menningu og orðaforða sem allir í þeirri grein þekki. Í Akademíunni verði menn hins vegar að tjá sig við fólk úr annarri hefð, öðrum fræðigreinum, sem gerir það að verkum að fólk lærir að tjá sig skýrt.

Ólöf Gerður Sigfúsdóttir mannfræðingur og þáverandi varaformaður ReykjavíkurAkademíunnar hafði unnið að nokkrum áberandi verkefnum fyrir stofnunina. Hún sagði að allir félagar RA væru sjálfstæðir og hún sæi sér sjálf fyrir verkefnum. Verkefni sem hún fékk í upphafi hafi hins vegar fleytt henni áfram og komið henni inn í starfsemi Akademíunnar. Það fólst í því að skipuleggja fyrirlestraröð og málþing í tengslum við sýninguna Stefnumót við safnara og var unnið í samstarfi við menningarmiðstöðina í Gerðubergi. Þetta hafi heppnast vel og gefið henni jákvæða mynd af því hverju stofnun eins og RA gæti áorkað. Sérsvið Ólafar á sviði mannfræði eru óvenjulegir afrískir listmunir og minjagripir, en einnig starfar hún að kennslu. Hún hafði kennt í fjórum háskólum, Háskóla Íslands, Listaháskólanum og skólunum á Bifröst og á Hólum í Hjaltadal. Gallinn við að flakka svona á milli skóla sé að maður myndi ekki samskonar tengslanet og þegar starfað er á einum stað. Henni finnist mikilvægt að starfa á stað eins og í RA, þar sé hægt að mynda gott tengslanet og auk þess séu engin hagsmunatengsl að flækjast fyrir eins og í háskólunum. Samkeppni um styrki sé þó fyrir hendi og menn geti jafnvel lent í því að keppa við sjálfa sig um styrki, séu þeir í mörgum verkefnum í senn.

Viðar tekur undir að oft geti harkið verið sjálfstætt-starfandi fræðimönnum erfitt. Ef heppnin sé með fólki og allt gengur vel hafi þetta fyrirkomulag þó þann kost að menn hafi ekki kennslu- og stjórnunarskyldu eins og starfsmenn háskóla og geti alfarið sinnt verkefnum sem þeir hafa áhuga á.

## Ný kynslóð í RA

Í maí 2006 birtist í fjölmiðlum tilkynning um málþing um mótmæli og lýðræði. Þetta málþing skyldi haldið í ReykjavíkurAkademíunni fimmtudaginn 18. maí, og frummælendur voru Viðar Þorsteinsson heimspekingur og Illugi Gunnarsson hagfræðingur.[1] Að loknum erindunum áttu að vera umræður í pallborði, og þar ætluðu Gestur Guðmundsson prófessor í félagsfræði við Kennaraháskólann og Íris Ellenberger sagnfræðingur og umhverfisverndarsinni að bætast í hóp frummælenda. Fundarstjóri var Jón Ólafsson prófessor á Bifröst.

Hér kvaddi sér meðal annars hljóðs Viðar Þorsteinsson, sem hefur verið forystumaður í félagsskapnum og útgáfunni Nýhil, og getur innan RA talist til nýrrar kynslóðar i sem fór að láta verulega á sér bera um og upp úr 2005. Íris Ellenberger telst einnig til þeirrar kynslóðar, sem og Hilma Gunnarsdóttir sagnfræðingur, Jón Þór Pétursson þjóðfræðingur, Björk Þorleifsdóttir sagnfræðingur, Unnur María Bergsveinsdóttir sagnfræðingur, Hrafnkell Lárusson sagnfræðingur o.fl. Margt af þessu fólki hefur ritað á vefritið Hugsandi. Unnur María hefur unnið í ReykjavíkurAkademíunni að rannsóknum á pönkhreyfingunni á Íslandi,[2] og getur það talist tímanna tákn að nú sé farið að vinna að sagnfræðirannsóknum á þeirri hreyfingu. Sumir af elstu félögum RA voru einmitt virkir í henni á sínum tíma.

---

1 Morgunblaðið 17. maí 2006.
2 Dreifiblað RA, ódagsett.



Magnús Þór Snæbjörnsson sagnfræðingur. Í RA frá 2004.

## Myndlist í RA

Myndlist varð snemma þáttur í starfsemi RA. Nálægðin við Myndlistaskólann í Reykjavík í JL-húsinu átti mikinn þátt í því. Snemma var farið að nýta ganga og húsnæði RA til sýninga og stendur það enn. Fyrsta sýningin sem heimildir eru um var sýning í tengslum við málþingið Kynstrin öll. Meðal þeirra sem þar sýndu var hópur sem þá hafði aðstöðu í ReykjavíkurAkademíunni, Gjörningahópurinn, hópur fjögurra listakvenna. Afar minnisstæð sýning Birgis Andréssonar myndlistarmanns var haldin haustið 1999, og nefndist sú sýning Útilegumenn. Birgir hafði safnað saman ljósmyndum af andlitum fjölda sérvitringa, útigangsmanna og utangarðsmanna frá fyrri árum og stækkað upp í staðlaða stærð. Myndirnar voru hengdar upp eftir endilöngum göngum og fyrirlestrasal á fjórðu hæð RA. Hlé virðist hafa orðið á listastarfseminni á árinu 2000, sem þó er ekki víst, en heimildir skortir um listsýningar á því tímabili. Um skeið, annaðhvort 1999 eða 2000, hékk uppi sýning á fjölmiðlaumfjöllun um ReykjavíkurAkademíuna, þar sem menn gátu daglega lesið það sem þeir höfðu sjálfir sagt um Akademíuna og skoðað myndir af sjálfum sér. Það var sjálfsagt gagnleg sjálfsskoðun. Sjálfsskoðunarþemað er enn til umfjöllunar í ljósmyndum af félögum Akademíunnar sem hanga uppi í salnum á fjórðu hæðinni þegar þetta er skrifað. Myndirnar tók Björn Sigurjónsson. Þá var í gangi meiriháttar verkefni í Akademíunni sjálfri, tekin var mynd á hverjum degi út um glugga á fjórðu hæðinni í heilt ár, alltaf á sama tíma. Sumarliði R. Ísleifsson og fleiri stóðu að þessu og var árangurinn sýndur í fyllingu tímans.

Í október 2001 hófst sýningarhald á ný, og varð nú talsvert öflugt um skeið. Listamennirnir Bjarni Þórarinsson og Þóroddur Bjarnason sýndu verk sín, og haldin var sýning á málverkum naívistans Hjálmars Stefánssonar frá Smyrlabergi. Haustið 2002 sýndu 35 ungir myndlistamenn verk sín og hét sú sýning „Óður til líkamans“. Ingólfur Júlíusson sýndi ljósmyndir sínar frá Grænlandi í janúar 2003 og Myndlistaskólinn í Reykjavík sýndi verk nemenda sinna í febrúar. Haustið 2003 var síðan haldin sýning á ljósmyndum Öldu Sverrisdóttur frá Ástralíu.

Ekki eru heimildir um sýningar á árinu 2004, en þær hljóta að hafa verið einhverjar. Á árinu 2005 var síðan stofnað galleríið Hoffmannsgallerí, og var það skýrt í höfuðið á Pétri Hoffmann. Galleríið var sameiginlegt verkefni RA og Myndlistaskólans í Reykjavík. Sýningarhaldið var undir stjórn Kristins G. Harðarsonar, sem tók það afar föstum tökum, og síðan hefur verið haldinn fjöldi spennandi sýninga í húsnæði RA. Árið 2007 kom Sólveig Aðalsteinsdóttir einnig að framkvæmdamálum. Þau Kristinn hafa að markmiði að sýningar séu almennt af tvennum toga. Annars vegar sé kannað hvernig listamenn vinni með ákveðin efni eða form myndlistar, og hins vegar settar upp samsýningar listamanna undir ákveðnu þema, ekki síst þema sem verið er að fjalla um í starfsemi RA eða Myndlistaskólans á sama tíma. Á bak við þessar hugmyndir er sú hugsjón að leitast við að tengja saman listaheiminn og fræðaheiminn, sem forstöðumenn gallerísins



Frá listsýningu í RA í september 2005. Verk eftir Lóu Hjálmtýsdóttur.

telja að hafi lengi verið hvor sínum megin við djúpa gjá, þótt ákveðinn grundvöllur fyrir samstarfi hafi myndast á síðari árum.

Umfjöllun um myndlist er hér sett undir tímabilið 2005–2007, því myndlistarstarfsemi tengd Akademíunni hefur verið langmarkvissust og öflugust á því tímabili. Á árinu 2005 voru haldnar fimm sýningar. Þar af voru tvær samsýningar margra listamanna um ákveðin þemu, fyrst um ljósmyndir og síðan um málverk. Þá kom sýning með Hlyni Helgasyni, sem nefndist „Decimal Time Project," eða „Tími í tugakerfi," og „3X1X Praha". Sýningin fólst í tveimur innsetningum. Annars vegar var verk um tíma sem sýndi þann möguleika að breyta tímareikningi heimsins yfir í tugakerfi, og var tíminn talinn í dögum, þúsundum daga og brotum úr degi allt frá upphafi metrakerfisins 1795, í miðri frönsku stjórnarbyltingunni. Hin innsetningin fólst í ljósmyndum og kvikmyndum úr hversdagsumhverfi borgarinnar Prag í Tékklandi.

Þessu næst kom sýningin „Söfn og safnarar," sem haldin var í tengslum við málþingið Stefnumót við safnara II. Sýningarstjórar voru Kristinn og Ólafur Engilbertsson. Málþingið var samstarfsverkefni ReykjavíkurAkademíunnar og Gerðubergs og var haldið í september 2005. Síðasta sýning Hoffmannsgallerís árið 2005 var sýning nemenda Myndlistaskólans í Reykjavík.

Fyrsta sýning ársins 2006 var haldin í tengslum við vetrarhátíð og ráðstefnuna Ímyndir norðursins í febrúar. Stutt vídeóverk eftir tólf listamenn voru sett saman á disk og sýnd þrjú kvöld ráðstefnunnar. Sömu listamenn sýndu einnig veggverk út frá sama þema. Þessu næst kom sýning þar sem skoðuð var tölvuprentun og tölvuvinnsla mynda sem listform, og sýndu þar ellefu listamenn. Þá kom sýning undir stjórn Einars Fals Ingólfssonar, Vegvísar, þar sem níu listamenn sýndu verk tengd ferðum og upplifunum af ferðum. Þetta var síðasta sýningin af fjórum árið 2006.

Yrkingar myndlistarmanna voru þema fyrstu sýningarinnar 2007. Davíð Stefánsson vann með Kristni sýningu þar sem sýnd voru ljóð, og kallaðist sýningin „Að mynda orð". Þemað var að sýna verk þar sem fókusinn væri á tengsl texta og hins sjónræna (eða myndræna) þáttar hans, þ.e. verk sem eru samtímis mynd og texti. Verkin á sýningunni voru eftir bæði myndlistamenn og ljóðskáld. Alls voru fjórar sýningar árið 2007, og voru á annarri sýningunni verk fjögurra kynslóða myndlistarkennara Myndlistaskólans í Reykjavík. Að henni lokinni tók við sýning Diddu Hjartardóttur á framhliðum búða í götunni Green Lane í London, þar sem aðallega eru búsettir Tyrkir.



Davíð Ólafsson sagnfræðingur. Í RA frá upphafi og í stjórn frá 2008.

Þar má sjá tyrknesk veitingahús, bakarí, ferðaskrifstofur o.fl. Sýningin var persónuleg tjáning listamannsins á flutningi heim til Íslands eftir 20 ára dvöl í London.

Á síðustu sýningu ársins voru teikningar ljóðskáldsins Jónasar Svafárs. Sýningin kallast ef til vill á við sýninguna „Að mynda orð" að því leyti að hér voru sýndar teikningar ljóðskálds, en „Að mynda orð" fólst í að sýna ljóð myndlistarmanna. Hinn 25. október 2007 var haldin dagskrá til heiðurs Jónasi í tengslum við sýninguna. Sýningarstjóri var Ingólfur Arnarson.

Árið 2008 var fyrst haldin sýning á teikningum. Sýningin var samsýning sem líkt og sýningar á ljósmyndum, málverkum og tölvuprenti áður fjallaði um eitt ákveðið listform. Sýningarstjóri auk Kristins var Sólveig Aðalsteinsdóttir. Um haustið var opnuð metnaðarfull sýning,



Birgir Hermannsson stjórnmálafræðingur. Í stjórn RA 2004–2006.



Rannveig Lund talmeinafræðingur situr á bókasafni Dagsbrúnar og nýtir sér bókakost safnsins.

„List og fræði," þar sem sýnd voru sex verk sem orðið höfðu til í samstarfi sex fræðimanna í ReykjavíkurAkademíunni annars vegar og sex myndlistarmanna hins vegar. Um var að ræða markvissustu tilraun til slíks samstarfs fram að því, og var sýningin að flestra mati afar vel heppnuð. Sýningarstjórar voru Kristinn, Sólveig og Viðar Hreinsson.[1]

Hoffmannsgallerí er metnaðarfullt langtímaverkefni og verður spennandi að sjá hvernig það þróast.

## Framtíð RA

Í skýrslu Guðfríðar Lilju Grétarsdóttur frá 2001 er rætt um sérstöðu RA, hið anarkíska yfirbragð og frjóa fræðaumhverfi sem skapast hafi. Enn um 2004 ræða Viðar Hreinsson, Hildigunnur Ólafsdóttir og Steinunn Kristjánsdóttir í viðtali við *Rannís-blaðið* um samstöðuna og hinar frjóu umræður í kaffitímum, og að baknag og illt umtal þekkist ekki. Það er í rauninni athyglisvert hvað andinn í RA hefur haldist jákvæður þótt hér starfi þeir fræðimenn í íslensku fræðasamfélagi sem búa við hvað erfiðastar aðstæður. Ólíklegt er að þetta yfirbragð hverfi á næstunni því þetta er hluti af því sem ReykjavíkurAkademían er og hefur verið, í rauninni kjarni fræðasamfélagsins í RA.

Segja má að tveir fræðilegir meginstraumar hafi runnið saman við stofnun RA. Annars vegar er straumur sem byggist á gagnrýni á pósitífisma í vísindum og leggur til kenningarlegri og meira abstrakt nálgun, auk þess sem félagsvísindaleg nálgun í greinum eins og sagnfræði og lögfræði er mjög áberandi. Ef til vill má kenna þennan anda við 68-hreyfinguna og jafnvel við háskólasamfélagið í Evrópu. Hinn straumurinn er að mörgu leyti af sama meiði en þar er lögð meiri áhersla á að gagnrýna vald fremur en efnahagslegt ójafnrétti, út frá forsendum sem stundum eru kallaðar póstmódernískar. Með grófri alhæfingu má kenna þennan straum við Norður-Ameríku og/eða gagnrýni á orðræðu félagsvísinda. Þessum straumi fylgdu miklar nýjungar í afstöðu til rannsóknarefna, en jafnframt ákveðnir veikleikar sem fólust í mikilli áherslu á hið huglæga.

Hvorugur þessara strauma átti traust bakland í hug- og félagsvísindum í Háskóla Íslands og var það ein mikilvægasta forsendan fyrir stofnun RA. Háskólinn virtist óhóflega íhaldssamur og bæði sagnfræði, lögfræði og félagsfræði voru þar bundin í ófrjóar viðjar pósitífískrar

1 Upplýsingar úr ýmsum áttum, m.a. Morgunblaðinu og tölvupóstum frá Kristni G. Harðarsyni og Sumarliða R. Ísleifssyni, september 2008.

afstöðu, að áliti þeirra sem upphaflega stóðu að RA. Um bókmenntafræði gegndi nokkuð öðru máli.

Í skýrslu sinni frá 2001 ræðir Guðfríður Lilja möguleikann á að RA verði háskóli og telur það óraunhæft þar sem fyrst þurfi að renna traustari stoðum undir RA eins og hún sé, með fjölda sjálfstætt-starfandi fræðimanna sem ekki séu í formlegum stellingum kennara eða nemenda eins og í háskólum. Rannsóknir þurfi að efla og koma á fót stofnunum um ákveðin rannsóknarsvið. Þetta var hins vegar miklum vandkvæðum bundið. Eins og kom fram á Skálholtsráðstefnunni í maí 2001 var stór hluti rannsóknarvinnunnar í RA ólaunaður, fræðimennirnir lögðu fram eigin vinnu án þess að fá nokkuð greitt. Í hugmyndum um Rannsóknarháskóla sem lagðar voru fram á ráðstefnunni var gert ráð fyrir að gerður skyldi samningur við ríkisvaldið um að fræðimennirnir fengju einfaldlega greitt fyrir störf sín. Þetta var líka krafa sem Rabygg hafði haft á oddinum. Hugmynd um borgaralaun, að ríkið sjái fræðimönnum sem uppfylla ákveðin skilyrði fyrir lágmarksframfærslu, kom einnig fram og var ekki óskyld því sem þá tíðkaðist í Noregi: Doktorar þurftu ekki að hafa áhyggjur af afkomunni því hefðu menn á annað borð doktorspróf fengu þeir sjálfkrafa stöður.

Meðan fræðimenn við RA fengu aðeins stopula styrki eða enga fyrir vinnu sína var engin von til þess að RA yrði neins konar rannsóknarmiðstöð eða gæti byggt upp markvissa rannsóknarstarfsemi. Greining á því starfi sem fer fram í RA sýnir þó, eins og fram kom í fyrsta kafla, að fræðimenn þar starfa að verulegu leyti eins og í háskóladeild, við rannsóknir að hluta og kennslu að hluta, þrátt fyrir kvartanir um styrkjaskort, sem auðvitað áttu sér mikla stoð í veruleikanum. Munurinn fólst í því að félagar í RA störfuðu mun meira við pantanir en fræðimenn í háskólum, við verkefni sem ríki, sveitarfélög og fyrirtæki panta eða greiða fyrir, hvort sem frumkvæðið að pöntununum kemur frá fræðimönnunum sjálfum eða þeim sem borga brúsann. Raunin er sú að fræðimenn við háskóla starfa líka mikið við ritun ýmiss konar bóka, bæði yfirlitsrita og eiginlegra fræðirita eða mónógrafía, þar sem niðurstöður rannsókna þeirra birtast eða nýjar rannsóknir eru fléttaðar inn í heildarlýsingu af einhverju tagi. Munurinn er kannski meiri í orði en á borði, en þó er ljóst að RA er mjög vanfjármögnuð, og fær alls ekki það fjármagn sem hún ætti að fá miðað við framlag sitt til samfélagsins.

Ákveðnir kostir fylgja frelsinu í Reykjavíkur-Akademíunni, mönnum er ekki skylt að sitja ótal fundi og sinna ýmiss konar stjórnunarstörfum. Engu að síður var RA í ákveðnu tómarúmi allan tímann 2001–2006 vegna þróunar í styrkjamálum hins opinbera. Eldri einstaklingsstyrkir fóru stöðugt minnkandi, þótt Kristnihátíðarsjóður hafi hægt á þeirri þróun, á meðan RA hafði enga stöðu í opinbera kerfinu, fékk engin ákveðin verkefni og ríkið neitaði að viðurkenna að fræðimenn í Akademíunni ættu jafnmikinn rétt á að fá greitt fyrir störf sín og aðrir.


Þjóðfræðingarnir og hjónin Kristinn Schram og Katla Kjartansdóttir.

Nokkur breyting varð á þessu haustið 2006 þegar alls um 24 milljónir komu inn í ReykjavíkurAkademíuna til afmarkaðra rannsóknar- og kennsluverkefna. Af þeim voru 10 milljónir frá Rannís sem öndvegisstyrkur, en 14 milljónir komu úr ríkissjóði á fjárlögum til þriggja annarra verkefna. Nú komu í fyrsta sinn verulegar fjárhæðir inn í RA til rannsókna. Þetta fé fór enn vaxandi þegar næsta ár. Verkefnin eru, eins og fram hefur komið, innflytjendamál, ímynd Íslands, uppbygging sumarháskóla á hálendinu og gagnagrunns handrita í héraði. Vonandi veit þetta á gott, en skyndilegar efnahagsþrengingar haustið 2008 gera öll framtíðaráform afar óviss.

Núverandi stjórn sjálfseignarstofnunarinnar RA er skipuð þeim Clarence E. Glad (formaður), Kristni Schram, Steinunni Kristjánsdóttur, Davíð Ólafssyni, Sólveigu Ólafsdóttur og Þorgerði Þorvaldsdóttur. Stjórn félagsins RA er skipuð þeim Davíð Ólafssyni (formaður), Hilmu Gunnarsdóttur, Ingunni Ásdísardóttur og Ásthildi Valtýsdóttur.



Hlynur Helgason myndlistarmaður við opnun sýningar sinnar í RA 2006.

# 6.kafli. Póstmódern akademía?

Í upphafi starfs RA var stundum gantast með að ReykjavíkurAkademían væri draumastaður í augum allra stjórnmálastefna: Samvinnumenn í Framsóknarflokknum kynnu að meta fyrirmyndar-samvinnufyrirkomulag, einkarekstursmenn í Sjálfstæðisflokknum blómstrandi einkaframtak, jafnaðarmenn og sósíalistar öfluga samstöðu fræðimanna svipað og í verkalýðsfélagi og stjórnleysingjar anarkískt, sjálfsprottið fræðasamfélag. Sínum augum lítur hver á silfrið.

Í gagnrýni á bók Sigurðar Gylfa Magnússonar, *Sögustríð*, orðar gagnrýnandi *Morgunblaðsins* goðsögnina um ReykjavíkurAkademíuna einhvern veginn með þeim hætti að staðurinn hafi orð á sér sem „póst-strúktúralískt Unuhús". Þetta táknar væntanlega að RA sé griðastaður og uppeldisstöð fræðimanna, skálda, listamanna og göfugra hugmynda á tímum þegar póststrúktúralísk heimspeki gefur tóninn í umræðu um hug- og félagsvísindi, listir og bókmenntir. Þetta hefur verið útfært í umræðum manna á meðal og bent á að sjálft form ReykjavíkurAkademíunnar sé nýjung. Hér sé um að ræða óformlega, þverfaglega, ódeildaskipta, stigveldislausa stofnun, þar sem fólk hafi ofan af fyrir sér með ýmsum hætti. Þannig hafi myndast ný tegund fræðasamfélags, eiginlega fyrir tilviljun, sem hafi sýnt sig að vera frjórri og meira skapandi en venjulegir háskólar, þrátt fyrir (eða líklegra: vegna þess) að þar eru engar fastar stöður, engir formlegir nemendur, engir prófessorar eða framgangur, engir dómstólar yfir fræðimönnum við stöðuveitingar.

Slíkt hefur ýmsa kosti. Aðgangur að samfélaginu felst í því að menn geti greitt mánaðarlega leigu fyrir skrifstofu. Yfirleitt er gert ráð fyrir því að þeir sem leigja sér skrifstofu í RA stundi einhverja fræðimennsku, en hvers konar starfsemi er velkomin. Listamenn, rithöfundar, kvikmyndagerðarmenn, grafískir hönnuðir, allir eru velkomnir og litið svo á að þeir geri ekki annað en að auðga og bæta í flóruna. Slíkt er lítt þekkt í háskólum fyrir vísindi og fræði; listamenn hafa sína eigin háskóla, hér á landi LHÍ, og er það auðvitað í besta lagi, en sú hugmynd að blanda saman listum og fræðum með jafn-róttækum hætti og gert er í RA er mjög í anda póstmódernismans. Gangar RA

eru gallerí, Hoffmannsgallerí, sem stendur fyrir reglulegum myndlistarsýningum og svo hefur verið frá upphafi.

Kjarni hópsins í RA er þó fræðimenn úr hug- og félagsvísindageiranum. Þeir hafa ofan af fyrir sér með ýmsum hætti. Sumir eru virtir höfundar fræðirita og eiga árlega bækur á jólamarkaði, fá bókmenntaverðlaun eða tilnefningar til þeirra og selja bækur í bílförmum. Aðrir eru einfaldlega rithöfundar, skrifa reyfara, skáldsögur og ljóðabækur. Enn aðrir hafa ýmiss konar verkefni með höndum, sagnfræðingar sem taka að sér að skrifa sögu stofnana eða sveitarfélaga, eða aðrar pantanir. Margir bókmenntafræðinganna í RA sinna gagnrýni af ýmsu tagi, í blöðum, útvarpi og sjónvarpi. Fjöldi fólks starfar við rannsóknir af ýmsu tagi sem greiddar eru með styrkjum úr samkeppnissjóðum, sérstaklega Rannís, en einnig hafa margir í RA fengið styrki úr Kristnihátíðarsjóði. Margir sinna kennslu í háskólunum, meðal annars Háskóla Íslands, Bifröst og Háskólanum í Reykjavík. Ýmsir starfsmenn stofnana og félagasamtaka hafa aðstöðu í ReykjavíkurAkademíunni vegna þess að þar er hentugast fyrir þetta fólk að starfa, svo sem starfsmenn Náttúruverndarsamtökum Íslands, Hagþenkis eða sjálfstæðra rannsóknarstofnana af ýmsu tagi.

Þannig er módel RA sem stofnunar talsvert öðruvísi en háskólanna, þar sem gert er ráð fyrir því að kennsla og rannsóknir séu meginþættir starfseminnar. Hlutverk eru miklu skýrari í háskólum en RA, sumir eru nemendur en aðrir eru kennarar. Hluti af gagnrýni RA á háskóla er einmitt gagnrýni á stigveldi þeirra, hina skýru hlutverkaskipan og valdakerfi sem þar tíðkast. Þetta er mjög í anda þeirrar gagnrýni sem franski félagsfræðingurinn Pierre Bourdieu hefur fært fram á háskóla. Í hans augum er í háskólum innbyggt misrétti sem stafar af mismunandi aðgangi þjóðfélagshópanna að því sem hann kallar menningarauð. Misréttið felst meðal annars í þáttum eins og valdi á máli, hugsunarhætti, framkomu og öðru sem er líklegt til að ýta undir akademískan árangur og frama, þáttum sem stafa einfaldlega af því að sumir alast upp í fjölskyldum vel menntaðs háskólafólks en aðrir gera það ekki og hafa því ekki sömu forsendur til að komast áfram í akademíska kerfinu.

Það liggur í hlutarins eðli að RA býður fræðimönnum í félags- og hugvísindum nýtt umhverfi, annan stað en áður hefur verið í boði hér á landi, í Háskóla Íslands, og RA er á flestan hátt öðruvísi en HÍ. Þannig rýfur RA einokun HÍ á fræðastarfsemi á hug- og félagsvísindasviði. RA er reyndar í miklu raunhæfari samkeppni við HÍ en til dæmis HR. Það stafar af því að HR veitir HÍ aðeins samkeppni á afar þröngu sviði, og á þeim akademísku sviðum sem fóstra flesta fræðimenn, í hug- og félagsvísindum og í raunvísindum, veitir HR alls enga samkeppni. Það gerir RA í hug- og félagsvísindum með mjög öflugum og margþættum hætti. RA gagnrýnir HÍ ekki aðeins þannig að fræðimenn í RA gagnrýni fræðastarf eða fræðibækur og fræðigreinar starfsmanna í HÍ – og öfugt – heldur er sjálft skipulag og upplifun fræðastarfseminnar gjörólík í þessum tveimur stofnunum.

Veikleiki ReykjavíkurAkademíunnar hefur einmitt verið bakhliðin á því sem gerir hana sterka og athyglisverða: Óformleikinn og hið opna form RA gerir að verkum að fræðimenn geta ekki gengið að skýrt skilgreindum stöðum, mánaðarlegum kaupgreiðslum og öryggi í starfi. Það má líka kalla þetta jaðartilvist, sem stafar af stöðugum fjárskorti. Ýmiss konar framtak er borið uppi af áhuga. RA hefur heldur ekki haft stöðu sem háskóli, sem veldur ákveðnum vandræðum í samvinnu við erlenda aðila til dæmis, en þetta er að breytast. RA hefur að vísu ekki fengið formlega stöðu háskóla en alþjóðleg samvinna er að þróast á ýmsum sviðum og RA hefur smám saman vakið meiri athygli fyrir sérstöðu sína á akademíska sviðinu meðal erlendra fræðimanna. Það breytir ekki því að akkilesarhæll RA er skortur á föstum stöðum; reglan er sú að um leið og fræðimanni í RA býðst slík staða hverfur hann til starfa á nýjum vettvangi. Þannig er sérstaða RA að sumu leyti blekking. Staða sjálfstætt-starfandi fræðimanna í RA er í grundvallaratriðum erfið, afkoma þeirra óviss og óöryggi mikið.

RA er laust við ýmiss konar yfirbyggingu, akademíska helgisiði og formlegheit sem orðið hafa til í háskólum í tímans rás. Að því leyti minnir RA á lágvöruverðsverslanir eins og Bónus. RA getur boðið upp á lægra „verð“ á þekkingaröflun, fræðimenn sem þar starfa þurfa ekki að takast á hendur margvíslegar skyldur og stjórnunarstörf sem fylgja því að fá stöður við háskóla. Þetta hefur mikla kosti í augum margra, en þó ekki svo að menn hafi í stórhópum sagt upp föstum stöðum við háskóla og komið sér fyrir í RA. Ýmsir svokallaðir emerítusar, háskólakennarar á eftirlaunum, hafa hins vegar komið sér fyrir í RA og reynst góð viðbót við fræðasamfélagið þar.

Kreppa háskólanna er hugtak sem ekki hefur verið rætt mikið hér á landi – enda hefur vandi háskólanna hér á landi fremur falist í því hversu vanþróað og vanfjármagnað háskólastigið hefur verið. Erlendis felst hún annars vegar í því að sérhæfing hefur orðið óhæfilega mikil – þótt ákveðin sérhæfing sé að sjálfsögðu nauðsynleg og ein forsenda framfara í vísindum og fræðum – og hins vegar í því að við

sigur nýfrjálshyggjunnar var farið að skera niður fjármagn til háskóla. Í Bandaríkjunum hefur lengi tíðkast að fyrirtæki og auðmenn fjármögnuðu háskóla og fræðastarfsemi en slík skipan hefur ekki komist á fót í Evrópu af nokkuð augljósum ástæðum. Hættan á því að slíkir einkaaðilar hafi áhrif á það hvernig rannsóknir eru stundaðar er of mikil að áliti flestra Evrópumanna sem þykir skárra að fást um það við ríkisvaldið.

Fræðastarfsemi RA byggist á samsettri fjármögnun. Hluti fræðastarfa þar er fjármagnaður af opinberu fé, með samkeppnissjóðum, fjárveitingum til einstakra verkefna og greiðslum fyrir kennslu. Félagasamtök, sveitarfélög, stofnanir, bókaútgáfur og ýmis fyrirtæki fjármagna einnig mörg rannsóknarverkefni og bókarskrif. Erfitt er að gera sér grein fyrir umfangi hverrar greinar um sig, því hver fræðimaður virkar eins og lítið einkafyrirtæki og RA hefur í raun engin afskipti af fjármögnun slíkra verkefna. Þetta er nýjung, gefur mikið svigrúm og er ódýrt.

Eitt einkenni póstmódernismans í akademíunni er að uppbyggingu akademískra stofnana er í raun hætt. Stöðum þar er ekki fjölgað eins og nauðsynlegt er út frá þörfum fræðanna eða út frá samfélagslegri þörf fyrir fræðastarfsemi. Markaðsöfl fá lausan tauminn á fræðasviðinu eins og annars staðar. Fjármagn til grunnrannsókna frá ríkisvaldinu er skorið við nögl og æ fleiri rannsóknir kostaðar af hagsmunaaðilum, einkum stórfyrirtækjum. RA er ákveðið svar við þessu: Með henni eru fræðimenn að hafna þessari þróun og andæfa henni, og því er RA and-póstmódernísk í þessum ákveðna skilningi. Hún er í raun yfirlýsing um að fræðimenn sætti sig ekki við stefnumótun yfirvalda í málefnum háskóla, hug- og félagsvísinda, en um leið hefur einhver sterkasti þátturinn í fræðastarfi RA verið undir miklum áhrifum frá póstmódernískum og póststrúktúralískum straumum.

## Akademía og póstmódernismi

Háskólar urðu til á miðöldum og og mótuðust af ríkjandi hugmyndafræði sem byggðist á sameiginlegum arfi kristninnar og grískrar heimspeki, svokölluðum ný-platónisma. Fyrstu háskólarnir eru einmitt oft taldir fræðastofnanir Grikkja, til dæmis Akademía Platons og Lykeion Aristotelesar. Á 13. öld var farið að stofna háskóla í Vestur-Evrópu, og á 15. öld voru fyrstu háskólarnir á Norðurlöndum stofnaðir. Á tímum vísindabyltingarinnar á 17. og 18. öld voru háskólar íhaldssamir og seinir að taka við sér, og vísindafélög urðu mikilvægustu akademísku stofnanirnar. Vísindabyltingin leiddi til gjörbyltingar í heimsmynd Evrópubúa og síðar alls mannkyns, en útbreiðsla hennar tók tíma og enn þann




Kápa Sögustríða, bókarinnar sem Sigurður Gylfi ritaði og gaf RA.

dag í dag eiga sér stað harkaleg átök á milli veraldlegrar og trúarlegrar heimsmyndar, og hafa jafnvel farið harðnandi. Þó skyldi varast að gera of skýran greinarmun á veraldlegri og trúarlegri heimsmynd: Þekkt er að trúarhreyfingar geta falið í sér beitta gagnrýni á ríkjandi ástand og innan trúarlegrar heimsmyndar eru margar vistarverur, alveg eins og innan hinnar veraldlegu.

Á 18. og 19. öld sigraði upplýsingin algerlega í menntastofnunum hins vestræna heims. Sigur vísindanna var fullkominn á sviði raunvísinda: Mælanlegar athuganir sem hægt var að tjá með stærðfræðilegum hætti lögðu grundvöll að mikilli lífskjarabyltingu, stórkostlegum endurbótum á framleiðslukerfi, samgöngum, læknavísindum og upplýsingatækni. Það tók tíma að koma þessum breytingum í framkvæmd, til dæmis varð ein slík bylting ekki hér á landi fyrr en um 1900 þegar ungbarnadauði lækkaði úr 20–30% niður fyrir 1% á skömmum tíma.

Miklu hægar gekk að koma á fót félagsvísindum eða



Tveir Hagþenkismenn, Sverrir Jakobsson í stjórn og Jón Yngvi Jóhannsson framkvæmdastjóri, á fundi 31. janúar 2006.

beita þeim í framkvæmd. Þó má segja að franska byltingin hafi sett þau á dagskrá með þeim hætti að farið var að krefjast almennra mannréttinda, kosningaréttar, málfrelsis, aðskilnaðar ríkisvalds og kirkju o.s.frv. Upplýsingasöfnun embættismannakerfa einveldistímans lagði grunn að félagsvísindum með ákveðnum hætti, og slík upplýsingaöflun um þegnana varð áfram mjög mikilvæg eftir að lýðræði var komið á. Á 19. öld komu fram hinar áhrifamiklu kenningar Karls Marx, Max Webers og fleiri félagsvísindamanna, en marxisminn sló í aftur í gegn í akademíunni um 1970. Upplýsinga- eða gagnaöflun og kenningasmíðar voru alltaf tveir grundvallarþættir félagsvísinda og höfðu mikil áhrif á margar greinar hugvísinda um miðja 20. öld, til dæmis sagnfræði. Í ákveðnum greinum hugvísinda hafa mælanlegar „staðreyndir" hins vegar aldrei gegnt verulegu hlutverki, til dæmis í bókmenntafræði, en heimspeki hefur síðan á 18. öld að stórum hluta snúist um hvernig taka ætti á þeim breytingum sem vísindabyltingin hafði í för með sér.

Á grundvelli upplýsingarinnar voru stofnuð samfélög af nýju tagi upp úr fyrri heimstyrjöld: Vísindin skyldu færa mönnum frelsi frá kúgun og fátækt. Miklar framfarir urðu framan af í því eina ríki sem starfaði á þessum grundvelli, Rússaveldi, heilsugæsla, menntun og félagslegt öryggi náði stigi sem óvíða þekkist enn. Svipaðar framfarir urðu í öðrum ríkjum af þessu tagi sem stofnuð voru eftir 1945. Hagvöxtur var á köflum gífurlega hraður – en frelsið og vísindaleg innrétting samfélagsins reyndust ekki eiga samleið þegar til lengdar lét. Frelsið lét undan síga og þar kom að menn gáfust upp á þessari tilraun.

Vonbrigðin með árangur vísindanna og árangurinn af upplýsingunni sem heild – bæði í samfélagslegum efnum og vegna afleiðinga vísindastarfseminnar sjálfrar, óheftrar iðnvæðingar, mengunar, kjarnorkuógnar o.s.frv. – leiddu til gagnrýni á vísindin sjálf og á forsendur vísindalegrar orðræðu. Sú gagnrýni kom skýrast fram hjá frönskum vísindamönnum og heimspekingum, en hlaut mestan hljómgrunn í bandarískum háskólum.

Póstmódernisminn hefur í öfgafyllstu mynd sinni snúist gegn gjörvallri arfleifð upplýsingarinnar, gegn vísindum og gegn trúnni á skynsemi. Í raun hefur háskólasamfélagið ekki tekið afleiðingunum af því heldur samþætt mikilvægustu hugmyndir þessarar stefnu eldri aðferðum og viðhorfum. Víðtækt fráhvarf varð frá hlutlægri rannsókn staðreynda og athugun stórra kerfa í átt að hinu huglæga, hinu einstaka og hinu smáa, sérstaklega í hug- og félagsvísindum. Slíkt fráhvarf hefur orðið öðru hvoru áður í sögu vísindanna, til

dæmis upp úr 1900. Hin vísindalega aðferð var gagnrýnd harkalega og talað um að vísindamenn væru ekkert annað en prestar nýrra trúarbragða, vísindatrúarinnar, sem í raun hefði svipað innihald og önnur trúarbrögð. Áhugi dofnaði á því að athuga efnahagslegar forsendur ójafnréttis og þess í stað tóku fræðimenn að skoða menningarlegar forsendur þess, sérstaklega vald og ýmsar birtingarmyndir þess. Póstmódernisminn og „the linguistic turn"[1] í hug- og félagsvísindum gerði ákveðið gagn með því að beina athyglinni að fyrirbærum á borð við orðræðu, að forsendum þess hvernig talað er um hlutina og að því hvernig akademían beitir eins og aðrar félagslegar stofnanir valdi leynt og ljóst til að viðhalda ákveðnum strúktúr og orðræðu.

Flóðbylgja póstmódernismans hefur hjaðnað nokkuð. Áhrifin sjást í því hvernig talað er nú um hug- og félagsvísindi, hvaða fyrirbæri eru rannsökuð og hvernig þau eru rannsökuð. Að mörgu leyti eru þessar breytingar yfirborðslegar og póstmódernisminn hafði greinileg einkenni tískubylgju í fræðaheiminum, en hann hefur engu að síður eflt hug- og félagsvísindi og bætt við þau ýmsum greiningaraðferðum og greiningartækjum. Kjarni hug- og félagsvísinda er eftir sem áður arfleifð upplýsingarinnar, grundvallarhugtök þeirra eru ennþá sannleikur, athugun og abstraksjón, þau byggjast ennþá á veraldlegri heimssýn o.s.frv. Að því leyti er ReykjavíkurAkademían ekkert öðruvísi en aðrar vísinda- eða fræðastofnanir: Hún er ekki grundvölluð á and-skynsemi póstmódernismans, heldur andæfir einmitt slíkum tilhneigingum með tilvist sinni, eins og áður var bent á.

## Póstmódernisminn í RA

Í RA hafa komið saman ýmsir fræðimenn undir áhrifum sem kenna má við þessa strauma. Þar er í fyrsta lagi um að ræða ýmsa bókmenntafræðinga, en í bókmenntafræðinni á póstmódernisminn lengsta sögu og er nú orðinn hluti af stofnuninni, svo að segja. Póstmódernismi og póststrúktúralismi höfðu allt frá níunda áratugnum og jafnvel fyrr verið vel þekktir innan bókmenntafræðinnar og margir íslenskir bókmenntafræðingar haft kynni af þessum stefnum og unnið í anda þeirra. Í öðru lagi hafa margir kynjafræðingar og fræðimenn sem vinna í anda póststrúktúralísks femínisma haft aðstöðu í RA og unnið þar mikið starf, en sumir þeirra hafa síðan farið til starfa á öðrum vettvangi, meðal annars hjá RIKK eða við kynjafræðiskor HÍ. Í þriðja lagi hafa flestir þeir sagnfræðingar sem hér á landi hafa unnið í anda póstmódernískrar einsögu litið á RA sem vígi sitt og haft þar aðstöðu. Deilur einsögufræðinga í RA og annarra sagnfræðinga hafa verið áberandi á tímum RA, svo sem gagnrýni einsögumanna á yfirlitssögu, stofnanasagnfræði og sagnfræðiiðkanir við Háskóla Íslands og Kennaraháskólann.

Einn helsti vettvangur póstmódernistanna í RA hefur verið Atviksritröðin. Að henni störfuðu í fyrstu hjónin Geir Sveinsson og Irma Erlingsdóttir, en Irma hafði haft Hélène Cixous, einn helsta talsmann póststrúktúralísks femínisma, að leiðbeinanda í París. Einsögufræðingarnir Sigurður Gylfi Magnússon og Davíð Ólafsson fundu sér þar farveg fyrir einsögukenningar sínar í *Molum og myglu*, Atviki 5, undir ritstjórn Ólafs Rastricks sagn- og menningarfræðings og Valdimars Hafsteins þjóðfræðings. Hjálmar Sveinsson, þekktur útvarpsmaður, hefur einnig unnið að ritröðinni, sem og Davíð Kristinsson heimspekingur, Þröstur Helgason ritstjóri *Lesbókar Morgunblaðsins*, Geir Svansson, Kristinn Schram, Ásthildur Valtýsdóttir og Ólöf Gerður Sigfúsdóttir.

Yfirborðsleg athugun á efni Atvikanna sýnir vel hvar leitað er fanga: Þar er efni eftir menn á borð við Walter Benjamin, sem er elstur í hópnum og einn af þeim eldri fræðimönnum sem hafa verið innblástur póstmódernista, Carlo Ginzburg, Jean Baudrillard, Susan Sontag, Marshall McLuhan, Pierre Bourdieu, Deleuze og Guattari og Jacques Derrida. Innlendir höfundar auk þeirra sem nefndir eru að ofan eru meðal annars Úlfhildur Dagsdóttir og Oddný Eir Ævarsdóttir.

Bæði Irma Erlingsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir hafa komið við sögu RA, en þær starfa báðar við kynjafræði í HÍ. Þorgerður er lektor í kynjafræði og Irma hefur verið starfsmaður Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum (RIKK). Þorgerður Þorvaldsdóttir kynjafræðingur hefur einnig starfað lengi innan RA, og hefur skrifað ýmislegt í póststrúktúralískum anda. RIKK og kynjafræðin í HÍ hefur hins vegar verið aðalvettvangur þessa hóps, fremur en RA. Annadís Gréta Rúdólfsdóttir félagssálfræðingur er annar fræðimaður sem unnið hefur í þessum anda í RA, og hefur meðal annars rannsakað móðurímyndina. Margir sagn- og þjóðfræðingar, svo sem Inga Huld Hákonardóttir, Bára Baldursdóttir og Ingunn Ásdísardóttir hafa stundað rannsóknir af femínískum toga. Femínismi, hvort heldur femínismi af eldri gerð eða nýrri póststrúktúralískur femínismi, hefur því verið drjúgur þáttur í starfi margra fræðimanna í RA.

Einsaga hefur verið fyrirferðarmikil í starfi RA. Helsti einsögufræðingur okkar Íslendinga, Sigurður Gylfi

---

1 Höfundur þekkir enga fullnægjandi þýðingu á þessu hugtaki. „Málhyggja" eða „tungumálsbeygja í hugvísindum" nær einhverjum hluta merkingarinnar.




Friðbjörg Ingimarsdóttir, framkvæmdastýra Hagþenkis.

Magnússon, var formaður stjórnar RA 1998–2000 og hefur alla tíð haft aðstöðu í RA. Ýmsir sagnfræðingar, svo sem Davíð Olafsson, Sigrún Sigurðardóttir, Jón Þór Pétursson, Hilma Gunnarsdóttir, Guðný Hallgrímsdóttir og Sigríður Backmann, hafa lagt sig eftir að vinna í anda einsögu. Margir þeirra hafa haft aðstöðu í ReykjavíkurAkademíunni. Einnig má nefna Magnús Þór Snæbjörnsson og Onnu Björk Einarsdóttur, sem hafa lagt stund á marxíska greiningu og stuðst meðal annars við aðferðir Slavojs Zizeks.

Sigurður Gylfi hefur verið duglegur að gefa út ýmis rit á fræðasviði sínu. Hann hefur ritstýrt heimildaritröðinni *Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar* ásamt fleirum og gefið út eigin fræðirit, svo sem *Sjálfssögur, Fortíðarþrá, Frá endurskoðun til upplausnar* og *Sögustríð*. Í þeim hefur hann óspart gagnrýnt söguskor Háskóla Islands og talað fyrir eigin kenningum á sviði einsögu. Kenningar hans hafa farið víða og teljast meðal róttækustu útlegginga á sviði einsögunnar. Í einsögu er mjög fjallað um einstaklinga, einstök atvik og samfélög og þessi fyrirbæri skoðuð nákvæmlega, venjulega í samhengi við kenningar um almenna þróun viðkomandi fyrirbæra. Sigurður Gylfi hefur hafnað því að einsaga eigi að nota sér almennar kenningar og gagnrýnir einnig yfirlitsrit almennt sem kúgunartæki sem þjappi veruleikanum inn í óþægilega þröngar skorður.

Sigurður Gylfi hefur einnig mátt þola harða gagnrýni úr herbúðum háskólasagnfræðinga, þeirra sem nú teljast hefðbundnir félagssagnfræðingar. En gagnrýni á hann kemur ekki einungis úr hópi háskólamanna. Bókmenntafræðingar úr herbúðum póst-strúktúralista í RA, þeir Hermann Stefánsson og Jón Yngvi Jóhannsson, hafa einnig gagnrýnt Sigurð Gylfa og sakað hann um að fara offari í gagnrýni sinni á andleg yfirvöld og kúgunartæki akademíunnar. Sigurður nýti sér meðal annars þá stofnun sem hinn rómantíski utangarðsmaður og uppreisnarmaður sé. Hann sé sjálfur orðin stofnun af ákveðnu tagi. Sigurður hefur alltaf hvatt mjög til umræðu og skoðanaskipta í akademíunni og telur að deilur séu af hinu góða, þannig að hann er hæstánægður með þessa gagnrýni.

Sigurður Gylfi hefur mjög fjallað um sjálfsmynd og sjálfsævisögur í fræðum sínum. Sjálfsmynd og sjálfsævisögur eru viðfangsefni margra annarra fræðimanna í RA, til dæmis Soffíu Auðar Birgisdóttur bókmenntafræðings, sem fremur telst til femíniskra fræðimanna en póstmódernískra.

Hin póstmóderníska áhersla á ímyndir og yfirborð er áberandi í starfi Ímyndahópsins svokallaða, sem er einn öflugasti fræðahópurinn í RA hin síðari ár. Þar fer fremstur í flokki sagnfræðingurinn Sumarliði R. Ísleifsson, sem hefur haft ímyndir Islands, ekki síst í skrifum erlendra manna, að einu helsta rannsóknarviðfangi sínu. Í þessum hópi eru einnig fræðimennirnir Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, Gylfi Gunnlaugsson bókmenntafræðingur, Clarence Glad guðfræðingur, Hildigunnur Olafsdóttir félagsfræðingur, Hallfríður Þórarinsdóttir mannfræðingur, Kristinn Schram þjóðfræðingur og margir fleiri innan og utan ReykjavíkurAkademíunnar.[1]

Rannsóknarverkefni hópsins, Island og ímyndir Norðursins (INOR), sem fékk öndvegisstyrk Rannís til þriggja ára, byggist á samstarfi íslenskra og erlendra fræðimanna á þessu sviði, og alls koma þar við sögu 20 fræðimenn. Verkefnisstjórar eru Sumarliði R. Isleifsson og Daniel Chartier. Flestir fræðimannanna koma frá ReykjavíkurAkademíunni og þar hefur verkefnið aðsetur. Auk þess tengjast margir aðrir erlendir og innlendir fræðimenn verkefninu og INOR hefur samstarf við rannsóknarhópa í Kiel í Þýskalandi, Umeå í Svíþjóð og Tromsö í Noregi.

Á vegum hópsins er unnið að rannsóknum á birtingarmyndum ímynda Islands í samtímanum sem hluta norðursins, hvernig þær hafa sprottið fram sögulega og breyst í tímans rás og hvert þær stefna. Útgáfa á rannsóknarniðurstöðum er áætluð árið 2010 þegar verkefninu lýkur. Á vegum verkefnisins er einnig umtalsverð útgáfa, bæði á íslensku og ensku, námskeiðshald um ímyndir og kynningar á kvikmyndum þar sem fjallað er um Ísland.

## Afbygging þjóðernisstefnunnar

Annar meginstraumur fræða í ReykjavíkurAkademíunni er einnig að nokkru leyti af póstmódernískum toga. Hann snýst um afbyggingu þjóðernisstefnunnar, með öðrum

1 [www.inor.is/]

orðum gagnrýni á hina opinberu sameinandi hugmyndafræði þjóðernisstefnunnar og íslenska þjóðríkisins. Henni fylgir vantrú á eintóna framfarahyggju, sem ekki síst birtist í áherslu á umhverfisvernd og gagnrýni á blinda stóriðjustefnu. Nátengd þessu sviði eru fræði sem taka til breyttrar sjálfsmyndar Íslendinga, vaxandi straums innflytjenda til landsins og viðbragða við alþjóðavæðingu. Loks tengist þessum straumi áhugi á að taka á ný til skoðunar forna sveitamenningu með skírskotun til nútímans og út frá nýjum áherslum, og áhersla á sögu og baráttu alþýðufólks, bænda, verkamanna og annarra. Sú barátta hefur fallið í skuggann af „baráttu þjóðarinnar gegn Dönum" og hefur ekki verið sinnt nægilega mikið.



Jon Olav Fivelstad tölvufræðingur.

Guðmundur Hálfdanarson var einn af hvatamönnum að stofnun ReykjavíkurAkademíunnar og því er við hæfi að höfuðrit hans um þjóðernisstefnuna, *Íslenska þjóðríkið. -uppruni og endimörk,* skuli hafa komið út í ritröð RA og Hins íslenska bókmenntafélags um Íslenska menningu. Guðmundur er einn þeirra fræðimanna sem helst hafa beitt sér að endurnýjun íslenskrar söguendurskoðunar sem hefur að markmiði að leysa söguskoðun nútímans úr viðjum þjóðernislegrar hugmyndafræði.

Sagnfræðingar þjóðernishugmyndafræðinnar gerðu í stórum dráttum ráð fyrir því að Íslendingar hafi átt sér gullöld á miðöldum fram að því að landið gekk í Noregsveldi skömmu eftir miðja 13. öld. Undir erlendri stjórn hafi öllu farið hnignandi og allt farið á verri veg, en með þjóðernisstefnu og þjóðfrelsisbaráttu á 19. öld hafi þjóðin vaknað til dáða, hrint af sér erlendu oki og stefni nú til nýrrar gullaldar. Í þessari söguskoðun eru stjórnmál í öndvegi og er öll Íslandssagan, jafnt efnahagsmál sem menningarsaga, túlkuð út frá þeim.

Gagnrýni á þessa söguskoðun gekk meðal annars út frá því að rangt væri að setja stjórnmálasögu með þessum hætti í öndvegi. Sagan liti öðruvísi út ef önnur viðmið væru lögð til grundvallar, til dæmis viðmið úr félags- og hagsögu. Í *Íslenskum söguatlas* sem þeir Árni Daníel Júlíusson og Jón Ólafur Ísberg ritstýrðu 1989-93 var þetta lagt til grundvallar, og árið 2005 kom út endurskoðuð útgáfa þar sem gengið var enn lengra. Víðtæk endurskoðun á Íslandssögunni kom fram í þessu riti. Danir voru ekki lengur erkióvinir íslensku þjóðarinnar gegnum aldirnar, í ljós kom að Íslendingar höfðu verið sjálfum sér sundurþykkir og að landinu var fyrst og fremst stjórnað í samræmi við hagsmuni innlendrar yfirstéttar. Árni Daníel, Axel Kristinsson og Orri Vésteinsson, sem allir komu með einum eða öðrum hætti að stofnun RA, gagnrýndu á 2. íslenska söguþinginu árið 2002 hugmyndafræði þjóðernisstefnunnar og þá kenningu að öllu hafi farið hnignandi hér á landi undir stjórn Noregskonungs og síðan Danakonungs.

Sigríður Matthíasdóttir, sem var í fyrstu stjórn RA, lagði síðan fram alveg nýtt sjónarhorn við afbyggingu þjóðernisstefnunnar með því að draga kynjaviðhorf inn í gagnrýnina. Í doktorsritgerð frá 2004 lýsti hún því hvernig þjóðernisstefnan skipaði konum á ákveðinn bekk þegar íslenska þjóðríkið varð til, bekk sem gaf konum lítið svigrúm. Sigríður leggur fram þá hugmynd að íslensk þjóðernisstefna hafi verið endurnýjuð um 1900. Eins og víðast hvar í hinum vestræna heimi hafi konan fengið nýjan sess í samfélaginu með nútímavæðingunni. Sá sess var afar þröngur. Í hinu hefðbundna bændasamfélagi hafði konan ákveðið svigrúm og vald á framleiðslu á bændabýlinu, svo sem framleiðslu mjólkurafurða og vaðmáls, en þessi sess hvarf með nútímavæðingunni, lokum sjálfsþurftarbúskapar og iðnvæðingu og samfélagsvæðingu flestra þeirra þátta sem verið höfðu á könnu bændakvenna.[1] Á tímanum 1900–1930 fengu konur ákveðin réttindi, svo sem kosningarétt, en þeirra staður var samkvæmt opinberri hugmyndafræði inni á heimilunum og þær sáust lítið á opinberum vettvangi fyrstu ár hins fullvalda Íslands.

Hér opnast alveg nýir heimar, ótal mýtur þurfa

1 Sigríður Matthíasdóttir: Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930. Rv. 2004.



Þorleifur Hauksson íslenskufræðingur. Í RA nánast frá upphafi og sat í stjórn RA (félags, 2006–2008.

endurskoðunar við og viðhorf breytast til grundvallaratriða Íslandssögunnar. Sú hugmynd að íslenska bændasamfélagið hafi verið staðnað og aftarlega á merinni er til dæmis skilgetið afkvæmi söguskoðunar þjóðernisstefnunnar. Gagnrýni á þessa hugmynd hefur leitt til þess að ný verðmæti uppgötvast. Viðar Hreinsson hefur leitt sveita- og alþýðuskáldið Stephan G. Stephansson til öndvegis. Kári Bjarnason hefur fundið gífurlegan og áður ókunnan sjóð tónlistar í gömlum handritum. Davíð Ólafsson og Viðar Hreinsson vinna að því að tengja íslenska alþýðufræðimennsku alþjóðaveröld fræðanna. Sigurður Gylfi Magnússon hefur uppgötvað gífurlegan efnivið í handritum alþýðumanna, efnivið sem lítt eða ekki hefur verið rannsakaður. Jón Jónsson og félagar hans í Sögusmiðjunni könnuðu gamla sveitamenningu og gerðu galdraarfleifð Strandanna meðal annars skil í sýningu. Galdrar eru líka viðfangsefnið í rannsóknum Ólínu Þorvarðardóttur, og svo mætti lengi telja.

Endurskoðun þjóðernismýtunnar kallast einnig á við vaxandi alþjóðavæðingu samfélagsins. Hallfríður Þórarinsdóttir mannfræðingur gagnrýndi hreintungustefnuna á forsendum póststrúktúralismans og hefur síðan snúið sér að rannsóknum á stöðu innnflytjenda hér á landi. Sverrir Jakobsson hefur í rannsóknum sínum kannað sjálfsmynd Íslendinga og viðhorf til annarra þjóða á miðöldum. Jón Yngvi Jóhannsson vinnur við að rannsaka dansk-íslenska höfunda á fyrri hluta 20. aldar út frá viðhorfum sem eru gagnrýnin á þjóðernisstefnuna, og þannig mætti lengi telja.

Þessu hefur fylgt gjörtæk endurskoðun á viðhorfinu til Dana. Nýtt viðhorf hefur jafnvel látið á sér kræla, sem sé að ekki sé víst að viðskilnaðurinn við Dani hafi verið með öllu jákvæður.

Birgir Hermannsson hefur rannsakað þjóðernisstefnuna og bent á að við íslensku söguendurskoðunina hafi verið vanrækt eða látið vera að draga inn stéttamóthverfur á Íslandi á tímum gamla bændasamfélagsins.[1] Stéttahugtakið er mjög til umfjöllunar í RA, og það er engin tilviljun að Bókasafn Dagsbrúnar er nú í RA. Sumarliði R. Ísleifsson vinnur að sögu ASÍ, og hópur innan RA stóð ásamt verkalýðsfélaginu Eflingu að ráðstefnu um samfélagsleg áhrif verkalýðshreyfingarinnar á 20. öld á aldarafmæli Dagsbrúnar, eins og áður segir. Meðal þeirra sem þar komu við sögu voru Þórunn Sigurðardóttir, Sumarliði, Ingólfur Gíslason og Viðar Hreinsson.

Gagnrýni á þjóðernisstefnuna á póstmódernískum nótum fylgir gagnrýni á framfarahyggju og tæknihyggju, sem hefur verið mikilvægur þáttur í hugmyndafræði íslenskrar þjóðernishyggju. Landið átti að reisa úr fátækt með því að nýta auðlindir þess. Landhelgin var færð út og útlendingar reknir frá Íslandsmiðum, fossa og fallvötn átti að virkja til að mala þjóðinni gull. Þessi hugmyndafræði hefur ekki átt vinsældum að fagna í RA en náttúruverndarsinnar eiga þar hins vegar mikinn hljómgrunn, Náttúruverndarsamtök Íslands hafa skrifstofu í RA, þar sem Árni Finnsson talar máli umhverfissinna. Eins og fram hefur komið skipulagði Viðar Hreinsson fundaröð um náttúruvernd.

## Verkefni í akademíunni á afmælisárinu

Hér hefur verið reynt að rýna í helstu stefnur og strauma í fræðilegri starfsemi ReykjavíkurAkademíunnar en rétt er að benda á að flokkun af þessu tagi er alltaf nokkuð vafasöm. Greina má ákveðinn þriðja straum í RA sem kannski má nefna hagnýt félagsvísindi og er þá átt við fræðimennina Hildigunni Ólafsdóttur, Ingólf Á. Gíslason, Rannveigu Lund o.fl. sem eru virkir félagsvísindamenn á sínu sviði, í afbrotafræði, kynjafræði, lestrarfræði. Auk þess er í gangi mikil og margvísleg starfsemi á ýmsum sviðum. Leiklistarfræði hefur öðlast öflugan sess innan RA með starfsemi Leikminjasafnsins, sem er í umsjá leikhúsfræðingsins og gagnrýnandans Jóns Viðars Jónssonar. Sálfræðingurinn Magnús S. Magnússon rekur Rannsóknastofu um mann-

1 Birgir Hermannsson: Understanding nationalism. Studies in Icelandic nationalism, 1800–2000. Stokkhólmi 2005.

legt atferli á vegum Háskóla Íslands innan vébanda ReykjavíkurAkademíunnar, og í Lýðræðissetri Björns S. Stefánssonar eru stundaðar rannsóknir á lýðræði og kosningum. Þá er ótalin margvísleg starfsemi, svo sem starfsemi ýmissa félaga hug- og félagsvísindamanna með aðstöðu í RA, en þar má nefna Sagnfræðingafélagið, Mannfræðingafélagið, Þjóðfræðingafélagið og Hagþenki. Þessi félög fá oft inni með fundi eða fundaraðir í húsnæði RA.

I nýlegum bæklingi um RA kemur fram að eftirtaldar stofnanir og samtök hafa aðstöðu innanhúss:

Hagþenkir, félag fræðiritahöfunda
Kviksaga, heimildamyndamiðstöð
Vefritin Kistan, Hugsandi og Glíman
Markmál, þýðingar og textaráðgjöf
Miðstöð einsögurannsókna
Leikminjasafn Islands
Sögumiðlunin
NN fjölmiðlaþjónusta
Penna sf., listir og fræði
Lestrarsetur Rannveigar Lund
Hoffmannsgallerí
Náttúruverndarsamtök Islands
Jafnréttisstofa
Stofnun um helgisiðafræði
Rannsóknastofnun um mannlegt atferli
Viðskiptaháskólinn á Bifröst
Miðstöð innflytjendarannsókna

Að baki þessum heitum stendur fólk sem starfar ýmist sjálfstætt eða á vegum stofnana, samtaka eða útgefenda sem greiða þeim laun. Hagþenkir hefur starfsmann, sem lengi var Hörður Bergmann. Ragnheiður Margrét Guðmundsdóttir tók við af Herði og var starfsmaður Hagþenkis þar til Jón Yngvi Jóhannsson bókmenntafræðingur tók við. Árið 2007 tók Friðbjörg Ingimarsdóttir við starfinu af honum. Forvígismenn Kviksögu hafa verið Kristinn G. Schram, Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Tinna Grétarsdóttir, en upphaflega stóðu Olöf Gerður Sigfúsdóttir og Emiliano Monaco að stofnun hennar.

Hugsandi er vefrit undir stjórn hóps sagnfræðinga.[1] Markmál er öflug skrifstofa á sviði þýðinga og textaráðgjafar, og kallar sig þýðingastofu.[2] Markmál hefur fasta starfsmenn en einnig fjölda lausráðinna þýðenda í þjónustu sinni.

Miðstöð einsögurannsókna segir um sig:




Hlutverk Miðstöðvar einsögurannsókna er að standa að sjálfstæðum rannsóknum á sviði einsögu, miðla og gefa út fræðiverk þar sem aðferðir einsögunnar eru nýttar, stuðla að grunnrannsóknum á fjölbreyttum tegundum persónulegra heimilda í handritum ásamt því að vinna að þróun aðferða- og hugmyndafræði einsögunnar í framtíðinni. Mikilvægur hlekkur í starfi Me eru samskipti við erlenda fræðimenn sem hafa lagt stund á einsögurannsóknir og stefnt er að því að Me verði alþjóðlegur vettvangur fyrir einsögurannsóknir. Slíka miðstöð er hvergi að finna í heiminum.[3]

Forgöngumaður miðstöðvarinnar er Sigurður Gylfi Magnússon, og Davíð Ólafsson tekur einnig þátt í starfseminni en Me rekur alþjóðlega heimasíðu undir heitinu *microhistory.org* og gefur út tímaritið *Journal of Microhistory*.

Leikminjasafn Islands hefur umfangsmikla starfsemi með höndum sem varðar söfnun hvers konar leikminja, skjalasafna leikhúsfólks, leikmuna og annars álíka. Stjórn

1 [www.hugsandi.is]
2 [www.markmal.is/]

3 [www.akademia.is/sigm/midstod.html]

safnsins skipa skipa Sveinn Einarsson, stjórnarformaður, Ólafur J. Engilbertsson, varaformaður, Björn G. Björnsson, gjaldkeri, Ingibjörg Björnsdóttir, ritari, Þórhallur Sigurðsson, Jón Þórisson og Ágústa Skúladóttir, en forstöðumaður er eins og áður segir Jón Viðar Jónsson leiklistarfræðingur. Verndari þess er Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, og að safninu stendur víðtækt fulltrúaráð.[1]

NN fjölmiðlaþjónusta sinnir hvers kyns fjölmiðlun, grafískri hönnun, myndatöku og myndvinnslu, umbroti bóka og blaða o.s.frv. Starfsmaður fyrirtækisins er Ingólfur Júlíusson, og hefur fyrirtækið séð um margs konar hönnun fyrir ReykjavíkurAkademíuna og félaga hennar. Penna sf er fyrirtæki Sumarliða R. Ísleifssonar og heldur utan um verkefni á vegum hans. Lestrarsetur Rannveigar Lund sinnir greiningu og meðferð á lesblindu eða dyslexíu. Rannveig Lund er sérkennari með meistarapróf í uppeldis- og menntunarfræðum. Sérsvið hennar eru kennsla og þróun prófa til þess að greina dyslexíu og aðra lestrarerfiðleika. Um Hoffmannsgallerí og starfsemi þess hefur þegar verið fjallað (bls. 74). Náttúruverndarsamtök Íslands halda uppi öflugri og markvissri baráttu á sviði náttúruverndar. Starfsmaður þeirra er Árni Finnsson, en í stjórn samtakanna sitja Árni Finnsson, Freyja Birgisdóttir, Kristín Helga Gunnarsdóttir, Ólafur Páll Jónsson og Hilmar J. Malmquist, og varamenn eru Svanhvít Guðmundsdóttir og Kristján Kristinsson.[2] Starfsemi Jafnréttisstofu í Reykjavík var lengi í ReykjavíkurAkademíunni, en hún hefur aðalaðsetur á Akureyri. Ingólfur V. Gíslason var starfsmaður Jafnréttisstofu í Reykjavík, en hann sinnir nú starfi lektors í félagsfræði við Háskóla Íslands á sviði karlafræði, fæðingarorlofs- og jafnréttismála.[3]

Stofnun um helgisiðafræði hafði aðsetur í ReykjavíkurAkademíunni, en henni stýrir Kári Bjarnason sem hrinti verkefninu af stað í samvinnu við Helgu Ingólfsdóttur.[4] Að verkefninu Trú og tónlist í íslenskum handritum á vegum stofnunarinnar hafa unnið 25 manns á ýmsum tímum. Verkefnið hefur gefið nýja innsýn í íslenskan tónlistararf frá tímabilum sem lengi voru talin nánast tónlistarlaus og hafa tónlistarheimildir fundist í fjölda nótnahandrita frá fyrri öldum.

Rannsóknastofnun um mannlegt atferli við Háskóla Íslands hefur aðstöðu í ReykjavíkurAkademíunni.[5]

Um Viðskiptaháskólann á Bifröst og MIRRU er fjallað á öðrum stað (bls. 55 og 71).

Stór fræðiritunarverkefni hafa fengið aðstöðu í ReykjavíkurAkademíunni, svo sem *Saga Stjórnarráðs Íslands* undir stjórn Sumarliða R. Ísleifssonar, og nú saga Alþýðusambands Íslands, sem Sumarliði vinnur einnig að. Árni Daníel Júlíusson vinnur að sögu íslensks landbúnaðar, og Jón Þ. Þór hefur unnið að ýmsum fræðiritum, svo sem *Sögu biskupsstólanna*, og vinnur nú ásamt Guðjóni Friðrikssyni að sögu höfuðborgar Íslands fyrr á öldum, Kaupmannahafnar. Guðjón hefur aðsetur í ReykjavíkurAkademíunni og hefur ritað þar ævisögu Jóns Sigurðssonar og Hannesar Hafsteins. Þórunn Valdimarsdóttir hafði lengi aðstöðu í RA og vann þar að stórvirki sínu um Matthías Jochumsson.

Eins og fram hefur komið hefur fjöldi meistaraprófs- og doktorsnema allajafna skrifstofu í Reykjavíkur-Akademíunni, og þar verða til margvíslegar kenningar og fræðileg viðhorf. Ingunn Ásdísardóttir hefur til að mynda unnið að verkefni í goðsagna- og þjóðfræði um ásynjurnar Frigg og Freyju, sem kom út í ritröð ReykjavíkurAkademíunnar og HÍB, Íslensk menning.[6] Mörg fleiri doktors- og meistaraprófsverkefni hafa þegar verið nefnd, eftir Davíð Ólafsson, Björk Þorleifsdóttur, Sigríði Matthíasdóttur, Sverri Jakobsson, Birgi Hermannsson, Sumarliða R. Ísleifsson, Marion Lerner, Kristin Schram, og svo mætti lengi telja.

Mikilvægur liður í starfsemi RA er fundaröð á miðvikudögum, miðvikudagsseminörin, en þar kynna fræðimenn starfsemi sína fyrir öðrum félögum Akademíunnar. Sem dæmi má nefna að vorið 2002 skyldu nýir félagar sem komu inn í RA kynna verkefni sín á miðvikudagsseminörum. Fjórum árum síðar voru þeir Egill Arnarson og Kristinn Schram við stjórnvöl miðvikudagsseminaranna, og þá töluðu eftirtaldir um eftirtalin efni: 8. febrúar ræddi Margrét S. Sigurðardóttir um samþættingu hagrænna og listrænna markmiða í skapandi atvinnugreinum, 22. febrúar talaði Egill Arnarson og kynnti Heimspekivefinn (*heimspeki.hi.is*), 15. mars hélt Björn S. Stefánsson erindi undir nafninu „Allt er betra en íhaldið!". Hinn 22. mars talaði Jón Rúnar Sveinsson um húsnæðismál sem fræðilegt viðfangsefni, og Íris Ellenberger talaði um heimildarmyndir um Ísland 1916–66 29. mars. Í apríl talaði Salvör Aradóttir um Dramatúrgíu databasans. Því miður hafa ekki varðveist skrár um öll þau erindi sem haldin hafa verið í þessum erindaflokki.

1 [www.leikminjasafn.is]
2 [www.natturuverndarsamtok.is]
3 [www.jafnretti.is]
4 [www.brandur.eyjar.is/skalholt/staff.asp]
5 [www.hbl.hi.is/]

6 Ingunn Ásdísardóttir: Frigg og Freyja: Kvenleg goðmögn í heiðnum sið. Rv. 2007.



# 7. kafli. Bakgrunnur: Um háskólastigið 1960–2007

## Tilhneigingar í háskólanámi 1960–97

Á áttunda og níunda áratugnum hafði fjöldi námsmanna farið til framhaldsnáms frá Íslandi, aðallega til Norðurlanda og Bandaríkjanna. Flestir þeirra sneru aftur. Lánasjóður íslenskra námsmanna fjármagnaði þessa hreyfingu og það þótti mikils virði að hafa dvalist í útlöndum við nám. Nýjar hugmyndir bárust til Íslands með þessu námsfólki og Íslendingar voru stoltir af því hve víða þeir sigldu, hve fjölþættrar þekkingar þeir öfluðu sér á erlendum vettvangi og gátu síðan nýtt hér heima. Þessi hreyfing var enn í gangi um 1997. Oft hafði það verið gagnrýnt að menn kæmu með ranga þekkingu heim, væru of menntaðir eða vitlaust menntaðir fyrir hið örsmáa og sérstæða íslenska samfélag. Andstæðurnar milli þeirra sem voru menntaðir í útlöndum og hinna sem voru menntaðir hér heima urðu stundum skarpar. Þeir sem komu að utan gagnrýndu íslenska háskólasamfélagið fyrir íhaldssemi og þröngsýni og töldu sig vita og geta miklu betur.

Fræðasamfélagið var á tíunda áratug tuttugustu aldar nánast bundið við Háskóla Íslands (HÍ). Háskólinn var stofnaður árið 1911 við sameiningu þriggja embættismannaskóla, Prestaskólans, Læknaskólans og Lagaskólans. Hver þessara skóla varð að sérstakri deild í HÍ, sem útskrifaði presta, lækna og lögfræðinga. Að auki var stofnuð sérstök heimspekideild. Umfang Háskólans var ekki meira en svo að kennslan rúmaðist að mestu í tveimur stofum í Alþingishúsinu allt fram til 1940, þegar nýtt hús var loks reist fyrir hann á Melunum. Á tímabilinu frá 1911 til stofnunar Menntaskólans á Akureyri 1930 hafði æðri menntun verið forréttindi fámennrar yfirstéttar og takmarkaðist fjöldi stúdenta við 25 á ári, sem útskrifuðust úr Menntaskólanum í Reykjavík. Árið 1945 útskrifuðust fyrstu stúdentarnir úr Verslunarskólanum. Menntaskólinn á Laugarvatni var stofnaður 1953 að frumkvæði Jónasar Jónssonar frá Hriflu, en hann hafði einnig haft frumkvæði að stofnun Menntaskólans á Akureyri. Þessar litlu glufur í nána tengingu stéttakerfis og menntunar tóku

stakkaskiptum á sjöunda áratugnum. Menntaskólinn í Hamrahlíð var stofnaður árið 1966, Menntaskólinn við Tjörnina, síðar Menntaskólinn við Sund, árið 1969 og Menntaskólinn á Ísafirði árið 1970.[1] Stærsta breytingin kom síðan með fjölbrautaskólalögunum árið 1974, sem var grundvallarbreyting á framhaldsskólalögunum. Æ fleiri gátu nú gengið menntaveginn. Eftir 1970 fór skólum sem útskrifa stúdenta stöðugt fjölgandi, fjölbrautaskólar, verkmenntaskólar og ýmsir aðrir skólar bættust í hópinn. Fjölgun stúdenta átti eftir að skila sér inn í háskólasamfélagið. Kennaraskólanum var árið 1971 breytt úr framhaldsskóla í háskóla til þess að mennta kennara í grunnskólum. Nýjum deildum var komið á fót innan Háskóla Íslands.

Eftir að aðgangur að framhaldsmenntun var opnaður fjölgaði hratt í Háskóla Íslands. Um 1970 voru nemendur við HÍ um 2000, en voru orðnir um 4000 áratug síðar.[2] Um 1990 voru háskólanemar um 5000. Stór liður í fjölgun háskólanema var efling Lánasjóðs íslenskra námsmanna um og eftir 1970, sem auðveldaði fólki mjög að ganga menntaveginn, og gerði miklu fleiri násmönnum kleift að fara til náms erlendis. Þróun æðri menntunar á Íslandi endurspeglast að líkindum einna best í því hvernig doktorsmenntun Íslendinga er háttað. Doktorsritgerðaskrá Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns sýnir að eftir 1940 og allt fram yfir 1960 útskrifuðust einungis um 2–4 íslenskir doktorar árlega. Flestir voru þeir karlar í raungreinum af ýmsu tagi, læknisfræði, náttúrufræði, eðlis- og efnafræði, jarðfræði, landafræði eða skyldum greinum, og flestir tóku þeir doktorspróf á Norðurlöndum eða í enskumælandi löndum. Öðru hvoru voru varðar doktorsritgerðir við Háskóla Íslands, og það þekktist að menn leituðu doktorsmenntunar í Þýskalandi og Frakklandi.

Þetta fór að breytast um 1965. Útskrifuðum doktorum fjölgaði nú í um einn tug á hverju ári. Átta til níu þeirra voru karlmenn, og yfirgnæfandi meirihluti hafði einhver náttúruvísindi, raungreinar eða læknisfræði sem sérgrein. Fáir doktorar útskrifuðust í hug- og félagsvísindum. Flest ár fór ein doktorsvörn fram við Háskóla Íslands, en meirihlutinn leitaði sér doktorsmenntunar í enskumælandi löndum, sérstaklega Bandaríkjunum. Nokkrir menntuðust á Norðurlöndum og örfáir annars staðar. Um 1980 fór útskrifuðum íslenskum doktorum enn fjölgandi, úr um tug á ári í um 25. Áratuginn þar á eftir jókst framleiðslan enn og var komin upp í nær 60 á ári árið 1990, en vöxturinn hægði svo á sér. Eins og áður voru karlmenn yfirgnæfandi meirihluti doktora. Nefna má að árið 1985 útskrifuðust 36 íslenskir doktorar, og þar af voru tvær konur. Á tímabilinu 1980–90 útskrifaðist mikill meirihluti þeirra sem tóku doktorspróf, allt að þrír fjórðu, frá háskólum í enskumælandi löndum, flestir í Bandaríkjunum.

## Hug- og félagsvísindin ná sér á strik

Mikilvæg breyting varð á níunda áratugnum við framleiðslu íslenskra doktora að því leyti að doktorum í hug- og félagsvísindum fór nú loksins að fjölga. Þeir voru til að mynda um 33% árið 1980 og um 40% árið 1985, en hlutfallið lækkaði aftur um 1990 í um 30% og hefur haldist þar. Til hug- og félagsvísinda eru hér talin félagsvísindi, svo sem hagfræði, viðskiptafræði, þjóðfélagsfræði, uppeldis- og kennslufræði, þjóðfræði, mannfræði og stjórnmálafræði, hugvísindi eins og sagnfræði, fornleifafræði, málvísindi og bókmenntafræði og „embættisgreinarnar“ guðfræði og lögfræði.

Eftir 1990 komst á nokkur stöðugleiki. Földi útskrifaðra doktora óx nú hægar. Um 50–60 doktorar útskrifuðust á ári 1990–2000. Tvær mikilvægar breytingar urðu eftir 1990: Annars vegar fór konum loks að fjölga í hópi útskrifaðra doktora. Þeim fjölgaði smám saman úr um 10% doktora á níunda áratugnum í 20–30%, þar til þær voru orðnar meira en helmingur útskrifaðra doktora um 2005. Þetta er gríðarleg breyting á skömmum tíma. Hins vegar fór einokun enskumælandi landa á doktorsmenntun Íslendinga að láta undan síga: Evrópulönd önnur en Bretland, sérstaklega Norðurlönd en einnig Þýskaland og í minna mæli Frakkland, urðu á ný mikilvægur vettvangur íslenskrar doktorsmenntunar. Á tíunda áratugnum og raunar það sem af er nýju öldinni voru doktorshóparnir sem komu frá Englandi, Kanada og Bandaríkjunum annars vegar og frá Norðurlöndum og meginlandi Evrópu hins vegar álíka stórir.

Árið 2003 fór doktorum sem útskrifuðust frá íslenskum háskólum loks að fjölga verulega. Á tímabilinu 1985–2000 útskrifuðust 1–4 doktorar árlega frá HÍ, en eftir 2002 fjölgaði þeim í um 10–15. Þetta hlýtur að teljast afar mikilvæg breyting fyrir fræðasamfélagið. Fyrir 2002 var æðsta stig menntunar Íslendinga í höndum útlendinga, á löngu tímabili aðallega Bandaríkjamanna, en nú er farið að framleiða doktora í nokkrum mæli hér á landi. Fjöldi doktora útskrifaðra á Íslandi er þó enn sem komið er aðeins milli 10 og 20% allra íslenskra doktora.

1 Vefsetur skólanna.
2 Íslandssaga í máli og myndum, 410.




Hér má sjá Róbert Wessman, Þorgerði Katrínu menntamálaráðherra, Karl Wernersson og Svöfu Grönfeldt rektor Háskólans í Reykjavík á blaðamannafundi í HR 17. september 2007.

Hlutfall doktora í raunvísindum annars vegar og hug- og félagsvísindum hins vegar kemur talsvert á óvart. Um 1997 var þetta hlutfall komið í það horf sem haldist hefur síðan: Árlega útskrifast um 40 doktorar í raunvísindum, en um 20 á sviði hug- og félagsvísinda. Stærstu nemendahóparnir í háskólum eru hins vegar á sviði hug- og félagsvísinda.

Eins og áður sagði voru íslenskir háskólanemar, bæði í innlendum og erlendum háskólum, orðnir um 4000 upp úr 1980. Af þeim voru um 900 í námi í hugvísindum, um 1500 í félagsgreinum, og afgangurinn í raunvísinda- og heilbrigðisgreinum, um 1600. Um 1990 var fjöldinn kominn í um 5200 í íslenskum háskólum, en þá voru 2600 Íslendingar í háskólanámi erlendis.[1] Heildarfjöldi háskólanema hafði sem sagt nær því tvöfaldast á einum áratug, úr um 4000 í um 7800.

Af nemendum í Háskóla Íslands um 1990 voru um 1100 í hugvísindum, um 2450 í félagsgreinum (þar af um 850 í kennara- og uppeldisfræðinámi, svipaður fjöldi í félagsvísindum og um 750 í viðskipta- og hagfræði), og um 1700 í raunvísinda- og heilbrigðisgreinum. Fjölgunin var mun meiri í félagsgreinum en hugvísindum og raunvísindum.

Árið 1990 voru samtals um 1700 manns í námi í ýmiss konar hug-, félags- og listgreinum erlendis, en um 1050 í raungreinum. Athyglisvert er hvað fólk í listnámi var fjölmennt í fyrri hópnum, eða um 550, og fólk í verkfræði í þeim síðari, eða um 500. Þessar greinar voru ekki jafn-fjölmennar á háskólastigi á Íslandi, háskólanám í listgreinum var þá einfaldlega ekki til hér á landi, og verkfræði- og tækninemar voru fleiri erlendis en í íslenskum háskólum.[2] Fjöldi háskólanema erlendis árið 1997 var kominn niður í 1770 og hefur síðan haldist svipaður. Árið 1997 var fjöldi háskólanema á Íslandi 8300. Á tíu ára bili, frá 1990–2000, fjölgaði háskólanemum á Íslandi úr 5.200 í 10.500, eða um helming.[3] Heildarfjöldi íslenskra háskólanema var í kringum 12 þúsund um þúsaldaskiptin og fjölgunin hafði hægt á sér, þeim hafði fjölgað um þriðjung milli 1990 og 2000 í stað tvöföldunar áratuginn á undan.

## Endalok þenslunnar í hug- og félagsvísindum

Á tímabilinu 1990–2000 hægði vöxturinn í akademíunni á sér, sérstaklega á sviðum hug- og félagsvísinda. Þessar

1 Hagskinna, 860–861.

2 Hagskinna, 860–861.

3 Hagtíðindi 22. janúar 2007. Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2006.

greinar höfðu átt sér ákveðið blómaskeið á áttunda og níunda áratugnum, sem var að verulegu leyti afleiðing af róttækum þjóðfélagsstraumum sem fram komu á sjöunda áratugnum, en nú var áherslan í samfélaginu öll að færast yfir á svið markaðsvitundar og viðskiptafrelsis og það leiddi til áherslubreytinga í akademíunni. Hér skal tekið dæmi af einni grein hugvísinda og þróun hennar á þessum tíma.

Íslensk sagnfræði var fram um 1970 hluti þeirrar fræðigreinar sem kölluð var íslensk fræði. Meðal afreka þeirrar fræðigreinar var að lýsa Íslendingasögur ónothæfar sem sögulegar heimildir, en það gerðist undir forystu Sigurðar Nordals um miðja 20. öld. Eftir stóðu sagnfræðingar með Sturlunga sögu og Íslendingabók sem helstu frásagnarheimildir um miðaldasögu, en textafræðingar og bókmenntafræðingar stóðu með pálmann í höndunum: Þeir sátu að íslensku arfleifðinni og yfir henni í Árnastofnun.

Sagnfræðin var lengi að jafna sig á þessu áfalli og er varla búin að því enn. Á áttunda áratugnum sáust þó ýmis merki um endurnýjun í greininni. Sagnfræði var skipulögð sem sjálfstæð grein og varð að sérstakri skor í Háskóla Íslands. Á tímabilinu 1970–90 varð til um tugur stöðugilda við skorina. Fjöldi þeirra sem tóku doktorspróf í sagnfræði á sama tímabili var 13, og af þeim fengu ellefu stöðu við háskóla, átta við Háskóla Íslands, einn við Kennaraháskólann og einn við háskóla í París. Tveir doktorar frá Svíþjóð, báðir doktorar Íslendinga í verkalýðssögu, hafa hins vegar ekki fengið fasta stöðu við háskóla. Afleiðingin er að sjálfsögðu sú að verkalýðssaga er afar vanrækt grein hér á landi. Ákveðinn meginstraumur nýjunga í sagnfræði fékk samt sem áður nokkurt svigrúm í rannsóknum og kennslu á þessu tímabili, straumur sem kenna má við félags- og hagsögu.

Frá 1993 varð á þessu skyndileg breyting. Á tímabilinu frá 1993 til 1997 útskrifuðust átta doktorar í sagnfræði og hagsögu, og hafa aðeins tveir þessara doktora fengið fasta stöðu í sagnfræði við HÍ. Einn hefur fengið fasta stöðu við háskóla í Noregi og einn hefur fengið fasta stöðu í fornleifafræði við Háskóla Íslands, en fjórir eru sjálfstætt-starfandi fræðimenn. Af þeim sem fengið hafa doktorspróf eftir 1997 hefur enginn fengið fasta stöðu við Háskóla Íslands (fyrr en Háskólinn og Kennaraháskólinn sameinuðust, en doktor í sagnfræði var ráðinn að KHÍ árið 2008 og varð starfsmaður Háskólans við sameininguna). Í þessum hópi eru 18 manns, jafnmargar konur og karlar. Samkvæmt lauslegri athugun hafa tveir þeirra fengið fastar stöður við aðra háskóla hér á landi, fjórir eru í föstum stöðum við ýmsar ríkisstofnanir, svo sem söfn, rannsóknarstofnanir, ráðuneyti o.fl., og fimm eru með stöður við erlenda háskóla að því er virðist. Stærsti hópurinn er síðan sjálfstætt-starfandi fræðimenn, sjö manns.

Þannig er doktorsmenntun í sagnfræði ekki lengur trygging fyrir góðu starfi hjá ríkinu. Konum hefur fjölgað í hópi doktora í sagnfræði, en enginn þeirra kvendoktora sem útskrifast hafði eftir 1993 fékk fasta stöðu við háskóla hér á landi fyrr en áðurnefndur doktor, Ólöf Garðarsdóttir, fékk stöðu við KHÍ 2008.

Sagnfræði er ásamt bókmenntafræði fjölmennasta greinin í hugvísindum hér á landi. Staða sagnfræðinnar gefur því ákveðnar vísbendingar um hvernig hugvísindi standa í akademíunni. Varla er ofmælt að kreppa ríki í sagnfræðinni. Enginn hefur verið ráðinn í fasta stöðu í þeirri einu háskóladeild sem fjallar um íslenska sögu frá 1997, eða í bráðum 12 ár. Aðrar háskóladeildir í sagnfræði hafa heldur ekki orðið til á tímabilinu, þótt háskólakennarar með sagnfræðimenntun hafi verið ráðnir til starfa bæði í Háskólanum á Akureyri, Háskólanum í Reykjavík og í Bifrastarháskóla. Helsti vísirinn að nýjum fræðamiðstöðvum í greininni hefur raunar verið á Akureyri, þar sem þrír háskólakennarar með sagnfræðimenntun starfa, og í ReykjavíkurAkademíunni, en þar hefur verið lögð mikil áhersla á þverfagleika og sagnfræði sem grein hefur ekki verið skipulögð sérstaklega innan RA.

Tvær greinar hug- og félagsvísinda hafa þó blómstrað svo um munar, viðskiptafræði og lögfræði. Sú blómstrun var varla hafin um 1997, og verður fjallað nánar um hana í lokakafla bókarinnar. Almennt séð varð skyndileg stöðnun í hug- og félagsvísindum eftir 1990, hætt var að ráða fólk sem kom úr doktorsnámi í nýjar stöður, sem kom hart niður á framþróun þessara fræðigreina. Nýjungar fengu ekki að njóta sín og þróun í einstökum greinum stöðvaðist. Þetta var mikilvæg forsenda fyrir tilurð ReykjavíkurAkademíunnar. Rétt er að geta þess að þessi þróun er alls ekki einsdæmi hér á landi. Hvert sem farið er í Evrópu kvarta menn og kveina, hvergi er stöður að hafa, margir evrópskir starfsfélagar yngri íslenskra vísindamanna úr alþjóðlegum verkefnum fá ekki stöður við hæfi og eru engar horfur á að svo verði.

Miklar breytingar hafa orðið á háskólastiginu árið 2007 miðað við það sem verið hafði 1997. Fimm háskólar hafa bæst við þá þrjá sem fyrir voru, HÍ, HA og KHÍ. Þetta eru Listaháskóli Íslands, Landbúnaðarháskóli

Íslands, Háskólinn á Hólum, Viðskiptaháskólinn á Bifröst og Háskólinn í Reykjavík. Háskólasetur hafa verið stofnuð á Ísafirði, Hornafirði og víðar. Auk þess hlýtur stofnun og starfsemi ReykjavíkurAkademíunnar að teljast hluti af þróun háskólastigsins, því þótt RA sé ekki formlegur háskóli starfar þar fjöldi fræðimanna við verkefni sem almennt eru unnin við háskóla. RA hafði líka fengið systurstofnun á Akureyri, AkureyrarAkademíuna.

Háskóli Íslands var eftir sem áður langstærsti háskóli landsins. Haustið 2006 voru við nám í HÍ alls 9.274 manns, 3.364 karlar og 5.190 konur.[1] Þar af voru 148 í guðfræðideild, 498 í læknadeild, 621 í lagadeild, 1204 í viðskipta- og hagfræðideild, 1859 í hugvísindadeild, 150 í lyfjafræðideild, 75 í tannlæknadeild, 833 í verkfræðideild, 944 í raunvísindadeild, 2406 í félagsvísindadeild og 536 í hjúkrunarfræðideild. Í Háskólanum á Akureyri voru 1453, þar af 249 í félagsvísinda- og lagadeild, 308 í heilbrigðisdeild, 433 í kennaradeild og 463 í viðskipta- og raunvísindadeild.

Í hinum nýja Háskóla í Reykjavík voru 2.777 við nám, 1643 karlar og 1134 konur. Á frumgreinasviði voru þar 180, í kennslufræði- og lýðheilsudeild 160, í lagadeild 335, í tækni- og verkfræðideild (að miklum hluta fyrrverandi Tækniháskóli Íslands) 1112 og í viðskiptadeild 990. Í Kennaraháskólanum voru 1911 við nám, í Landbúnaðarháskólanum 243, í Listaháskólanum 412 og á Bifröst 644, nær helmingur í viðskiptadeild eða 274.

Alls voru 16.883 í háskólanámi á Íslandi haustið 2006. Eins og fjallað var um í fyrsta kafla voru háskólanemar á árinu 2000 um 10.500, svo fjölgunin var mikil á aðeins sex árum. Hluti hennar skýrist af því að nám sem áður var á framhaldsskólastigi var nú orðið háskólanám, en mestur hlutinn byggist á fjölgun í námi sem fyrir var eða í nýjum háskólum. Í hugvísindadeild Háskóla Íslands hafði fjölgað úr 1100 árið 1990 í nær 1900 haustið 2006, í félagsvísindadeild úr 1700 árið 1990 í 2400 haustið 2006.

## Sprenging í viðskipta- og laganámi

Mesta athygli vekur hin gríðarlega fjölgun í laga- og viðskiptafræðinámi. Um 1990 voru um 750 manns í viðskipta- og hagfræðinámi við Háskóla Íslands, sem þá var eini skólinn með slíkt nám í boði hér á landi. Haustið 2006 voru um 1200 manns í þessu námi í HÍ, um 1000 manns í Háskólanum í Reykjavík og nærri 300 á Bifröst, samtals um 2500 manns. Fjöldi fólks í þessu námi hafði meira en þrefaldast á 16 árum, miklu meira en í nokkurri



Litið á netið á Háskólatorgi HÍ.

annarri grein. Sú grein sem komst næst var líklega lögfræði, en 335 voru til dæmis við nám í hinni glænýju lagadeild við Háskólann í Reykjavík haustið 2006, og 621 í HÍ. Ekki fer hjá því að spurt sé hvað hafi hér verið í gangi. Var vöxtur í framboði á námi í viðskiptafræði og lögfræði afleiðing þess að nýfrjálshyggjan hafði slegið í gegn sem hugmyndafræði á tíunda áratugnum? Hver ákvað að ríkið skyldi veita gríðarlegum fjármunum til kennslu á þessum sviðum?

Árið 2007 kom út skýrsla um háskólastigið. Ríkisendurskoðun hafði ákveðið að skoða þetta mál og kannaði gæði og skilvirkni náms í háskólum landsins í vandaðri úttekt þar sem beitt var samanburði við valda erlenda háskóla.[2] Í þessari skýrslu segir meðal annars:

> Beinn kostnaður ríkisins vegna háskóla jókst um 39% að raungildi milli áranna 2000 og 2005. Er þá ótalinn ýmis annar óbeinn kostnaður, s.s. vegna Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Í upphafi tímabilsins fengu einkareknir háskólar ... 10% af beinum framlögum en 19% í lok þess. Háskólanemum fjölgaði í heild um 59% á tímabilinu og hlutfallslega mest hjá einkareknu skólunum þar sem um 10% stunduðu nám árið 2000 en rúmur fimmtungur árið 2005. Þetta er hærra hlutfall en í nágrannalöndunum. Vöxtur þessara skóla kemur m.a. fram í því að nemendum í félagsvísindum, þ.m.t. viðskiptafræði og lögfræði, hefur fjölgað hlutfallslega meira en nemendum annarra greina og voru þeir rúmur þriðjungur allra háskólanema árið 2005. Þetta er mun hærra hlutfall en þekkist annars staðar á Norðurlöndunum og er skýringin m.a. sú að hér reyna stjórnvöld ekki að stýra nemendafjölda einstakra greina með óbeinum hætti, ólíkt því sem gerist annars staðar.

1 [www.hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=5888]

2 Kostnaður, skilvirkni og gæði háskólakennslu. Viðskiptafræði, lögfræði, tölvunarfræði. Ríkisendurskoðun júní 2007.

Munur á rekstrarumhverfi einkarekinna háskóla og ríkisháskóla er að vissu leyti meiri hérlendis en í nágrannalöndunum. Hér mega einungis einkareknir háskólar innheimta skólagjöld í almennu námi en fá auk þess ríkisframlög til jafns við ríkisháskólana. Hvergi í nágrannalöndunum er hliðstætt fyrirkomulag.

Síðar í úttektinni segir: „Þótt stjórnvöld hafi ekki haft þá stefnu að njörva niður fjölda nemenda í hverri grein má segja að þau hafi með samningum við einkareknu háskólana í raun tekið ákvörðun um að fjölga nemendum í tilteknum greinum umfram aðrar, einkum viðskiptafræði.“ Niðurstaða samanburðar Ríkisendurskoðunar á gæðum skólanna var litlu íslensku háskólunum mjög í óhag, og íslensku skólunum í óhag miðað við þá erlendu. Kennarar í skólunum erlendis voru yfirleitt betur menntaðir og ódýrara var að mennta hvern nemanda þar en hér, enda erlendu skólarnir stærri og hagkvæmari af þeim sökum.

Stór hluti þeirra viðskiptafræðinga og annarra sem menntaðir voru á þessum gríðarlegu uppgangstímum útrásarinnar situr nú að sjálfsögðu eftir atvinnulaus vegna fjármálakreppunnar sem hófst í október 2008.

## Stefnumörkun stjórnmálaflokkanna

Sjálfstæðisflokkurinn hefur farið með menntamál allt þetta tímabil. Einn talsmanna flokksins í menntamálum, Bjarni Benediktsson, nú formaður Sjálfstæðisflokksins, segir í grein sem hann ritaði í tímarit stjórnmálafræðinema 2005 um stöðu menntamála að hún sé almennt mjög góð.[1] Hann telur að öflugar menntastofnanir og rannsókna- og vísindastarf séu ein meginforsenda þess að „samkeppnishæft“ þjóðfélag þróist á Íslandi. Undir handarjaðri Sjálfstæðisflokksins hafi há- og framhaldsskólanemum fjölgað, námsframboð aukist, fjölbreytni í skólum aukist, einkum á framhaldsskólastigi og markviss stefnumörkun orðið í rannsóknum og vísindum.

Kröfur til lágmarksnáms hafi aukist, en einnig hafi komið fram krafa um að fólk geti stöðugt aflað sér nýrrar þekkingar. Námi ljúki ekki þegar skólagöngu sleppir heldur kalli nútíma vinnumarkaður á símenntun. Bjarni fagnar því að háskólanemum skuli hafa fjölgað svo ört á síðustu árum. Framlög til menntamála hafi stóraukist, aukningin á háskólastiginu nemi um einum milljarði á hverju ári, en heildarútgjöld til háskólastigsins séu 11 milljarðar (árið 2005). Mikil fjölgun hafi orðið í framhaldsnámi á háskólastigi. Sérstök áhersla hafi verið lögð á það árin 1999–2001 að efla háskólastigið með því að styðja einkarekstur á því stigi.

Aukin samkeppni, meiri valddreifing og gæðamat séu lykilþættir núverandi menntastefnu. Mikill kraftur hafi verið leystur úr læðingi með samkeppni á háskólastiginu. Bjarni sér fyrir sér að einkarekstur verði efldur á öllum skólastigum og nefnir Garðabæ sem fyrirmynd á því sviði. Hann vill að skólagjöld verði tekin upp í ríkisháskólum, í meistaranámi til að byrja með. Skoða þurfi hlutverk LÍN í því samhengi. Önnur hver króna í veitt lán úr honum sé hreinn ríkisstyrkur vegna lágrar vaxtabyrði og endurgreiðslufyrirkomulags. Við þá endurskoðun verði markmiðið að viðhalda jafnrétti til náms á sama tíma og brugðist verði við nýjum straumum í umhverfi menntastofnana.

Björgvin G. Sigurðsson, alþingismaður flutti sama ár ræðu um stöðu menntamála í fjárlagaumræðunni á Alþingi í desember.[2] Flokkur Björgvins, Samfylkingin, var þá í stjórnarandstöðu. Hann telur að mikil umræða sé í samfélaginu um skólamál, meiri en oftast áður. Mikil átök séu á mörgum sviðum menntamála, mikil tortyggni í skólasamfélaginu í garð stjórnvalda, langvarandi hallarekstur sé bæði í framhaldsskólum og háskólum vegna mikillar fjölgunar nemenda.

Björgvin ræðir um hve mikilvægt sé að efla háskólamenntun á landsbyggðinni með fjarnámi og eftir öðrum leiðum. Hann bendir á að staða háskólastigsins hér á landi sé bágborin samanborið við stöðu þess í Evrópu og öðrum vestrænum löndum. Björgvin vitnar í skýrslu Ríkisendurskoðunar um stöðu Háskóla Íslands, þar sem fram kemur að hann er verst settur af öllum háskólunum sem þar voru undir nema einum, í Króatíu, tekjur HÍ á hvern nemanda séu margfalt lægri en sambærilegra skóla, bæði á Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu. Miðað við aldurssamsetningu sé litlu fé varið til háskólastigsins og fáir hafi háskólamenntun hér á landi, 11% úti á landi og 22% á höfuðborgarsvæðinu. Það sé lágt hlutfall miðað við samanburðarlönd.

Árið 1990 hafi framhaldsnemendur við HÍ verið sex, árið 1997 200 og tæplega 500 árið 200, en árið 2004 hafi þeir verið 1200, þar af 107 í doktorsnámi. Björgvin ræðir þrengingar háskólanna. Háskólinn á Akureyri hafi til dæmis þurft að loka tveimur deilda sinna sökum fjárskorts. Ríkisháskólarnir séu farnir að beita fjöldatakmörkunum í verulegum mæli með því að nýta ekki undanþágu til að taka inn fólk sem ekki hefur stúdentspróf, en Háskólinn á Akureyri tók til dæmis inn hundruð fólks án stúdentsprófs

1 Íslenska leiðin 4 (1).

2 Björgvin G. Sigurðsson: Ræða á Alþingi. 132. löggjafarþing, (2005–2006), 35. fundur. Vefútgáfa Alþingistíðinda: [http://www.althingi.is/altext/raeda/132/rad20051206T210016.html]




í nám á hverju ári. Kennaraháskólinn vísi frá tveimur af hverjum þremur nemendum sem sæki um inngöngu í grunnnám. Háskólarnir séu því sveltir til vondra verka og neyðarúrræða í rekstri sínum. Háskólastigið sé fjársvelt, norræn viðmiðunarlönd verji 35–80% meira fé til háskóla og til að ná því vanti 4–8 milljarða króna hér á landi. Sjálfstæðisflokkurinn vilji leysa þetta mál með skólagjöldum.

Ekki sé spurning að Háskóli Islands sé mjög vandaður skóli og í úttektum sem gerðar hafi verið komi fram að gæði náms þar séu ótrúlega mikil miðað við það takmarkaða fjármagn sem hann fær.

Samfylkingarmennirnir Katrín Júlíusdóttir og Agúst Olafur Ágústsson rita grein um menntamál í *Fréttablaðið* 8. maí 2007, í miðri kosningabaráttunni. Þar vitna þau í skýrslu frá OECD um menntamál, en upplýsingar í þeirri skýrslu eru frá 2004. Fram kemur að Islendingar verja 1,2% af landsframleiðslu til háskólastigsins, en Danir, Finnar og Norðmenn 1,8%. Island er í 21. sæti af 30 þjóðum hvað þetta varðar. Aðeins 31% af fólki á aldrinum 25–34 ára hafi lokið háskólanámi hér á landi, en 35–42% í hinum norrænu ríkjunum. Island er hér í 17. sæti af 30. Samkvæmt tölfræðiskýrslu norrænu Hagstofunnar (Nordic Statistical Yearbook 2006) sé hlutfall fólks á aldrinum 15–74 ára sem lokið hafi námi á háskólastigi árið 2005 18,9% á Íslandi, 24,7% í Noregi, 23,3% í Svíþjóð, 22,2% í Danmörku og 26,5% í Finnlandi. Það sé því verulegt svigrúm til úrbóta og vaxtar á háskólastiginu.

Stefnan í málum háskólastigsins á þessum tíma var sú að auka það sem Sjálfstæðisflokkurinn kallar samkeppni á háskólastigi með því að styðja við og byggja upp nám í viðskiptafræði, tölvunarfræði og lögfræði hjá einkareknum háskólum. Á meðan hafa ríkisháskólarnir verið sveltir og ekki getað ráðið nýtt fólk, sérstaklega í hug- og félagsvísindum. Mikilvæg ástæða þess er svokallað reiknilíkan háskólanna sem takmarkar mjög fjárframlög til þessara greina miðað við raunvísindagreinar og aðrar helstu greinar í íslenskum háskólum. I rauninni hefur því ríkt kreppa í háskólunum frá miðjum tíunda áratugnum, að minnsta kosti hvað varðar hug- og félagsvísindi.

## Einhliða uppbygging

Uppbyggingin í einkareknu háskólunum HR og Bifröst er einhliða. Þar er í boði tæknilegt og praktískt nám í meðferð fjármuna og á lögfræðisviðinu. Hugmyndafræði þessara skóla virðist byggjast á því að samkeppni sé af hinu góða, líkt og á markaðnum, að minnsta kosti hvað varðar þá ákvörðun að styðja uppbyggingu þeirra til að

„efla samkeppni" á háskólastigi. Ekki hefur verið um að ræða markvissa eflingu akademískra rannsókna og fræðastarfs út frá þeim grunni sem þegar var fyrir hendi, heldur er fyrst og fremst verið að mennta fólk sem getur tekist á við verkefni á sviði atvinnulífsins, við stjórnun fyrirtækja, skipulagningu fjármálalífs o.s.frv. Til þess eru stofnaðir nýir skólar, og samkvæmt hugmyndafræðinni er nánast sjálfgefið að samkeppnin milli háskólanna sé af hinu góða. Vandinn er sá að samkeppnin er á afar takmörkuðu sviði. Hinir nýju háskólar eru fagháskólar á sviði lög- og viðskiptafræði sem í stórum dráttum þjóna ákveðnum markmiðum fjármálafyrirtækja, sinna þörfum hins nýja fjármálageira fyrir menntað vinnuafl. Um það er svo sem allt gott að segja að því marki sem menntakerfið hefur alltaf endurspeglað hræringar í samfélaginu fremur en öfugt.

Frá þessu eru undantekningar, til dæmis hefur verið að byggjast upp hugvísindanám á Bifröst. Það nám er tilraun til að setja viðskiptafræði í víðara samhengi í „stjórnun" menningar (án þekkingar á menningunni sjálfri!).

Eins og áður segir hefur fólki í framhaldsnámi á Íslandi fjölgað gríðarlega á síðustu 15 árum. Það er mesta breytingin á háskólastiginu í heild, fyrir utan hina miklu fjölgun fólks í viðskipta- og hagfræðinámi og lögfræði. Fjölgunin er ekki eins mikil þegar tillit er tekið til þess að framhaldsnám Íslendinga fór að mestu fram erlendis fyrir 1990. Tölur um doktorsnám sýna þetta vel. Rifjum þær upp: Árið 1995 voru útskrifaðir 54 íslenskir doktorar, þar af 17 konur og 37 karlmenn. Þetta er svipaður fjöldi og 1990, en árið 2000 var fjöldi útskrifaðra doktora 61. Árið 2005 var hann 72, og voru konur þá 38 en karlmenn 35. Á milli 2000 og 2005 tók fjöldi útskrifaðra doktora frá íslenskum háskólum stökk, óx úr 4 í 14. Heildarfjöldi útskrifaðra doktora hefur hins vegar aukist tiltölulega lítið frá 1990, sem er athyglisvert. Aukningin er úr 55 í 72 á fimmtán ára bili, en til samanburðar fjölgaði doktorum úr 11 árið 1975 í 55 1990, einnig á fimmtán ára bili. Það var fimmföldun og með álíka fjölgun 1990–2005 hefðu nýútskrifaðir doktorar verið 275 árið 2005.

Lítum á hversu margir eru í doktorsnámi eftir greinum hér á landi. Í guðfræði voru 5 í doktorsnámi haustið 2006, í læknisfræði 41. Í lögfræði voru 4, og 3 í hagfræði og viðskiptafræði. Í bókmenntafræði eru 6 í doktorsnámi, í íslensku 12 og 15 í sagnfræði. Alls eru 33 í doktorsnámi í hugvísindum. Í raungreinum eru alls 70 í námi, flestir í líffræði, 21, og 10 í hverri eftirfarandi þriggja greina: eðlisfræði, efnafræði, jarð- og landafræði. Í félagsvísindum eru 39 í doktorsnámi við íslenska háskóla, flestir eða 12 í uppeldisfræði og 11 í félagsfræði. Tveir eru í doktorsnámi í félagsráðgjöf, 7 í mannfræði og þjóðfræði og 7 í stjórnmálafræði. Þessir doktorsnemar eru nær allir við Háskóla Íslands, en mikill fjöldi doktorsnema í hug- og félagsvísindum, oft við nám í erlendum háskólum, hefur einnig haft aðstöðu í RA.

Líklega sýna engar tölur betur hvað uppbyggingin í viðskiptafræði og lögfræði er skammt á veg komin. Samtals eru 7 manns í doktorsnámi á Íslandi í þessum greinum nú þrátt fyrir að milljörðum á milljarða ofan hafi verið varið til að byggja upp nám á þessu sviði í einkaháskólum. Ný þekking verður fyrst og fremst til í rannsóknum doktorsnema og annarra framhaldsnema. Uppbyggingin hefur verið í gangi í meira en tíu ár, og ætti að vera farin að koma fram í fjölgun doktorsnema. Fjöldi manna er þó í meistaranámi og MBA-námi, til dæmis í lögfræði og viðskiptafræði í Háskólanum í Reykjavík, svo kannski er að verða þar til öflugt og skemmtilegt fræðaumhverfi á þessu sviði.

Þannig standa nær allar aðrar greinar miklu sterkar akademískt en viðskipta- og hagfræði. Raungreinar standa allra sterkast, fjöldi doktorsnema á Íslandi á því sviði er 70 eins og áður segir. Fjöldi doktorsnema í félagsvísindum (öðrum en viðskiptafræði og lögfræði) og hugvísindum er samtals 72, og má segja að þau fræði standi einnig mjög sterkt, séu þau tekin sem heild. Stefna stjórnvalda hefur hins vegar gert að verkum að ný störf í þessari öflugu deild akademíunnar hafa verið af ákaflega skornum skammti. Eðlileg efling framhaldsnáms í hug- og félagsvísindum truflast vegna þess að ekki verða til ný störf fyrir útskrifaða doktora á þessum sviðum, og hætta er á því að hin jákvæða þróun sem hefur átt sér stað með fjölgun fólks í framhaldsnámi verði að engu. Fólk sem hefur áhuga á þessum fræðum sjái sér enga framtíð í akademíunni, það sjái ekki fram á að nein spennandi verkefni bíði á sviði rannsókna og miðlunar þeirra. Slíkrar þróunar hefur þegar orðið vart í nágrannalöndunum, fólki í framhaldsnámi í hug- og félagsvísindum fer fækkandi og fjölbreytni og gæði rannsókna á þessu sviði fer um leið halloka. Í stað þess hefur fé verið beint í meint hagnýtt nám í viðskipta- og lögfræði, og þetta verður að hafa í huga þegar rætt er um eflingu háskólastigsins. Á bak við þær tölur er mjög einhliða þróun.



Nemendur fylgjast með í sal Háskólatorgsins nýja í HÍ.

# 8. kafli. Nokkrir þræðir teknir saman

Á tíu ára afmæli ReykjavíkurAkademíunnar var ákveðið að líta yfir farinn veg með það í huga að slíkt mundi auðvelda að ákveða næstu skref. Þessi bók er einn ávöxtur þess endurlits. Tíu ára afmælið miðast við stofnfund Akademíunnar í Kornhlöðunni 7. maí 1997, og miðast efni bókarinnar við það.

Þegar verið var að ganga frá bókinni lék samfélagið allt á reiðiskjálfi vegna hruns útrásarbankanna. Jafnframt hrundi hugmyndakerfi nýfrjálshyggjunnar til grunna. Það hugmyndakerfi var að sjálfsögðu mikilvægur hluti þess umhverfis sem Akademían óx upp við. Um mitt ár 2008 var þó orðið ljóst hvert stefndi, og í RA höfðu þegar verið lagðar fram hugmyndir um þær nýju forsendur sem væru að skapast við hrun þessarar hugmyndafræði. RA hefur alltaf verið andófsafl, staðið gegn niðurskurði í hug- og félagsvísindum og bjargað á þessum sviðum miklum verðmætum sem ella hefðu glatast. Virkni fjölda fræðimanna, fræðileg sjálfsmynd þeirra og sjálfstraust var tryggð með tilvist RA. ReykjavíkurAkademían hefur allan sinn tilvistartíma barist af hörku gegn þeirri smættandi hugmyndafræði sem nýfrjálshyggjan boðaði, þeirri hugmynd að ekkert samfélag væri til, aðeins einstaklingar og markaður. RA hefur verið virkt samfélag sem á hverjum degi hefur andæft þessu í verki. Mikilvægast er að RA varð til í andstöðu við þá hugmynd að hug- og félagsvísindi væru einskis verð í paradís markaðarins, að það sem ekki sé hægt að verðmerkja á markaðstorginu sé ekki þess virði að sinna því. RA er því vel í stakk búið til að takast á við þá uppbyggingu sem nú hlýtur að eiga sér stað á öllum sviðum samfélagsins, í hugmyndagrunni þess og á sviði menntunar og fræða. Samfélagið liggur í rúst, á haustmánuðum 2008 er hér sviðin jörð eftir eldspúandi dreka hins frjálsa markaðar, og nú þarf að taka til hendinni.

ReykjavíkurAkademíuna myndaði upphaflega hópur fræðimanna sem stefndi að því að finna sér starfsvettvang utan við Háskóla Íslands. HÍ, sem þá var nánast eini valkosturinn fyrir fræðimenn í hug- og félagsvísindum, þurfti ekki á þessum fræðimönnum að halda og gaf það

afar skýrt til kynna. Þetta horfðust menn í augu við, hvort sem ástæðan var sú að Háskólinn vildi ekki starfskrafta fólks með hugmyndir sem ekki féllu að ráðandi straumum innan HÍ, eða metnaðarleysi ráðamanna fyrir hönd HÍ og fátækt skólans réð för. RA var í rauninni upphaflega hugsuð sem tiltölulega lítill vinnustaður nokkurra fræðimanna, ef til vill 10–20, en óx með gríðarlegum hraða, næstum því útrásarkenndum, og innan örfárra ára eftir stofnun voru upp undir 100 fræðimenn samankomnir undir einu þaki í JL-húsinu. Þetta breytti öllum forsendum, því hér var orðið til fræðasamfélag sem jafnaðist á við hugvísindadeild HÍ að stærð. Ekki nóg með það, heldur var þetta fræðasamfélag að framleiðslu til fullkomlega sambærilegt bestu háskóladeildum á þessu sviði, og raunar mun meiri miðað við þau afar takmörkuðu fjárframlög sem völ var á til rannsókna og annarra fræðistarfa.

Ástæðurnar fyrir hinum gríðarlega vexti ReykjavíkurAkademíunnar voru ýmsar. Í fyrsta lagi voru stofnfélagar RA meðal fremstu manna í fræðasamfélaginu á sviði hug- og félagsvísinda, ungir og ferskir, og höfðu reynt að finna sér samastað innan fræðasamfélagsins en ekki fengið stöður. Hin mikla óánægja með íhaldssemi og fátækt Háskólans braust út eins og eldgos, fólk fylkti sér um hina nýju stofnun um leið og hún varð til.

Í öðru lagi kom RA inn í ákveðið tómarúm í menntalífi Íslendinga. Framhaldsstig var varla til í íslenska háskólasamfélaginu. Þeir Íslendingar sem höfðu kynnst þeim vettvangi erlendis gátu ekki gengið inn í neitt samfélag af því tagi hérlendis þegar heim kom, fræðasamfélagið samanstóð af háskólakennurum og BA-nemendum þeirra. Það samhengi sem fólk í meistaraprófs- og doktorsnámi skapar í erlendum háskólum, og nú er að hluta til orðið að veruleika við HÍ, var þá ekki til á Íslandi. Fólk í meistara- og doktorsnámi sinnir afar mikilvægri starfsemi. Í því námi fer fram mikið af nýstárlegustu og frumlegustu rannsóknum í hverjum háskóla og þessir framhaldsnemar gagnast bæði hinum eiginlegu kennurum og BA-nemendunum sem frjó uppspretta hugmynda, vinnusamir samstarfsmenn og fræðilegir undanfarar. Í RA varð nú allt í einu til samfélag af þessu tagi, raunverulegt fræðasamfélag, þar sem samræða fræðimanna fór fram með svipuðum hætti og þeir höfðu kynnst í háskólasamfélögum erlendis. Íslendingum við meistara- eða doktorsnám erlendis fannst að sjálfsögðu þægilegt að geta gengið inn í slíkt samfélag hér á landi, og þetta skapaði RA um skeið sterka stöðu í fræðasamfélaginu. Viðbrögð HÍ voru að sjálfsögðu að mynda, eins fljótt og hægt var, nýjan vinnustað með þessum einkennum, og þar með hafði RA „kikkstartað" framhaldsstiginu á Íslandi. Skyndilega voru orðin til tvö samfélög af þessu tagi á sviði hug- og félagsvísinda hér á landi.

Í þriðja lagi var einfaldlega ekki pláss í Háskóla Íslands fyrir alla þá fræðimenn sem voru að útskrifast í hug- og félagsvísindum. Þar fjölgaði stöðum ekki í takt við fjölgun vel menntaðra fræðimanna á þessu sviði.

Ekkert var því sjálfsagðara en að ný stofnun yrði mynduð, og ekkert við því að segja þótt fræðimenn tækju forystu um það. Þegar komið var fram á árið 2001 var umfang RA orðið það mikið að jafnaðist á við hvaða fræðastofnun á sviði hug- og félagsvísinda sem var. Þessi stofnun hafði öfluga sérstöðu og sterkan fræðilegan prófíl, sérstaklega sem vígi póstmódernismans og gagnrýninna félags- og hugvísinda af ýmsu tagi. Femínískar áherslur voru sterkar í RA, hin nýju menningarfræði stóðu sterkt og nýjar greinar félagsvísinda blómstruðu, svo sem þjóðfræði og mannfræði. Margt af því ferskasta á þessu sviði braut sér síðar leið inn í Háskóla Íslands, sérstaklega femínísku áherslurnar og þjóðfræðin, en annað hefur haldist áfram innan RA. Tengsl við byggðamenningu og sveitamenningu landsins urðu svo óvænt einn sterkasti þátturinn í fræðastarfi RA. Þessi þáttur hefur tengst stóreflingu ferðaþjónustunnar, sérstaklega menningartengdrar ferðaþjónustu og rannsókna sem henni tengjast.

Á tímabilinu 1997–2001 hafði Rannís haft yfir takmörkuðu fjármagni að ráða og mest af þeim fjármunum sem rann til hug- og félagsvísinda fór til einstakra fræðimanna. Margir þeirra sem fengu styrk úr Rannís voru í ReykjavíkurAkademíunni og þótt styrkirnir væru litlir nýttust þeir þar vel, því fólk gat drýgt þá með öðru fé sem það aflaði sér með ýmsum hætti. Á þessu tímabili jókst smám saman hlutur félaga í RA í heildarúthlutun úr hugvísindahluta Rannís og varð um þriðjungur árið 2001. Um það leyti urðu miklar breytingar á áherslum Rannís og var komið á fót bæði rannsóknarstöðustyrkjum og svokölluðum öndvegisstyrkjum. Þetta fjármagn rann að miklu leyti til að styrkja og byggja upp framhaldsstigið í Háskóla Íslands, og beindust þessar áherslur á ákveðinn hátt gegn ReykjavíkurAkademíunni. Einstaklingsstyrkjum fækkaði, en þeir höfðu hentað vel því módeli sem RA byggðist á. Kristnihátíðarsjóður kom um skeið til hjálpar og fengu félagar RA verulegar upphæðir úr þeim sjóði á svipuðum einstaklingsforsendum og áður höfðu gilt í Rannís.

Árið 2001 mótaði RA ákveðna stefnu um að gera þjónustusamning við menntamálaráðuneytið þannig að



ráðuneytið greiddi fyrir störf fræðimannanna í RA. RA benti á að í JL-húsinu færi fram fræðastarfsemi sem nýttist þjóðfélaginu á margvíslegan hátt, en fjármögnun hennar væri afar ábótavant. Hvorki ríki né sveitarfélög kæmu að því að fjármagna þessa starfsemi. Á næstu fjórum árum varð RA að sætta sig við að lenda í miklum fjárhagshremmingum. Skuldbindingar vegna húsnæðis voru að sliga félagið, og á meðan á því stóð var ekki hægt að stofna sjálfseignarstofnun, sem aftur var forsenda hvers konar þjónustusamninga. Ein af forsendum þeirrar stefnu sem mótuð var 2001 kemur vel fram í skýrslunni sem Guðfríður Lilja Grétarsdóttir vann fyrir stjórn RA vorið 2001. Hún lagði til að RA léti að svo stöddu af öllum ráðagerðum um að mynda nýjan háskóla á sviði hug- og félagsvísinda þar sem fyrst þyrfti að styrkja undirstöður þess samfélags sem þegar væri í RA. Efla þyrfti rannsóknir og fræðimenn ættu að mynda samtök og hópa sem gætu staðið að slíkum rannsóknum og aflað fjár til þeirra. Þegar komin væri af stað öflug rannsóknarstarfsemi væri hægt að huga að síðari stigum, meðal annars að uppbyggingu háskóla. Guðfríður Lilja benti á kosti þess að vera laus við margt það sem háskólastarfi fylgir, stjórnun og skrifræði, mikla kennsluskyldu o.fl. Þessari stefnu var ekki hægt að fylgja markvisst eftir á tímabilinu 2001–2005. Sumir þeir rannsóknarhópar sem myndast höfðu 1998–2000, til dæmis Rabygg, lognuðust út af og aðrir lifðu af eins og gengur, en ekki verður sagt að markviss uppbygging ætti sér stað. Á þessu tímabili urðu þó til drög að mörgum þeim verkefnum sem nú eru á döfinni í RA.

Um skeið beindist talsverð orka að því að breyta RA í háskóladeild, annaðhvort við Bifröst eða HR. Hugmyndin var væntanlega sú að bæta RA við annanhvorn þessara skóla þannig að RA-menn gætu haft framfæri af kennslu þar og komist inn í rannsóknarumhverfi þeirra, sjóði og ýmsan stuðning annan. Báðir þessir skólar störfuðu á þröngu sviði hug- og félagsvísinda, voru fagskólar í viðskiptafræðum og lögfræði. Niðurstaðan varð sú að RA byggði upp viðskiptatengt menningarfræðanám á Bifröst. Lengra náði þessi stefna ekki.

Árið 2006 breyttust áherslur verulega, og nú aftur í átt að því sem gert hafði verið ráð fyrir í stefnumótuninni frá 2001. Fjárhagur RA var styrktur verulega, sjálfseignarstofnunin RA varð að veruleika, og ríkisvaldið og Rannís veittu fé til rannsókna á ákveðnum sviðum. Hér var unnið í samræmi við það módel sem fram kom í skýrslu Guðfríðar Lilju, hvort sem það var haft meðvitað að leiðarljósi eða ekki. Fjórir rannsóknarhópar fengu með þessum hætti fé til starfsemi sinnar, á sviði ímyndarfræða, handritafræða, byggðamenningar og innflytjendamála. Þessir hópar höfðu verið í mótun allt frá 2001 og jafnvel lengur, og voru í fjölbreyttum hópi félaga, rannsóknarstofnana og hvers konar fræðavettvangs sem þrífast í afar blómlegri flóru RA. Það er athyglisvert við fjárframlögin til þessara hópa að stjórn RA kemur beinlínis að ráðstöfun fjárins, hagar sér eins og stjórn rannsóknarstofnunar, og er það nýjung í starfsemi RA. Starfsemi þessara stofnana nýtur þess að vera undir verndarvæng ReykjavíkurAkademíunnar. Þannig verður fræðastarfið skilvirkara og ábyrgara. Gamla módelið, að menn öfluðu sér styrkja og verkefna svo að segja úti í bæ, er á undanhaldi. Einstaklingsstyrki til rannsóknarstarfa er varla lengur að fá frá Rannís og Kristnihátíðarsjóður er búinn.

Um mitt ár 2008 lagði framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar fram nýjar hugmyndir að stefnumótun. Hann lýsti tveimur módelum sem mögulegum framtíðarmódelum RA. RA gæti gert annað tveggja, að:




„1) Halda áfram sem það húsfélag fræðimanna sem RA í raun er, og leitast við að eflast smátt og smátt sem rannsókna-, miðlunar- og nýsköpunarmiðstöð,

eða:

2) Hefja ... uppbyggingarstarf en taka um leið frumkvæði að afgerandi skrefi í núverandi rannsókna- og háskólaumhverfi og stefna að stofnun Farandháskóla Íslands.“[1]

Það má kannski kalla þessi tvö módel húsfélagsmódelið og farandháskólamódelið. Eitt helsta vandamál ReykjavíkurAkademíunnar er að hún hefur misst alls konar starfsemi, fólk og hugmyndir, til annarra háskóla. Farandháskólahugmyndin er tilraun til að takast á við þennan vanda. Hún er líka tilraun til að setja aftur á dagskrá óumflýjanlega staðreynd, ef svo má segja: ReykjavíkurAkademían er komin til að vera sem önnur meginstofnun Íslendinga á sviði hug- og félagsvísinda. Stjórnvöld verða að horfast í augu við þessa staðreynd og taka afleiðingunum af því að það var þeirra eigin andvaraleysi og metnaðarleysi á sviði æðri menntunar á níunda og tíunda áratugnum sem leiddi til þess að ReykjavíkurAkademían varð til. Fræðasamfélagið er endanlega tvískipt og það þýðir ekkert að ætla sér að reyna að troða öllum hug- og félagsvísindum inn í Háskólann aftur og loka hinum vettvangnum. Stór hluti af hug- og félagsvísindamönnum vinnur í ReykjavíkurAkademíunni og á því verður engin breyting í fyrirsjáanlegri framtíð. Stjórnvöld þurfa að taka tillit til þess, beina fjármagni til ReykjavíkurAkademíunnar og nýta sér þá möguleika sem hún gefur. Þeir möguleikar eru fjölmargir, og nægir að nefna að Háskólinn þarf nauðsynlega aðhald í mörgum greinum íslenskra fræða, þar sem hann situr einn að völdum, er Háskóli Heimsins á ákveðnum sviðum, svo sem í íslensku, Íslandssögu, íslenskum bókmenntum og íslenskum félagsvísindum, í rauninni í flestum fræðigreinum sem fást við íslenskt samfélag.

ReykjavíkurAkademían þarf líka að átta sig betur á þessu sjálf. Hún þarf að setja sér markmið sem hæfa þessu, markmið sem bera þess vott að allt í einu voru komnir 100 fræðimenn í eitt hús undir einu merki. Sá sem skoðar Akademíuna hlýtur fljótlega að koma auga á það hvað hið þverfaglega er þar allsráðandi. Fáar og veikar tilraunir hafa verið gerðar til að skipuleggja sagnfræði, bókmenntafræði, félagsvísindi eða aðrar hefðbundnar akademískar greinar innan ReykjavíkurAkademíunnar en hvorki einstakir fræðimenn, hópar fræðimanna né stjórn RA hafa lagt í það neina vinnu. Þetta er í samræmi við húsfélagsmódelið og er dæmigert fyrir það. Það hafa heldur engar tilraunir verið gerðar til að skipuleggja samfélagið út frá öðrum mögulegum forsendum, svo sem

1 Viðar Hreinsson: Framtíð RA. Minnisblað framkvæmdastjóra 26. júní 2007.

að efla samstarf um póststrúktúralísk fræði af einhverju tagi, kynjafræði, menningarfræði eða annað slíkt. Hvernig sem þetta verður skipulagt þarf ReykjavíkurAkademían á að halda einhverri slíkri meginhugsun til að halda utan um þróunina. ReykjavíkurAkademían verður líka að fá stuðning til að efla þann gróður sem þar vex. Það er óréttlátt að aðrar stofnanir njóti meira og minna góðs af því sem til verður í JL-húsinu en RA sitji eftir með sárt ennið.

Farandháskólamódelið byggist á því að ReykjavíkurAkademían taki að sér ákveðið hlutverk í háskólaþróun landsins. RA hafi forystu um að byggja upp menningarsöguiðkun á landsbyggðinni á forsendum hvers staðar fyrir sig, þannig að munur á borg og sveit þurrkist út hvað varðar aðgang að menntun á þessu sviði, en forsendur hvers staðar séu hafðar að leiðarljósi við uppbyggingu menntunar. Aldrei má þó gleyma tengslunum við hið alþjóðlega fræðasamfélag. Viðar Hreinsson lýsir forsendunum fyrir farandháskóla á eftirfarandi hátt:

> – Ég tel brýnt að byggð verði upp sjálfstæð og gagnrýnin stofnun á vettvangi hug- og félagsvísinda af [eftirfarandi] ástæðum:
>
> – Knýjandi þörf er fyrir akademíska nýsköpun á vettvangi hug- og félagsvísinda sem leggi saman og nýti þá krafta sem fyrir eru. Gæta þarf þess að sníða stakk eftir vexti, byrja með afmarkað og viðráðanlegt svið, en um leið er nauðsynlegt að veita hug- og félagsvísindadeildum Háskóla Íslands akademíska samkeppni.
>
> – Efla þarf hug- og félagsvísindi sem mótvægi við þá smættandi markaðshyggju eða nýfrjálshyggju sem hefur ríkt um hríð og sveigt almennt gildismat og hugsun fullgróflega undir markaðslögmálin.
>
> – Þörf er á víðtæku og gagnrýnu endurmati á íslenskri menningarsögu í samhengi við íslenska menningu og samfélag í dag. Það þarf að gera með þverfaglegum hætti undir merkjum „akademískrar auðmýktar“ eins og John Wadland, ágætur kanadískur vinur minn, sagði að væri mikilvægasta inntak þverfaglegrar hugsunar. Nauðsynlegt er að saman fari sögulegt endurmat, greining og hugmyndasköpun um þróun samfélagsins.
>
> – Því þarf að stefna að því að ný hugsun í hug- og félagsvísindum skili sér með markvissum hætti inn í menningarlega uppbyggingu, í ljósi staðbundinnar menningar, sjálfsmyndar og ytri verðmæta, samfara öflugri nýsköpun í atvinnulífi og byggðamálum. Fyrrnefnt endurmat felur í sér ræktun, eflingu og nýtingu hinna skapandi stétta.
>
> Til lengri tíma litið er þessi uppbygging nauðsynleg til að skapa fræðilegt jafnvægi, því í framtíðinni þarf íslenskt háskólanám að vera fjölþætt og sveigjanlegt – nemendur geti sótt sér einingar úr hvaða háskóla sem er. Þess vegna eru fleiri öflugir valkostir í hug- og félagsvísindum nauðsynlegir.

Látum þessa stefnumörkun til framtíðar verða lokaorðin.

# Drög að ritaskrá RA

**Nokkur rit sem RA-menn hafa átt hlut að síðan þeir urðu félagar**

## 1997

Árni Daníel Júlíusson: *Bønder i pestens tid. Landbrug, godsdrift og social konflikt i senmiddelalderens islandske bondesamfund.* Doktorsritgerð við Kaupmannahafnarháskóla 1997.

Sigurður Gylfi Magnússon: *Menntun, ást og sorg: Einsögurannsókn á íslensku sveitasamfélagi 19. og 20. aldar.* Rv. 1997.

-- *Bræður af Ströndum: Dagbækur, ástarbréf, almenn bréf, sjálfsævisaga, minnisbækur og samtíningur frá 19. öld.* Rv. 1997.

Viðar Hreinsson: *Slitur úr íslenskri bókmenntasögu 1550–1918.* Rv. 1997

-- (ritstjóri): *The complete Sagas of Icelanders: Including 49 tales.* Rv. 1997.

## 1998

Jón Karl Helgason: *Hetjan og höfundurinn: Brot úr íslenskri menningarsögu.* Rv. 1998.

Sigurður Gylfi Magnússon (ritstj. ásamt Erlu Huldu Halldórsdóttur): *Einsagan – ólíkar leiðir: Átta ritgerðir og eitt myndlistarverk.* Rv. 1998.

- (útg.): *Kraftbirtingarhljómur guðdómsins: Dagbók, sjálfsævisaga, bréf og kvæði Magnúsar Hj. Magnússonar.* Rv. 1998.

## 1999

Jón Karl Helgason: *The rewriting of Njáls saga: Translation, ideology, and Icelandic sagas.* Buffalo 1999.

Sigrún Sigurðardóttir (útg.): *Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur.* Rv. 1999.

Sveinn Yngvi Sveinsson: *Arfur og umbylting. Rannsókn á íslenskri rómantík.* Íslensk menning, ritröð RA og HÍB. 1. bindi. Rv. 1999

## 2000

Árni Daníel Júlíusson: *Jón Sigurðsson og hugmyndir 19. aldar. Saga fyrir unglingastig grunnskóla.* Rv. 2000.

Arnþór Gunnarsson: *Saga Hafnar í Hornafirði. 2. bindi, 1945–1975.* Hornafirði 2000.

Carlo Ginzburg, Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon: *Molar og mygla. Um einsögu og glataðan tíma.* Rv. 2000.

Davíð Ólafsson: Saga Félags íslenskra leikskólakennara. Birtist í *Leikskólakennaratali.* Rv. 2000.

Ólína Þorvarðardóttir: *Brennuöldin.* Rv. 2000. (Doktorsritgerð við HÍ).

Salvör Nordal: *Siðferðileg álitamál.* Rv. 2000. (Námsefni í lífsleikni).

Þórunn Sigurðardóttir: „*Erfiljóð á 17. öld.*" Gripla 2000.

## 2001

Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon (ritstj.): *Burt – og meir en bæjarleið: Dagbækur og persónuleg skrif Vesturheimsfara á síðari hluta 19. aldar.* Rv. 2001.

Jón Karl Helgason: *Höfundar Njálu: Þræðir úr vestrænni bókmenntasögu.* Rv. 2001.

*Kvennaslóðir. Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi.* Rv. 2001. Ýmsar RA-konur áttu hér greinar, t.d. Bára Baldursdóttir, Inga Huld Hákonardóttir, Sigríður Matthíasdóttir, Þorgerður Þorvaldsdóttir og Þórunn Valdimarsdóttir.

Rakel Pálsdóttir: *Kötturinn í örbylgjuofninum og fleiri flökkusagnir úr samtímanum.* Rv. 2001.

Steinunn Jóhannesdóttir: *Reisubók Guðríðar Símonardóttur. Skáldsaga byggð á heimildum.* Rv. 2001.

Sumarliði R. Ísleifsson: *Saga hugverkaréttinda.* Rv. 2001.

Úlfhildur Dagsdóttir: *Images of open bodies and the writings of Clive Barker in the context of late twentieth-century horror fiction.* Meistaraprófsritgerð við HÍ 2001.

## 2002

Clarence E. Glad – Klemens frá Alexandríu: *Hjálpræði efnamanns.* Íslensk þýðing, með inngangi og skýringum eftir Clarence E. Glad. Lærdómsrit Hins íslenzka Bókmenntafélags. Reykjavík, 2002.

Guðjón Friðriksson: *Jón Sigurðsson. Ævisaga* I. Rvík 2002.

Viðar Hreinsson: *Landneminn mikli. Ævisaga Stephans G. Stephanssonar.* 1. bindi. Rv. 2002.

Þórunn Valdimarsdóttir: *Horfinn heimur. Árið 1900 í nærmynd.* Rv. 2002.

## 2003

Ármann Jakobsson: *Tolkien og Hringurinn.* Rvík 2003.

Árni Daníel Júlíusson: *Skólinn við ströndina. 150 ára saga Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri.* Árborg 2003.

– *Á Sturlungaslóð í Skagafirði.* Sauðárkrókur 2003.

Björn S. Stefánsson: *Lýðræði með raðvali og sjóðvali.* Reykjavík 2003.

Guðjón Friðriksson: *Jón Sigurðsson. Ævisaga* II. Rvík 2003.

Jón Viðar Jónsson – Guðmundur Steinsson: *Leikrit* I–III. Jón Viðar Jónsson (ritstj.): Rv. 2003.

Jón Þ. Þór: *Uppgangsár og barningsskeið. Saga sjávarútvegs á Íslandi* II. Ak. 2003.

– *Hafnir á Reykjanesi. Saga byggðar og mannlífs í ellefu hundruð ár.* Reykjanesbæ 2003.

– *Dr. Valtýr. Ævisaga.* Ak. 2003.

Hilma Gunnarsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon: *Kviksögur, hneykslismál og réttarhöld: Átta ítardómar.* Rv. 2003.

Viðar Hreinsson: *Andvökuskáld. Ævisaga Stephans G. Stephanssonar.* 2. bindi Rv. 2003.

Þorleifur Hauksson: *Sagnalist. Íslensk stílfræði. Skáldsögur 1850–1970.* Rv. 2003.

## 2004

Clarence E. Glad – *Átökin um textann. Nýja testamentið og upphaf kristni.* Ritröð Grettisakademíunnar 1. Rv. 2004.

Kristinn G. Schram: *In summa verkamannagiold: Starfsstéttir og þéttbýlismenning Hóla í Hjaltadal á síðmiðöldum.* Hólarannsókn 2004.

Jón Viðar Jónsson: *Kaktusblómið og nóttin: Um ævi og skáldskap Jóhanns Sigurjónssonar.* Rv. 2004.

Ólafur Rastrick: „Viðreisnarárin." *Stjórnarráð Íslands 1964–2004.* II. *Saga ríkisstjórna og helstu framkvæmdir til 1983.* Rv. 2004.

Rannveig Lund: *GRP 14 HANDBÓK.* Rv. 2004.

Sigríður Matthíasdóttir: *Hinn sanni Íslendingur: Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900-1930.* Rv. 2005. (Doktorsritgerð frá Háskóla Íslands, kom út á bók 2005).

Sigurður Gylfi Magnússon: *Snöggir blettir.* Rv. 2004.

– *Fortíðardraumar. Sjálfsbókmenntir á Íslandi.* Gestaritstjóri Guðmundur Hálfdanarson. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 9. Rv. 2004.

Steinunn Hrafnsdóttir: *The mosaic of gender: The working environment of Icelandic social service managers.* Doktorsritgerð í félagsráðgjöf við University of Kent at Canterbury 2004.

Steinunn Kristjánsdóttir: *The Awakening of Christianity in Iceland. Discovery of Timber Church and Graveyard at Þórarinsstaðir in Seyðisfjörður. GOTARC serie no 31.* Gautaborg 2004 (doktorsritgerð við Gautaborgarháskóla).

Sumarliði R. Ísleifsson: *Saga Stjórnarráðs Íslands 1964–2004.* I–III. Rv. 2004.

Valdimar Tr. Hafstein: *The Making of Intangible Cultural Heritage: Tradition and Authenticity, Community and Humanity.* Doktorsritgerð við Kaliforníuháskólann í Berkeley, 2004.

## 2005

Ármann Jakobsson (ritstj. ásamt Torfa H. Tulinius): *Miðaldabörn.* Reykjavík 2005.

– (ritstj.): *Kona með spegil: Svava Jakobsdóttir og verk hennar.* Reykjavík 2005.

Árni Daníel Júlíusson – *Íslandssagan í máli og myndum.* Ritstjórar Árni Daníel Júlíusson og Jón Ólafur Ísberg. Rv. 2005.

Birgir Hermannsson: *Understanding Nationalism. Studies in Icelandic Nationalism, 1800–2000.* Stokkhólmi 2005 (doktorsritgerð við Stokkhólmsháskóla).

Clarence E. Glad – Klemens frá Alexandríu: *Fræðarinn* I. Íslensk þýðing, með inngangi og skýringum eftir Clarence E. Glad. Lærdómsrit Hins íslenska Bókmenntafélags. Rv. 2005.

Guðjón Friðriksson: *Ég elska þig stormur. Ævisaga Hannesar Hafstein.* Rv. 2005.

Guðrún Hallgrímsdóttir og Guðmundur Guðmundsson: *Innra eftirlit í sláturhúsum.* Kennsluhefti fyrir starfsfólk í sláturhúsum, unnið fyrir Landssamband sláturleyfishafa 2005.

Halldóra Jónsdóttir – Hanne-Vibeke Holst: *Krónprinsessan.* Þýðing. Rv. 2005.

Haukur Már Helgason: *Rispa Jeppa – prósasafn.* Rv. 2005. Útg. Nýhil, í ritröðinni Norrænar bókmenntir.

– *Ást æða varps – safn mansöngva.* Ritstjóri og einn höfunda. Útg. Nýhil. Rv. 2005.

Ingunn Ásdísardóttir: *Gyðjan eina? Leitin að rótum norrænu höfuðgyðjanna tveggja Friggjar og Freyju.* (Meistaraprófsritgerð) Þjóðfræðideild HÍ, 2005.

Jón Þ. Þór: „Nýsköpunaröld." *Saga sjávarútvegs á Íslandi. III. bindi, 1939–1970.* Rv. 2005.

– *Saga Bolungarvíkur I. bindi. Frá landnámi til 1920.* Bolungarvík 2005.

Sigurður Gylfi Magnússon: *Sjálfssögur. Minni, minningar og saga.* Gestaritstjóri Soffía Auður Birgisdóttir. Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar 11. Rv. 2005.

Sverrir Jakobsson: *Við og veröldin. Heimsmynd Íslendinga 1100–1400.* Rv. 2005. (Doktorsritgerð við Háskóla Íslands.)

Úlfhildur Dagsdóttir (ritstjórn og ritun með Bjarna Hinrikssyni o.fl.): *GISP! Nían: myndasögumessa, sýningarskrá.* Rv. 2005.

Viðar Hreinsson: *Gæfuleit. Ævisaga Þorsteins M Jónssonar.* Ak. 2005.

## 2006

Hilma Gunnarsdóttir, Jón Þór Pétursson og Sigurður Gylfi Magnússon: *Frá endurskoðun til uplausnar.* Rv. 2006.

Ingólfur V. Gíslason: *Fostering Caring Masculinities. Icelandic National Report.* Ak. 2006.

Jón Yngvi Jóhannsson – Greinar í *Íslenskri bókmenntasögu,* 4.–5. bindi. Rv. 2006.

Jón Rúnar Sveinsson: „*Island – självägande ock facklig inflytande,*" bls. 279–323 í: B. Bengtson (ritstj.): *Varför så olika? Nordisk bostadspolitik i jämförande historiskt ljus.* Malmö 2006.

Oddný Eir Ævarsdóttir (ritstj.): *Postilla, pakkhúslestrarbók.* Rv. 2006.

Ólafur Rastrick (ritstj.): *Ritið – Tímarit Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands.*

Kári Bjarnason: *Horfið höfuðskáld. Brot úr sálmum og kvæðum sr. Ólafs Jónssonar á Söndum (1560–1627).* Rv. 2006.

– *Kvæði eignuð Jóni Arasyni biskupi.* Rv. 2006.

Sigurður Gylfi Magnússon: *Næturnar hafa augu eins og þú. Saga úr Vesturbæ.* Rv. 2006.

Steinunn Jóhannesdóttir: *Die Isländerin.* Reinbek bei Hamburg 2006.

– *Bortföringen.* Ósló 2006.

Unnur Guðrún Óttarsdóttir: *Art Therapy in Education: For Children with Specific Learning Difficulties who have Experienced Stress and/or Trauma.* Óútgefin doktorsitgerð, University of Hertfordshire, Hatfield.

Úlfhildur Dagsdóttir:„Icelandic Prose Literature 1980–2000" (með Ástráði Eysteinssyni) í: *A History of Icelandic Literature,* ritstj. Daisy Neijman. Lincoln, Nebraska 2006.

Þórunn Valdimarsdóttir: *Upp á Sigurhæðir: Saga Matthíasar Jochumssonar.* Rv. 2006.

# Stjórnir RA og framkvæmdastjórar

Hér eru stjórnir og framkvæmdastjórar taldar í tímaröð, og síðan rakinn stuttlega ferill hvers stjórnarmanns og framkvæmdastjóra. Röðin miðast við aðild hvers og eins að stjórn eða framkvæmdastjórn.

## Undirbúningshópur 1997

Annadís Gréta Rúdólfsdóttir, Ágúst Þór Árnason, Árni Daníel Júlíusson, Jón Karl Helgason, Ragnar Garðarsson, Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir, Sigríður Matthíasdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon.

## 1. stjórn 1997–1998

Ágúst Þór Árnason, formaður, Annadís Gréta Rúdólfsdóttir, Árni Daníel Júlíusson, Ragnar Garðarsson, Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir, Sigríður Matthíasdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon.

## 2. stjórn 1998–2000

Sigurður Gylfi Magnússon, formaður, Annadís Gréta Rúdólfsdóttir, Ágúst Þór Árnason, Árni Daníel Júlíusson, Dögg Pálsdóttir, Sigríður Matthíasdóttir og Viðar Hreinsson.

## 3. stjórn 2000–2001

Salvör Nordal, formaður, Axel Kristinsson, Soffía Auður Birgisdóttir, Steinunn Hrafnsdóttir, Sumarliði R. Ísleifsson, Viðar Hreinsson og Þórunn Sigurðardóttir. Varamenn Ágúst Þór Árnason og Irma Erlingsdóttir.

## 4. stjórn 2001–2002

Steinunn Kristjánsdóttir, formaður, Axel Kristinsson, Ágúst Þór Árnason, Hildigunnur Ólafsdóttir, Irma Erlingsdóttir, Sumarliði R. Ísleifsson og Þórunn Sigurðardóttir. Varamenn Ólafur Rastrick og Steinunn Hrafnsdóttir.

## 5. stjórn 2002–2004

Steinunn Kristjánsdóttir, formaður, Haraldur Ólafsson, Ólafur Rastrick, Sólveig Anna Bóasdóttir og Sumarliði R. Ísleifsson. Í varastjórn Gunnar Hersveinn og Ásdís Thoroddsen.

## 6. stjórn 2004–2006

Jón Ólafsson formaður, Auður H. Ingólfsdóttir, Erna Indriðadóttir, Kári Bjarnason og Páll Björnsson. Varamenn Birgir Hermannsson og Sigrún Sigurðardóttir. Clarence E. Glad, Halldóra Jónsdóttir og Ólöf Gerður Sigfúsdóttir komu inn í stjórnina 2005.

## 7. stjórn 2006–2008

RA ses.: Clarence E. Glad, formaður, Jón Ólafsson, Kári Bjarnason, Kristinn Schram, Ólöf Gerður Sigfúsdóttir. Varamenn Halldóra Jónsdóttir og Unnur María Bergsveinsdóttir.

Félag RA: Þorleifur Hauksson, formaður, Guðrún Hallgrímsdóttir og Jón Þór Pétursson. Varamaður Ingunn Ásdísardóttir.

## 8. stjórn 2008–2010

RA ses.: Clarence E. Glad, formaður, Davíd Ólafsson, Kristinn Scram, Ólöf Gerður Sigfúsdóttir og Steinunn Kristjánsdóttir. Varamenn: Sólveig Ólafsdóttir og Þorgerður Þorvaldsdóttir.

Félag RA: Davíð Ólafsson, formaður, Ásthildur Valtýsdóttir, Guðrún Hallgrímsdóttir, Hilma Gunnarsdóttir og Ingunn Ásdísardóttir.

## Framkvæmdastjórar RA

Jón Karl Helgason vor 1998- febr. 1999, Kristrún Heimisdóttir jan.-des. 2000, Oddný Mjöll Arnardóttir maí-nóv. 2001, Jónas Guðmundsson des. 2001-maí 2002, Erna Indriðadóttir febr.-sept. 2005, Viðar Hreinsson frá okt. 2005.

## Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar RA – kynning

*Annadís Gréta Rúdólfsdóttir* tók doktorspróf frá London School of Economics árið 1997. Ritgerð hennar var innan félagssálfræði og nefndist „The Construction of Femininity in Iceland". Rannsóknir Önnudísar tengdust fyrst og fremst kynjun (e. gender) og mótast mjög af svokölluðum þriðju bylgju-femínisma eða þriðju kynslóðar-femínisma og póststrúktúralískum straumum í þeim fræðum. Hún hefur m.a. fjallað um móðurhugtakið í rannsóknum sínum. Annadís hefur undanfarin ár búið í Bretlandi og kennt við Háskóla Vestur-Englands í Bristol. Stjórnarmaður 1997–2000.[1]

*Ágúst Þór Árnason* stundaði meistaranám í réttarheimspeki við Freie Universität í Berlín 1986–91 og doktorsnám við Johann Wolfgang Goethe-háskólann í Frankfurt am Main 1998–2001. Hann hefur lagt stund á rannsóknir á stjórnarskrárfestu, mannréttindum og stjórnmálaheimspeki. Meðal rannsóknarverkefna hans eru: Stjórnskipun og velferðarríki Norðurlanda og Þýskalands, stjórnskipun örríkja, heimspekilegur grundvöllur mannréttinda, stjórnarskrárfesta og lýðræði. Hann var blaðamaður á árum áður, m.a. á Tímanum, og hefur verið virkur í félagsstörfum. Ágúst Þór hefur undanfarið starfað við Háskólann á Akureyri. Stjórnarmaður 1997–2002, formaður 1997–1998.[2]

*Árni Daníel Júlíusson* sagnfræðingur ritstýrði á árunum 1988–92 *Íslenskum söguatlas* ásamt Jóni Ólafi Ísberg, og kom ritið út í þremur bindum 1989–93. Í framhaldi af því hélt hann til

1 Tölvupóstur frá Önnudís til höf., sept. 2008.
2 [www.unak.is/?d=3&m=page&f=viewPage&id=89]

doktorsnáms í Kaupmannahöfn og hóf rannsóknir á íslenska bændasamfélaginu og áhrifum pestanna miklu á 15. öld á það. Doktorsritgerð sína varði hann við Kaupmannahafnarháskóla í febrúar 1997. Undanfarið hefur Árni Daníel unnið að ritun íslenskrar landbúnaðarsögu. Stjórnarmaður 1997–2000.

*Jón Karl Helgason* er doktor í samanburðarbókmenntum frá Massachusetts-háskóla í Amherst, Bandaríkjunum. Jón Karl hefur m.a. skrifað bækurnar *Hetjan og höfundurinn* 1998, *The Rewriting of Njáls Saga* 1999, *Höfundar Njálu* 2001 og *Ferðalok* 2003. Viðfangsefni hans eru m.a. þýðingafræði, menningarsaga og sjálflýsandi bókmenntir (e. metafiction). Jón Karl hefur unnið hjá Ríkisútvarpinu og sem ritstjóri hjá bókaforlaginu Bjarti, en er nú lektor í íslensku- og menningardeild HÍ. Í undirbúningshópi 1997, framkvæmdastjóri 1998–99.[1]

*Ragnar Garðarsson* er stjórnmálafræðingur. Hann tók meistarapróf frá London School of Economics og starfaði eftir það m.a. fyrir Norræna sumarháskólann í Árósum. Stjórnarmaður 1997–98.

*Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir* er lögfræðingur frá HÍ 1992. Hún tók LLM-próf við Háskólann í Edinborg 1995. Deildarstjóri lögfræðideildar umhverfisráðuneytisins var hún 1995–98 og vann áfram hjá utanríkisráðuneytinu frá árinu 1998, m.a. í sendiráði Íslands í Brussel frá 2004, og varð staðgengill sendiherra 2008. Stundakennari við HÍ 1996–97 (réttindi flóttamanna) og 1999 (umhverfislög). Stundakennsla við Háskólann á Akureyri árið 2003. Stjórnarmaður 1997–98.[2]

*Sigurður Gylfi Magnússon* er doktor í sagnfræði frá Pittsburgh-háskóla, Bandaríkjunum. Sigurður Gylfi hefur sent frá sér fjölda bóka og er ritstjóri ritraðarinnar „Sýnisbækur íslenskrar alþýðumenningar". Hann var í ritstjórn íslenska sagnfræðingatalsins í *Íslenskum sagnfræðingum*. Meðal bóka hans eru *Lífshættir í Reykjavík 1930–1940* 1985, *Menntun, ást og sorg: Einsögurannsókn á íslensku sveitasamfélagi 19. og 20. aldar* 1997, *Fortíðardraumar: Sjálfsbókmenntir á Íslandi* 2004, *Sjálfssögur: Minni, minningar og saga* 2005, og *Sögustríð* 2007. Hann er auk þess höfundur fjölmargra fræðigreina um einsögu sem birst hafa í íslenskum og erlendum ritum. Sigurður Gylfi er fyrrverandi formaður Sagnfræðingafélags Íslands. Hann hefur verið ódrepandi talsmaður RA og haft hönd í bagga með ótal málum henni tengdum, en hefur að auki verið öflugur forystumaður sagnfræðinga. Stjórnarmaður 1997–2000, formaður 1998–2000.[3]

*Sigríður Matthíasdóttir* sagnfræðingur tók meistarapróf í Austur-Evrópufræðum frá Háskólanum í London 1995, en lærði einnig við háskólana í Bielefeld og Hróarskeldu. Sigríður tók doktorspróf við HÍ árið 2004 og nefndist ritgerð hennar *Hinn sanni Íslendingur: Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930*. Sigríður vinnur nú að ritun sögu Háskóla Íslands. Stjórnarmaður 1997–2000.[4]

*Dögg Pálsdóttir* lögfræðingur tók lögfræðipróf frá HÍ árið 1980 og stundaði framhaldsnám í lögum við Stokkhólmsháskóla 1980–81. Hún lauk árið 1986 meistaranámi í lýðheilsufræðum (MPH) frá John Hopkins-háskólanum í Baltimore, Bandaríkjunum. Dögg starfaði í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu 1981–95, fyrst sem deildarstjóri og síðar skrifstofustjóri. Hún fékk málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti 1994 og hefur rekið eigin lögmannsstofu í Reykjavík frá 1996. Dögg hefur unnið að lagasetningu um heilbrigðismál, tekið mikinn þátt í félagsstörfum og gegnt fjölda trúnaðarstarfa, m.a. verið formaður Lögfræðingafélags Íslands og Umhyggju, félags til stuðnings langveikum börnum, og sat í ritstjórn *Lögfræðingatals*. Hún var fyrsti varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík suður 2007–2009. Dögg hefur skrifað fjölda greina í blöð og tímarit. Stjórnarmaður 1998–2000.[5]

*Viðar Hreinsson* bókmenntafræðingur var einn af þeim sem fyrst fékk skrifstofu í RA. Í RA vann hann m.a. við að rita ævisögu Stephans G. Stephanssonar, og fékk til þess stuðning Eimskipafélagsins og fleiri árið 1999. Útgefandi verksins var Bjartur og var ritstjóri þess Jón Karl Helgason. Viðar ritstýrði fyrstu heildarútgáfu Íslendingasagna á ensku sem útgáfufyrirtækið Leifur Eiríksson stóð að og kom út árið 1997. Hann hefur ritað kennslubók í bókmenntasögu, verið lektor við íslenskudeild Winnipeg-háskóla, ritað bókmenntaefni í *Íslenskan söguatlas* og unnið að rannsóknum á frásagnarfræði íslenskra miðaldarita með áherslu á fornaldarsögur. Viðar hefur birt fjölda fræðigreina heima og erlendis. Stjórnarmaður 1998–2001, framkvæmdastjóri frá 2005.[6]

*Salvör Nordal* tók meistarapróf í heimspeki við Stirling-háskóla í Skotlandi eftir grunnnám við HÍ, og er rannsóknarsvið hennar siðfræði, réttarheimspeki og stjórnmálaheimspeki. Um það leyti sem hún varð formaður RA vann hún að doktorsverkefni um friðhelgi einkalífsins við Calgary-skóla í Alberta, Kanada. Hún var fastráðinn stundakennari í heimspeki við HÍ, hafði annast ýmis verkefni fyrir Siðfræðistofnun Háskólans og tók síðar við starfi forstöðumanns Siðfræðistofnunarinnar. Salvör var sjóuð og reynd úr menningarlífi og fjölmiðlum, hafði m.a. verið framkvæmdastjóri Íslenska dansflokksins árin 1989–94, framkvæmdastjóri Listahátíðar í Reykjavík, blaðamaður á Morgunblaðinu, unnið á útvarpsstöðvum o.fl. Formaður 2000–2001.[7]

*Þórunn Sigurðardóttir* bókmenntafræðingur kom inn í RA í nóvember 1998 í fyrsta hópnum. Þórunn lauk MA-ritgerð um lútersk erfiljóð og harmljóð á 17. öld árið 1996 og gaf síðan út rit Jóns Ólafssonar Grunnvíkings, *Hagþenki*, með fræðilegum inngangi, og vann að frekari rannsóknum á erfiljóðum frá

1 Tölvubréf frá Jóni Karli til höf., sept. 2008.
2 Tölvubréf frá Ragnheiði Elfu til höf., sept. 2008.
3 „Hver er RA? Hver vill hún vera? Hugleiðingar og spurningar til innanhússfélagsmanna með kveðju frá Guðfríði Lilju. 28. mars 2001." Skjalasafn RA.
4 [www.akademia.is/cv/sigridurm/]
5 Tölvubréf frá Dögg til höf., sept. 2008.
6 Tölvubréf frá Viðari til höf., sept. 2008.
7 [www.akademia.is/cv/salvorn/], tölvubréf frá Salvöru til höf., okt. 2008.

17. öld þegar hún kom inn í RA. Hún fékk styrk frá Rannís til að sinna þessum rannsóknum 1999 og 2000. Aðaltekjur sínar hafði Þórunn af prófarkalestri, og las m.a. prófarkir að Skírni. Einnig þýddi hún talsvert fyrir Morgunblaðið, las yfir fræðirit og vann við nafna- og atriðisorðaskrár í fræðiritum. Á vegum RA vann Þórunn við tvö námskeið sem RA hélt árlega 1999–2003 um „Akademísk vinnubrögð" og „Undirbúning lokaverkefnis" við Endurmenntunarstofnun. Einnig sinnti Þórunn málfarsráðgjöf við Ríkisútvarpið á vegum RA. Þórunn taldi það hafa verið mikið gæfuspor fyrir sig að hafa flutt tölvu sína, bækur og skrifstofubúnað í húsnæði RA í nóvember 1998. Hún segir: „Með því fékk ég tækifæri til að taka virkan þátt í uppbyggingu akademíunnar, leggja mitt af mörkum við að rækta þann frumkvöðlaanda sem þar sveif yfir vötnum og taka þátt í þeim frjóu umræðum sem fram fóru á milli félaganna. Það reyndist mér, eins og öðrum sjálfstætt starfandi fræðimönnum, ómetanlegt að komast úr þeirri einangrun sem fylgir því oft að vinna á eigin vegum og geta þroskað fræðilega hugsun með gagnvirkum samskiptum við aðra fræðimenn, bæði þá sem stunda rannsóknir á svipuðu fræðasviði en einnig, og ekki síður, þá sem starfa á ólíkum fræðasviðum. Í akademíunni býr mikill sköpunarkraftur og framkvæmdagleði sem lætur engan ósnortinn." Þórunn var einn öflugasti og virkasti félagi RA á upphafsárum hennar, en hún var í RA til 2001 og um stutt skeið 2002–2003. Hún átti ásamt Guðjóni Friðrikssyni frumkvæði að því að Akademían tók við Bókasafni Dagsbrúnar. Stjórnarmaður 2000–2002.[1]

*Steinunn Hrafnsdóttir* er félagsráðgjafi. Þegar hún kom í RA var hún í doktorsnámi við Kent-háskóla á Englandi. Hún lauk BA-prófi við HÍ í uppeldisfræði og félagsráðgjöf 1987 og fékk starfsréttindi við félagsráðgjöf árið 1988. Hún lauk meistaranámi í stjórnunarfræðum við Kent-háskóla og hóf síðan doktorsnám þar. Steinunn tók virkan þátt í starfi Akademíunnar frá upphafi, vann að námsefni í lífsleikni með Salvöru Nordal og kenndi námskeið í akademískum vinnubrögðum og undirbúningi lokaverkefna með Önnudís Grétu Rúdólfsdóttur og fleirum. Steinunn lauk doktorsprófi árið 2004 og er nú dósent í félagsráðgjöf við HÍ. Doktorsritgerð hennar fjallar um starfsumhverfi stjórnenda í félagsþjónustu hér á landi, og var að stórum hluta unnin í RA. Stjórnarmaður 2000–2002.[2]

*Soffía Auður Birgisdóttir* bókmenntafræðingur starfaði sem bókmenntagagnrýnandi Morgunblaðsins og kenndi einnig sem stundakennari við HÍ þegar hún tók sæti í stjórn RA. Soffía Auður hafði langa reynslu sem bókmenntafræðingur, hafði m.a. skrifað kafla í norræna kvennabókmenntasögu sem út kom hjá forlaginu Rosinante í Kaupmannahöfn 1996 og 1997, ritað fjölda greina um bókmenntafræði í TMM og Andvara og hafði víðtæka kennslureynslu. Soffía Auður var einn af helstu forystumönnum RA, og tók forystu á sviði námskeiðshalds og námsbókagerðar á árinu 1999. Stjórnarmaður 2000–2001.[3]

*Axel Kristinsson* er sjálfstætt-starfandi sagnfræðingur og einn af frumherjunum í JL-húsinu. Hann tók virkan þátt í starfi RA frá upphafi og einnig í starfi Rabygg. Meginviðfangsefni hans í sagnfræði eru miðaldasaga, saga íslenskrar yfirstéttar 1100–1800 og umhverfissaga. Hann er einn þeirra fræðimanna sem hafa endurskoðað íslenska umhverfissögu og gagnrýnt ríkjandi viðmið á því sviði. Hann hafði áður verið bókavörður á Landsbókasafninu, unnið við fornleifagröft, ýmsar sagnfræðirannsóknir og ritstörf og kennt við HÍ. Stjórnarmaður 2000–2002.[4]

*Sumarliði R. Ísleifsson* er sjálfstætt-starfandi sagnfræðingur. Hann hefur m.a. ritað sögu málmiðnaðar á Íslandi á síðari hluta 20. aldar, enda málmiðnaðarmaður að mennt. Sumarliði er einnig höfundur bókarinnar *Ísland, framandi land*, þar sem fjallað er um Íslandssýn erlendra manna eins og hún kemur fram í frásögnum og myndum eftir heimsóknir hingað til lands á 18. og 19. öld. Viðfangsefni Sumarliða um það leyti sem hann gekk í stjórn RA var saga hugverkaréttinda í íslensku atvinnulífi á 19. og 20. öld, og kom sú bók út 2001. Hann ritstýrði þriggja binda sögu stjórnarráðsins frá 1964, og vinnur nú að sögu Alþýðusambands Íslands. Sumarliði hefur ritað ýmsar aðrar bækur, samið og birt fjölda fræðigreina í erlendum og innlendum tímaritum og flutt fjölda fyrirlestra. Hann hefur verið einn traustasti félagi RA og haft forystu um ýmis mál. Sumarliði hefur undanfarið verið í fararbroddi eins öflugasta rannsóknarhóps innan RA, Ímyndarhópsins. Stjórnarmaður 2000–2004.[5]

*Irma Erlingsdóttir* er bókmenntafræðingur og stundaði framhaldsnám við Vincennes-háskóla í París (Sorbonne 8), í Centre d'Etudes Féminines undir leiðsögn hinnar þekktu frönsku fræðikonu Hélène Cixous. Irma var m.a. ritstjóri Atviksritraðarinnar og vann stórafrek á því sviði á árunum 2000 til 2003. Haustið 2000 tók hún við forystu RIKK, Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræðum við HÍ, og gegnir enn þeirri stöðu. Irma hefur undanfarin ár verið einn helsti forystumaður Framtíðarlandsins, félags sem m.a. hefur gagnrýnt atvinnu-, efnahags- og stóriðjustefnu íslenskra stjórnvalda með áherslu á nýsköpun og sprotafyrirtæki. Stjórnarmaður 2000–2002.[6]

*Kristrún Heimisdóttir* tók embættispróf í lögfræði 1998 og lagði einnig stund á heimspeki við HÍ. Hún var knattspyrnumaður með KR og landsliðinu, hefur m.a. verið íþróttafréttamaður í sjónvarpi, og setið í stjórn KR. Kristrún vann á skrifstofu umboðsmanns Alþingis frá 1998–99, var síðar sérfræðingur á skrifstofu Umboðsmanns barna og eftir störf fyrir RA lögfræðingur hjá Samtökum iðnaðarins og aðstoðarmaður utanríkisráðherra 2007–2009. Framkvæmdastjóri 2000.[7]

*Steinunn Kristjánsdóttir* lauk fil.mag.-prófi í fornleifafræði frá Gautaborgarháskóla árið 1994, og áður fil.kand.-prófi árið 1993. Doktorsprófi lauk Steinunn frá sama skóla 2004. Steinunn var

1 Þórunn Sigurðardóttir: Greinargerð um störf í ReykjavíkurAkademíunni. sumar 2007.
2 Tölvubréf frá Steinunni til höf., sept. 2008.
3 [www.akademia.is/cv/soffiab/]
4 [www.akademia.is/cv/axelk/], tölvubréf Axels til höf., sept. 2008.
5 Tölvubréf frá Sumarliða til höf., sept. 2008.
6 Tölvubréf frá Irmu til höf., sept. 2008.
7 [www.akademia.is/cv/kristrun/]

um tíma forstöðumaður Minjasafns Austurlands og hefur sinnt rannsóknum um margra ára skeið víða á Austurlandi. Steinunn vann á þessum tíma að doktorsritgerð sinni um upphaf kristni á Íslandi og byggist hún ekki síst á fornleifafræðilegri rannsókn hennar um kristnitökuna. Steinunn vann jafnframt að undirbúningi fornleifarannsóknar á Skriðuklaustri og hefur stjórnað þar uppgrefti og rannsóknum frá árinu 2002. Frá árinu 2006 hefur hún verið lektor í fornleifafræði við HÍ og Þjóðminjasafnið. Formaður 2001–2004, stjórnarmaður (ses.) 2008–2009.[1]

*Hildigunnur Ólafsdóttir* er doktor í afbrotafræði frá Óslóarháskóla. Hún hefur verið virk í fjölþjóðlegu rannsóknarstarfi, ritað fjölda greina í erlend og innlend tímarit og bók hennar, *Alcoholics Anonymous in Iceland. From Marginality to Mainstream Culture*, kom út árið 2000. Hún var verkefnisstjóri í norræna rannsóknarverkefninu „Kontroll och behandling for rusmiddelbrukere" og ritstýrði verkinu *Skyldig eller sjuk? Om valet av påföljd för narkotikabruk* (2001), þegar hún kom inn í stjórn RA. Hildigunnur var líka þátttakandi í verkefninu „The Effects of Nordic Alcohol Policies. What Happens to Drinking and Harm when Alcohol Gontrols Change?". Þá vann hún á þessum árum að rannsókn á refsiákvörðunum vegna manndrápa, rána og líkamsmeiðinga ásamt Sigurði Tómasi Magnússyni og að rannsókn á óreglu á almannafæri. Stjórnarmaður 2001–2002.[2]

*Ólafur Rastrick* stundaði framhaldsnám í sagnfræði við Kaupmannahafnarháskóla og tók síðan MA-próf frá mannfræði- og félagsfræðideild Monash-háskólans í Melbourne, Ástralíu. Hann vann m.a. að ritun Stjórnarráðssögunnar, að rannsóknum á alþýðumenntun 1880–1920 og við kennslubókagerð, um það leyti sem hann kom inn í stjórn RA. Rannsóknarsvið Ólafs er stjórnmálasaga 20. aldar, saga menntunar, menningarfræði og söguspeki. Stjórnarmaður 2001–2004.[3]

*Sólveig Anna Bóasdóttir* lauk embættisprófi í guðfræði frá HÍ árið 1985 og doktorsprófi í guðfræðilegri siðfræði frá Uppsalaháskóla árið 1998. Eftir doktorspróf var hún lektor í siðfræði í Uppsölum í hálft þriðja ár og veitti jafnframt forstöðu rannsóknarsviði í femíniskri siðfræði við sömu deild. Á tímabilinu 2001–2008 var hún sjálfstætt-starfandi fræðimaður í RA og naut m.a. styrks úr Kristnihátíðarsjóði við rannsókn sína um „Réttlæti og ást. Til móts við nýja kynlífssiðfræði". Á sama tíma starfaði hún sem stundakennari í siðfræði við guðfræðideild HÍ. Sólveig Anna hefur ritað fjölda greina um rannsóknir sínar og sendi frá sér bókina *Ást, kynlíf og hjónaband* árið 2008. Haustið 2008 var Sólveig Anna ráðin lektor við HÍ í guðfræðilegri siðfræði. Stjórnarmaður 2002–2004.[4]

*Haraldur Ólafsson* lauk fil. lic.-prófi í mannfræði við Stokkhólmsháskóla 1966. Hann var blaðamaður við Alþýðublaðið 1958–61 og Tímann sumarið 1963, dagskrárstjóri við Ríkisútvarpið 1966–72, lektor í mannfræði við HÍ 1973–78, dósent þar 1979–94 og prófessor 1994–2000. Hann hefur setið í ýmsum nefndum og ráðum á vegum ríkisins, svo sem í Þjóðleikhúsráði 1978–83, öryggismálanefnd 1980–91, stjórn Grænlandssjóðs 1981–2003, Norðurlandaráði 1986–87 og í bankaráði Seðlabankans 1985–87. Haraldur var formaður Félags háskólakennara um skeið og fulltrúi félagsins í háskólaráði 1982–84. Hann var alþingismaður Reykvíkinga 1984–87 fyrir Framsóknarflokkinn. Eftir Harald hefur birst fjöldi rita og greina um mannfræði, stjórnmál og menningarmál. Hann samdi ásamt fleirum leikritið Inúk sem sýnt var í Þjóðleikhúsinu og víða erlendis, og var í ritnefnd Íslenskrar þjóðmenningar. Stjórnarmaður 2002–2004.[5]

*Ásdís Thoroddsen* er kvikmyndaleikstjóri og hefur leikstýrt tveimur myndum í fullri lengd, „Ingaló" (1992) og „Draumadísum" (1996). Hún hefur einnig leikið í ýmsum kvikmyndum, svo sem „Skilaboðum til Söndru" (1983) og „Nóa Albínóa" (2003) og tekið þátt í framleiðslu ýmissa annarra. Ásdís hafði aðsetur í RA frá 2000–2004 og aftur frá 2006. Hún vann að ýmsum verkefnum, t.d. um Spánverjavígin og Jón lærða, leikstýrði, skrifaði kvikmyndahandrit, útvarpsleikrit og fleira. Hún gerðist forstöðumaður Minjasafnsins á Hnjóti í Örlygshöfn árið 2004 og starfaði sem slíkur til 2006. Ásdís sá frá 2006–2007 um Bókasafn Dagsbrúnar samhliða öðrum störfum. Stjórnarmaður 2002–2004.[6]

*Gunnar Hersveinn* er rithöfundur og heimspekingur. Hann er með BA-próf í sálfræði og heimspeki frá Háskóla Íslands 1986, viðbótarnám í hagnýtri fjölmiðlun 1995 og er í meistaranámi í kynjafræði frá 2007. Gunnar hefur gefið út fjórar ljóðabækur og JPV-útgáfa hefur gefið út bækur hans *Gæfuspor – gildin í lífinu* 2005 og *Orðspor – gildin í samfélaginu* 2008. Stjórnarmaður 2002–2004.[7]

*Oddný Mjöll Arnardóttir* lögfræðingur er prófessor við Háskólann í Reykjavík. Hún tók embættispróf í lögfræði 1995. Hún situr í stjórn Mannréttindaskrifstofu Íslands og hefur m.a. sinnt rannsóknum á sviði mannréttinda. Framkvæmdastjóri maí til nóvember 2001.[8]

*Jónas Guðmundsson* starfaði m.a. sem blaðamaður áður en hann varð rektor Samvinnuskólans á Bifröst 1995–1999. Framkvæmdastjóri desember 2001 til maí 2002.

*Jón Ólafsson* heimspekingur og sagnfræðingur lauk BA-prófi frá HÍ árið 1989. Hann vann síðan um skeið á fréttastofu Sjónvarps og starfaði m.a. sem fréttaritari í Moskvu. Jón hélt til Bandaríkjanna og tók árið 2000 doktorspróf við Columbia-háskóla, New York-borg. Í doktorsritgerð sinni fjallaði hann um bandaríska heimspekinginn John Dewey og hét hún *Conflict and Method: An Essay on Dewey*. Árið 1999 sendi Jón frá sér bókina *Kæru félagar. Íslenskir sósíalistar og Sovétríkin 1920–1960*. Jón

1 Tölvubréf frá Steinunni til höf., sept. 2008.
2 Tölvubréf frá Hildigunni til höf., sept. 2008.
3 Tölvubréf frá Ólafi til höf., sept. 2008.
4 Tölvubréf frá Sólveigu til höf., sept. 2008.
5 [www3.hi.is/~haraldur/hocv.html], [www.althingi.is/cv.php4?nfaerslunr=238], tölvubréf frá Haraldi til höf., sept. 2008.
6 Ásdís Thoroddsen: Greinargerð um störf í ReykjavíkurAkademíunni. Rv. 2007, í vörslu höf.
7 Tölvupóstur frá Gunnari til höf., okt. 2008.
8 [www.ru.is/?PageID=2684]

hefur kennt við HÍ og Columbia-háskóla, en er nú prófessor við Viðskiptaháskólann á Bifröst. Formaður 2004–2006, stjórnarmaður (ses.) 2006–2007.[1]

*Auður H. Ingólfsdóttir* er menntuð í alþjóðasamskiptum og sérhæfð í umhverfis- og auðlindastjórnun, alþjóðlegum samningaviðræðum og úrlausn deilumála. Hún tók meistarapróf frá Tufts-háskólanum í Boston, Bandaríkjunum. Hún starfaði við Umhverfisstofnun HÍ 1999–2002 og tók þar m.a. þátt í uppbyggingu þverfaglegs meistaranáms í umhverfisfræðum, var sérfræðingur á alþjóðaskrifstofu umhverfisráðuneytisins 2002–2003, sjálfstætt-starfandi ráðgjafi í umhverfismálum með aðsetur í RA 2003–2004 og vann síðan hjá Umhverfisráðgjöf Íslands (UMÍS) í Borgarnesi 2004–2006. Síðustu tvö árin hefur Auður starfað erlendis á vegum íslensku friðargæslunnar, fyrst við vopnahléseftirlit á Sri Lanka, og síðar sem jafnréttisráðgjafi á Balkanskaga fyrir UNIFEM. Stjórnarmaður 2004–2006.[2]

*Erna Indriðadóttir* lauk BA-prófi í samfélagsfræði við Háskólann í Lundi árið 1981 og MPA-námi frá Washington-háskóla í Seattle í Bandaríkjunum árið 2001. Hún starfaði við fjölmiðla í rúm tuttugu ár, var fréttamaður Útvarps um árabil og deildarstjóri Ríkisútvarpsins á Akureyri 1986–92. Árin 1992–2005 var hún fréttamaður á fréttastofu Sjónvarps, en tók við starfi framkvæmdastjóra RA í febrúar 2005. Í september 2005 varð hún fjölmiðlafulltrúi Alcoa á Íslandi. Erna hefur flutt fyrirlestra um fjölmiðla og rekstur menningarstofnana og verið stundakennari í HÍ. Stjórnarmaður 2004–2006, framkvæmdastjóri 2005.[3]

*Kári Bjarnason* íslenskufræðingur lauk meistaraprófi frá HÍ 1997. Hann hóf störf við handritadeild Landsbókasafnsins 1989 og starfaði þar í mörg ár. Hann hefur sinnt rannsóknum á fjölmörgum sviðum íslenskrar menningar, svo sem handritarannsóknum, rannsóknum á kveðskap 1400–1800, rannsóknum á eddukvæðum, og á íslenskum tónlistar-, myndlistar- og trúararfi. Hann hefur einnig annast ritstjórn ritraða og tímarita og verið virkur í ýmsum fræðafélögum. Kári starfar nú við verkefnið „Handritin heim" og er forstöðumaður bókasafnsins í Vestmannaeyjum. Stjórnarmaður 2004–2007 (ses. 2006–2007).[4]

*Páll Björnsson* lauk doktorsprófi í sagnfræði frá Rochester-háskóla í New York, Bandaríkjunum, árið 2000. Áður stundaði hann nám við HÍ og háskólana í Göttingen og Freiburg í Þýskalandi. Helstu rannsóknarsvið hans eru líberalismi, þjóðernishyggja og kyngervi á 19. og 20. öld, einkum í Norður- og Mið-Evrópu. Undanfarið hefur hann m.a. rannsakað hugmyndaheim Jóns Sigurðssonar forseta og tengsl hans við hugmyndastrauma á meginlandi Evrópu. Páll var annar ritstjóri *Sögu* 2003–2008, naut rannsóknarstöðustyrks frá Rannís 2000–2003 og var sjálfstætt-starfandi sagnfræðingur við RA 1999–2000 og 2003–2005. Árin 2000–2004 var hann formaður Sagnfræðingafélags Íslands. Hann er nú lektor við hug- og félagsvísindadeild Háskólans á Akureyri. Stjórnarmaður 2004–2006.[5]

*Birgir Hermannsson* stjórnmálafræðingur tók doktorspróf frá Stokkhólmsháskóla árið 2005 og nefndist ritgerð hans *Understanding Nationalism. Studies in Icelandic Nationalism 1800–2000*. Birgir var aðstoðarmaður umhverfisráðherra á árunum 1993–95. Hann var stundakennari við HÍ í félagsvísindadeild árin 1990–96, en árið 1998 hóf hann doktorsnámið. Frá 2005 hefur Birgir verið stundakennari við HÍ en þó fyrst og fremst kennari við Viðskiptaháskólann á Bifröst. Birgir hefur haft aðstöðu í RA frá 2002. Stjórnarmaður 2004–2006.[6]

*Sigrún Sigurðardóttir* lauk meistaraprófi í menningarfræði frá Kaupmannahafnarháskóla árið 2004. Hún hefur verið sjálfstætt-starfandi fræðimaður og einkum einbeitt sér að menningarfræðilegum rannsóknum á ljósmyndum en að auki skrifað um einsögu og munnlega sögu. Sigrún vinnur nú að rannsókn um félagslegt raunsæi í íslenskum ljósmyndum. Sigrún hefur verið stundakennari við Listaháskólann og við KHÍ frá árinu 2004. Hún var ráðin fagstjóri fræðinámskeiða í Hönnunar- og arkitektúrdeild LHÍ haustið 2006. Eftir Sigrúnu hafa m.a. komið út bækurnar *Det traumatiske øjeblik. Fotografiet, differancen og mødet med virkeligheden*, 2006, *Vor unga stétt. Verzlunarskóli Íslands í 100 ár*, 2005, og *Elskulega móðir mín, systir, bróðir, faðir og sonur. Fjölskyldubréf frá 19. öld*, 1999. Sigrún hefur auk þess skrifað fjölda fræðigreina um ljósmyndir og sagnfræði í fagtímarit. Stjórnarmaður 2004–2006.[7]

*Clarence E. Glad* stundaði nám við trúarbragðadeild Brown-háskóla í Rhode Island, Bandaríkjunum, 1984–91 og lauk þaðan doktorsprófi með ritgerðinni *Adaptability in Epicurean and Early Christian Psychagogy: Paul and Philodemus* (1995). Hann hefur verið sjálfstætt-starfandi fræðimaður frá 1991 og gerðist félagi í RA árið 2000. Rannsóknir Clarence, sem hafa notið styrkja frá erlendum og innlendum rannsóknarsjóðum (þ.m.t. Rannís 1991–2010), hafa snúist um Pál postula og upphaf kristni, grísk-rómverska heimspeki á hellenískum tíma, íslenskar biblíuþýðingar og íslenska biblíuguðfræði á nýöld, klassíska menntun á Íslandi frá upphafi til nútíma ásamt ímyndarsköpun á Íslandi á 19. öld. Fræðirit og greinar eftir Clarence hafa birst erlendis sem hérlendis. Þá hefur hann þýtt úr grísku tvö rit eftir Klemens frá Alexandríu í Lærdómsritaröð Hins íslenska bókmenntafélags. Clarence hefur tekið þátt í allmörgum alþjóðlegum samstarfsverkefnum og flutt fjölda fyrirlestra við háskóla og rannsóknarstofnanir á Íslandi, í Danmörku, Svíþjóð, Noregi, Grikklandi, Bandaríkjunum og Ástralíu. Samhliða rannsóknum hefur Clarence sinnt kennslu bæði á framhalds- og háskólastigi við Kaupmannahafnarháskóla, HÍ, Háskólann á Bifröst og Menntaskólann við Sund. Formaður ses. 2006–2009.[8]

---

1 [www.jonolafs.bifrost.is/?page_id=3]
2 Tölvupóstur frá Auði til höf., sept. 2008.
3 Morgunblaðið 2. febrúar 2005; tölvupóstur frá Ernu til höf., sept. 2008.
4 [www.akademia.is/cv/kari/]
5 [www.unak.is/?d=3&m=page&f=viewPage&id=89], tölvubréf frá Páli til höf., sept. 2008.
6 [ www.bifrost.is/Files/Skra_0021727.pdf]
7 Tölvubréf frá Sigrúnu til höf., sept. 2008.
8 Tölvubréf frá Clarence til höf., sept. 2008.

*Ólöf Gerður Sigfúsdóttir* mannfræðingur lauk meistaraprófi í félagsvísindum frá Chicago-háskóla árið 2002. Lokaritgerð hennar nefndist *Authenticity, Technology and Aesthetics: Hybrid art in the tourist art system in Lagos*. Ólöf Gerður undirbjó ráðstefnuna „Images of the North" og stýrði henni á vegum Ímyndahópsins í RA og hafði forgöngu um stofnun Kviksögu, félagsskapar um heimildarkvikmyndir í RA. Stjórnarmaður (ses.) 2006–2009.[1]

*Kristinn Schram* tók meistarapróf í þjóðfræði frá Edinborgarháskóla árið 2004. Hann er nú í doktorsnámi við sama skóla. Rannsókn hans snýst um það hvernig best fari á skrásetningu, rannsókn og miðlun frásagnarmenningar og sjónrænnar samtímamenningar með áherslu á stað, sjálfsmynd og hversdagslíf. Kristinn hefur unnið við ýmis rannsóknarverkefni við HÍ, Þjóðminjasafnið, Háskólann á Hólum og Sögusmiðjuna. Hann er nú forstöðumaður Þjóðfræðasetursins á Hólmavík. Stjórnarmaður (ses.) 2006–2009.[2]

*Unnur María Bergsveinsdóttir* hefur BA-próf í sagnfræði (með frönsku sem aukagrein) frá HÍ. Hún vinnur um þessar mundir að MA-ritgerð í sagnfræði við HÍ og er þar fjallað um sögu pönkhreyfingarinnar á Íslandi um 1979–83. Unnur María er í stjórn Sagnfræðingafélags Íslands og í stjórn Minnis – félags áhugamanna um munnlegan menningararf. Hún starfar sem verkefnastjóri Miðstöðvar munnlegrar sögu. Stjórnarmaður (ses.) 2006–2009.[3]

*Þorleifur Hauksson* íslenskufræðingur lauk cand.mag.-prófi frá HÍ 1971 og stundaði framhaldsnám í Oxford 1971–72. Hann var styrkþegi við Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi 1964–71, lektor í íslenskum bókmenntum við HÍ 1972–76, útgáfustjóri Bókmenntafélagsins Máls og menningar 1976–82, ritstjóri Tímarits Máls og menningar 1977–82, lektor í íslensku máli og bókmenntum við Uppsalaháskóla 1983–91 og starfsmaður Styrktarsjóðs Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur við gerð stílfræðirits 1991–94. Hann hefur verið prófdómari í íslenskum bókmenntum við HÍ frá 1991. Frá 1995 sjálfstætt-starfandi fræðimaður, nokkrum sinnum stundakennari við HÍ. Meðal rannsókna hans eru rannsóknir á íslenskum skáldsagnastíl 1850–1970. Þorleifur hefur ritað fjölda fræðigreina og ritstýrt útgáfum, svo sem *Árna sögu biskups* (1972) og *Sverris sögu* (2007), og fékk viðurkenningu Hagþenkis fyrir fræðistörf sín 2009. Formaður fél. 2006–2007.[4]

*Halldóra Jónsdóttir* tók BA-próf í dönsku og þýsku frá HÍ 1980, cand.phil.-próf í dönsku frá Kaupmannahafnarháskóla 1984, lauk uppeldis- og kennslufræði frá HÍ 1985, varð skjalaþýðandi í dönsku 1990, tók próf frá Leiðsögumannaskólanum 1984. Hún var dönskukennari 1977–87 við MS, Flensborgarskóla og Tækniskóla Íslands, stundakennari í dönsku við HÍ 1985–95, 2001 og 2003. Ritstjóri orðabóka hjá Ísafold 1987–92, Máli og menningu/Eddu 1997–2003, sjálfstætt-starfandi fræðimaður við RA 2004–2007 og verkefnisstjóri á Orðabók Háskólans, nú Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, frá 2006, sérfræðingur í lagadönsku við HR frá 2005. Prófdómari við HÍ, HR og MR. Leiðsögumaður erlendra ferðamanna um Ísland frá 1981. Halldóra er formaður NFL – norræns félags um orðabókafræði. Stjórnarmaður (ses.) 2006–2007.[5]

*Guðrún Hallgrímsdóttir* tók lokapróf í matvælaverkfræði frá Humboldt-háskóla í Berlín árið 1968. Hún starfaði sem forstöðumaður rannsóknarstofu búvörudeildar SÍS 1969–1977, og hjá UNIDO í Vínarborg 1977–79. Hún var deildarstjóri í iðnaðarráðuneytinu 1979–85, og forstöðumaður Ríkismats sjávarafurða 1985–92. Var formaður stjórnar Iðntæknistofnunar 1979–83. Hún var verkefnisstjóri samstarfsverkefnis „Gæðastjórnun í matvælaiðnaði" 1994–95 og verkefnisstjóri á fræðsludeild Iðntæknistofnunar. Sá um námsgagnagerð, hafði umsjón með námskeiðum og kenndi á námskeiðum og við Tækniskólann 1994–2004. Guðrún var ein af stofnendum Rauðsokkahreyfingarinnar á Íslandi árið 1970, og hefur tekið þátt í margvíslegu félagsstarfi. Helstu áhuga- og rannsóknarsvið hennar eru þjóðleg matarmenning, notkun þjóðlegrar menningar í ferðaþjónustu, lífræn framleiðsla og vottun, sjálfbærar fiskveiðar og vottun. Stjórnarmaður (fél.) 2006–2009.[6]

*Jón Þór Pétursson* lauk BA-prófi í sagnfræði frá HÍ árið 2005 og stundar nú meistaraprófsnám í þjóðfræði. Jón Þór hefur unnið við blaðamennsku og verið ritstjóri Kistunnar síðan í janúar 2005, var ritstjóri Kviksögu, sat í söguþingsnefnd fyrir hönd RA, var ritstjóri Sagna og vann að nýsköpunarverkefni á vegum Gerðubergs um söfn og safnara árið 2005. Hann hefur m.a. sent frá sér ritgerð um söguspeki í bókinni *Frá endurskoðun til upplausnar*. Stjórnarmaður (fél.) 2006–2007.[7]

*Ingunn Ásdísardóttir* lauk BA-prófi í ensku og almennum bókmenntum frá HÍ árið 1981 og praktísku leikstjórnarnámi við Borgarleikhúsið í Köln árið 1985. Árið 2005 lauk hún síðan MA-prófi í norrænum fræðum frá þjóðfræðideild HÍ. Árið 2007 kom út bók hennar *Frigg og Freyja: Kvenleg goðmögn í heiðnum sið* í ritröðinni Íslensk menning sem RA og Hið íslenska bókmenntafélag gefa úr og er bókin byggð á MA-ritgerð hennar. Ingunn starfaði lengi sem leikstjóri, bæði hjá atvinnuleikhúsum og áhugaleikhúsum. Hún hefur einnig unnið sem bókmenntafræðingur og þýðandi og m.a. þýtt mörg fræðirit um trúarbrögð og trúarbragðasögu, auk fjölda skáldsagna og leikrita. Ingunn leggur nú stund á doktorsnám í norrænni goðafræði við HÍ og er þátttakandi í alþjóðlegu rannsóknarverkefni um heiðinn sið á Norðurlöndum. Auk þess annast hún stundakennslu í norrænum goðsögum við HÍ. Stjórnarmaður (fél.) 2006–2009.[8]

*Davíð Ólafsson* er nú að ljúka doktorsprófi í sagnfræði frá St. Andrews-háskóla í Skotlandi. Rannsóknarefni hans er

---

1 [www.akademia.is/imagesofthenorth/PDF%20for%20project/+¦]+Âfcv.pdf]
2 [www.akademia.is/imagesofthenorth/PDF%20for%20project/KristinnSchram.pdf]
3 [www.hugsandi.is/articles/author/unnur/]; tölvubréf frá Unni til höf., sept. 2008.
4 Tölvupóstur frá Þorleifi til höf. sept. 2008.
5 Tölvupóstur frá Halldóru til höf., okt. 2008.
6 Tölvupóstur frá Guðrúnu til höf., okt. 2008.
7 Tölvupóstur frá Jóni Þór til höf., okt. 2008.
8 Tölvupóstur frá Ingunni til höf., okt. 2008.

handritamenning síðari alda með megináherslu á framleiðslu, dreifingu og neyslu handritaðs efnis á Íslandi á 19. öld. Davíð hefur verið félagi í RA frá stofnun og unnið sem sjálfstætt-starfandi sagnfræðingur innan vébanda hennar að margvíslegum verkefnum. Formaður fél. og stjórnarmaður ses. 2007–2009.[1]

*Sólveig Ólafsdóttir* er verkefnisstjóri á sviðum menningar og fræða í RA. Helsta verkefni hennar á árinu 2008 var framkvæmdastjórn „Reykvíska eldhússins" – sýningar á mat og mataræði Reykvíkinga á 20. öld í Aðalstræti 10. Sólveig er með BA-próf í sagnfræði frá HÍ og vann lengst af við ættfræðirannsóknir hjá Íslendingabók. Um þessar mundir vinnur hún að meistaraprófsverkefni sínu í menningarstjórnun við Háskólann á Bifröst, og er þar athugað hvort Hólavallagarður, gamli kirkjugarðurinn við Suðurgötu í Reykjavík, sé tækur á heimsminjaskrá UNESCO. Stjórnarmaður (ses.) 2007–2009.[2]

*Þorgerður H. Þorvaldsdóttir* lauk BA-prófi í sagnfræði við HÍ 1995 og MA-prófi í kynjafræðum frá The New School for Social Research, New York-borg, 1998. Hún hefur verið sjálfstætt-starfandi fræðimaður við RA frá 1999 og unnið að margvíslegum verkefnum á sviði sagn- og kynjafræða. Frá 2004 hefur hún stundað doktorsnám í kynjafræði við HÍ. Rannsóknarverkefnið heitir „Jafnréttisumræða á tímamótum. Kyn og margbreytileiki". Þar er sjónum beint að íslenskri jafnréttisumræðu þar sem tekist er á um það hvort jafnréttisstarf skuli hafa jafnrétti kynjanna sem útgangspunkt eða vinna út frá „jafnrétti margbreytileikans". Kenningarlegur grundvöllur verksins eru femínískar kenningar um samtvinnun (e. intersectionality). Stjórnarmaður (ses.) 2007–2009.[3]

*Hilma Gunnarsdóttir* er fædd á Húsavík 1980. Hún er með BA-próf í sagnfræði frá Háskóla Íslands og var í ritgerð hennar fjallað um aðferðir og hugmyndir í íslenskri sagnfræði á áttunda og níunda áratug tuttugustu aldar. Hilma hefur verið annar ritstjóri Kistunnar með hléum síðan 2005 og sinnt ýmsum verkefnum á vettvangi fræðasamfélagsins auk þess að vera um tíma fastráðinn blaðamaður. Hilma hefur haft aðsetur í ReykjavíkurAkademíunnar síðan 2003 og vinnur nú að MA-ritgerð við Háskóla Íslands.

*Ásthildur Valtýsdóttir* er með BA-próf í mannfræði, með tvö diploma-próf, frá HÍ og frá Antioqia-skóla í Medellín, Kólumbíu. Hún starfar nú á skrifstofu RA. Stjórnarmaður (fél.) 2007–2009.[4]

1 Tölvupóstur frá Davíð til höf., okt. 2008.
2 Tölvupóstur frá Sólveigu til höf., okt. 2008.
3 Tölvupóstur frá Þorgerði til höf., okt. 2008.
4 Tölvupóstur frá Ásthildi til höf., okt. 2008.

# Heimildaskrá

## Prentað, útgefið efni


Birgir Hermannsson: *Understanding nationalism: Studies in Icelandic nationalism, 1800–2000.* Stokkhólmi 2005.

*Dagur*. Akureyri, Rv. 1997–2001.

*Fókus*, fylgirit DV, 16. apríl 1999.

*Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*. Rv. 1997.

*Hagtíðindi* 22. janúar 2007. „Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2006."

Ingunn Ásdísardóttir: *Frigg og Freyja: Kvenleg goðmögn í heiðnum sið*. Rv. 2007.

*Íslandssaga í máli og myndum*. Rv. 2005.

*Íslenska leiðin. Tímarit Félags stjórnmálafræðinema* 4. árg. (2005).

*Kostnaður, skilvirkni og gæði háskólakennslu: Viðskiptafræði, lögfræði, tölvunarfræði*. Ríkisendurskoðun, Rv. júní 2007.

*Morgunblaðið*. Rv. 1913–.

Oddný Mjöll Arnardóttir: „Rannsóknastefna ríkisstjórnarinnar." *Morgunblaðið* 30. október 2001.

*Rannsóknarskýrslur ReykjavíkurAkademíunnar* 2003–2004, 2005 og 2006.

Salvör Nordal og Viðar Hreinsson: „Fjárfest í fræðimönnum." *Morgunblaðið* 23. febrúar 2000.

Sigríður Matthíasdóttir: *Hinn sanni Íslendingur: Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930*. Rv. 2004.

Sigurður Gylfi Magnússon: *Sögustríð: Greinar og frásagnir um hugmyndafræði*. Rv. 2007.

Steinunn Kristjánsdóttir: „Mikil og ör fjölgun fræðimanna." *Morgunblaðið* 29. september 2001.

Steinunn Kristjánsdóttir: „Öndvegisstyrkir Vísindasjóðs." *Morgunblaðið* 23. október 2001.


## Skjöl


Ásdís Thoroddsen: Greinargerð um störf í ReykjavíkurAkademíunni. Í vörslu höf.

Dreifiblað RA, ódagsett. Skjalasafn RA.

Fréttabréf RA 1. tölublað 2. árgangur, október 2006. Skjalasafn RA.

Fréttabréf RA 20. desember 2005. Skjalasafn RA.

Fréttabréf ReykjavíkurAkademíunnar mars 2002. Skjalasafn RA.

Fundargerðabók RA. Skjalasafn RA.

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir: „Hver er RA? Hver vill hún vera? Hugleiðingar og spurningar til innanhússfélagsmanna með kveðju frá Guðfríði Lilju. 28. mars 2001." Skjalasafn RA.

Ólafur Ragnar Grímsson: Ræða við opnun Bókasafns Dagsbrúnar í RA, 29. nóvember 2003. Skjalasafn RA, mappa merkt Minningabók.

Skálholtsfundur 5. maí 2001. Skjöl. Skjalasafn RA.

Skýrsla formanns stjórnar ReykjavíkurAkademíunnar flutt á aðalfundi félagsins sem haldinn var í JL-húsinu við Hringbraut 121, fimmtudaginn 27. janúar 2000. Sigurður Gylfi Magnússon. Skjalasafn RA.

Skýrslur ReykjavíkurAkademíunnar. Skjalasafn RA.

Upplýsingar frá skrifstofu og af heimasíðu Rannís. Í vörslu höf.

Viðar Hreinsson: Framtíð RA. Minnisblað framkvæmdastjóra, 26. júní 2007. Skjalasafn RA.

Þórunn Sigurðardóttir: Greinargerð um störf í ReykjavíkurAkademíunni. Í vörslu höf.


## Heimildamenn

Viðtöl í september og október 2008:

Ágúst Þór Árnason
Sigurður Gylfi Magnússon
Salvör Nordal
Steinunn Kristjánsdóttir
Jón Ólafsson
Clarence Glad

## Heimildaskrá mynda


bls. 4 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 7 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 9 Ljósm. óþekktur.
bls. 10 Rannsóknarskýrslur RA, forsíður.
bls. 12 Ljósm. óþekktur.
bls. 15 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 16 Mynd: höfundur óþekktur.
bls. 17 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 21 Ljósm. óþekktur.
bls. 23 Mynd: höfundur óþekktur.
bls. 24 Úr Degi.
bls. 25 Ljósm.óþekktur.
bls. 26 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 27 Ljósm. óþekktur.
bls. 28 Plakat, varðveitt í RA.
bls. 29 Ljósm. óþekktur.
bls. 30 Ljósm. óþekktur.
bls. 31 Ljósm. óþekktur.
bls. 33 Ljósm. óþekktur.
bls. 35 Úr Morgunblaðinu.
bls. 36 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 37 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 38 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 39 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 41 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 42 Ljósm. óþekktur.
bls. 45 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 46 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 49 Úr Morgunblaðinu.
bls. 51 Ljósm. óþekktur.
bls. 53 Plakat, varðveitt í RA.
bls. 54 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 55 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 56 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 57 Plakat, varðveitt í RA.
bls. 58 Ljósm. óþekktur.
bls. 59 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 60 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 61 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 62 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 63 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 64 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 65 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 67 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 68 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 69 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 70 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 71 Mynd: Morgunblaðið.
bls. 73 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 74 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 76 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 77 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 78 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 79 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 81 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 83 Forsíða Sögustríða.
bls. 84 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 86 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 87 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 91 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 93 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 95 Mynd: Ingólfur Júlíusson.
bls. 97 Mynd: Ingólfur Júlíusson.

# Nafnaskrá


Adolf Friðriksson 17, 19, 34
Agnes Arnórsdóttir 17
Alda Sverrisdóttir 74
Anh-Dao Tran 62
Anna Björk Einarsdóttir 84
Anna Guðrún Júlíusdóttir 29, 59
Anna Gunnhildur Ólafsdóttir 25, 63
Annadís Gréta Rúdolfsdóttir 8, 18, 19, 20, 21, 23, 25, 26, 27, 28, 30, 33, 36, 83
Anufuro, Godson U.A. 59
Aristóteles 81
Atlason, Ana Isorena 59
Auður H. Ingólfsdóttir 61
Auður Ingvarsdóttir 10
Auður Jónsdóttir 9
Axel Kristinsson 8, 17, 29, 31, 32, 35, 36, 37, 45, 48, 51, 60, 85
Ágúst Ólafur Ágústsson 95
Ágúst Þór Árnason 16, 17, 18, 19, 20, 21, 22, 23, 25, 26, 37, 44, 48, 50, 60, 62
Ágústa Skúladóttir 88
Áki G. Karlsson 8, 24, 30, 33, 44
Árni Daníel Júlíusson 3, 4, 8, 18, 19, 20, 21, 23, 25, 26, 29, 30, 31, 32, 35, 85, 88
Árni Finnsson 10, 86, 88
Árni Magnússon 67
Ásdís Thoroddsen 10, 41, 58, 60, 62
Ásgeir Friðgeirsson 57
Ásgeir Jónsson 62
Ásthildur Valtýsdóttir 4, 66, 78, 83
Ástráður Eysteinsson 58
Baudrillard, Jean 15, 34, 83
Bára Baldursdóttir 10, 83
Bára Magnúsdóttir 10
Benjamin, Walter 34, 83
Bennett, Tony 61
Bergur Þorgeirsson 32
Birgir Andrésson 74
Birgir Hermannsson 10, 61, 75, 86, 88
Birkir Jón Jónsson 67
Bjarni Benediktsson 94
Bjarni Þórarinsson 74
Björg Birgisdóttir 38
Björgvin G. Sigurðsson 94
Björk Þorleifsdóttir 73, 88
Björn Bjarnason 33, 50, 63
Björn G. Björnsson 88
Björn Kristinsson 68
Björn Sigurjónsson 74
Björn S. Stefánsson 10, 87, 88
Blair, Tony 15, 26
Bourdieu, Pierre 15, 34, 80, 83
Bríet Bjarnhéðinsdóttir 60
Brydon, Anne 58, 59
Bryndís Íris Stefánsdóttir 31
Chartier, Daniel 84
Cixous, Hélène 40, 83
Clarence E. Glad 3, 4, 5, 7, 10, 52, 66, 67, 71, 72, 73, 78, 88
Clinton, Bill 15
Davíð Kristinsson 83
Davíð Ólafsson 8, 30, 31, 32, 33, 34, 75, 78, 83, 84, 86, 87, 88
Davíð Stefánsson 75
Deleuze, Gilles 34, 83
Derrida, Jacques 15, 83
Didda (Rós María Benediktsdóttir) 56, 67
Didda Hjartardóttur 75
Dögg Pálsdóttir 23, 71
Eggert Þór Bernharðsson 17, 18, 19
Egill Arnarson 88
Einar Garibaldi 24
Einar Falur Ingólfsson 75
Einar Jónsson 10
Einar Oddur Kristjánsson 29
Einar Þorleifsson 62
Eiríkur Bergmann Eiríksson 63
Eiríkur Smári Sigurðarson 70
Eirún Sigurðardóttir 27
Elsa Arnarsdóttir 63
Erna Indriðadóttir 60, 61, 63, 64
Eva Heisler 10
Eyjólfur Kristjánsson 41
Finnur Ingólfsson 31
Foucault, Michel 15
Freyja Birgisdóttir 88
Friðbjörg Ingimarsdóttir 84, 87
Gauti Kristmannsson 62
Geir H. Haarde 20, 67
Geir Svansson 27, 33, 34, 41, 83
Gestur Guðmundsson 73
Giddens, Anthony 23, 26, 27
Ginzburg, Carlo 34, 83
Gissur Pétursson 63
Gorbatsjov, Mikhail 16
Grace, Sherrill 69
Gregóríus frá Nyssa 72
Grétar L. Marinósson 68
Guattari, Félix 34, 83
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir 41, 42, 43, 45, 46, 55, 59, 76, 77, 99
Guðjón Friðriksson 10, 13, 41, 62, 88
Guðjón Ólafur Jónsson 67
Guðmundur S. Brynjólfsson 10
Guðmundur Eiríksson 10
Guðmundur Hálfdanarson 34, 60, 85
Guðmundur Andri Thorsson 62
Guðný Hallgrímsdóttir 10, 84
Guðríður Símonardóttir 35
Guðrún Guðsteinsdóttir 61
Guðrún Hallgrímsdóttir 66, 68

Guðrún Eva Mínervudóttir 9
Guðrún Pálsdóttir 60
Gunnar Hersveinn 10, 27, 54, 58, 60
Gunnar Schram 10
Gunnhildur Guðbrandsdóttir 66
Gustafsson, Harald 62
Gústaf Níelsson 20
Gyedu-Adomako, Antoinetta Naysaa 59
Gylfi Gunnlaugsson 8, 30, 84
Hafliði Pétur Gíslason 52
Halldór Laxness 60, 62
Halldóra Jónsdóttir 66
Halldóra Kristín Thoroddsen 10
Hallfríður Þórarinsdóttir 62, 63, 68, 71, 84, 86
Hallsteinn Friðþjófsson 41
Hannes Hólmsteinn Gissurarson 62
Hannes Hafstein 88
Hans Kristján Guðmundsson 70
Hansína B. Einarsdóttir 19, 23
Haraldur Ólafsson 10, 58, 60
Helga Ingólfsdóttir 88
Helga Kress 62
Helga Þórsdóttir 28
Hermann Stefánsson 84
Héðinn Valdimarsson 60
Hildigunnur Ólafsdóttir 10, 45, 48, 51, 58, 76, 84, 86
Hildur Bjarnadóttir 27
Hilma Gunnarsdóttir 10, 40, 41, 73, 78, 84
Hilmar J. Malmquist 88
Hjálmar Stefánsson 74
Hjálmar B. Sveinsson 34, 83
Hlynur Helgason 75, 79
Hrafnkell Lárusson 73
Hörður Bergmann 10, 87
Ian Watson 10
Illugi Gunnarsson 73
Inga Huld Hákonardóttir 10, 83
Ingibjörg Björnsdóttir 88
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir 19, 23, 28, 33, 61, 63
Ingólfur Arnarson 75
Ingólfur Gíslason 10, 86, 88
Ingólfur Júlíusson 4, 10, 74, 88
Ingunn Ásdísardóttir 10, 34, 66, 78, 83, 88
Irma Erlingsdóttir 8, 27, 34, 36, 37, 45, 48, 51, 58, 60, 83
Íris Ellenberger 73, 88
Jakob Bjarnason 18
Jóhann Páll Árnason 16
Jon Olav Fivelstad 85
Jón Sæmundur Auðarson 28
Jón Karl Helgason 8, 17, 18, 19, 20, 21, 23, 24, 25, 34, 35, 37, 47, 58, 59
Jón Ólafur Ísberg 17, 85
Jón Yngvi Jóhannsson 10, 84, 86, 87
Jón Jónsson 8, 26, 30, 31, 32, 33, 36, 38, 44, 86
Jón Viðar Jónsson 54, 86, 88
Jón Kristjánsson 29, 67
Jón Ólafsson 10, 53, 54, 55, 62, 63, 64, 66, 73
Jón Þór Pétursson 41, 66, 73, 84, 88
Jón Sigurðsson (forseti) 13, 88
Jón Sigurðsson (hagfræðingur) 67, 70, 71
Jón Rúnar Sveinsson 88
Jón Ágúst Þorsteinsson 62
Jón Þ. Þór 88
Jón Þórisson 88
Jónas Guðmundsson 51
Jónas Jónasson frá Hrafnagili 69
Jónas Jónsson frá Hriflu 98
Jónas Svafár 75
Jónína Einarsdóttir 10
Karl Wernersson 91
Katla Kjartansdótir 77
Katrín Júlíusdóttir 95
Katrín Sigurðardóttir 27
Kári Bjarnason 10, 27, 31, 32, 35, 41, 61, 66, 70, 72, 86, 88
Klein, Barbro 61
Kolbeinn Proppé 10
Kosakovskíj, Víktor 63
Kristinn G. Harðarson 74, 75, 76
Kristinn Ingvarsson 58
Kristinn Schram 10, 39, 66, 77, 78, 83, 84, 87, 88
Kristín Helga Gunnarsdóttir 88
Kristján G. Arngrímsson 58, 59
Kristján B. Jónasson 34
Kristján Kristinsson 88
Kristján Möller 55
Kristrún Heimisdóttir 24, 37, 39, 40, 48, 49, 50
Kvalnes, Oyvind 40
Lára Magnúsardóttir 17, 59
Lerner, Marion 88
Lilja Hjartardóttir 10, 35
Lilja Ósk Úlfarsdóttir 9
Lóa Hjálmtýsdóttir 74
Lyotard, Jean-Francois 15
Magnús Þorkell Bernharðsson 63
Magnús S. Magnússon 86
Magnús Þór Snæbjörnsson 74, 84
Magnús Stefánsson 67
Margrét H. Auðardóttir 10
Margrét S. Sigurðardótir 88
Marx, Karl 82
Matthías Jochumsson 88
Matthías Viðar Sæmundsson 41, 58, 59
McCambly, Richard P. 71
McLuhan, Marshall 83
Melkorka Óskarsdóttir 59
Monaco, Emiliano 87
Mörður Árnason 4, 56, 57
Oddný Mjöll Arnardóttir 10, 50, 51, 52
Oddný Eir Ævarsdóttir 83
Okuniewska, Grazyna 62
Orri Vésteinsson 17, 19, 85
Ólafur J. Engilbertsson 75, 88
Ólafur Ragnar Grímsson 60, 61
Ólafur Páll Jónsson 88

Ólafur Rastrick 10, 34, 48, 51, 52, 53, 54, 58, 59, 60, 70
Ólafur Stephensen 23, 27
Ólína Þorvarðardóttir 8, 26, 29, 31, 32, 35, 45, 86
Ólöf Garðarsdóttir 92
Ólöf Gerður Sigfúsdóttir 64, 66, 68, 69, 72, 73, 83, 84, 87
Ómar Ragnarsson 62
Páll Björnsson 10, 55, 61, 62, 88
Peary, Robert 67
Pétur Hoffmann 74
Platon 81
Ragnar Garðarsson 18, 20, 21
Ragnheiður Margrét Guðmundsdóttir 87
Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir 18, 20
Ragnhildur Sigurðardóttir 62
Rakel Pálsdóttur 8, 44
Rannveig G. Lund 10, 76, 86, 87, 88
Reagan, Ronald 16
Róbert Wessman 91
Salvör Aradóttir 88
Salvör Nordal 8, 33, 37, 38, 39, 42, 48
Siengboon, Andrea Sompit 62
Sigríður Backmann 84
Sigríður Matthíasdóttir 18, 20, 21, 23, 85, 88
Sigríður Björk Þormar 62
Sigríður Þorgeirsdóttir 27
Sigrún Sigurðardóttir 9, 55, 61, 84
Sigurður Atlason 8, 12, 24, 27, 44
Sigurður Arnalds 62
Sigurður Gylfi Magnússon 3, 4, 8, 17, 18, 19, 20, 21, 23, 24, 25, 26, 29, 30, 31, 32, 34, 36, 37, 46, 48, 53, 54, 55, 72, 73, 79, 81, 83, 84, 86, 87
Sigurður Nordal 92
Sigurjón Baldur Hafsteinsson 87
Skafti Guðmundsson 10
Smári Geirsson 62
Snorri Sturluson 32
Soffía Auður Birgisdóttir 8, 27, 31, 32, 33, 37, 45, 46, 84, 86
Sontag, Susan 83
Sólrún Jónsdóttir 27
Sólveig Aðalsteinsdóttir 74, 75, 76
Sólveig Anna Bóasdóttir 10, 58, 60
Sólveig Ólafsdóttir 78
Stankovic, Natalija 59
Stankovic, Natasja 59
Stefán Jón Hafstein 63
Stefán Máni 9, 10
Stefán Snævarr 60, 62
Steinunn Hrafnsdóttir 9, 27, 30, 37, 45, 48, 51, 60
Steinunn Jóhannesdóttir 9, 35, 41
Steinunn Kristjánsdóttir 4, 10, 12, 35, 48, 50, 51, 52, 53, 55, 58, 59, 60, 61, 76, 78
Steinunn Valdís Óskarsdóttir 66, 67
Steinþór Hreiðarsson 30
Stephan G. Stephansson 13, 25, 38, 40, 54, 59, 61, 86
Styrmir Gunnarsson 62
Sumarliði R. Ísleifsson 9, 13, 23, 24, 25, 26, 27, 28, 30, 33, 37, 38, 41, 48, 51, 58, 60, 69, 74, 76, 84, 86, 88
Svanhvít Guðmundsdóttir 88
Svanhvít Tryggvadóttir 66
Svava Grönfeldt 91
Svavar Hávarðsson 9
Svavar Hrafn Svavarsson 8
Sveinn Yngvi Egilsson 8, 34
Sveinn Einarsson 88
Sverrir Hermannsson 18
Sverrir Jakobsson 10, 35, 41, 82, 86, 88
Tinna Guðmundsdóttir 4, 66, 70, 87
Toma, Toshiki 59, 60
Torfi Túliníus 34
Tómas Olrich 53
Tómas Atli Ponzi 10, 39, 66, 67
Unnur María Bergsveinsdóttir 66, 69, 73
Unnur Birna Karlsdóttir 59
Unnur Guðrún Óttarsdóttir 10
Unnur Dís Skaftadóttir 30, 63
Úlfar Bragason 61
Úlfhildur Dagsdóttir 9, 27, 31, 83
Valdimar Ásmundsson 60
Valdimar Hafstein 10, 34, 83
Valgerður Sverrisdóttir 32, 67
Viðar Hreinsson 3, 4, 8, 13, 18, 19, 21, 23, 29, 30, 31, 32, 34, 37, 38, 39, 42, 45, 48, 59, 60, 61, 62, 64, 65, 66, 67, 68, 70, 72, 73, 76, 86, 88, 94, 101
Viðar Þorsteinsson 41, 73
Vigdís Finnbogadóttir 88
Vigfús Geirdal 10, 60
Vilhjálmur Árnason 16
Vilhjálmur Lúðvíksson 40
Vilhjálmur Vilhjálmsson 28
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson 66, 67
Weber, Max 82
Zacharasiewicz, Waldemar 69
Žižek, Slavoj 16, 84
Þorgerður Einarsdóttir 9, 83
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir 57, 70, 71, 91
Þorgerður E. Sigurðardóttir 10
Þorgerður H. Þorvaldsdóttir 10, 36, 59, 78, 83
Þorleifur Hauksson 10, 35, 66, 86
Þorsteinn Siglaugsson 62
Þorvarður Árnason 62
Þórarinn Eldjárn 9, 10
Þórhallur Arason 19
Þórhallur Sigurðsson 88
Þóroddur Bjarnason 74
Þórólfur Árnason 63
Þórunn Sigurðardóttir 8, 25, 27, 30, 33, 35, 37, 41, 45, 48, 51, 60, 70, 86
Þórunn Valdimarsdóttir 9, 10, 62, 88
Þröstur Haraldsson 10
Þröstur Helgason 27, 28, 58, 83
Ævar Kjartansson 34
Össur Skarphéðinsson 29



Árni Daníel Júlíusson

# Fræðimenn í flæðarmáli

# Saga

# ReykjavíkurAkademíunnar

Fræðimenn í flæðarmáli er saga Reykjavíkur-Akademíunnar á tímabilinu 1997–2007. Ritið er gefið út í tilefni af 10 ára afmæli RA. Sjálfstætt-starfandi fræðimenn stofnuðu RA til að búa sér til sameiginlegan starfsvettvang. Akademían hefur verið annar stærsti vinnustaður hug- og félagsvísindamanna hér á landi, og hana hefur síðan einkennt líflegt þverfaglegt starf og mikil samvinna við rithöfunda, kvikmyndargerðarmenn, myndlistarmenn og aðra listamenn. RA hefur löngum barist við fjárskort og aðstöðuleysi, en engu að síður hefur þar farið fram öflugt fræða- og menningarstarf. Mesta afrekið er ef til vill að RA skuli hafa lifað af alla erfiðleika í tíu ár og virðist ætla að lifa miklu lengur.

ReykjavíkurAkademían

978-9979-9922-0-2